

**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 3/2016**

**Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár**



**3. maí 2018**



## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>1</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	1
2.2	Dalásýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9A) tekin til meðferðar.....	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	3
2.4	Mál nr. 3/2016, Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár. ....	3
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>6</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins .....	6
3.1.1	Botn við Svínbjúg .....	6
3.1.2	Fjallendi Hrafnabjarga .....	6
3.1.3	Fjallendi Fremri-Vífilsdals .....	7
3.1.4	Svæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði.....	7
3.1.5	Sauðafellsselland.....	8
3.2	Kröfur Berglindar Vésteinsdóttur og Finnboga Harðarsonar vegna Sauðafellssellands .....	8
3.3	Kröfur Ólafs Ragnarssonar vegna Fremri-Hundadals.....	9
3.4	Kröfur Sigursteins Hjartarsonar vegna Neðri-Hundadals 1 og Neðri-Hundadals 2 .....	9
3.5	Kröfur Harðar Hjartarsonar vegna Vífilsdals.....	10
3.6	Kröfur Jónsmessunnar ehf. vegna Hlíðartúns .....	11
3.7	Kröfur Bjargeyjar Unu Hinriksdóttur, Halldóru Guðrúnar Hinriksdóttur, Hinriks Inga Hinrikssonar og Ólafu Magneu Hinriksdóttur vegna Fremri-Hrafnabjarga og Guðmundur Freys Geirssonar vegna Ytri-Hrafnabjarga ...	11
3.8	Kröfur Asgeirs Salberg Jónssonar og Unnar Ástu Hilmarsdóttur vegna Botns við Svínbjúg.....	12
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>13</b>
4.1	Inngangur .....	13
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	13
4.3	Vettvangsferð .....	14
4.4	Skýrslutökur .....	15
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>16</b>
5.1	Landnám.....	16
5.1.1	Sauðafellsselland og Hlíðartún .....	16
5.1.2	Hundadalsheiði .....	17
5.1.3	Vífilsdalur .....	17
5.1.4	Fjallendi Hrafnabjarga .....	18
5.1.5	Botn við Svínbjúg .....	19
5.2	Afréttir og afréttarnot .....	20
5.3	Sauðafellsselland og Hlíðartún.....	23
5.3.1	Sauðafellsselland.....	23
5.3.2	Hlíðartún .....	34
5.3.3	Svæði sem liggja að Sauðafellssellandi og Hlíðartúni.....	38

5.4	Fremri-Hundadalur, Neðri-Hundadalur og Hundadalsheiði .....	38
5.4.1	Svæði sem liggja að Fremri-Hundadal, Neðri-Hundadal og Hundadalsheiði.....	44
5.5	Vífilsdalur.....	46
5.5.1	Svæði sem liggja að Fjalllendi Fremri-Vífildals.....	52
5.6	Hrafnabjörg og fjallendi Hrafnabjarga.....	52
5.7	Laugar (eyðibýli).....	65
5.7.1	Svæði sem liggja að Fjalllendi Hrafnabjarga.....	67
5.8	Botn við Svínbjúg (Hólsbotn) .....	70
5.8.1	Svæði sem tengjast Botni við Svínbjúg .....	76
5.8.2	Fjallendi Hraunhrepps (aðliggjandi).....	82
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>83</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði .....	83
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	83
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	83
6.2	Landnám.....	89
6.3	Sauðafellsselland ásamt hluta Hlíðartúns.....	89
6.3.1	Inngangur .....	89
6.3.2	Sjónarmið aðila .....	90
6.3.3	Niðurstaða .....	102
6.4	Fremri-Hundadalur, Neðri-Hundadalur og Hundadalsheiði .....	129
6.4.1	Inngangur .....	129
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	130
6.4.3	Niðurstaða .....	143
6.5	Suðurrhluti Vífilsdals og vesturrhluti Rangárdals .....	156
6.5.1	Inngangur .....	156
6.5.2	Sjónarmið aðila .....	157
6.5.3	Niðurstaða .....	168
6.6	Fjallendi Hrafnabjarga .....	177
6.6.1	Inngangur .....	177
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	178
6.6.3	Niðurstaða .....	188
6.7	Botn við Svínbjúg.....	209
6.7.1	Inngangur .....	209
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	210
6.7.3	Niðurstaða .....	221
6.8	Um málskostnað.....	240
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ.....</b>	<b>241</b>

## VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8B.

## FYLGISKJÖL

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 3. maí 2018, er tekið fyrir mál nr. 3/2016, Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Þorsteinn Magnússon.

Aðilar máls eru:<sup>1</sup>

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna.

(Edda Andradóttir lögmaður og Indriði Þorkelsson lögmaður.)

Berglind Vésteinsdóttir og Finnbogi Harðarson vegna Sauðafellssellands.

Ólafur Ragnarsson vegna Fremri-Hundadals.

Sigursteinn Hjartarson vegna Neðri-Hundadals 1 og Neðri-Hundadals 2.

Hörður Hjartarson vegna Vífilsdals.

(Óskar Sigurðsson lögmaður.)

Jónsmessan ehf. vegna Hlíðartúns.

(Gísli Guðni Hall lögmaður.)

Soffía Guðmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson vegna Fremri-Hrafnabjarga.

Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga.<sup>2</sup>

(Skarphéðinn Pétursson lögmaður.)

Ásgeir Salberg Jónsson og Unnur Ásta Hilmarsdóttir vegna Botns við Svínbjúg.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, Þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til Þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II). Auk þeirra sem hér eru nefndir var einnig lýst kröfum vegna Flekkudals við meðferð málsins, af hálfu Sveins Kjartans Gestssonar, ábúanda jarðarinnar Staðarfells sem er í eigu íslenska ríkisins. Eins og rakið er í kafla 6.3.1.2 hér á eftir er niðurstaða óbyggðanefndar sú að hann geti ekki, gegn andmælum íslenska ríkisins, átt aðild að málinu á grundvelli ábúðar á jörðinni.

<sup>2</sup> Við meðferð málsins lýstu Bjargey Una Hinriksdóttir, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, Hinrik Ingi Hinriksson og Ólafía Magna Hinriksdóttir kröfum vegna Fremri-Hrafnabjarga. Skömmu fyrir uppkvaðningu úrskurðarins var tilkynnt um að Soffía Guðmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson væru orðin eigendur jarðarinnar og tækju því við aðild málsins.

- 
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
  - c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## **2.2 Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi (svæði 9A) tekin til meðferðar**

Með bréfi dagsettu 17. september 2014 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið ellefta í röðinni hjá óbyggðanefnd,<sup>3</sup> tók til Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, hluta Strandabyggðar (fyrrum Broddaneshrepps) hluta Húnaþings vestra (fyrrum Bæjarhrepps) og hluta Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahrepps). Með bréfi dagsettu 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í þrennt. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 9A, þ.e. Dalasýsla að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi. Að fengnu álitu sérfræðinga Þjóðskjalasafnsins um tilhögun gagnaöflunar þótti fara betur á því að fjalla um Skógarstrandarhrepp með Snæfellsnesi (svæði 9B).

Svæði 9A afmarkast svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að norðanverðu afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við Reykhólahrepp og er þeim mörkum fylgt til norðausturs að mörkum fyrrum Broddaneshrepps. Að austan afmarkast svæðið af mörkum Dalabyggðar við fyrrum Broddaneshrepp og fyrrum Bæjarhrepp suður að mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar. Er mörkum Dalabyggðar og Borgarbyggðar fylgt til vesturs að mörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps. Er mörkum hans síðan fylgt vestur að mörkum fyrrum Skógarstrandarhrepps og er þeim svo fylgt til norðurs að hafi. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæði 9, væri um slíkar kröfur að ræða. Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og þeirrar uppskiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B, sem að framan er greint frá, var sá frestur nokkrum sinnum framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, síðast til 8. febrúar 2016.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélagi var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka svæðið til meðferðar og gerð grein fyrir framhaldinu.

---

<sup>3</sup> Upphaflega var landinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7 og 8 var báðum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A og 8B. Svæði 9 var því hið ellefta í röðinni þegar þarna var komið sögu.

---

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendum á svæði 9A bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2016. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 18. maí 2016. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. sama lagaákvæði.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofu Dalabyggðar og á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi í Búðardal, auk þess sem þær voru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 1. júlí 2016.

Eftir að kröfur annarra en íslenska ríkisins komu fram var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og voru þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi í Búðardal frá 11. júlí til og með 11. ágúst 2016, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 18. ágúst 2016. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu Dalabyggðar, skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 13 aðgreindra svæða. Á móti bárust 22 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust.

### 2.4 Mál nr. 3/2016, Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár.

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem fram fór 9. ágúst 2016, ákvað óbyggðanefnd að fjalla um ágreiningsmál á svæðinu í þremur aðskildum málum, þ.e. mál nr. 1/2016, Flekkudalur og Svínadalur;<sup>4</sup> mál nr. 2/2016, Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár<sup>5</sup> og mál nr. 3/2016, Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár.<sup>6</sup>

Við sömu fyrirtöku var farið yfir forsögu meðferðar svæðis 9A og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau

---

<sup>4</sup> Upphaflega var málið nefnt „Svínadalur og Staðarfell“, eins og m.a. kemur fram í fundargerð vegna fyrstu fyrirtöku mála á svæðinu. Síðar var ákveðið að nefna málið „Flekkudalur og Svínadalur“, enda varðar málið m.a. eignarréttarlega stöðu Flekkudals en ekki annars lands sem tengist jörðinni Staðarfelli.

<sup>5</sup> Upphaflega var málið nefnt „Vatnspverdalur, fjalllendi Skarðs, Stóra-Vatnshornsmúli, Jörfaafreittur, Geldingadalur og landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga“, eins og m.a. kemur fram í fundargerðum.

<sup>6</sup> Upphaflega var málið nefnt „Botn við Svínbjúg, Fjalllendi Hrafnabjarga, Fjalllendi Fremri-Vífildals, landsvæði sunnan Hundadals og Hundadalsheiði og Sauðafell/Selland“, eins og m.a. kemur fram í fundargerðum.

---

Allan V. Magnússon varaformaður, Ása Ólafsdóttir og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsingar fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Farið var yfir áætlun um framvindu málsmeðferðar á svæðinu, sem sett var fram með fyrirvara um framvindu gagnaöflunar og umfang mála þegar henni yrði lokið.

Vettvangsferð vegna máls nr. 3/2016 fór fram 21. og 27. september 2016. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Önnur fyrirtaka mála á svæði 9A var haldin sameiginlega vegna allra málanna 24. febrúar 2017. Áður en að henni kom hafði Ása Ólafsdóttir verið skipuð formaður óbyggðanefndar og tók hún því jafnframt við formennsku í málinu. Þar var jafnframt tilkynnt um að Hulda Árnadóttir hefði lýst sig vanhæfa til að taka frekari þátt í meðferð máls nr. 3/2016, þar sem einn lögmanna málsaðila hefði tekið til starfa á sömu lögmannsstofu og hún. Þá var jafnframt tilkynnt um að Þorsteinn Magnússon tæki sæti í nefndinni við meðferð málsins í stað Huldu, en hann hefði verið viðstaddur alla þætti málsmeðferðarinnar fram til þessa, þ.m.t. vettvangsferð. Ekki var gerð athugasemd við þessa breytingu á skipan nefndarinnar í málinu. Lögmönnum málsaðila var skýrt frá því að gagnaöflun vegna svæðisins hefði tafist verulega miðað við það sem áætlað var, einkum vegna þess að vinna Þjóðskjalasafns Íslands við gagnaöflun vegna svæðis 8B hefði reynst mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið, og kynnt var ný áætlun um framvindu málsmeðferðar þar sem hliðsjón var höfð af þessu.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 19. júní 2017, upplýsti óbyggðanefnd lögmenn um að á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar hefði nefndin óskað eftir því við Veðurstofu Íslands að fram færi greining á legu vatnaskila og upptaka á svæðinu, að því leyti sem merkin væru miðuð við þau í heimildum. Af hálfu nefndarinnar var lagt fram nýtt kort sem hafði að geyma umræddar upplýsingar um vatnafar, auk kröfulína málsaðila. Því var sérstaklega beint til lögmanna að yfirfara hvort vatnafarsgögnin gæfu tilefni til tilfærslu á kröfulínum og var sérstaklega rætt um Hlíðartún og Fremri-Hundadal, auk legu kröfulína við suðurmörk ágreiningssvæða málsins. Þá greindi óbyggðanefnd frá því að í ljósi fram kominna upplýsinga um vatnaskil hefði óbyggðanefnd tekið til skoðunar að endurupptaka mál nr. 1/2014 og 2/2014 á svæði 8B, að því er varðar þau svæði sem úrskurðað var um í þeim málum og eru aðliggjandi að ágreiningssvæðum



---

málsins að sunnanverðu. Loks var lögmonnum íslenska ríkisins veittur frestur til 10. ágúst 2017 til að skila greinargerð vegna málsins.

Við fjórðu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 10. ágúst 2017, var greinargerð íslenska ríkisins vegna málsins lögð fram. Þeirri spurningu var beint til lögmannna hvort eitthvað miðaði í sáttumleitunum og hvort vænta mætti frekari breytinga á línunum. Fram kom að unnið væri að því að leysa ágreining sem varðaði mismun milli legu kröfulína við norðurmörk Sauðafellssellands og suðurmörk Hlíðartúns. Lögmonnum gagnaðila íslenska ríkisins var veittur frestur til 25. ágúst 2017 til að skila greinargerðum. Þá var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar málsins.

Við fimmtu fyrirtöku mála á svæði 9A, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 25. ágúst 2017, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Við fyrirtökuna tók Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður fram að hann áskildi umbjóðendum sínum, eigendum Hrafnabjarga, rétt til að skoða frekar legu kröfulína. Þá voru mál nr. 1/2014, þ.e. landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, og mál nr. 2/2014, þ.e. hluti fyrrum Norðurárdalshrepps, endurupptekin. Tilgangur endurupptökuunnar var sá að aðlaga úrskurðarlínur í málum nr. 1/2014 og 2/2014 að réttum merkjum milli fasteigna á svæðum 8B og 9A, meðal annars í ljósi fram kominna gagna frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil milli svæðanna.

Aðalmeðferð fór fram 31. ágúst 2017 í félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal. Skýrslutökur fóru fram sama dag, og er gerð grein fyrir þeim í kafla 4.4. Við aðalmeðferð málsins kom fram hjá lögmanni íslenska ríkisins að í þeim tilvikum þar sem kröfulínur íslenska ríkisins fylgdu sveitarfélaga- og sýslumörkum væri gengið út frá því að þær fylgdu mörkum svæðis 9A, eins og þau hefðu verið skilgreind af óbyggðanefnd. Þá áskildi lögmaður íslenska ríkisins rétt til að breyta legu kröfulínu íslenska ríkisins gagnvart Hlíðartúni. Ætlunin hefði ekki verið sú að gera þjóðlendukröfur til lands innan réttra merkja jarðarinnar Hlíðartúns, en aðila greindi hins vegar á um hvar Kringlugilsbotn væri staðsettur. Skarphéðinn Pétursson lögmaður tók fram, vegna Ytri-Hrafnabjarga og Fremri Hrafnabjarga, að kröfur umbjóðenda hans vegna fjallendis Hrafnabjarga skyldu taka til lands allt að mörkum milli svæða 9A og 8B, eins og þau hefðu verið skilgreind af óbyggðanefnd, ef nefndin liti svo á að umrætt land næði allt að svæðismörkunum. Þá tók Óskar Sigurðsson lögmaður fram, vegna Neðri-Hundadals I og II, Fremri-Hundadals, Vífilsdals og Sauðafells, að kröfur umbjóðenda hans miðuðust við að land þeirra næði suður að vatnaskilum á mörkum milli svæða 9A og 8B hjá óbyggðanefnd. Við lok aðalmeðferðar var því lýst yfir af hálfu óbyggðanefndar að málið væri tekið til úrskurðar.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 23. nóvember 2017, voru fleiri gögn lögð fram. Við áttundu fyrirtöku þess, 23. apríl 2018, var lögmonnum tilkynnt um tilteknar breytingar á afmörkun svæðis 9A að sunnanverðu sem m.a. varða þetta mál. Einkum var um það að ræða að mörk svæðisins gagnvart svæði 8B voru færð til samræmis við vatnaskil.

---

Kallað var eftir afstöðu lögmanna til þess hvort þeir vildu færa kröfulínur sínar að breyttum svæðamörkum. Lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins óskuðu eftir fresti til að svara því.

Við níundu fyrirtöku málsins, 26. apríl 2018, tilkynntu lögmenn málsaðila að kröfulínur umbjóðenda þeirra skyldu fylgja hinum nýju mörkum milli svæða 9A og 8A, sbr. þá ákvörðun um tilfærslu þeirra sem tilkynnt var um við áttundu fyrirtöku málsins.

Loks var málið tekið fyrir að nýju 30. apríl 2018 og lögð fram skjöl sem komið höfðu í leitirnar frá því að aðalmeðferð lauk. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

### **3 KRÖFUGERÐ<sup>7</sup>**

#### **3.1 Kröfur íslenska ríkisins**

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í fimm hlutum. Í endanlegri kröfugerð er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

##### **3.1.1 Botn við Svínbjúg**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er Smjörhnjúkar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru mörk sveitarfélaga og kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt vestur að gili því sem er við brún Svínbjúgs og sem rennur þar til suðurs (2), en þessi staður er jafnframt á sýslumörkum, þaðan er farið til norðurs eins og vötnum hallar inn á Burstarhrygg (3) og eftir háhryggnum að ármótum Burstarár og Skraumu (4), þaðan er farið suður eftir Skraumu að Þórugili (5), úr gilbotninum er farið upp á háfjall (6) og áfram eftir hábrúnum og á vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7), áfram suður eftir hábrúnum og síðan vestur yfir Urðarmúla (8) og þaðan í Smjörhnjúka (1), sem jafnframt er upphafspunktur.

##### **3.1.2 Fjallendi Hrafnabjarga**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur er á Tröllakirkju (1), sem er á sýslumörkum Dalasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk

---

<sup>7</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Eftir að kröfugerðum málsaðila var skilað, undir lok málsmeðferðar á svæðinu, gerði óbyggðanefnd tilteknar breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, sem einkum miðuðu að því að færa mörk milli svæðanna til samræmis við vatnaskil í þeim tilvikum þar sem heimildir um landamerki bentu til að þau lægju um vatnaskil við svæðamörkin. Í framhaldi af þessu lýstu málsaðilar því yfir að kröfulínur skyldu færðar til samræmis við hin breyttu mörk milli svæðanna, án þess þó að þetta fæli í sér breytingar á texta kröfugerðanna. Þær kröfugerðir sem hér eru raktar ber að túlka með hliðsjón af þessu. Í 6. kafla eru kröfugerðir málsaðila bornar saman við þær heimildir sem liggja fyrir um merki viðkomandi landsvæða.

---

kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt til austurs og síðan norðurs á Hrutaborg (2), þaðan er farið eftir hábrúnum til norðvestur og niður í Einhamragil (3) og gilinu fylgt ofan í Laugará (Langá) (4), ánni er fylgt norður að þeim stað sem Hundsgil kemur í hana úr vestri (5), gilinu er fylgt upp á háeggjar Hólsfjalls (Hundahnúks) (6), þaðan er farið eftir hábrúnum og á vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7), áfram á hábrúnum suður og síðan vestur í Smjörhnjúka (8), sem eru á sýslumörkum, þaðan er sýslumörkum fylgt suður í Tröllakirkju (1) sem er upphafspunktur.

### 3.1.3 Fjallendi Fremri-Vífildals

Gerð er eftirfarandi aðalkrafa:

Upphafspunktur er á toppi Hests (1), þaðan er farið suður eftir hábrúnum og á vatnaskilum fyrir Rangárdalsbotn, um Kattarhryggi og í Hrutaborg (2) sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, sýslumörkum er fylgt austur, síðan suður og svo austur fyrir Vífildalsbotn og á hábungu Hundadalsheiðar (3), þaðan er farið norður og á vatnaskilum milli Vífildals og Njóladals að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Oddsgils og Vífildalsár (4), þaðan er bein sjónhending vestur í hátind Seljamúla, þaðan sjónhending norður yfir Rangárdal í hæsta punkt á Sléttafjalli (5) og þaðan vestur eftir því sem vötnum hallar í topp Hests (1) sem er upphafspunktur.

Þá er gerð eftirfarandi varakrafa:

Upphafspunktur er á sýslumörkum á Urðarhrygg (1) þar sem vötnum hallar milli norðurs og suðurs, en mörk þessi eru jafnframt sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt suður og svo austur fyrir Vífildalsbotn og á hábungu Hundadalsheiðar (2), þaðan er farið norður og á vatnaskilum milli Vífildals og Njóladals að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Hnausagils og Vífildalsár (3), þaðan er bein sjónhending suðvestur í ármót Víðigils og Vífildalsár (4) og þaðan sjónhendingu vestur upp á þann stað á Urðarhrygg (1) sem á sýslumörkum, þar sem vötnum hallar milli norðurs og suðurs, sem jafnframt er upphafspunktur.

### 3.1.4 Svæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði

Gerð er eftirfarandi aðalkrafa:

Upphafspunktur er á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er farið norður eftir því sem vötnum hallar gagnvart Suðurárdal, allt norður á hátind Skallholsmúla (2), þaðan er farið beint í vestur og niður í botn Hundadals, þar sem Njóladalsá og Eyðisdalsá koma saman (3) og svo áfram vestur upp úr botni Hundadals upp á efstu brún Hundadalsfjalls (Dauðakolluhnúar) (4), þaðan er

---

farið suður og eftir því sem vötnum hallar, á hábungu Hundadalsheiðar, (1) sem er upphafspunktur.

Þá er gerð eftirfarandi varakrafa:

Upphafspunktur er á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er farið norður eftir því sem vötnum hallar gagnvart Suðurárdal, allt að þeim hæsta punkti á Hlíðartúnsfjalli sem er í hávestur af ármótum Kringlugils og Miðár (2), þaðan er farin sjónhending í vestur að þeim hæsta punkti sem er í háaustur af Oddsgili í Vífildal (3), þaðan er farið suður og eftir því sem vötnum hallar, á hábungu Hundadalsheiðar (1) sem er upphafspunktur.

### **3.1.5 Sauðafellsselland**

Gerð er eftirfarandi krafa:

Upphafspunktur eru ármót Kringlugils og Miðár (1), þaðan er farið beint vestur upp á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli (2) og svo þaðan suður eftir því sem vötnum hallar á hábungu Hundadalsheiðar (3), þaðan er sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis fylgt til suðaustur yfir Merkjahrygg og að drögum Suðurár (4), þaðan er Suðurá og síðan Miðá fylgt norður að ármótum hennar og Kringlugils (1) sem jafnframt er upphafspunktur.

## **3.2 Kröfur Berglindar Vésteinsdóttur og Finnboga Harðarsonar vegna Sauðafellssellands**

Af hálfu Berglindar Vésteinsdóttur og Finnboga Harðarsonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið Sauðafellsselland, sbr.:

Sauðafell á Suðurárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðafells neðan frá Miðá (1) uppá hæstu fjallseggjar, síðan ráða fjallseggjar eftir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurádrög (3), sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár og síðan og Miðá niður til Kringlugils (2).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeigenda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði.

---

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

### **3.3 Kröfur Ólafs Ragnarssonar vegna Fremri-Hundadals**

Af hálfu Ólafs Ragnarssonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið Fremri-Hundadalur, sbr.:

Að útnorðanverðu eru merkin eftir gömlum árfarveg milli Nesodda og Króksbakka (1), hver farvegur ræður fram með Þórólfsstaðamelum til Grænanness (2), hvar áin nú rennur, síðan ræður Miðá upp á móts við klett (3), sem stendur fyrir ofan Egilsstekk í Sauðafelli, þaðan sjónhending í Ljósberg (4) í klett, sem stendur norðanverðu í múlabrúninni (5), og þaðan eftir há múlabrún eftir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga (6), eftir því sem vötnum hallar til Njóladalsár (7) að austanverðu, síðan ræður Njóladalsá til Hundadalsár (8), þá ræður Hundadalsá til neðstu árgljúfra (9), þaðan eftir gömlum árfarveg með þrætuholmum að vestanverðu, hver farvegur liggur milli Grundarstekks (10) og Elkingsness (11), þá ræður Hundadalsá til Miðár (12), þá ræður Miðá (13) ofan með Nesodda að vestanverðu, og til farvegs þess, sem aðskilur Nesodda og Króksbakka.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

### **3.4 Kröfur Sigursteins Hjartarsonar vegna Neðri-Hundadals 1 og Neðri-Hundadals 2**

Af hálfu Sigursteins Hjartarsonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið Neðri-Hundadalur, sbr.:

---

Að útnorðanverðu eru merki í svokallaða Merkjaþúfu (2), en stendur við Miðá á Bæjarspotti, þaðan Miðá til Hundadalsár (3), síðan ræður Hundadalsá til Stekkjarnefs og Elkingsness (4) eftir árinna fyrri farvegi, sem liggur með Grundarstekk (5) að austanverðu, síðan ræður Grundarfarvegur til Hundadalsárgljúfra (6), þá ræður hún til Njóladalsár (7) sem síðan ræður til sinna fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum (8), þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga (9), þaðan norður eftir há heiði (10) eftir því sem vötnum hallar austur og innaf, síðan eftir brúninni fyrir ofan Heiðarvík (11), þaðan eftir Hnúabrún (12) til Mjóatagls (13) og eftir há Miðmundafjalli (14) eins og vötnum hallar vestur af inn af Miðmundafjalli (15) í Einbúa (16), sem stendur lítið eitt fyrir framan Stóragil (17), hvert þaðan ræður að vestan og út norðanverðu þar til gljúfur enda, þá eftir gömlum gilsins farvegi gegnt hér fyrst greindri Merkjaþúfu. Næst að liggjandi lönd eru Fremri-Hundadalsland og Vífilsdalsland og Bæjarland.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

### **3.5 Kröfur Harðar Hjartarsonar vegna Vífilsdals.**

Af hálfu Harðar Hjartarsonar er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignaréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið Vífilsdalur, sbr.:

Í fyrstu eru landamerki við Neðri-Vífilsdalsland vestan Hörðudalsár (1), svokallaður Nónsteinn, framan í melanum; síðan beina stefnu úr fyrrnefndum steini í krossmarkaðan klett niður í Grjótkúlu uppundan mýrinni, svo úr þessum fyrrnefnda kletti í grjóthruðu í dýi í mýrinni, þaðan sjónhending á efsta bug á Gulalæk, þaðan sjónhending þvert yfir Hörðudalsá í krossmarkaða klöpp á Klapparholti austanverðu árinna, svo þaðan sjónhending þvert upp í krossmarkaðan klett norðan til við einigil, og þaðan í efstu brún sem vötnum hallar, svo fram hæstu brúnir sem vötnum hallar (4) á móts við Neðri-Hundadalsland; svo suður Mjóatagl og Há hnúgs (5) til hæstu brúnar á heiðinni, eftir því, sem vötn deila, svo færir Arnkeldsals (6) Vífilsdals botna (7) sem vötnum hallar. Sömuleiðis vestur Seljamúla (8) og fyrir Rangárdalsbotn eftir svokölluðum Kattarhrygg (9), allt norður í há Hest, svo ofan Múlahrygginn ofan í fyrrnefndan Nónstein framan í múlanum; þess utan á Neðri-Vífilsdalur frían geld-

---

fjár upprekstur í Fremri-Vífildalslandi og mánaðarheit fyrir allt sitt sauðfé haust og vor.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur landeiganda að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati óbyggðanefndar, að viðbættum virðisaukaskatti.

### **3.6 Kröfur Jónsmessunnar ehf. vegna Hlíðartúns**

Af hálfu Jónsmessunnar ehf. er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið Hlíðartún, sbr.:

Upphafspunktur er ármót Kringlugils og Miðár (1), þaðan beint vestur upp á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli (2) og svo þaðan suður eftir því sem vötnum hallar á merkjum Hlíðartúns og Fremri Hundadals (3) og í Kringlugilsbotn á merkjum Fremri og Neðri Hundadals við rætur Hundadalsheiðar (4), þaðan til austurs að merkjum Neðri Hundadals og Sellands Sauðafells (5) og þaðan með Kringlugilsá að ármótum við Miðá sem jafnframt er upphafspunktur (1), allt samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti á fskj. 3.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins að mati óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.

### **3.7 Kröfur Bjargeyjar Unu Hinriksdóttur, Halldóru Guðrúnar Hinriksdóttur, Hinriks Inga Hinrikssonar og Ólafíu Magneu Hinriksdóttur<sup>8</sup> vegna Fremri-Hrafnabjarga og Guðmundur Freys Geirssonar vegna Ytri-Hrafnabjarga**

Af hálfu Bjargeyjar Unu Hinriksdóttur, Halldóru Guðrúnar Hinriksdóttur, Hinriks Inga Hinrikssonar og Ólafíu Magneu Hinriksdóttur vegna Fremri-Hrafnabjarga og Guðmundar Freys Geirssonar vegna Ytri-Hrafnabjarga er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað

---

<sup>8</sup> Við meðferð málsins lýstu Bjargey Una Hinriksdóttir, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, Hinrik Ingi Hinriksson og Ólafía Magnea Hinriksdóttir kröfum vegna Fremri-Hrafnabjarga. Skömmu fyrir uppkvaðningu úrskurðarins var tilkynnt um að Soffía Guðmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson væru orðin eigendur jarðarinnar og tækju því við aðild málsins.

---

og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að því landsvæði sem lýst er innan neðangreindra merkja, og ber heitið fjallendi Hrafnabjarga, sbr.:

Upphafspunktur er á Tröllakirkju (1), sem er á sýslumörkum Dalasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt til austurs og síðan norður á Hrútaborg (2), þaðan eftir hábrúnum til norðvesturs og niður í Einhamragil (3) og gilinu fylgt ofan í Laugará (Langá) (4), ánni er fylgt norður þangað sem Hundsgil kemur í hana úr vestri (5), gilinu er fylgt upp á háeggjar Hundahnúks (6), þaðan er farið eftir hábrúnum og á vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7), áfram á hábrúnum suður og síðan vestur í Smjörhnjúka (8), sem eru á sýslumörkum, þaðan er sýslumörkum fylgt suður í Tröllakirkju (1) sem er upphafspunktur.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### **3.8 Kröfur Ásgeirs Salberg Jónssonar og Unnar Ástu Hilmarsdóttur vegna Botns við Svínbjúg**

Af hálfu Ásgeirs Salberg Jónssonar og Unnar Ástu Hilmarsdóttur er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist það allt vera innan þinglýstra landamerkja og undirorpið beinum eignarrétti.

Þess er krafist að viðurkennt verði að landamerki jarðarinnar Blönduhlíðar hvað Botn við Svínbjúg varðar séu í samræmi við fyrirbyggjandi landamerkjabréf jarðarinnar Selárdals í Hörðudal frá maí 1883, jarðarinnar Hóls í Hörðudal frá 16. maí 1884 og jarðanna Hrafnabjarga fremri og ytri í Hörðudals frá 18. maí 1885. Samkvæmt þessum landamerkjabréfum eru landamerki Botns við Svínbjúg þessi:

Eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg (1-2), eptir Bustarhryggnum í ármótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt (3), Botnsá suður að Þórugili (4), fylgja gili upp á hæstu brún (Hundahnúkur) (5), eftir fjallseggjum suður á Þórutind (6-7), þaðan eftir háeggjum syðst á Urðarmúla (8-9).

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.



---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–20 ásamt undirskjölum, samtals 340 skjöl, auk 31 hliðsjónargagns. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Lögmönnum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins miðvikudaginn 21. september 2016 og þriðjudaginn 27. ágúst 2016 í fylgd með lögmonnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Búðardal miðvikudaginn 21. september 2016 í góðu skyggni, í Hörðudal og farið suður veg nr. 580, Hörðudalsveg vestri, þar sem Ásgeir Salberg Jónsson, eigandi Blönduhlíðar, slóst í för. Ekið var um Hólsskarð og í Selárdal, inn fyrir þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins við Þórugil þar sem farið var yfir legu kröfulínu og staðhætti og horft yfir ágreiningssvæði vegna Botns. Þar mátti sjá að land þar er vel gróið. Ekið var til baka að Blönduhlíð, þar sem Ásgeir skildi við hópinn.

Ekið var því næst heim að Geirshlíð í Hörðudal, þar sem Ólafur Björnsson lögmaður skildi við hópinn, en við bættust Friðbjörn Garðarsson og Jóhann Fannar Guðjónsson, lögmennt vegna Ytri- og Fremri Hrafnabjarga, sem og Páll Línberg Sigurðsson vegna Fremri-Hrafnabjarga og Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga. Ekið var inn Hörðudal eftir vegi nr. 581, Hörðudalsvegi eystri, og inn eftir Laugardal og numið staðar við Hundsgil. Þar var litið yfir ágreiningssvæði vegna fjallendis Hrafnabjarga og staðhættir og lega kröfulína aðila skoðuð. Tóftir Lauga voru skoðaðar og síðan ekið áfram inn Laugardal, og numið staðar við Einhamragil og skyggnt um. Ekið var áfram um Sópandaskarð suður að Mjóadal, þar sem farið var yfir staðhætti og kröfur aðila. Farið var til baka að Geirshlíð þar sem aðilar og lögmennt þeirra skildu við hópinn.

Ekið var eftir vegi nr. 581 inn að Vífilsdal, þar sem við bættust Óskar Sigurðsson og Oddur Þórarinsson lögmennt vegna Vífilsdals, sem og Hörður Hjartarson bóndi í Vífilsdal, Sigursteinn Hjartarson í Neðri-Hundadal og Óðinn Sigþórsson. Ekið var eftir slóða inn Vífilsdal að beitarhúsarústum sem var litið á. Þaðan var haldið áfram að Rangárseli við Rangárgil, gengið inn Rangárdal og horft til Hrutaborgar og Kattahryggjar. Einnig var lega þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins skoðuð og farið yfir staðhætti. Ekið var áfram inn Vífilsdal inn að Hallberuhóli og litið á leifar af selstöðu sem talin var hafa verið við hólinn. Ekið var til baka til Vífilsdals þar sem fyrri hluta vettvangsferðar lauk.

Þriðjudaguinn 27. september 2016 var fram haldið vettvangsferð óbyggðanefndar. Farið var yfir merki og legu kröfulína aðila á Merkjahrygg, í mjög góðu skyggni. Frá Merkjahrygg var ekið í norður og gengið frá Miðdalshrygg og Hvanngil skoðað. Er land mjög gróið. Ekið var norður Suðurárdal og farið að Kringlugili. Gengið var inn að Kringlugili og horft inn í gilið, og litið yfir legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins og ágreiningssvæði vegna sellands Sauðafells og Hlíðartúns. Vel sást yfir á Hlíðartúnsfjall og ágreiningssvæði vegna Sauðafells. Land er vel gróið. Ekið var heim að Neðri-Hundadal, þar sem í hópinn bættust Sigursteinn Hjartarson og Guðmundur Líndal vegna Neðri-Hundadals og Ragnar Gísli Ólafsson vegna Fremri-Hundadals.

---

Ekið var suður Hundadal inn að þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, þar sem hún liggur frá Skallhólsmúla vestur í Miðmundafjall. Skoðaðar voru tóftir sels Hundadals við Njóladasá, ekið inn Eyðisdal upp á Vífilsdalsbrúnir og litið yfir staðhætti á Vífilsdal. Farið var yfir staðhætti og legu kröfulínu og varakröfulínu íslenska ríkisins vegna Hundadals. Ekið var inn að varakröfulínu íslenska ríkisins, þar sem numið var staðar og litið yfir ágreiningssvæðið í mjög góðu skyggni. Er land gróið og sést niður í Njóladal. Gengið var inn að Borgum í mjög góðu skyggni, í um 520–550 m yfir sjávarmáli og sást að land er þar vel gróið. Farið var inn að stað á Hundadalsheiði, sem að sögn gagnaðila íslenska ríkisins er sá staður þar sem veiðimaður var tekinn við tilraun til fuglaveiða 4. nóvember 1995 og í kjölfarið ákærður fyrir ólöglega veiði.<sup>9</sup> Farið var yfir legu og staðsetningu Einbúa og Einbúadraga. Á þessu svæði er land að talsverðu leyti gróið. Þá var gengið upp á hæð norðan við Einbúadrög og farið yfir staðhætti. Vel sást yfir ágreiningssvæði vegna Hundadalsheiðar og Hlíðartúns. Ekið var til baka að Neðri-Hundadal þar sem vettvangsferð lauk.

#### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Ásgeir Salberg Jónsson, eigandi Blönduhlíðar, vegna Botns við Svínbjúg, Guðmundur Freyr Geirsson, Geirshlíð, vegna fjallendis Hrafnabjarga, Finn-bogi Harðarson, eigandi Sauðafells vegna Sauðafellssellands, Jón Hjartarson, vegna Hlíðartúns, Hörður Hjartarson, eigandi Vífilsdals og Sigursteinn Hjartarson, eigandi Neðri-Hundadals.

---

<sup>9</sup> Fjallað er um málið í dómi Hæstaréttar frá 25. september 1997, í máli nr. 183/1997 (Hundadalsheiði).

---

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga þeirra svæða sem deilt er um í málinu. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Þá er greint frá heimildum um afrétti og afréttarnot. Því næst verða raktar heimildir um ágreiningssvæði málsins, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum einskorðast að mestu við heimildir um afmörkun þeirra. Að mestu er fylgt tímaröð í umfjöllun um hvert svæði um sig.<sup>10</sup>

### 5.1 Landnám

#### 5.1.1 Sauðafellsselland og Híðartún

Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi Meldúnssyni Sauðafellslönd. Þar segir:

Erpr var leysingi Auðar; hann var son Meldúns jarls af Skotlandi, þess er féll fyrir Sigurði jarli enum ríka; móðir Erps var var Myrgjöl, dóttir Gljómals Írakonungs. [...]. Erpi syni Meldúns jarls, er fyrr var getit, gaf Auðr frelsi ok Sauðafellslönd; frá honum eru Erplingar komnir.<sup>11</sup>

Í næsta námunda við Sauðafellsselland að norðanverðu er landnám Dala-Kolls Veðra-Grímssonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir eftirfarandi um landnám Dala-Kolls:

Kollr nam Laxárdal allan ok allt til Haukadalsár; hann var kallaðr Dala-Kollr; hann átti Þorgerði dóttur Þorsteins rauðs.<sup>12</sup>

Í næsta námunda við Sauðafellslönd að vestanverðu er landnám Sökkólfs. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um landnám Sökkólfs:

Sokkolfr hét leysingi Auðar; honum gaf hon Sökkólfsdal; hann bjó á Breiðabólstað, ok er mart manna frá honum komit.<sup>13</sup>

Í næsta námunda við Sauðafellslönd að sunnanverðu er landnám Rauða-Björns. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Rauða-Björn og landnám hans:

Rauða-Bjorn nam Bjarnardal ok þá dali, er þar ganga af, ok átti annat bú niðr frá Mælifellsgili, en annat niðri í heraði, sem ritat er.<sup>14</sup>

---

<sup>10</sup> Þessi kafli er að mestu leyti byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 30. desember 2018, sem lögð var fram sem skjal nr. 13.5, sbr. einnig eldri drög að greinargerðinni sem lögð voru fram sem skjöl nr. 13, 13(2), 13(3) og 13(4). Þó hefur verið felld út eða stytta umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu við úrlausn málsins.

<sup>11</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>12</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 140.

<sup>13</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 141-142.

<sup>14</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 87.

---

### 5.1.2 Hundadalsheiði

Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo að Auður djúpúðga hafi gefið Hunda leysingja sínum Hundadal. Þar segir:

Hundi hét leysingi Auðar skozkur; honum gaf hon Hundadal; þar bjó hann lengi.<sup>15</sup>

Í næsta námunda við landsvæðið sunnan Hundadals og Hundadalsheiði að norðanverðu er landnám Harðar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Hörð og landnám hans:

Horðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Horðadal.<sup>16</sup>

Í næsta námunda við landsvæðið sunnan Hundadals og Hundadalsheiði að austanverðu er landnám Erps Meldúnssonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Erp og landnám hans:

Erpr var leysingi Auðar; hann var son Meldúns jarls af Skotlandi, þess er féll fyrir Sigurði jarli enum ríka; móðir Erps var var Myrgjöl, dóttir Gljómals Írakonungs. [...]. Erpi syni Meldúns jarls, er fyrr var getit, gaf Auðr frelsi ok Sauðafellslond; frá honum eru Erplingar komnir.<sup>17</sup>

Í næsta námunda við landsvæðið sunnan Hundadals og Hundadalsheiði að vestanverðu er landnám Vífils. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Vífil og landnám hans:

Vífill hét leysingi Auðar; hann spurði þess Auði, hví hon gaf honum öngvan bústað sem öðrum monnum. Hon kvað þat eigi skipta, kvað hann þar gofgan mundu þykkja, sem hann væri. Honum gaf hon Vífildal; þar bjó hann ok átti deilur við Horð.<sup>18</sup>

Í næsta námunda við landsvæðið sunnan Hundadals og Hundadalsheiði að sunnanverðu er landnám Rauða-Björns. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Rauða-Björn og landnám hans:

Rauða-Björn nam Bjarnardal ok þá dali, er þar ganga af, ok átti annat bú niðr frá Mælifellsgili, en annat niðri í heraði, sem ritat er.<sup>19</sup>

### 5.1.3 Vífildalur

Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo að Auður djúpúðga hafi gefið Vífli leysingja sínum Vífildal. Þar segir:

Vífill hét leysingi Auðar; hann spurði þess Auði, hví hon gaf honum öngvan bústað sem öðrum monnum. Hon kvað þat eigi skipta, kvað hann þar gofgan

---

<sup>15</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 141.

<sup>16</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>17</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>18</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 138, 141.

<sup>19</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 87.

---

mundu þykkja, sem hann væri. Honum gaf hon Vífildal; þar bjó hann ok átti deilur við Horð.<sup>20</sup>

Í næsta námunda við fjallendi Fremri-Vífildal að sunnanverðu er landnám Rauða-Björns. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Rauða-Björn og landnám hans:

Rauða-Björn nam Bjarnardal ok þá dali, er þar ganga af, ok átti annat bú niðr frá Mælifellsgili, en annat niðri í heraði, sem ritat er.<sup>21</sup>

Í næsta námunda við fjallendi Fremri-Vífildals að norðan- og vestanverðu er landnám Harðar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Hörð og landnám hans:

Horðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Horðadal.<sup>22</sup>

Í næsta námunda við fjallendi Fremri-Vífildals að austanverðu er landnám Erps Meldúnssonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Erp og landnám hans:

Erpr var leysingi Auðar; hann var son Meldúns jarls af Skotlandi, þess er féll fyrir Sigurði jarli enum ríka; móðir Erps var var Myrgjöl, dóttir Gljómals Írakonungs. [...]. Erpi syni Meldúns jarls, er fyrr var getit, gaf Auðr frelsi ok Sauðafellslond; frá honum eru Erplingar komnir.<sup>23</sup>

#### 5.1.4 Fjallendi Hrafnabjarga

Í næsta námunda við fjallendi Hrafnabjarga að sunnanverðu er landnám Bersa Bálkasonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Bersa og landnám hans:

Bersi goðlauss hét maðr, son Báлка Blængssonar ór Hrutafirði; hann nam Langavatnsdal allan ok bjó þar. [...]. Bersi goðlauss fékk Þórdísar, dóttur Þórhaddis ór Hítardal, ok tók með henni Hólmslond [...].<sup>24</sup>

Melabók *Landnámabókar* getur þess að Bersi hafi búið að Torfhvalastöðum.<sup>25</sup>

Í næsta námunda við fjallendi Hrafnabjarga að suð-vestanverðu er landnám Þórhaddis Steinssonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Þórhadd og landnám hans:

Þórhaddr, son Steins mjoksiglanda Vígbjódssonar, Boðmoðssonar ór búlkarúmi, hann nam Hítardal til Grjótár et syðra, en et ytra til Kaldár ok á milli Hítár og Kaldár til sjóvar [...].<sup>26</sup>

Í næsta námunda við fjallendi Hrafnabjarga að vestanverðu er landnám Þorgils knappa. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Þorgils og landnám hans:

---

<sup>20</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 138, 141.

<sup>21</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 87.

<sup>22</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>23</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>24</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 88.

<sup>25</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 89.

<sup>26</sup> *Íslensk fornrit* I, (1968), bls. 92.

---

Þorgils knappi, leysingi Kolla Hróaldssonar, nam Knappadal [...] ok eignaðisk land á milli Hítár ok Álptár ok upp til móts við Steinólf.<sup>27</sup>

Í næsta námunda við fjalllendi Hrafnabjarga að norðanverðu er landnám Ketils. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Ketil og landnám hans:

Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum. Ketill hét maðr, er hon gaf land frá Skraumhlaupsá til Horðadalsár; hann bjó á Ketilsstodum.<sup>28</sup>

Í næsta námunda við fjalllendi Hrafnabjarga að norð-austanverðu er landnám Harðar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Hörð og landnám hans:

Horðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Horðadal.<sup>29</sup>

### 5.1.5 Botn við Svínbjúg

Í næsta námunda við Botn við Svínbjúg að sunnanverðu er landnám Þorgils knapa. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Þorgils og landnám hans:

Þorgils knappi, leysingi Kolla Hróaldssonar, nam Knappadal [...] ok eignaðisk land á milli Hítár ok Álptár ok upp til móts við Steinólf.<sup>30</sup>

Í næsta námunda við Botn við Svínbjúg að vestanverðu er landnám Ingólfs sterka Árnasonar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um landnám Ingólfs:

Ingólfr enn sterki nam land inn frá Laxá til Skraumhlaupsár ok bjó á Hólmslátri [...].<sup>31</sup>

Í næsta námunda við Botn við Svínbjúg að norðanverðu er landnám Ketils. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Ketil og landnám hans:

Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum. Ketill hét maðr, er hon gaf land frá Skraumhlaupsá til Horðadalsár; hann bjó á Ketilsstodum.<sup>32</sup>

Í næsta námunda við Botn við Svínbjúg að norðan og austanverðu er landnám Harðar. Sturlubók *Landnámabókar* hermir svo um Hörð og landnám hans:

Horðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Horðadal.<sup>33</sup>

---

<sup>27</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 94.

<sup>28</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 140.

<sup>29</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

<sup>30</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 94.

<sup>31</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 134, 136.

<sup>32</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 140.

<sup>33</sup> *Íslenzk fornrit* I, (1968), bls. 138, 142.

---

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Í reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dali, dagsettri 20. maí árið 1809, segir m.a:<sup>34</sup>

Reglugiörd fyrir Dalasýslu um Grenialeitar, Dyraveidar og Geldfjárrekstur á afrett og Dale.

2. Capitule. Um Geldfjárrekstur á afrett og Dale á vorum.

§ 1. Þar ed mörgum búande monnum árlega orsakast stór skade á eingium, beitlande og jafnvel tödum einkum i sveitum hvar þravngbylt er af yfergange geldpenings nábuanna i heima londum, þá skal hvör og eirn epter Jonsbokar landsleigubálks 46<sup>ta</sup> Capitula og itrekadre konunglegre skipun af 20<sup>ta</sup> Februarii 1754 reka geldfé sitt allt fullorded og lömb á rettan afrett og leigia uppreksturs land þar einginn er. Eins bulaust folk og búande hvört sem það á margt edur fátt, þo eru þau lömb undannskilenn sem á rettum fráferum eru so rír ad ei þikia á afrett rekande og skal færa þeim seirna frá, en sveitungar leggja samann med seirne frafæru þessara lamba.

[...]

§ 4. Nú eru þær jarder margar sem aungvann afrett edur fiállland eiga enn eru þó landkreppu jarder og meiga þær ecke ad heldur med geldfe sinu skada og yfergáng veita annara slægur og beitelande og eru þeirra abúendur skylduger ad leigia afrett og upprekstur land hiá þeim er afrett eiga og ej filla sialfer jtölu sína, fyrer sanngiarnt verd, epter samkomulagi. Sá er leifislaust rekur geldfe sitt i annars afrett og land betale 1 rd. courant fyrer gras verd þeim er afrett edur upprekstrarland á. Sömu vidlögur eru og ef nockur i nágranna forbode heldur heima geldfe sinu og lömbum, hvort sem hann á afrett edur ej þar ólídande er ad menn láte pening sinn bótalaust uppnaga annara land og slægiur, ellegar skore sig undann loglegum fiállskilum á haustum i þvj skine ad eckert hafe þeir uppreked ne eige á fialle. Þessar sekter út tekur sysslumadr án dóms og rettarhallds hiá þeim óhlidugu.

Í reglugerð fyrir Dalasýslu um fjármörk, fjallgöngur og réttir, dagsettri 13. ágúst árið 1809, segir m.a:<sup>35</sup>

3. Capituli. § 1. Um Saudfiár Mörk.<sup>36</sup>

[...]

§ 6.

Þessi Tabla skal vera til hvörs manns Eptirsiónar, þar sem Réttir á haustum halldast, og Mörk á úrgángsfé, úr sídustu skilarétt, vid hana náqvæmlega saman[borin], eptir því sem 4<sup>di</sup> Capituli frammar fyrirsegir. Frá Arildstíd hafa þessar eptirskrifadar Réttir haldnar verid i Dala Sýsslu. Nefnilega Saurbænum

---

<sup>34</sup> Skjal nr. 2(109).

<sup>35</sup> Skjal nr. 2(110).

<sup>36</sup> Fyrstu tveir kaflar reglugerðarinnar hafa ekki varðveist í bréfasafni sýslumanns.



---

á Svinadal, sunnannverdt við Miósund, og á Sta[d]arhóle. J þessara Réttu Stad, sem valla síást Deili til, skal Innrifagradsbóndinn, með Stadarhóls hrepps búendum, innréttu nía Rétt á hentugum Stad i Innrifagrads landsi, sömuleidis skal hrepstiórinn Gísli Pálsson á Hvítadal með Hvols Sókna búendum innréttu nía Rétt, i Hvítadals landsi. J Hvamms-Sveit hafa Réttir haldnar verid á Sælings-~~Hauka~~adal, og á Gleraskogum. J Laxárdal hefur enginn Rétt verid haldinn so menn til viti. J Haukadal hafa Réttir haldnar verid á Vatni i Haukadal, og á Skardi. J Middölum Fellsendarétt. J Hördudal Vífildals og Selialands Réttir. á Fellströnd Hallstada Rétt, og á Skardströnd, Klofnings og Heidnabergs Réttir. Nú þótt frammtaldar Sveitir hafi engar Skilldu afréttir, utann alleina Haukadalur og partur af Laxár- og Middölum, enn hinar adrar hafa leigt og fengid hiá nábúum hinum, ad reka á Dale, sem ad nockru leiti eru búfiár-hagar, þá samt skulu bændur eins og ádr leigia upprekstrar plätz, hiá þeim sem hafa so Dölum varid, og gialda eptir billegheitum, Samkomulagi og Fiárfjölda, þeim sem beitarlandid tilhejrir. Allar þessar nefndu Réttir, skulu hér eptir af Réttarbændum vidhaldast, eptir ad þær i Fyrstunni af Sveitarmönnum i hvörium hrepp eru upphladnar, ad athugadri þeirri, sem hér ad framann sögd er, og hér eptir lögd verdur.

[...]

#### 4. Capituli. um fiallgöngur á Haustum.

##### § 1.

Allt eins og hvör og einn eptir 2. Cap. § 1. og 4<sup>da</sup> er skildugur ad reka allt sitt geldfé og lömb, samt stódhross á afrétt, so skal og serhvör búandi Embættis og almúga-madur á haustum giöra góð fiallskil, og til fiallgöngu láta gagnlegann greindann mann, hvört sem h(ann) á nockra Saudkind á fialli edur ej undir 1 rd. sekt i hvört sinn hann þverskallast við þessa hrepstióranna fyrirskipun.

##### § 2.

Sömuleidis skal hvör madur úr qvífé sinu og landareigu safna öllu ókunnugu fé og reka til rétta, alt undir sömu sektir, en qvífé skal ganga og Réttardaginn greimast vandlega nærri Bæum, so ej giöri Rugling á fiallinu.

[...]

Um afréttarlönd i Miðdalapingum þ. e. Snóksdals og Sauðafellssóknum segir eftirfarandi, i sóknalýsingu, undirritaðri af séra Vigfúsi E. Reykdahl sóknarpresti i Miðdalapingum Hvammi, frá árinu 1840:<sup>37</sup>

Til 31.- 32. Spurn(ingar): {Selstöður og afréttir}. Margar af framantöldum jörðum hafa átt selstöður innan sinna landareigna og verið notaðar i fornöld; en færri brúkað þær á seinni tímum; engin jörð á hér selför i annars land nema

---

<sup>37</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags, 1839-1855, bls. 36.

---

Hamraendar eiga selför í Hlíðartúnsland. Afrétt átti Sauðafelsskirkja í allan Sandsdal og hafa flestir sóknarbærir haft þar upprekstur og goldið uppreksturstoll; þeir hafa fjárrétt fjárrétt á Fellsenda og rétta á föstudaginn í 21. viku sumars. Hörðdælingar hafa rétt í Seljalandi og rétta á mánudaginn í 21. viku sumars; til hennar leita og allir Borghreppingar úr Mýrasýslu.

Með bréfi dags. 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis.<sup>38</sup>

Svar setts sýslumanns, dagsett 4. september 1920 hljóðar svo:

Til svars yðar heiðraða bréfi dags. 29. des. f.á. skal þess getið að jeg hefi spurst fyrir um afrjettarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum sýslunnar og samkvæmt yfirlýsingum þeirra eru engir almenningar hjer í sýslu eða afrjettarlönd sem ekki heyra lögbýli til.<sup>39</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

1. eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt ?
2. hvað nefnist sá afréttur ?
3. Hvar liggja mörk hans ?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt ?
5. hvaða sveitarfélög eru það ?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast ?<sup>40</sup>

Í svari oddvita Miðdalahrepps, rituðu á bréf ráðuneytisins, er fyrstu spurningu svarað játandi og Sanddalsafréttur nefndur og mörk hans sögð í Mýrasýslu. Fjóðru spurningu er svarað neitandi. Í svari oddvita Hörðudalshrepps dagsettu 14. Nóvember 1989 segir:

[...] Hvað varðar Hörðudalshrepp í Dalasýslu, eiga íbúar hans engan upprekstrarrétt í neinn afrétt og liggur enginn afréttur innan marka sveitarfélagsins.

---

<sup>38</sup> Skjal nr. 4(2).

<sup>39</sup> Skjal nr. 4(3).

<sup>40</sup> Skjal nr. 4(6).

---

## 5.3 Sauðafellsselland og Hlíðartún

### 5.3.1 Sauðafellsselland.

Kirkjan á Sauðafelli er á meðal kirkna þeirra sem taldar eru upp í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 þar sem taldar eru upp kirkjur í Skálhotsbiskupsdæmi.<sup>41</sup>

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir kirkjunni að Sauðafelli, frá því um 1355, er ekki getið um ítök kirkjunnar, réttindi, landnot eða landeignir.<sup>42</sup>

Í máldaga Vilchins fyrir Sauðafellskirkju frá árinu 1397, er ekki getið um ítök kirkjunnar, réttindi, landnot eða landeignir.<sup>43</sup>

Í máldaga Sauðafellskirkju frá árinu 1500 segir eftirfarandi um Sauðafell:

Egidijus kirkia a sauðafelle a kross j haukadale. hlíðartun allt. sauðfelljngga mula. bekradal. kirkiufellsmýrar. ur býdu biargs gile þui sem rennur j reýkiadalzbotnne. voru ermmstadir settir j borgun fyrir xij kugillde. skylldde erfjngiar elenar aptur leýsa fyrrsagda jord fyrir xijc . [...] jtem gallt stulle bonnde kirkiunne Jordena hamra j laxardal oc þar til x malnytu kugillde. [...].<sup>44</sup>

Í Gíslamáldaga fyrir kirkjunni að Sauðafelli, frá því um 1570, er ekki getið um ítök eða réttindi kirkjunnar. Þess er getið að hún eigi 3 jarðir, sem ekki eru nafngreindar í máldaganum.<sup>45</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir svo um selstöðu á Sauðafelli árið 1703:

Selstöðu á jörðin í Teig í Hlíðartúnslandi; eru þar hagar góðir en þrönglendir.

Nú nýlega hefur hún ei brúkuð verið.<sup>46</sup>

Fyrir liggja fjórtán prófastsvísitasíur að Sauðafelli á árabílinu 1721-1885, þær geta ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>47</sup>

Vísitasía prófats að Sauðafelli frá 24. júní árið 1721, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>48</sup>

Vísitasía prófats að Sauðafelli frá 1. júní árið 1726, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>49</sup>

Vísitasía prófats að Sauðafelli frá 11. júní árið 1732, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>50</sup>

---

<sup>41</sup> Skjal nr. 4(70).

<sup>42</sup> Skjal nr. 4(76).

<sup>43</sup> Skjal nr. 4(77).

<sup>44</sup> Skjal nr. 4(78).

<sup>45</sup> Skjal nr. 4(80).

<sup>46</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 28.

<sup>47</sup> Skjöl nr. 2(33-46).

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(33).

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(34).

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(35). Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 11.6.1732.

---

Visitasía prófasts að Sauðafelli þann 14. maí árið 1742, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>51</sup>

Um Sauðafell segir eftirfarandi í *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason:

Þar er Kirkiustadur og tilheirir kirkiunne enn þa allar eignar og ítök sem gamlar mældagar utskyra og nafngreint er j Visitatu velædla Herra Biskupsen Arnasonar 1725. [...] Jordenn er landmikel og ä läglendenu grasgiefenn. Utheyes Slægiur Miklar enn þó liettar.<sup>52</sup>

Hinn 28. apríl 1736 lögfesti Magnús Árnason prestur á Sauðafelli alla jörðina Sauðafell, 60 hundr. að dýrleika, í sínu nafni jafnt sem allra er þar búa vegna yfiringilegs átroðnings sauðfjár og hesta er valdið hafði jörðinni skaða.<sup>53</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við kirkjuna að Sauðafelli kemur fram að hún eigi jörðina Hlíðartún í Sökkólfssdal. Þar segir:

Kyrkiann að Saudafelle stendur á Bondaeign.

Tgidii kyrkia að Saudafelle i Middölumm, á j föstu jördena Hlydartún í Sockolfssdal 16 hndr., Kross i Haukadal 16 hndr., Hamra j Laxárdal 16 hndr., afrett i Sanddal öllum, og 5 hndr. j Saurbærfiöru, 24 málnitukúgillde.<sup>54</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli 18. júní árið 1790, var uppleið kaupbréf fyrir Breiðabólsstað og Hlíðartúni í Sökkólfssdal frá árinu 1479, með tilteknum landamerkjum á Breiðabólsstað, og selför frá Hamrendum í Hlíðartúnsland. Einnig uppleið makaskiptabréf Ögmundar Skálholtsbiskups og Daða Guðmundssonar frá árinu 1528 á Hamraendum og Sauðhúsum. Þar er hvergi minnst á Sauðafellssel.<sup>55</sup> Sjá nánar í 1.3.2., umfjöllun um Hlíðartún.

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Sauðafell sagt vera 60 hundraða jörð í eigu ábúandans Oddleifs Þorleifssonar. Um réttindi og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>56</sup>

Í lögfestu Oddleifs Þorleifssonar fyrir Sauðafelli, dagsettri 30. mars árið 1814, er ekki getið um Sauðafellsselland eða Sauðafellssel. Lögfestan lýsir landamerkjum og getur örnefna. Hún var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu og hljóðar svo:

Lögfesta fyrer Saudafelle i Middölum

E[g underskrif]adur Lögfeste Ejngnar Jörd mína Saudafell í Middölum, Akra og Tödur, Ejngnar og Skóga, Holt og Haga, Vötn og Vejdestödur og allar

---

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>52</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason, bls. 140.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>55</sup> Skjal nr. 2(83).

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(32).

---

landsnytjar er nefndre Jördu fylger, fylgt hefur og fylga ber, til Itstu ummerkja, sem adrir menn eiga i mót; til þessara landamerkja, ur StejnboGANum i Fellinu, fyrer utan Erpstada Berg, og Sjónhending j Melshorned; enn ej MelsEndan, sem liggur vid Midä, og þadan Sjónhending i Bæardyrnar i Bæ og epter þvj, sem Midä rædur til Tungu ÄR, alt framm til Rustar þejrrar, sem nedarlega er, á so kólludum Hafafells Móum, nálægt äne, gjeignt landamerkja lækiaros [lækiar-, ofan línu] mille Oddsstada og Kolsstada og ur Rustinne Sjónhending í Grá Stejn sem skamt er frá Kéldunne Fells mejgin og Sjónhending þadan epter hædstu Holtabördum; Austan Fellid í Brudguma Stade og þadan bejna Sjónhending uppá Fellid, til þess Vötnum hallar ad Vestan verdu, og j utnordur epter Fellinu, alt uppundan ádrnefndum StejnboGA, og so bejnt nidur á hann. Fyrirbýd eg hvörjum manne hédan af, innan þessara Ummerkja í ad vinna, bejta, bruka eda ser ad nyta, nema mitt se lof og leyfi til, under frekustu laga Sekter.

Saudafelle þann 30ta Marty 1814

Oddleifur Thorleifsson

Upplesed og Protokollerad á Fastejgnar Varnarþinge [ad] Saudafelle og betaladr med írejknudum 12 ½ pro Cento til Mín 40 sk.. Hier fyrer qvittera. Þann 30ta Marty 1814.

testr S.Magnussen.<sup>57</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 1. október árið 1820, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>58</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 19. apríl árið 1833 var þinglesin lögfesta fyrir Sauðafelli, dagsett 8. janúar sama ár. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar.<sup>59</sup>

Varðveitt er kaupbréf fyrir 20 hundruðum í Sauðafelli, dagsett 14. nóvember árið 1746, og fylgir kirkjueignin Hlíðartún með í kaupunum. Sölunni var þinglýst á manntalsþingi að Sauðafelli 21. júní árið 1748. Kaupbréfið hljóðar svo:

Vidstadder, asiáande og aheyrande vorumm vid underskrifader þa so latande jardakaup framforu og fullgiordust mille Efftterskrifadra manna, nefnelega: prestsenz sr. Þorsteins Þordarson og vyrduglegz heidurzmanz monsr. Thorleifs Palmasonar þared presturenn sr. Þorsteinn selde, med rade og samþycke sinnar Elskulegrar Egtakvinnu Margretar Palmadottur, velnefndumm monsr. Thorleife xx hndr. j jördunne Saudafelle, liggjande j Dalasysslu og sialfrar sinnar kyrkiusokn, med öllum þeim gögnum og giædumm, hlutum og hlunnendumm, sem greindumm xx hndr. filgt hefur, filger og med rettu filgia

---

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>59</sup> Skjal nr. 2(89).

---

ber, til ytstu ummmerkia, sem adrer menn i móte eiga, til fullkomennar eignar, honumm og hanz Erfingiumm og frialz forrædez, upp fra þessumm deige. Var tilsagt ad þessumm tiedumm xx hndr. filgde jördenn Hlydar Tun xvi hndr. ad dyrleika, Saudafells kyrkiu Eign, so sem hingad til vered hefur. Hier i mot gaf og gallt velnefndur monsr. Thorleifur viii hndr. i jordunne Gröf liggiande i Sockolfsdal og Sauðafellskyrkiusokn, innann Dalasysslu, med ollum somu [...].

[...]

Skilmalar eru: 1. ad presturenn svare so mykelz qvota af portionis reikningzskulld Saudafellzkyrkiu, sem hanz velnefndre Egtakvinnu, ad logumm bere til ad svara, so monsr. Thorleife ei til skada kome. 2. Take monsr. Thorleifur i næstkomande fardögum landskulldena af nefndre Grafar halflendu viii hndr. Enn presturenn sr. Þorsteinn landskulldernar af þessumm oftiedumm xx hndr. Saudafellz, og jördunne Hlydar Tune. [...]

[...] ad Hvamme i hvamssveit, þann 14. Novembris Anno 1746.

Þorsteinn Þordarson      Thorleifur Palmason

Vottar ad þessumm giörningne erumm vid underskrifader

Svarthöfde Teitzson      Eiolfur Þordarson

Þetta kaups og makaskiftabref, var auglýst og uppleseð fyrer Riettenumm sem halldenn var ad Saudafelle i Middöllum lögsettu manntalsþinge þann 21ta Júnii 1748.

Sigurdur Vigfússon.<sup>60</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 19. apríl árið 1833 var þinglesin lögfesta fyrir Sauðafelli, dagsett 8. janúar sama ár. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar.<sup>61</sup>

Í kafla um selstöður og afrétti segir svo um Sauðafell í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu árið 1851:

Afrétt átti Sauðafellskirkja í allan Sandsdal og hafa flestir sóknarbærir haft þar upprekstur og galdið uppreksturstoll; þeir hafa fjárrétt á Fellsenda og rétta á föstudaginn í 21. viku sumars.<sup>62</sup>

Hinn 17. maí 1861 á manntalsþingi að Sauðafelli var lesin lögfesta fyrir Sauðafelli með undirliggjandi löndum og ítökum dagsett 16. maí sama ár.<sup>63</sup>

Á manntalsþingi að Staðarhóli þann 23. maí árið 1861, var þinglesin lögfesta fyrir Sauðafelli. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar.<sup>64</sup>

---

<sup>60</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>61</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>62</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 36.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(91).

---

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 17. maí árið 1861, var þinglesin lögfesta fyrir Sauðafelli, með undirliggjandi löndum og ítökum, dagsett 16. maí sama ár. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Eigandi Háafells lét á móti lesa sína lögfestu. Báðir mótmæltu þannig lögfestu hvers annars að svo miklu leiti sem þær stríddu á mót hver annarri. Inntak Háafellslögfestunnar var ekki heldur fært til bókar. Eftirfarandi er ritað í dóma- og þingbók sýslunnar:

Ár 1861 þann 17. Maí var reglulegt manntalsþing sett og haldið að Sauðafelli [...].

6. Lesin lögfesta fyrir Sauðafelli með undirliggjandi löndum og ítökum dagsett 16. Maí 1861. Og svaraði Finnur Sveinsson á Háfelli með að láta lesa lögfestu sama dag dagsetta 16. Maí 1861 og mótmæla báðir hvers annars lögfestu að svo miklu lagti sem þær stríða hver á móti annarri.<sup>65</sup>

Á manntalsþingi að Staðarhóli þann 23. maí árið 1861, var þinglesin lögfesta fyrir Sauðafelli. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar.<sup>66</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 6. nóvember árið 1865, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>67</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 12. nóvember árið 1866, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>68</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 18. október árið 1867, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>69</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 28. maí árið 1872, var þinglesið afsalsbréf dagsett 27. ágúst 1871, þar sem Ásgerður Gunnlaugsdóttir í Köldukinn seldi og afhenti fjórðung úr Sauðafellseigninni, með öllu tilheyrandi, prestinum séra Jakobi Guðmundssyni á Kvennabrekku, fyrir 310 ríkisdali. Eftirfarandi var fært til bókar:

Ár 1872 þriðjudaginn hinn 28. Maí mánaðar var manntalsþingsréttur Dalasýslu settur að Sauðafelli [...].

Að þinglesa:

[...]

2. Afsalsbréf dags. 27. August 1871 hvar með Ásgerður Gunnlaugsdóttir í Köldukinn selur og afhendir  $\frac{1}{4}$  úr Sauðafells eigninni með öllu tilheyrandi prestinum séra Þ. Guðmundssyni á Kvennabrekku fyrir 310 rd.<sup>70</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli hinn 25. maí árið 1875, veðsetti Lárus Halldórsson Sauðafellseignina, með tilheyrandi, í umboði prestsins séra Jakobs

---

<sup>65</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>67</sup> Skjal nr. 2(41).

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(42).

<sup>69</sup> Skjal nr. 2(43).

<sup>70</sup> Skjal nr. 2(92).

---

Guðmundssonar á Sauðafelli, fyrir 4000 króna láni úr Læknasjóðnum. Í dóma- og þingbók sýslunnar er ritað:

Ár 1875 hinn 25. maímánaðar var manntalsþingsréttur Dalasýslu settur að Sauðafelli [...].

Að þinglesa:

[...]

10. Veðskuldabréf dags. 15. Jan. þ. á., hvarmeð Cand. Lárus Halldórsson í umboði prestsins séra Jakobs Guðmundssonar á Sauðafelli, veðsetur Sauðafellseignina með tilheyrandi fyrir 4000 króna láni úr Læknasjóðnum.<sup>71</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 14. nóvember árið 1875, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>72</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 26. september árið 1878, getur ekki um Sauðafellssel eða selland Sauðafells.<sup>73</sup>

Landamerkjabréf fyrir Sauðafell var samið 23. maí 1883 og þinglesið 29. maí 1885. Landamerkjabréfið hefur ekki aðeins geyma lýsingu á merkjum jarðarinnar Sauðafells í Miðdölum heldur einnig á tilheyrandi sellandi hennar á Suðurárdal. Þá greinir einnig frá upprekstri á Mjóadal. Að auki fylgir merkjalýsing fyrir jörðinni Hlíðartúni í Sökkólfsdal. Um selland Sauðafells á Suðurárdal og landamerki Hlíðartúns segir svo:

Sauðafell á Suðurárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðfells og Hlíðartúns neðan frá Miðá uppá hæstu fjallseggjar, síðan ráða fjallseggjar eptir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurrörög, sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurrár og síðan Suðurrá og Miðá niður til Kringlugils [...]. Í Sauðafellsheimalandi á Hlíðartún ítak syðst og neðst í Sauðafellstungu, sbr. landamerkjaskrá Hlíðartúns hjer á eptir. Sauðfelleigninni fylgir og Hlíðartún í Sökkólfsdal. – Landamerki milli Hlíðartúns og Skallhóls eru nú Miðá niður undan Stórhól í steinbogann í fjallinu og þaðan þverbeint uppá efstu eggjar, síðan ráða hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri fram á móts við Kringlugilsbotn, svo ræður Kringlugil til Miðár, svo ræður Miðá niður á móts við Stórhól. Miðá liggur frá Kringlugili niður með hliðinni Hlíðartúns megin að Brattamel í krókum góðan kipp fyrir framan Hlíðartúns túnið, síðan rennur áin til landnorður austur undir Brattamel Breiðabólstaðar megin að Reiðskarði og síðan niður með fjallshliðinni að austan, þangað til götuslitrinn í hliðinni liggja niður á Grafar flatlendið, þá beigist áin aptur í útvestur og ræður merkjum niður á móts við Merkjastein á Stórhól og merkjabogann í Hlíðartúnsfjalli, sem áður

---

<sup>71</sup> Skjal nr. 2(93).

<sup>72</sup> Skjal nr. 2(44).

<sup>73</sup> Skjal nr. 2(45).



---

er nefndur. Hlíðartún á ítak syðst og neðst í Sauðafellstungu til slæгна og hrossabeitar að tiltölu við Sauðafell; sje parturinn ekki allur sleginn eptir samkomulagi við ábúanda Sauðafells eða metinn til ítölu í haga. Merki þessa ítaks eru: Merkin milli Sauðafells og Erpsstaða neðan frá Miðá uppundir Brúarholt og þaðan sjónhening norður stefnu á Sauðafell heygard lítið eitt norður fyrir Gissursstekk svo sem (tuttugu) 2 20 1 faðma, síðan sjóhhending niður í Miðá, þar sem nefið fyrir sunnan Helgra fannes gengur lengst fram að ánni. Ennfremur á Hlíðartún uppesktur fyrir eiginn pening á Mjóadal að 1/5 einum fimmta hlut móts við Sauðafell, sem á upprekstur í 4/5 hluta dalsins með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í landamerkjaskránni fyrir Sauðafelli.<sup>74</sup>

Bréfið undirrita Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells, Jóni Klemenzson umboðsmaður Grafar, Ólafur Finnson umboðsmaður Hundadals fremri, Jón Árnason eigandi Jörfa og Hamra í Haukadal, Þorleifur Andrjesson eigandi Villingadals, Guðbjörg Þorsteinsdóttir vegna Erpsstaða, Jósef Jónassen eigandi Skarða, Jósúa Jósúason eigandi og umráðamaður Oddsstaða, Jakob Guðmundsson umráðamaður Kvinnabrekku, Sumarliði Jónsson eigandi Breiðabólsstaðar, Ásm. Þorsteinsson eigandi að ½ Fellsenda, Guðríður Guðmundsdóttir eigandi að ½ Fellsenda, Jónas Jónsson eigandi Svalbarða, Finnur Sveinsson eigandi Háafells og Benedikt Þórðarson eigandi Svínhóls.

Hinn 14. apríl árið 1888, skrifuðu þeir Jakob Guðmundsson, sem titlar sig sem „afréttareiganda“ og Ásmundur Þorsteinsson, oddviti hreppsnefndar Miðdalahrepps, sýslumanninum í Dalasýslu, um upprekstur og fjallskil á Sauðafellsafrétti. Bréfið sjálf er svohljóðandi:

Þar sem stöku menn í Miðdalahreppi hafa að undanfögnu sýnt nokkra vanrækt bæði í því að nota árlega til upprekstrar fyrir pening sinn afrétt hreppsins, sem er Sauðafellsafréttur; og í því að gjöra full og regluleg fjallskil á þessum afrétti sveitarinnar, álitum við undirskrifaðir okkur orsakaða til hér með að leita úrskurðar yðar herra sýslumaður um:

1. Hvert að allir fjáreigendur Miðdalahrepps, sem að álitu hreppsnefndarinnar, ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, séu ekki undantekningarlaust skyldir til samkvæmt 8. gr. fjallskilareglugjörðar Dalasýslu, staðfestri af amtsráði Vesturamtsins 24. Juli 1876 að reka á nefndan afrétt allt geldfé sitt samkvæmt nefndri grein og sömuleiðis ótamin hross, samkvæmt 32. gr. sömu reglugjörðar.
2. Hvert að allir fjáreigendur Miðdalahrepps séu ekki skyldir til að gjöra full og regluleg fjallskil á nefndum afrétti sveitarinnar eptir ákvæðum hreppsnefndarinnar, samkvæmt 1. og 4. kafla áminnstrar fjallskilareglugjörðar, þó þeir eigi upprekstrarland fyrir sig annarstaðar en á hreppsafréttinum.

---

<sup>74</sup> Skjal nr. 2(1).

---

Þess má geta að árið 1878 kvaddi hreppsnefnd Miðdalahrepps hreppsþúa á almennan fund til að kjósa 5 menn í nefnd, til að meta hvað Sauðafellsafréttur gæti vel borið af sauðfé og trippum, og voru í nefnd þessa kosnir þeir hreppsþændur, sem hreppsnefndin og aðrir hreppsþúar álitu bezt til þess fallna bæði sakir kunnugleika á afréttinum og allrar greindar á slíku mati yfir höfuð.

Þessi fim manna nefnd kom síðan saman 8. ágúst s. á. (1878) til að gjöra mat þetta, og matti hún að afrétturinn gæti borið 3000 (þrjúþúsund) sauðfjár og 30 (þrjátíu) trippi, og lét jafnframt í ljósi það álit sitt að það væri óumflýanlega nauðsynlegt fyrir hlutaðeigandi sveitarfjelag að ná sem föstustu tangarhaldi á afréttinum til að koma í veg fyrir að hann yrði ljeður öðrum til brúkunar.

Þetta mat og álit matsnefndarinnar var síðan innfært í kirkjustól Sauðafellskirkju með nöfnum nefndarmanna undir.

Þegar hlutaðeigandi sýslumaður ber þetta mat matsnefndarinnar saman við fjárframtal hreppsþúa hin síðustu ár, þá getur hann glögglega séð að í allri sveitinni er ekki nærri því eins mikill fjárfjöldi til, sem á fjall skal reka, eins og matsnefndin áleit að afrétturinn gæti borið, og að það er því fjarstætt að nokkur sveitarmanna geti borið það fyrir sig, að hann reki ekki á afréttinn af því að land þetta beri ekki allan afréttarpening sveitarinnar. Úrskurðarins óskast sem fyrst.

Sauðafelli 14. apríl 1888.

Jakob Guðmundsson, afréttareigandi.

Asmundr Þorsteinsson, oddviti hreppsnemdarinnar í Miðdalahreppi.<sup>75</sup>

Hinn 2. desember árið 1895, kallaði Guðmundur Jónsson á Hörðubóli í Miðdalahreppi eftir úrskurði amtmanns um það, hvort hann væri skyldugur til að gera fjallskil á Sauðafellsfjalllandi. Guðmundur hélt því fram að ýmsir hreppsþúar rækju fénað sinn á Sauðafellsfjallland en þó ekki hann sjálfur. Bréf Guðmundar er svohljóðandi:

Hörðubóli í Dalasýslu 2. desember 1895

Háttvirtu herra amtmaður!

Svo er mál með vexti að hreppsnefndin í Miðdalahreppi hefur gjört mjer að skyldu að leggja til menn í fjallskyl á Sauðafellsfjallland er ýmsir hreppsþúar reka fjenað sinn á, en mjer finnst að jeg sje eigi skildur til að inna þessa kvöð af hendi, þar eð jeg rek fje mitt annað í mitt eigið upprekstrarland sem liggur undir ábúðar og eignar jörð mína sem er Snóksdalskirkju eign. Þettað upprekstrar land sem jeg, og aðrir Snóksdalskirkju jarða ábúendur, brúka fyrir fjenað sinn liggur í öðrum hreppi. Það er nú aðgætandi að hjer í Hreppi er engin lög afrjett, eða upprekstrar land sem hreppurinn í heild sinni eigi eða hafi tekið til leigu heldur eru fjall londin heimalönd jarða og kirkju eignir sem fylga einstökum jarða eigendum er eigendurnir ljá einstökum mönnum til uppreksturs og heimta sjálfir gjaldið af svo það er að öllu laust við hrepps

---

<sup>75</sup> Skjal nr. 2(108).

---

fjelagið. Mjer virðist því að hrepps ~~fjelageð~~-nefndin eigi að gjöra hverjum landeiganda að skyldu að smala lönd sín með svo mörgum mönnum er henni þikir þurfa en land eigendur eigi svo aptur aðganginn með að fá menn að þeim bændum er tjekeð hafa í land þeirra.

Sökum þess að jeg er óánægður með að gjörðir hreppsnefndarinnar mjer til handa í þessu máli og sýslumaður vor er upprekstrar landseigandi þá leifi jeg mjer að gjöra fyrirspurn til yðar herra amtmaður hvort aðfarir hreppsnefndarinnar í þessu máli muni vera rjettar og hvort mjer sje skylt að smala land þar sem sauðfje mitt hefir eigi sumar gaungu.

Jeg vil mælast til að fá yðar heiðraða svar eða úrskurð um þettað mál sem allra fyrst

Virðingarfyllst

Guðmundur Jónsson

Til Amtmannsinnis í Vesturamtinu.<sup>76</sup>

Varðveitt eru uppkast amtmanns að bréfum til sýslumannsins í Dalasýslu annars vegar og Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli hins vegar, vegna uppreksturs og fjallskila á Sauðafellsfjallandi. Uppkastið er dagsett þann 31. desember árið 1895 og hljóðar svo:

1. Sýslumaðurinn Dalasýslu.
2. Bóndi Guðmundur Jónsson á Hörðubóli.

desbr. 31. 1895

1. Útaf meðfylgjandi erindi frá Guðmundi bónda Jónssyni á Hörðubóli, þar sem hann ber sig upp undan því, að hreppsnefndin í Miðdalahreppi gjöri sjer að skyldu að leggja til gangnamenn á Sauðafellsfjall, sem ýmsir hreppsþúar reki fje sitt á og sem sjé þeirra afrétt, þótt hann svo sem ýmsir aðrir, hafi sitt eigið land fyrir afrjett, sem jeg þjenustusamlega mælist til þess að þjer velborni herra sýslumaður, vilduð útvega álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, og leggja svo málið fyrir sýslunefndina á næsta fundi hennar til alita. Jeg býst þarnæst við, að meðtaka filrri álit frá yður um leið og þjer endursendið mjer fylgiskjalið með þessu brjefi mínu og ennfremur yðar eigin umsögn um málið.

Að endingu skal jeg mælast til um jafnframt að fá ~~jafnframt~~ afskript af þeim ~~regl~~ greinum í fjallskilareglugjörð Dalasýslu, sem það tilfelli yrði heimfært undir, sem hjer rædir um.

2. Útaf erindi yðar, dagsettu 2. þ. m., viðvíkjandi gangnaskilum yðar og ýmissa annara í Miðdalahreppi, – er þjer æskið eptir að fá svar eða úrskurð minn sem allra fyst – vil jeg eigi undanfella að tjá yður til ~~bræða~~ bráðabirgða, að jeg vitanlega eigi get svarað þessari málaleitun yðar, fyrr en jeg hef fengið ~~álit~~

---

<sup>76</sup> Skjal nr. 2(116).

---

umsögn annara hlutaðeigenda, og þar á meðal sýslunefndarinnar, um þessa málaleitun yðar.<sup>77</sup>

Varðveittur er útdráttur Björn Bjarnarson sýslumanns í Dalasýslu úr fundargjörð sýslunefndar Dalasýslu, dagsettri 11.–13. mars 1896, vegna fjallskila í Miðdalahreppi. Útdráttur Björns er dagsettur þann 19. mars sama ár og hljóðar svo:

Á aðalfundi sýslunefndar Dalasýslu 11–13. þ. m. komu þessi mál til umræðu og ályktunar:

1. Oddviti lagði fram bréf Vesturamtsins dags. 31. des. 1895 ásamt kæru frá Guðmundi Jónssyni á Hörðubóli dags. 2. des. f. á. Sýslunefndin áleit að fjallskilin hefðu verið rjettilega lögð á Guðmund samkvæmt fjallskila reglugjörð Dalasýslu.

Um leið og jeg leyfi mjer að skýra hinu háttvirta Vesturamti frá þessu leyfi jeg mjer að endursenda kæruskjal Guðmundar og skal geta þess að eptir mínu álitu getur það ekki verið nokkurt vafamál, að Guðmundi ber að gjöra fjallskil í sínum hreppi, – Miðdalahreppi.

Jeg skal og geta þess, að hreppsnefndin í Miðdalahreppi auðsjáanlega hefur tekið tillit til þess að Guðmundur rak geldfje sitt á utanhrepps-afrijet, þar sem hún gjörði honum aðeins að láta 1 mann í eina leit.

Annað fjallskilareglugjörðarinnar í Dalasýslu um þetta efni eru þessi.

13. gr.

„Sjerhver fjáreigandi skal skyldur undantekningarlaust að gjöra full fjallskil í hreppi sínum eða í þess stað sækja fje í næstu rjettir, eptir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir í fjallskilaseðlinum.“

Fleiri ákvæði um þetta efni eru ekki í reglugjörðinni og engin undantekning.

Undirstrikunin er eptir mig.

Skrifstofu Dalasýslu 19. mars 1896

Björn Bjarnarson

Til Vesturamts Íslands.<sup>78</sup>

Varðveitt er uppkast amtmanns til sýslumanns í Dalasýslu, dagsett þann 27. apríl árið 1896, er hefur að geyma álit amtmannsins er varðar fjallskil Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli í Miðdalahreppi. Álitið er svohljóðandi:

Sýslumaðurinn í Dalasýslu

apríl 27. 1896.

Samkvæmt tilmælum mínum hafið þjer, velborni herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 19. f. m., látið mjer í tje álit yðar og

---

<sup>77</sup> Skjal nr. 2(117).

<sup>78</sup> Skjal nr. 2(118).

---

sýslunefndarinnar um erindi innsent frá Guðmundi bónda Jónssyni á Hörðubóli í Miðdalahreppi, þar sem hann ber þá fyrirspurn undir amtið, hvort hreppsnefndin, þar hafi haft heimild til að mátt skylda sig til að leggja til gangnamenn á Sauðafellsfjall, sem ýmsir hreppsþúar reki fje sitt á og sem sje þeirra afrjett þótt eigi sje til í hreppnum almennt upprekstrarland, sem sveitarfjelagið í heild sinni hafi til afnota, og þótt hann hafi land, sem liggir undir ábúðarjörð hans og sje í öðrum hreppi, fyrir afrétt handa sínum fjenaði. Aptur á móti hafið þjer eigi sent mjer umsögn hreppsnefndarinnar um þetta erindi Guðmundar Jónssonar, en tekið það fram, að nefndin hafi auðsjánlega tekið tillit til þess, að hann hafi rekið sitt geldfje á utan hrepps afrjett þar sem hún gjörði honum aðeins að láta til einn mann í eina leit.

Bæði þjer og sýslunefndin hafið nú komist að þeirri niðurstöðu, að hin umræddu fjallskil hafi rjettilega verið lögð á Guðmund Jónsson á Hörðuboli, og get jeg heldur eigi skilið 13. gr. í fjallskilareglugjörð sýslunnar, sem þjer hafið sent mjer endurrit af og sem þjer segið sje hin einasta ákvörðun í reglugjörðinni um þetta efni, öðruvísi en að þjer og sýslunefndin hafi rjett að mæla, – en í þessari grein er svo fyrir mælt, að sjerhver fjáreigandi sje undantekningar laust skyldur til að gjera full fjallskil í sínum hreppi eða í þess stað sækja fje til næstu rjettar, eptir því, sem hreppsnefndin nákvæmar skipar fyrir í hvort skipti.

Þetta gefið yður hjermeð þjenustusamlega til vitnunar, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir Guðmundi Jónssyni á Hörðubóli.<sup>79</sup>

Á hreppsfundi höldnum að Sauðafelli þann 24. apríl árið 1893, var skorað á hreppsnefnd Miðdalahrepps, um að láta framkvæma mat á afréttarlöndum hreppsins, svo sjá mætti hversu margt fé mætti reka á þau. Eftirfarandi var fært til bókar:

Ár 1893 laugardaginn 24. apríl var hreppsnefndin í Miðdalahreppi stödd að Sauðafelli til þess að [strikað yfir: halda] ræða ýms sveitarmál með sjer og til þess að halda fund með hreppsþúunum um sama staði handa ómögum hreppsins og meðgjöf með þeim.

[...]

4. Var skorað á hreppsnefndina að hlutast til um að mat verði gjört fyrir næstu fardaga á afréttarlöndum hreppsins svo að séð verði hversu margt fé megi á þau reka.

[...].<sup>80</sup>

Með bréfi dagsettu þann 15. júní árið 1920, svaraði hreppstjórinn í Miðdalahreppi í Dalasýslu fyrirspurn sýslumannsins í sömu sýslu, um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu. Hreppstjórinn kvað enga almenninga eða afréttarlönd vera innan hreppsins. Svar hreppstjórans er á þessa leið:

---

<sup>79</sup> Skjal nr. 2(119).

<sup>80</sup> Skjal nr. 2(71).

---

Til svars uppá bref yðar herra sýslumaður viðvíkjandi Vatnsorku í almenningum læt jeg yður hérmeð vita, að hér í hreppi eru engin lönd sem geta talist almenningar og ekki afrettarlönd, sem ekki tilheira lögbýlum.

Fellsenda 15 júní 1920

Ólafur Finnsson

Til sýslumannsins í Dalasýslu.<sup>81</sup>

Um Sauðafellssel segir eftirfarandi í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1997:

Á brún Hlíðartúnsfjalls gegnt Breiðabólstað er kletthæð sem nefnist Nónklungur (475 m) en um tveim km innan í hlíðinni er Kringlugil og á brúninni sunnan við það er klettur sem ber nokkuð hátt og sést vel neðan úr dal. Hann heitir Heillaborg. Um einum km framar er svonefnd Selgrund við Völsungagil eða Valsungagil. Þar stóð Sauðafellssel lengi, en á seinustu áratugum 19. aldar var hér öðru hverju býli sem gekk undir ýmsum öðrum nöfnum svo sem Blómsturvellir, Haukagil eða undir Svörtuloftum.[...] Brátt greinir Sökkólfsdalur í Suðurárdal og Austurárdal með samnefndum ám og skýra nöfnin sig sjálf.<sup>82</sup>

### 5.3.2 Hlíðartún

Varðveitt er afrit úr broti af kaupbréfi frá árinu 1479, þar sem Ólafur Loftsson selur Jóni Þorgilssyni jarðirnar Breiðabólstað og Hlíðartún, báðar í Sökkólfsdal. Ólafur lýsir merkjum jarðanna. Kaupbréfið hljóðar svo:

Ur kaupbréfi Olafs Loftssonar og Jóns Þorgilssonar f(yrir) Breiðabólstað og Hlíðartúni af dato 1479. Seldi Olafur Loftsson Jóni Þorgilssyni jörðina Breiðabólstað í Sökkólfsdal, er liggur í Saudafellsþingm 24 hundruð ad dírleika; sagði Olafur f(yrir) bænhúss skyldu og jardareignar hálfan Sudrárdal og Austurárdal allan og Beygaldadal s(em) vötnm hallr og ofan eptir Reykjadalbrún, og útyfir Leynilágarhúk í Tvísteina, úr Tvísteinum ofan í Hellnagil, sem er sjónhend(in)g yf(ir) þv(er)ann dal á Steinbogann milli Hlíðartúns og Skallhóls; Sagði Olafur f(yrir) skógr milli Hellnagils og Grafarhryggs og þar að auki Hlíðartún í Sökkólfsdal, eptr þ(ví) se(m) he(yrst) hefr fylgt að fornu og nýu, eptr þ(ví) s(em) h(ann) v(ard) fremst eigandi ad ordin undan sér og sínum erfingjum og eptr ko(m)endu(m), undr Jón og h(an)s erfingja og eptirko(m)enda f(yrir) fullr(a)r eign(a)r og frjáls forrædis ofan ad Bugdugili og framm á fiáll, hálfann Sudrárdal í móts vid Breiðabólstað ítakalaust, utan eina selför á Teigluhjall frá Hamraendum, f(yrir) allann sinn

---

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>82</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 169.

---

smala í átta vikur, enn beit í Hlíðartúnslandi þar sem vill til fjalls og heimalands, enn torf og hrís til eldividar sem þeim þarfnast.<sup>83</sup>

Máldagi Sauðafellskirkju frá árinu 1500 eignar kirkjunni þar Hlíðartún:

Egidijus kirkia a saudafelle a kross j haukadal. hlijdartun allt. saudfelljngga mula. beckradal. kirkiufellsmýrar. ur býdu biargs gile þui sem rennur j reýkiadalzbotnne. voru ermmstadir settir j borgun fyrir xij kugillde. skyllde erfjngiar elenar aptur leýsa fyrrsagda jord fyrir xije . [...] jtem gallt stulle bonnde kirkiunne Jordena hamra j laxardal oc þar til x malnytu kugillde. [...].<sup>84</sup>

Í *Íslensku fornbréfasafni* er varðveittur dómur þriggja klerka frá 13. september 1524 er varðaði deilu um hvort svonefndur Teigur skyldi tilheyra Hlíðartúni eða Hamraendum.

Að því er fram kemur í dómnum lagði séra Ólafur Guðmundsson fram vottað bréf þess efnis að Teigur tilheyrði Hamraendum. Stulli Þórðarson lagði aftur á móti fram kaupbréf þar sem fram kom „... að Hlijdartún ætte land allt fram á fiall og heim j þann læk sem rennur næst Reidhollte Riettsýnis uppa fiall jtakalaust. utan eina selstodu á Teigluhialla skylldu eiga Hamraendar“. Niðurstaða dómsins var þessi:

Þuj dæmdum vær kaupbrefed skiallegt og mindugt. Enn hitt onýtt og ad ongvu halldanda. og æfenlega vera og vered hafa Hlijdartúns eign tijttnefndan Teig. med allri annari adurskrifadri landar Eign fram a fiall og j adurskrifadan læk. Enn greinda selstodu skilldu þeir hafa fra Hamrendum. er þar bygge. enn lia huorke nie a leigu selia. og ei firer adra peninga enn sijna Búnýt.<sup>85</sup>

Vísitasía Brynjólfs biskups Sveinssonar að Sauðafelli, frá 19. september 1639, eignar kirkjunni þar jörðina Hlíðartún í Sökkólfsdal, sem sögð er vera 16 hundruð að dýrleika.<sup>86</sup>

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 yfir Miðdalahrepp, segir meðal annars svo frá Hlíðartúni:

Hlíðartun.

Kirkjujörð Sauðafells kirkju.

[...]

Í jarðarinnar landi eiga selstöður Sauðafell og Hamraendar í Miðdölum.<sup>87</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 24. júní árið 1721, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>88</sup>

---

<sup>83</sup> Skjal nr. 4(75).

<sup>84</sup> Skjal nr. 4(78).

<sup>85</sup> Skjal nr. 6(11).

<sup>86</sup> Skjal nr. 2(15).

<sup>87</sup> Skjal nr. 6(14).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(33).

---

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 11. júní árið 1732, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>89</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 14. maí árið 1742, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>90</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við kirkjuna að Sauðafelli kemur fram að hún eigi jörðina Hlíðartún í Sökkólfsdal. Þar segir:

Kyrkiann að Saudafelle stendur á Bondaæign.

Tgidii kyrkia að Saudafelle í Middölum, á j föstu jörðena Hlydartún í Sockolfssdal 16 hndr., Kross í Haukadal 16 hndr., Hamra j Laxárdal 16 hndr., afrett í Sanddal öllum, og 5 hndr. j Saurbæarfjöru, 24 málnitukúgillde.<sup>91</sup>

Varðveitt er kaupbréf fyrir 20 hundruðum í Sauðafelli, dagsett þann 14. nóvember árið 1746, svo sem að framan er rakið.

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 6. júní árið 1753, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>92</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 18. júní árið 1790, var upplesið kaupbréf fyrir Breiðabólstað og Hlíðartúni í Sökkólfsdal frá árinu 1479, með tilteknum landamerkjum á Breiðabólstað, og selför frá Hamrendum í Hlíðartúnsland. Einnig upplesið makaskiptabréf Ögmundar Skálholtsbiskups og Daða Guðmundssonar frá árinu 1528 á Hamraendum og Sauðhúsum. Eftirfarandi var fært inn í dóma- og þingbók sýslunnar:

9. Var upplesið kaupbréf fyrir Breiðabólstað og Hlíðartúni í Sökkólfsdal af Dato 1479 með tilteknum landamerkjum á Breiðabólst. og Selför frá Hamrendum í Hlíðartúnsland. Ítem var upplesið makaskiptabréf Ögmundar Skálholts biskups og Daða Guðmundssonar af Dato 1528 á Hamraendum og Sauðhúsum og uppáskrifað.<sup>93</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 9. október árið 1803, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>94</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Hlíðartún sagt vera 16 hundraða jörð í eigu kirkjunnar að Sauðafelli. Þorsteinn Daðason býr á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>95</sup>

---

<sup>89</sup> Skjal nr. 2(35).

<sup>90</sup> Skjal nr. 2(36).

<sup>91</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>92</sup> Skjal nr. 2(37).

<sup>93</sup> Skjal nr. 2(86).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2(38).

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(32).



---

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 12. júní árið 1807, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>96</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 1. október árið 1820, eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>97</sup>

Í jarðamatinu 1849-1850, segir svo um Hlíðartún:

15. Hlíðartún, 16<sup>e</sup> kirkjujörd frá Saudafelli. Túnid er lítid og þýft en grasgefid; skriduhætt er þar.

Engjar í medallagi, sumpart ervidar, hagbeit gód, landrými nóg, en skriduhætt, torfrista lítil. Hrísrif lítils háttar. Metst 325<sup>r</sup>.<sup>98</sup>

Vísitasía prófasts að Sauðafelli þann 12. nóvember árið 1866 eignar kirkjunni þar Hlíðartún í Sökkólfsdal.<sup>99</sup>

Þann 14. nóvember árið 1884, féll mannskæð skriða á Hlíðartún. Samtímaheimild greinir svo frá atburðinum:

Skriða féll á bæinn Hlíðartún í Miðdölum 14. þ. m. og först alt heimilisfólkið, 6 manns. Ein stúlka fannst lifandi eptir 4 dægur í rústunum og kona bóndans fanst með lífsmarki.<sup>100</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 27. maí árið 1903, var þinglesið veðbréf Bjarna Bjarnasonar, með 2. veðrétti í Sauðafelli með sellandi, og Híðartúni. Veðbréfið sjálft dagsett þann 12. maí árið 1902. Eftirfarandi var fært inn í dóma- og þingbók sýslunnar:

6. Veðbréf Bjarna Bjarnasonar til Ræktunarsjóðsins að upphæð 800 kr. með 2. veðrétti í Sauðafelli með Sellandi og Híðartúni dags. 12. maí 1902.<sup>101</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, er Hlíðartún sagt vera 15,4 hundruð að dýrleika. Eigandi jarðarinnar er sagður vera Oddur Arngrímsson, en Jósep Jónsson býr þá á jörðinni. Um útengi og beitoland Hlíðartúns segir:

2. Útengi snögglent, greiðfært, þurlent, samfelt, dreift og nokkuð um bithaga, má veita á það vatni, skamt í það, gefur af sér 160 þurra (lands) hestburði létt, en holt vall lendis hey. Engjavegur góður.

3. Beitoland gott fyrir allar skepnur, skjólgott, oftast snjólétt, kjarngott. Smalamennska fremur hæg.<sup>102</sup>

---

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(39).

<sup>97</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>98</sup> Jarðamat Dalasýslu 1849-1850.

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(42).

<sup>100</sup> *Fjallkonan*, 1. árg., 22. tbl.

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(84).

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(14).

---

Á meðal ókosta Hlíðartúns eru skortur á upprekstrarlandi og ágangur frá öðrum bæjum. Hlíðartún er sögð hafa verið leigð fyrir 100 krónur undanfarið ár en er nú leigð fyrir 30 kinda fôður. Skattanefnd mat hæfilegt leigugjald vera 100 krónur.

### 5.3.3 Svæði sem liggja að Sauðafellssellandi og Hlíðartúni

#### 5.3.3.1 Breiðabólstaður í Sökkólfsdal

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 yfir Miðdalahrepp, segir meðal annars svo um Breiðabólstað:

Í heimalandi jarðarinnar hefur stundum verið upprekstur fyrir lömb að leyfi jarðeiganda, en ekki í skyldunafni; hefur þá landsdrottinn upp borið toll þar fyrir, í lamb af rekstri. Nú um nokkur ár hefur sá upprekstur ei tíðkaður verið, er og til búmissu þar ef tíðkaður væri.<sup>103</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Breiðabólstaður sagður vera 24 hundraða jörð í eigu ábúandans Pálma Þorleifssonar. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar. Tekið er fram að eyðihjáleigan Breiðabólstaðarkot fylgi jörðinni.<sup>104</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur fram, að upprekstrarland Breiðabólstaðar í Sökkólfsdal sé nægilegt. Þar að auki gelst árlega „eftir það fyrir upprekstur 8-10 krónur“. Á meðal helstu ókosta jarðarinnar er talinn vera ágangur af afréttarfé og þá ágangur af fé sveitarmanna.<sup>105</sup>

#### 5.3.3.2 Hundadalur fremri

Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.4.1.1.

#### 5.3.3.3 Ystutunguafréttur

Um Ystutunguafrétt er fjallað í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014 og vísast þangað.

## 5.4 Fremri-Hundadalur, Neðri-Hundadalur og Hundadalsheiði

Fjórir máldagar kirkjunnar að Sauðfelli, frá árabílinu 1355-1570, geta ekki um ítök eða réttindi kirkjunnar, á Hundadalsheiði.<sup>106</sup>

Fjórtán prófastsvísitasíur að Sauðafelli á árabílinu 1721-1885 sem taldar eru upp í 1.3.1, geta ekki um Hundadalsheiði.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir eftirfarandi um selstöðu í Hundadal neðri:

---

<sup>103</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 33-34.

<sup>104</sup> Jarðamat Dalasýslu 1804.

<sup>105</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916-1918. Undirmat I, bls. 69-71.

<sup>106</sup> Skjöl nr. 4(76), 4(77), 4(78) og 4(80).

---

Selstaða hefur verið í heimalandi; nú um mörg ár aldrei tíðkuð, þó sæmilega brúkanleg.<sup>107</sup>

Um Hundadal fremri segir:

Túnið er mikinn part þýft og snögt. Engjar í meðallagi. Hagar góðir. Útigangur góður þá niðri nær.<sup>108</sup>

Í jarðabókinni er ekki getið sérstaklega um Hundadalsheiði.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Hundadal neðri:

Landmikel jörd og landgod og efter því god under bu. Eingjar bæde gagnlegar og Miklar enn þá godur utegangur a vetrumm fire fie og hesta. [...] Þesse jörd hefur nidurstiged uppa leigumälann vegna folkfædes og fiarlægðar sumra eigendanna.<sup>109</sup>

Í sömu heimild segir svo um Hundadal fremri:

Jordenn er landmikel notagod under bu og sæmelegur utegangur ä vetrumm. Tuned gott og tódumiked, Eingjar godar sem efter eru öskiemdar.<sup>110</sup>

Hinn 3. maí árið 1799, var þinglesin lögfesta Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfri eignarjörð hennar, Fremri-Hundadal, sem fyrr getur. Lögfestan er gefin út sama dag og ár. Í lögfestunni er gerð grein fyrir landamerkjum jarðarhellingins. Lögfestan hljóðar svo:

Eg Hölmfryður Hannesdotter Logfeste [Logfeste, ofan línu] Eignar Jörd mína Halfan [Halfan, ofan línu] Hundadal fremre liggjande i Middala Sveit og Saudafells kyrkiusókn, akra og tódur, Eingjar og Sköga, Holtt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar landsnitjar, þær er því lande eiga ad fylgia, til ummerkia þeirra, er adrer menn Eiga i möte mier, ad tilteknum landamerkium, Nefnd ofann frá bænum med grænutöftar Hölma, effter því sem bádar ärnar Sinn farveg Hallded hafa ad fornu Hundadals aa og Midaa, framm ad Landamerkia Lägienne, sem er fyrer framann Störa berged ä mille Hundadals og Skialldarholts, Siönhending ur þeirre läg, og framm i Midaa, og uppä fiallsbrun, Niöladal allann nordanfram, framm og uppä fiallsbrun, effter því sem vótnum hallar. Fyrerbyd eg Hvórium manne hiedann af i greindu lande ad vinna, edur sier nyta, nema mitt sie lof edur leife til. Til merkis mitt nafn ad fremre Hundadal d. 3a Maii 1799 Holmfrydr Hannesdotter

Upplesed fyrer Rette ad Saudafelle d. 3. Maii 1799. Testerar M. Ketilsson.<sup>111</sup>

Um upplestur lögfestunnar á manntalsþingi að Sauðafelli 3. maí árið 1799, er bókað svo í dóma- og þingbók sýslunnar:

---

<sup>107</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 31.

<sup>108</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 32.

<sup>109</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 137-138.

<sup>110</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 136-137.

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(64).

---

5. Var upplesin lögfesta fyrir Fremra-Hundadal af þessa dags. dato. jfr. Hólmsfríðar Hannesdóttur þessara ummerkja nesið ofan frá bænum með Grænutóftarhólma eftir ánni Hundadals og Miðár gömlu farvegum fram að landamerkja láginni sem er fyrir framan Stóra-bergið milli Hundadals og Skjaldarhóls [Skallahóll] sjónhending úr þeirri lág og fram í Miðá og uppá fjallsbrún, Njóladal allan norðan fram, fram og uppá fjallsbrún eftir því sem vötnum hallar.<sup>112</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Hundadalur fremri sagður vera 20 hundraða jörð í hálfri eigu Davíðs Björnssonar að Fitjum í Borgarfirði á móti Hólmsfríði Hannesdóttur sem á hinn helming jarðarinnar. Þorleifur Þorvarðsson býr á jörðinni. Um, réttindi, landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>113</sup>

Í sama jarðamati er Hundadalur neðri sagður vera 40 hundraða jörð í eigu ábúandans Guðmundar Jónssonar. Um, réttindi, landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar. Tekið er fram að eyðihjáleigan Múlakot nýtist sem beitiland.<sup>114</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu yfir Miðdalapíng árið 1851 segir eftirfarandi um Hundadal fremri og nærliggjandi landsvæði:

Suður frá Fellsenda er Gröf neðanvert í Sökkólfsdal að austanverðu; so er Breiðibólstaður fram í dalnum sama megin; so er Hlíðartún lítið neðar vestan til við ána; so er Skallhóll niður með fjallinu gegnt Fellsenda; sá bær hét fyrrum Hvít skjaldarhóll; þar næst er Fremri-Hundadalur, og so NeðriHundaldalur, og rennur Hundadalsá milli túnanna; so niður með Bæjarhálsinum eru Bær, so Skörð og Hamraendar neðst.<sup>115</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu yfir Miðdalapíng árið 1851 er fjallað um bænhús í Hundadal neðri. Þar segir:

Einnig var bænhús á Hrafnabjörgum 1393 sem löngu fyrri var aflagt en Dunkurbænhús. Líka er sagt að bænhús hafi verið í Hundadal neðri og annað á Fellsenda.<sup>116</sup>

Á manntalsþingi að Sauðafelli þann 28. maí árið 1880, lýsti Sveinn Klemensson því yfir að hann hafi tekið Neðri-Hundadal í arf. Yfirlýsing hans var dagsett 6. nóvember 1879.<sup>117</sup>

Landamerkjabréf fyrir Neðri-Hundadal í Miðdalahreppi var samið 12. maí 1884, og þinglesið 20. sama mánaðar. Merkjum jarðarinnar er lýst svo:

Að utanverðu eru merki í svokallaða Merkjapúfu, en stendur við Miðá á Bæjarsholti, þaðan Miðá til Hundadalsár, síðan ræður Hundadalsá til

---

<sup>112</sup> Skjal nr. 2(81).

<sup>113</sup> Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 17v.

<sup>114</sup> Hundadalur neðri. Landsvæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði. Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 16v.

<sup>115</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 35.

<sup>116</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 38.

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(80)

---

Stekkjarnefs og Elkingsness eptir árinna fyrri farvegi, sem liggur með Grundarstekk að austanverðu, síðan ræður Gundarfarvegur til Hundadalsárgljúfra, þá ræður hún til Njóludalsár sem síðan ræður til sinna fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan morður eptir há heiði eptir því sem vötnum hallar austur og innaf, síðan eptir brúninni fyrir ofan Húðarvík, þaðan eptir Hnúabrún til Mjóatags og eptir há Miðmundafjalli eins og vötnum hallar austur af inn af Miðmundafjalli í Einbúa, sem stendur lítið eitt fyrir framan Stóragil, hvert þaðan ræður að vestan og út norðanverðu þar til gljúfur enda, þá eptir gömlum gilsins farvegi gegnt hjer fyrst greindri Merkjaþúfu. Næst að liggjandi lönd eru Fremri- Hundadalsland og Vífilsdalsland og Bæjarland.<sup>118</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hundadal er einnig dagsett 12. maí 1884, og þinglesið 20. sama mánaðar. Þar segir svo um landamerki jarðarinnar:

Að útnorðanverðu eru merkin eptir gömlum árfarveg milli Nesodda og Króksbakka, hver farvegur ræður fram með Þórólfsstaðamelum til Grænaness, hvar áin nú rennur, síðan ræður Miðá upp á móts við klett, sem stendur fyrir ofan Egilstekki í Sauðafelli, þaðan sjónhending í Ljósberg í klett, sem stendur Norðanverðu í múlabrúninni, og þaðan eptir há múlabrún eptir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga, eptir því sem vötnum hallar til Njóludalsár að austanverðu, síðan ræður Njóludalsá til Hundadalsár, þá ræður Hundadalsá til neðstu árgljúfr, þaðan eptir gömlum árfarveg með þrætuholmum að vestanverðu, hver farvegur liggur milli Grundarstekks og Elkingsness, þá ræður Hundadalsá til Miðár, þá ræður Miðá ofan með Nesodda að vestanverðu, og til farvegs þess, sem aðskilur Nesodda og Króksbakka. Næstfylgjandi lönd: Erpstaða, Þórólfsstaða, Fellsenda, Skallhóls, Hlíðartúns, Neðri- Hundadals, Bæjar.<sup>119</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, kemur fram, að Hundadalur neðri hafi meir en nægilegt upprekstrarland og gelst „árlega eftir það fyrir hrossagöngu 11 krónur“. Á meðal helstu ókosta telst vera ágangur af afréttarfé og „frá öðrum bæjum“.<sup>120</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, kemur fram, að Hundadalur fremri hafi upprekstrarland fyrir 100 fjár og 4 trippi. Þá er ágangur af hrossum og kúm annarra bæja sagður vera mikill.<sup>121</sup>

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 er að finna svohljóðandi lýsingu á Hundadalsheiði:

Suður af Tungufelli lækkar landið um hríð og heita þar Einbúadrög eftir stökum kletti sem kallast Einbúi. Fram af drögunum liggur Hundadalsheiði sem er talsvert flæmi milli Vífilsdals og Sökkólfsdals og nær yfir 700 m hæð. Mjög er

---

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(3).

<sup>119</sup> Skjal nr. 2(4).

<sup>120</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>121</sup> Hundadalur fremri, Miðdalahreppi. Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirmat I, bls. 74-75.

---

hún blásin og gróðursnauð ofan til. Um hana liggja mörk Dalasýslu og Mýrasýslu. Austur frá Hundadal gengur fjallsrani ekki ýkja hár og heitir Skallhólmúli neðar (424 m) en Hlíðartúnsfjall ofar (475 m).<sup>122</sup>

Hinn 25. september 1997 gekk dómur í Hæstarétti í máli nr. 183/1997 þar sem ákærða var gefið að sök að hafa skotið ellefu rjúpur í landi N án leyfis landeiganda. Í ljósi staðháttu voru ekki taldar líkur fyrir því, að landið, þar sem R skaut rjúpunar, hefði verið numið í öndverðu eða síðar. Þegar virt voru gögn sem fyrir lágu í málinu var slíkur vafi talinn leika á um að stofnast hefði að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar N yfir hinu umdeilda landsvæði að sýkna varð R af því broti, sem hann var ákærður fyrir. Þar segir:

Eins og nánar greinir í héraðsdómi, er ákærði saksóttur fyrir að hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með því að hafa skotið ellefu rjúpur 4. nóvember 1995 í landi Neðri-Hundadals í Dalabyggð án leyfis landeiganda.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 er landeiganda einum heimil fuglaveiði á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Samkvæmt orðskýringum í 1. gr. laganna er landareign í þessum skilningi jörð eða annað landsvæði, sem er háð beinum eignarrétti. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. heimila hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi fuglaveiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

## II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt kort nr. 35, Norðurárdalur NV, í stærðarhlutföllum 1:50.000, út gefið 1957 af Landmælingum Íslands. Á bakhlið kortsins er árituð sameiginleg yfirlýsing sakflytjenda þess efnis, að ákærði og vitnið Haraldur Harðarson hafi merkt með krossi á framhlið þess staðinn, þar sem fundum þeirra bar saman við rjúpnaveiðar 4. nóvember 1995, og að merkingu þessa hafi þeir gert í vettvangsgöngu 15. september 1997. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýstu sakflytjendur því, að staður þessi væri á gróðurlausu svæði í um það bil 550 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli.

Í landamerkjabréfi 12. maí 1884 fyrir jörðinni Neðri-Hundadal í Miðdölum, sem lesið var á manntalsþingi Dalasýslu að Sauðafelli 20. sama mánaðar og innfært í landamerkjabók, er svofelld merkjalýsing:

„Að útnorðanverðu eru merkin í svokallaða Merkjapúfu, er stendur við Miðá á Bæjarspotti, þaðan ræður Miðá til Hundadalsár, síðan ræður Hundadalsá til Stekkjarnefs og Elkingsness eftir árinna fyrri farveg, sem liggur með Grundarstekk að austanverðu, síðan ræður Grundarfarvegur til Hundadalsárgljúfra, þá ræður hún til Njóludalsár, sem síðan ræður til sinna

---

<sup>122</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 169.

---

fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan norður eftir há heiði, eftir því sem vötnum hallar vestur og inn af, síðan eftir brúninni fyrir ofan Heiðarsvík, þaðan eftir Hnúabrun til Mjóatags og eftir há-Miðmundafjalli eins og vötnum hallar austur af inn af Miðmundafjalli í Einbúa, sem stendur lítið eitt fyrir framan Stóragil, hvert þaðan ræður að vestan og útnorðanverðu þar til gljúfur enda, þá eftir gömlum gilsins farvegi gegnt hér fyrst greindri Merkjabúfu.

Næst aðliggjandi lönd eru Fremri-Hundadalsland og Vífildalsland og Bæjarland.“

Undir bréfið rituðu samþykki sitt eigendur og umboðsmenn aðliggjandi jarða, sem voru að vestan, norðan og austan. Hálendi sunnan framangreindra landamerkja Neðri-Hundadals, á svokallaðri Hundadalsheiði, er ótvírætt utan landsvæða, sem eru háð beinum eignarrétti, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að neinir hafi við gerð landamerkjabréfsins eða síðar kallað til annarra réttinda yfir því landi.

Málsaðila greinir meðal annars á um, hvar eigi að telja Njóladal eiga upptök sín. Ákærði telur upptök árinna vera efst í Njóladal, þar sem hæst gætir gróðurs á jörðu, en sá staður virðist vera í um 450 til 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Af hálfu ákærvaldsins er því hins vegar haldið fram, að upptök árinna séu um einum kílómetra sunnar, í um það bil 550 til 600 metra hæð, í svokölluðum Einbúadrögum.

Óumdeilt er, að ákærði var við rjúpnaveiðar vestnorðvestan við þann stað, þar sem hann telur Njóladal eiga upptök sín, en austan megin við hæðarlínu eftir fjallsbrúnum, þaðan sem vötnum hallar vestur. Er viðurkennt af ákærða hálfu, að þessi staður sé innan landamerkja lögbýlisins Neðri-Hundadals, ef mið er tekið af framangreindu landamerkjabréfi. Hann heldur því hins vegar fram, að þetta sé hálendi utan landareigna lögbýla og að landamerkjabréfið eitt sé ekki næg sönnun fyrir beinum eignarrétti að því.

III.

Í Landnámu greinir frá því, að Auður in djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum Breiðafirði frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Hún hafi gefið land skipverjum sínum og leysingjum. Hundi hét leysingi hennar, skoskur. Honum gaf hún Hundadal. Ekki liggur fyrir, hve stórt land þetta hefur verið, en Njóladalur, sem áður er getið, gengur til suðurs frá enda Hundadals.

Í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur frá 3. maí 1799 fyrir „Halfann Hundadal fremra“ segir meðal annars, að landamerki jarðarinnar liggja um „Njóladal allan nordanfram, framm og uppá fjallsbrun, eftir því sem vötnum hallar“. Í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Hundadal frá 12. maí 1884, sem þinglesið var 20. sama mánaðar, segir, að merki jarðarinnar liggja meðal annars „úr Ljósbergi í klett, sem stendur norðanverðu í múlabruninni, og þaðan eftir há múlabrun, eftir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadranga, eftir því sem vötnum hallar til Njóladalárs að austanverðu ...“

---

Um landamerki Neðri-Hundadals virðist ekki njóta við eldri heimilda en landamerkjabréfsins, sem áður er greint frá.

IV.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti virðist eiga jafnt við um svokölluð Einbúadrög, þar sem upptök Njóladalárs eru talin vera í landamerkjabréfinu fyrir Neðri-Hundadal 12. maí 1884, og um þann stað, þar sem ákærði var við rjúpnaveiðarnar umdeildu 4. Nóvember 1995, að land er þar um og yfir 550 metra hæð yfir sjávarmáli og gróður enginn. Í ljósi þessara staðhátta verða ekki taldar líkur fyrir því, að þetta land hafi verið numið í öndverðu eða síðar. Í málinu liggja ekki fyrir gögn því til stuðnings, að land jarðarinnar Neðri-Hundadals hafi náð að sunnanverðu til upptaka Njóladalárs eldri en landamerkjabréfið 12. maí 1884. Ekki er glögg, hversu sunnarlega og ofarlega í landinu telja skuli upptök Njóladalárs, og eru fram lögð landakort um þetta á reiki, einkum hvað varðar miðun við hæðarlínur og afstöðu til dala og gilja bæði að vestan og austan. Þá er ekki heldur í ljós leitt, að farið hafi verið með hálendið sunnan og suðvestan við Njóladal sem eignarland varðandi fjallskil.

Þegar allt framangreint er virt, verður að telja þrátt fyrir umrætt landamerkjabréf 12. maí 1884 slíkan vafa leika á um, að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar Neðri-Hundadals yfir hinu umdeilda landsvæði, að sýkna verður ákærða af broti því, sem hann er ákærður fyrir, með vísan til [45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála](#).

Eftir þessum úrslitum málsins fellur allur sakarkostnaður á ríkissjóð, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem eru ákveðin í einu lagi vegna meðferðar málsins á báðum dómstigum, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rúnar Eiríkur Siggeirsson, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómsslögmans, samtals 180.000 krónur.<sup>123</sup>

## **5.4.1 Svæði sem liggja að Fremri-Hundadal, Neðri-Hundadal og Hundadalsheiði**

### **5.4.1.1 Sauðafellsselland**

Sjá umfjöllun í kafla 5.3.1.

---

<sup>123</sup> Skjal nr. 1(19).



---

#### 5.4.1.2 Fremri-Vífilsdalur

Sjá umfjöllun í kafla 5.5.2.1.

#### 5.4.1.3 Neðri-Vífilsdalur

Sjá umfjöllun í kafla 5.5.2.2.

#### 5.4.1.4 Melar

Mela í Miðdölum er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.

Mela í Miðdölum er ekki getið í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804.

#### 5.4.1.5 Skallhóll

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, getur ekki um Hundadalsheiði, í kafla um Skallhól (Skjaldarhól).<sup>124</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Skallhóll sagður vera 12 hundraða jörð í eigu Þorbjörns Ólafssonar að Lundi. Ögmundur Jónsson býr á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>125</sup>

Landamerkjabréf fyrir Skallhól var samið þann 12. maí árið 1884 og þinglesið þann 20. maí sama ár. Það hljóðar svo:

N<sup>o</sup> 18.

Landamerkjalysing

fyrir jörðinni Hvítuskjaldarhóli í Miðdalahreppi

Að sunnanverðu eru merkin í stóran stein sunnan til á Stórhól, úr þeim steini í steinbogann á Selhjallabrúninni og eptir þeirri stefnu beint upp á brún; síðan norðvestur eptir hábrúninni eptir því sem vötnum hallar til Miðár, en af há brún beint í klett þann, sem stendur norðan í múlabrúninni, frá hverjum kletti að stefna skal beint ofan á Ljósberg, fram Ljósbergi eptir samsvarandi stefnu ofan að Miðá á móts við klett þann sem stendur fyrir ofan Egilsstekk, austanverðu árinna, þaðan ræður Miðá fram með Skallhólshorni og milli Smáhólma og Lambhólma allt fram á móts við merkjasteininn á Stórhól.

Nærliggjandi lönd eru Grafarland, Hlíðartúnsland og Hundadals fr. land og Fellsendaland.

Undirskrifaður eigandi óskar, að þeir sem lönd eiga að tjeðrar jarðar landi, vildu samþykkja framanskriðuð landamerki með undirskript nafna sinna.

Hundadal neðri þann 12. maí 1884

Jón Einarsson eigari

Vegna Hundadals fremri samþykkir Ólafur Finnsson

Vegna Grafar samþykkir Jón Klemensson

---

<sup>124</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 32-33.

<sup>125</sup> Skallhóll. Landsvæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði. Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 17v.

---

Jakob Guðmundsson eigandi Hlíðartúns.

Ásmundur Þorsteinsson vegna Fellsenda.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ 20. d. maímán 1884  
og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 18.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: Þinglestur 75a.

bókun 25-

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

s.d.<sup>126</sup>

Í fasteignamatinu 1916–1918, kemur fram, að á meðal helstu ókosta Skallhóls  
séu þeir, að kúahaga og upprekstrarland vanti.<sup>127</sup>

#### 5.4.1.6 Hlíðartún

Sjá umfjöllun í kafla 5.3.2.

#### 5.4.1.7 Sauðafellsselland

Sjá umfjöllun í kafla 5.3.1.

### 5.5 Vífilsdalur

Í máldaga Stefánskirkju í Snóksdal, er Árni biskup Þorláksson mun hafa sett árið 1286,  
er ekki getið um fjallendi Fremri-Vífilsdals.<sup>128</sup>

Í máldaga Snóksdalskirkju frá 1340, er Jón biskup Indriðason setti, er ekki getið  
um fjallendi Fremri-Vífilsdals.<sup>129</sup>

Í Hítardalsbók frá árinu 1367, er ekki getið um fjallendi Fremri-Vífilsdals, þá  
fjallað er um kirkjuna í Snóksdal.<sup>130</sup>

Í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 er ekki minnst á fjallendi Fremri-Vífilsdals, í  
umfjöllun um kirkjuna í Snóksdal.<sup>131</sup>

---

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(5).

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>128</sup> Skjal nr. 4(82).

<sup>129</sup> Skjal nr. 4(83).

<sup>130</sup> Skjal nr. 4(86).

<sup>131</sup> Skjal nr. 4(84).

---

Í máldaga Snókdalskirkju frá 1491, kemur ekkert fram um fjallendi Fremri-Vífilsdals.<sup>132</sup>

Ekki er minnst á fjallendi Fremri-Vífilsdals, í máldaga fyrir Snókdalskirkju, frá því um árið 1500.<sup>133</sup>

Gíslamáldagi fyrir Snókdalskirkju, frá því um 1570, getur ekki um fjallendi Fremri-Vífilsdals.<sup>134</sup>

Um Vífilsdal fremri segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703:

Selstaða hefur þar verið í heimalandi góð, nú langvarandi aldrei brúkuð. Fjár og lamba upprekstur hefur þar verið fyrir nokkrum árum úr Hörðudal, fráteknum nokkrum ytstu bæjum. Ítem af nokkrum bæjum neðst í Miðdölum, menn meina að leyfi landsdrottins, en ei þar fyrir að skyldu upprekstur væri. Hafa þá almennilega goldnir verið fjallatollar, í lamb af xx alt til fjörutígir, þaðan frá meira eftir samkomulagi millum landsdrottins og fjáreiganda; bjó þá eigandi á jörðunni og tók þessa tolla. Nú um nokkur ár hefur sá upprekstur ei tíkaður verið vegna fjárfækkunar.<sup>135</sup>

Um Vífildalskot segir:

Uppbyggt fyrir hjer um xx árum. Meinast kanske í gamaldaga hafa verið með eitthvert slag byggt, sem nú kann þó enginn af að segja. Liggur nú í eyði, og er öldungis óbyggjandi fyrir skriðu, sem af hefur tekið það sem tún mátti vera.<sup>136</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er getið um Vífilsstaðakot í kafla um Fremri-Vífilsdal. Tekið er fram að Vífilsstaðakot nýtist sem beitoland.<sup>137</sup>

Dagana 4. febrúar og 14. mars árið 1827 var gerður samningur um „landamerki Vífilsdalanna“. Samningurinn var þinglesinn þann 7. maí árið 1829 að Glitstöðum. Samningurinn er svohljóðandi:

Landamerki Vífilsdalanna: Samningr milli Vilhiálmr Bård(a)rson(a)r og Þorsteinssonr af þeim og 2 votta undirskrifaðir að Skörðum 4 Febr. 1827. og Glitsstöðum 14 Martz s:a. Þinglesin 7 maii 1829. Semja svo: Í fyrstu er Nónsteinn se(m) stendr fram(a)n í Múlanum milli bæanna landam(er)ki á brúninni að vez(t)anv(er)du, úr h(onu)m beint í griótvörðu se(m) stendr í dýi nidr í mýrinni þa(da)n beint í krók se(m) f(yrir) v(er)d(u)r á Gulalæk, þa(ð)a n siónhending í Uppsetasteina á svokölluðu Klapparholli, og svo þvert upp Launguskriðu upp á brún auz(t)an t(íl) við dalin, svoleiðis að 3 síð(a)st talin m(er)ki séu í siónhendingu réttri við landam(er)ki þau, sem eru tekin í ádr nefndri eystri brún hér f(yrir) utan sk(al) Neðri Vífilsdalr hafa frí upprekstur

---

<sup>132</sup> Skjal nr. 4(85).

<sup>133</sup> Skjal nr. 4(79).

<sup>134</sup> Skjal nr. 44(81).

<sup>135</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 20.

<sup>136</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 20.

<sup>137</sup> Skjal nr. 2(32).

---

f(yrir) sitt fé í Fremra Vífildalsland, enn ekki meiga taka af öðru(m) óátalið skal og þá ásamt málnytja renni eda stadnæmizt í Fremra Vífildalslandi, en hv(or)ki má reka hana þángd eda sitja þ(a)r yf(i)r he(nni) h(ann) sk(al) og hafa frítt hesta gaungu, f(yrir) sína, en ecki annara hez(t)a á vorin t(il) fardaga, og á haustin frá því hætt er að heya t(il) jólaföz(t)u, framr sk(al) Nedri Vífildalr aldrei hafa neina qvöd edr t(i)lkall t(i)l nokkurra nytja hv(er)ju nafni s(em) heita í Fremri Vífildalslandi upphéðan æfinlega.<sup>138</sup>

Um Vífildal er fjallað í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason. Þar segir:

Tun er þar Miked gott og grasgiefid og vijdast greidært. Uthage mikell og gödur með grösugumm afdöllum. og gott under bu. Selstada i heima Lande sæmeleg.[...] Jtem Veide j äinne so langt sem Landed tekur. afriett og upprekstur þeim meigenn er hordudal til [1728]º) og það är tok äenn af vellena.<sup>139</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 23. júní árið 1798, var þinglesin lögfesta fyrir Fremra-Vífildal, dagsett sama dag. Tekið er fram að enginn „vissi landamerki tiltekin“. Í dóma- og þingbók sýslunnar var eftirfarandi fært til bókar:

6. Upplesin lögfesta fyrir Fremra-Vífildal af dags dato en enginn viss landamerki tiltekin.<sup>140</sup>

Á sama manntalsþingi var þinglesið kaupbréf Ólafs Sigurðssonar fyrir Neðra-Vífildal, dagsett 6. febrúar sama ár. Kaupverð sagt vera 40 ríkisdalir. Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar né heldur réttindi.<sup>141</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Fremri-Vífildalur sagður vera 24 hundraða jörð í eigu ábúandans, ekkjunnar Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Um réttindi, landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar. Tekið er fram að Vífilsstaðakot nýtist sem beutiland.<sup>142</sup> Getið er um Vífilsstaðakot og tekið fram að það nýtist sem beutiland. Í sama jarðamati er er Neðri-Vífildalur sagður vera 16 hundraða jörð í eigu ábúandans Ólafs Sigurðssonar. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>143</sup>

Hinn 7. maí árið 1824 var þinglesin lögfesta Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífildal, sem dagsett er 11. apríl sama ár. Lögfestan tilgreinir landamerki jarðarinnar og hljóðar svo:

Lögfeza f(yrir) Fremri Vífildal, dat. 11. apr. 1824 af Þorsteini Sigurdssyni, þingl. 7. Maíi 1824 – t(il)greind landamerki: að nedanverdu síónhendíng úr

---

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>139</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 146.

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(95).

<sup>141</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>143</sup> Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 9v.

---

Nónsteinum uppá fialli bæarmegin og í Klapparhorn á holti sem er hinumegin við ána, þ(ad)an síónhend(in)g uppá brún sídan se(m) vötnu(m) hall(a)r frameptir brúnu(m) og f(yrir) Vífilsdalsbotn uppá hædstafielli ept(i)r sem vötnu(m) hall(a)r, sídan ept(i)r hædstu fiallseggjum ofan ept(i)r bæ(a)rmegin allt ofan í nefnda Nónsteina. Adgætandi er: að það mýrarland, sem liggur milli bæanna og torfristu nemr er eptir Hördudalsforlíkun(a)r protocoll af 11 júl. 1812 skipt t(il) helmínga bæanna á milli, enn Nedrivífilsdalur sk(al) eptir nefndu(m) Forlíkunar, nota sér t(il) slægna tvo parta nefndrar mýrar.<sup>144</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 6. maí árið 1825, var þinglesin lögfesta fyrir Neðri-Vífilsdal, undirskrifuð af Vilhjálmi Bárðarsyni, dagsett 25. apríl sama ár. Efni lögfestunnar var ekki fært til bókar. Þar segir:

7. Upplesin lögfesta fyrir Neðri-Vífilsdal undirskrifuð af Vilhjálmi Bárðarsyni en dateruð: í Neðri Vífilsdal 25. April 1825.<sup>145</sup>

Dagana 4. febrúar og 14. mars árið 1827 var gerður samningur um „landamerki Vífilsdalanna“. Samningurinn var þinglesinn þann 7. maí árið 1829 að Glitstöðum.<sup>146</sup>

Á Manntalsþingi að Blönduhlíð 20. apríl 1835, var þinglesið kaupbréf Guðbrandar Magnússonar fyrir Fremri-Vífilsdal, dagsett 15. apríl 1835. Kaupverðið sagt vera 144 danskar spesíur. Einnig þinglesin lögfesta fyrir sömu jörð, dagsett 18. apríl sama ár, hverja eigandi Neðra-Vífilsdals sagði vera í mótsögn við áður gerðan samning um landamerki milli jarðanna. Efnisatriði kaupbréfsins og lögfestunnar eru ekki færð til bókar. Í dóma- og þingbók sýslunnar segir:

5. Upplesið:

[...]

c. Ditto Guðbrandar Magnússonar fyrir Fremri-Vífilsdal, fyrir 144 speciur danskar, dat. 15. April 1835.

d. Lögfesta fyrir nefndri jörð, dat. 18<sup>da</sup> April þ.á. móti hverju Vilhjálmur í Neðri-Vífilsdal hafði sagt var stríðandi móti samning áður gjörðum um téðra jarða landamerki, til hvörs samlags Vilhjálmur kveðst halda sér í öllu.<sup>147</sup>

Hinn 11. maí árið 1836, seldi Guðbrandur Magnússon hálfan fremri-Vífilsdal, sem sagður er 12 hundruð að dýrleika, til Jónasar Gunnlaugssonar á Giljalandi, fyrir 96 danskar spesíur. Jarðarhelmingurinn er seldur með „hlunnindum öllum“ en hlunnindin eru ekki útlistuð nánar. Landamerkjum jarðarhelmingins er ekki lýst í kaupgjörningnum.<sup>148</sup>

---

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>145</sup> Skjal nr. 2(98).

<sup>146</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>147</sup> Skjal nr. 2(97).

<sup>148</sup> Skjal nr. 2(63).

---

Nálægt botni Vífilisdals, að austanverðu, er gil eitt er nefnist Hrískinnargil. Í úttekt á Fellsenda, dagsettri þann 30. apríl árið 1846, er minnst á örnefnið Hrískinn. Þar segir:

Ár 1846 þann 30. Apríl Erumm við undirskrifadir Middalasveitar jardauttektamenn til stadar að Fellsenda fyrir beiðni hlutadEiganda að álýta og Uttaka þann 6 hndr. part: nemdrar Jardar sem Sigurdur Josuason er Eigandi að og kiemur þá Fist til að álita og til taka deil ur bæjar husum.

[...]

Skogar Itak, Hris-Kinn og Tunga frá Ingimundar Gili að næsta skurdi að sunnan verdu.

[...].Skjal nr.<sup>149</sup>

Jarðamat Dalasýslu frá árinu 1849-1850 getur ekki um fjalllendi Fremri-Vífilisdals í kafla um Snóksdal.<sup>150</sup>

Um Vífilsdal fremri segir eftirfarandi í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu árið 1851:

Næst fyrir framan Þorgeirstaðahl(ið) eru Ytri-Hrafnabjörg, og þá framar Fremri-Hrafnabjörg, og skilur lækur túnin. Fyrrum voru þessar jarðir báðar ásamt Seljalandi talin ein jörð, sem nú eru taldar þrjár; þá er Hlíð þar fyrir framan; svo er löng bæjarleið fram með hlíðinni að Fremri-Vífilsdal sem einnig (er) austanvert við Hörðudalsá. Sá bær stóð áður vestantil við ána, en vegna hættu af gili sem rann beggja vegna við bæinn, var bærinn fluttur á hóltil fyrir handan ána 1849. Litlum spotta neðar, vestantil við ána, er Neðri-Vífilsdalur [...].<sup>151</sup>

*Sýslu- og sóknalýsing* Miðdalabings í Dalasýslu, frá árinu 1851, getur ekki um tengsl Snóksdals og kirkjunnar þar við fjallendi Fremri Vífilisdals.<sup>152</sup>

Landamerkjabréf fyrir Neðri-Vífilsdal er samið 28. maí 1885, og þinglesið sama dag og ár. Þar segir um landamerki jarðarinnar:

Landmerki fyrir Neðri-Vífilsdal í Hörðudal eru sem hjer greinir: Milli Fremriog Neðri-Vífilsdalanna að framanverðu vestur Hörðudalsár er í fyrstu svo kallaður Nónssteinn framan í múlanum svo eptir há Múlahrygg suður í há Hest; þaðan vestur eptir hæstu brúnum til efstu upptaka Afreksgils, sem aðgreinir Tunguvog Neðri-Vífilisdals land, síðan eptir áðurnefndu gili beint ofan í Hörðudalsá. En að utanverðu austur Hörðudalsá eru landamerki við Hlíðarland svo kallað Gloppugil, neðan frá Hörðudalsá upp í efsta foss í gílinu, þaðan sjónhending þvert upp miðjan Gloppugilsbotn til hábrúnar móts við Bæjarland, svo fram hábrúnir eptir því sem vötn deila, svo þangað sjónhending niður í

---

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>150</sup> *Snóksdalur* Jarðamat Dalasýslu 1849-1850, án bls.

<sup>151</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 36.

<sup>152</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 38.

---

krossmarkaðan klett neðan til við Einstigið, þaðan sjónhending ofan í krossmarkaða klöpp í Klapparholti, síðan sjónhending úr fyrnefndri klöpp þvert yfir Hörðudalsá í efsta bug á Gulalæk, þaðan beina stefnu í gjótgrúgu í dýi mýrinni, svo úr fyrnefndri grjóthrúgu í krossmarkaðan klett í Gjótkúlu upp undan mýrinn og svo þaðan í áðurnefnda Norstein framan í múlanum. - Þess utan á Neðri-Vífildalur frían geldfjárupprekstur í Fremri-Vífildalslandi og mánaðarheit fyrir allt sitt sauðfje haust og vor.<sup>153</sup>

Landamerkjabréf fyrir Fremri-Vífildal í Hörðudal er samið 29. maí 1886, og þinglesið sama dag og ár. Þar segir:

Í fyrstu eru landamerki við Neðri-Vífildalsland vestan Hörðudalsár, svo kallaður Nónsteinn, framan í melanum; síðan beina stefnu úr fyrnefndum steini í krossmarkaðan klett niður í Grjótkúlu uppundan mýrinni, svo úr þessum fyrnefnda kletti í grjóthrúgu í dýi í mýrinni, þaðan sjónhending á efsta bug á Gulalæk, þaðan sjónhending þvert yfir Hörðudalsá í krossmarkaða klöpp á Klapparholti austanverðu árinna, svo þaðan sjónhending þvert upp í krossmarkaðan klett norðan til við einilgil, og þaðan í efstu brún sem vötnum hallar, svo fram hæstu brúnir sem vötnum hallar á móts við Neðri Hundadalsland; svo suður Mjóatagl og Háhnúks til hæstu brúnar á heiðinni, eptir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkelsdals Vífildals botna sem vötnum hallar. Sömu leiðis vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn eptir svokölluðum Kattarhrygg, allt norður í há Hest, svo ofan Múlahrygginn ofan í fyrnefndan Nónstein framan í múlanum; þess utan á Neðri-Vífildalur frían geldfjár upprekstur í Fremri-Vífildalslandi og mánaðarheit fyrir allt sitt sauðfje haust og vor.<sup>154</sup>

Á manntalsþingi fyrir Hörðudalshrepp, höldnu 13. júní árið 1910, var þinglesið afsalsbréf fyrir Neðri-Vífildal. Kaupverð var 1300 krónur. Í dóma- og þingbók sýslunnar var eftirfarandi innfært:

1. Afsalsbréf frá Elísabetu Baldvinsdóttur til Gunnlaugs Baldvinssonar á jörðinni Neðra-Vífildal dags. 22. Apríl 1910 kaupv. 1300 kr.<sup>155</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, segir, að upprekstrarland Fremri-Vífildals sé nægilegt. Á meðal helstu ókosta jarðarinnar er talinn vera ágangur afréttarfjár.<sup>156</sup> Í sama fasteignamati segir að Neðri-Vífildalur eigi upprekstur á Fremri-Vífildal fyrir geldfje og mánaðarheit haust og vor fyrir allt sitt fé.<sup>157</sup>

---

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(124).

<sup>154</sup> Skjal nr. 2(6).

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(99).

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2(14).

---

## 5.5.1 Svæði sem liggja að Fjalllendi Fremri-Vífeldals.

### 5.5.1.1 Fjallendi Borgarhrepps

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 1/2014 á svæði 8B.

### 5.5.1.2 Vesturhluti Ystutunguafréttar

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2014 á svæði 8B.

## 5.6 Hrafnabjörg og fjallendi Hrafnabjarga

Sjö máldagar Snóksdalskirkju, á tímabilinu 1286-1570, geta ekki um tengsl kirkjunnar við fjallendi Hrafnabjarga.<sup>158</sup>

Hinn 31. desember 1393 seldi Snorri Brandsson séra Hallsteini Jónssyni jörðina Hrafnabjörg í Hörðudal. Í *Íslensku fornbréfasafni* kemur fram að landamerkjum Hrafnabjarga var lýst í kaupbréfinu. Í kaupbréfinu kemur fram að á sama tíma og jörðin Hrafnabjörg var seld hafi öll jörðin að Laugum einnig verið seld séra Hallsteini. Merkjum Lauga er aftur á móti ekki lýst sérstaklega í kaupbréfinu. Í kaupbréfinu segir m.a. um mörk jarðarinnar Hrafnabjarga og sölu Lauga:

[...] allt ofan ad markgrof oc hana halfua oc upp ad kornamuulagili. Sambeit a hals til motz vid middalamenn. Enn land so sem vatnsfoll deila. Laugadal allan badum meigin upp í Botn og ofan til motz vid lauga fyrir nordan ofan ad Einhomrum. Allt holfiall ofan ad skialldargili og upp til motz vid Lauga. Miouadal allan so sem vatsffoll deila vr Tiornine midre til motz vid hitdæla badum meigin ofan i sópandaskard. Tuttugu gelldfiar kugillda beit i langa vatnzdal. [...] Hier med selr hann honum Lauga jord alla med sijnum vmmerkium.<sup>159</sup>

Hinn 20. apríl 1430 gaf Loptur Guttormsson syni sínum Sumarliða m.a. jörðina Vatnshorn. Í gjafabréfinu segir:

Ollum þeim monnum sem þetta bref sia edur heyra send eg Loptur guttormsson kuediu gudz og mina. kunnigt giorandi at eg hefi gefit Ormi. Skula og Sumarlida. sonum minum og Kristinar Oddzdottur. svo heitandi iarder og frida penninga og ofrida. sierhverium um sig sem hier seigier.

[...]

Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum. Vatnzhorn. Lxc ad dyrleika og vatn. Hrafnabiorg. tungu. lauger og laugardal halfan. þorsteinsstadi og kaulldukinn. og hier med jarder a Finnmark. Hollt. kaulldukinn . hafstadi. Reiknast þessar jarder halft þridia hundrad .ca [þ.e. hundraða] og þar til .Lxc j fridum penningum.

---

<sup>158</sup> Skjöl nr. 4(82), 4(79), 4(81), 4(83), 4(84), 4(85) og 4(86).

<sup>159</sup> Skjal nr. 2(66).



---

[...].<sup>160</sup>

Í dómi sex manna sem kveðinn var upp 16. júní 1509 kom fram að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfi 31. desember 1393. Dómurinn var eftirfarandi:

[...] ad skoda oc Rannsaka oc fullnadardom a ad leggja hueria mact edur afl hafa skylldde þad kaupbref sem Þolleifur Bonde Gudmundsson birte þar oc fram bar fyrir oss huert er hlydde vm landareign hrafnabiarga vm kaup og solu Eign oc itok fyrskrifadrar jardar Hrafnabiarga. Nu saker þess þad var med heilum oskoddwm hangande jnnsiglum leist oss þad j allan mata myndugt oc oc skiallegt med ollum þeim sijnum greinum oc articules sem vær mattum yfir taca ad logum þar til ad annat skial kemr þad fram ad þui hrindur.<sup>161</sup>

Þann 30. maí árið 1599, staðfestu fjórir nafngreindir menn, að þeir hefðu séð og yfirlesið kaupbréf fyrir Hrafnabjörgum frá árinu 1393, og þá dóm þann er kveðinn var upp árið 1509, þess efnis að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfinu frá árinu 1393. Staðfestingin hljóðar svo:

Þad medkennunst vær epterskrifader menn. Syra Magnus Svartsson. Sigurdr Þorsteinsson. Skwli Jonsson og Magnus Þorleifsson ad vier hofum sied oc yferlesit so latandi kaupbref ord epter ord fyrir hnafnabiorgum sem hier fyrir ofan skrifat stendr eigi skafid edur mad i nockru. So og hofum vier sied og lesid so hliodandi dom þar vid festann uppa sama Bref ord epter ord med heilum hangandi Jnnsiglum og hreina skript eij skafit edur mad j nockru. so sem hier oc eirnin fyrir ofan skrifadr er.

Og til sanninda hier um setium vær vor Jnnsigli fyrir þetta Transkriptar Bref. huert skrifad var a hrafnabiorgum i hordudal þann XXX dag Mai manadar Anno M.d.xc. og IX.<sup>162</sup>

Varðveitt er afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30. maí 1599, sem fram fór á Öxarárþingi þann 1. júlí árið 1664. Staðfestingin er svohljóðandi:

Under því Pergamentesbrefe sem þetta er epter skrifad voru 3 hangande Jnnsigle nefnel. S<sup>r</sup> Magnusar Svartssonar, Skula Jonssonar og Magnusar Þorleifssonar, enn eitt var i burtu nefnel. Sigurdar Þorsteinssonar. Utann á Pergaments brefinu var þetta skrifad:

Anno 1664 þann 1. Julii i Logrettu á Öxarárþinge var þetta bréf upplested í Logréttu Logmonnum og Logrettumonnum aheyrande.

Sigurdur Jonsson	Thorleifur Kortson	Paall Gislason
E.h.	E.h.	m.E.h. <sup>163</sup>

---

<sup>160</sup> Skjal nr. 4(73) sbr. skjal nr. 4(74).

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(73).

---

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir eftirfarandi í kafla um Hrafnabjörg:

Selstaða er á Laugadal, sem jörðin á part í, til vissra landamerkja; eru þar hagar í besta máta og landvíðir. Útigangur heimum sæmilegur, en bregðst oftlega; á Laugadal í besta máta en bregst þó stundum.<sup>164</sup>

Um Hrafnabjargarkot, Seljaland og Laugadal segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703:

En Hrafnabiargakot er xij þar af og Seljaland x þar af. [...] Selstaða er á Laugadal, sem jörðin á part í, til vissra landamerkja; eru þar hagar í besta máta og landvíðir. Útigangur heimum sæmilegur, en bregst oftlega; á Laugadal í besta máta en bregst þó stundum [...].<sup>165</sup>

Tíu prófastsvísitásiur að Snóksdal á árabílinu 1721-1866 vitna ekkert um fjalllendi Hrafnabjarga.<sup>166</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Hrafnabjörg:

Gott under bu a Läugadal þar sem selstadann er og hagbeit hin besta vetur og sumar þa Sniöar eche Banna. Skogarijtaf hefur jordenn ätt j Dunkurlandj hver nu er ad mestu eiddur. [...] Uthager og hagbeit i Heimalande bæde Lijtell og liettur því beitaralurenn liggur i fiarska.<sup>167</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð 22. júní árið 1757, var þinglesið próventubríf Péturs Þorvaldssonar að Hrafnabjörgum, dagsett 20. júní sama ár. Með bréfinu gaf Pétur bróðursyni sínum, Halldóri Jónssyni að Hrafnabjörgum, 12 og ½ hundrað í samnefndri jörð. Ekkert er tekið fram um réttindi jarðarinnar. Þar segir:

2. Var upplesið fletföresbréf [próventubríf] Péturs Þorvaldssonar að Hrafnabjörgum dat. 20 júnii 1757 hvar inni hann gefur bróðursyni sínum Halldóri Jónssyni að Hrafnabjörgum hálf þrettánda hundrað í sömu jörðu með þar inni tilgreindum skilmálum.<sup>168</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð 22. júní árið 1757, var þinglesið kaupbréf fyrir 12 og ½ hundraði í Hrafnabjörgum-fremri. Kaupbréfið sjálft var dagsett 30. nóvember 1756 og söluverð jarðarhlutans var sagt vera 62 og ½ ríkisdalur. Um réttindi jarðarinnar var ekkert fært til bókar. Þar stendur:

1. Var upplesið kaupbréf Halldórs Jónssonar að Snóksdal dat. 30. nóvembr. 1756 hvar inni mr. Jón Bjarnason á Hamraendum selur velnefndum Halldóri hálf þrettánda hundrað í jörðinni fremri Hrafnabjörgum fyrir 62 ½ Rd. þar um

---

<sup>164</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 14.

<sup>165</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 14.

<sup>166</sup> Skjöl nr. 2(51), 2(52), 2(53), 2(54), 2(55), 2(56), 2(57), 2(58), 2(59) og 2(60).

<sup>167</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 151.

<sup>168</sup> Skjal nr. 2(102).

---

hefur Mr. Jón kvittað fyrir 42 Rd. en hitt megi standa til næstkomandi hausts svo sem þetta gjafabréf frekar útvísar fyrir réttinum uppáskrifað.<sup>169</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð 18. maí árið 1779, lét Sigurður Þórðarson hreppstjóri á Hrafnabjörgum, bera saman pappírsbréf við skinnbréf, um landamerki Hrafnabjarga. Bréfin voru samhljóða og var sú niðurstaða staðfest af sýslumanni og presti. Um landamerkin sjálf var þó ekkert fært til bókar á þinginu. Í dóma- og þingbók sýslunnar er ritað:

7. Hreppstjórinn Sigurður Þórðarson á Hrafnabjörgum lét samanlesa eitt pappírs og pergaments bréf fyrir réttinum um landamerki Hrafnabjarga sem voru að öllu samhljóða og pappírsbréfið fyrir réttinum af prestinum séra Benedikt og sýslumanninum uppáskrifað og forsiglað.<sup>170</sup>

Á sama manntalsþingi var upplestin og uppáskrifuð lögfesta fyrir Hrafnabjargarlandi á manntalsþingi að Blönduhlíð í Hörðadalshreppi. Ekki er nánar greint frá efni eða innihaldi þeirrar lögfestu í dómabók sýslunnar.<sup>171</sup>

Á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal þann 20. júní árið 1791, var þinglesið kaupbréf fyrir Hrafnabjörgum, með tilteknum landamerkjum. Landamerkin í kaupbréfinu styðjast við skjal frá árinu 1393 sem prentað er í *Íslensku fornbréfasafni*.<sup>172</sup> Að auki mun hafa fylgt uppskrift af dómi Stulla Þórðarsonar sýslumanns í Dalasýslu, frá árinu 1509, en ekki getið nánar um efni þessa dóms eða ástæður hans. Hvorugt þessara skjala var fært til bókar. Í dóma- og þingbók sýslunnar er ritað:

5. Var upplesið kaupbréf með landamerkjum tilteknum fyrir Hrafnabjörgum af dato 1393 með uppáskrifuðum dómi Stulla bónda Þórðarsonar sem þá var sýslumaður í Dalasýslu Anno 1509.<sup>173</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 31. maí árið 1793, var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum og Seljalandi, dagsett degi fyrr. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Í dóma- og þingbók sýslunnar er ritað:

4. Upplestin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum og Seljalandi af dato 30 hujus.<sup>174</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 eru Fremri-Hrafnabjörg sögð vera 24 hundraða jörð í eigu Þorbjörns Ólafssonar á Lundi. Steinunn Sigurðardóttir, ekkja, býr á jörðinni. Um réttindi og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>175</sup>

Í sama jarðamati eru Ytri-Hrafnabjörg sögð vera 25 hundraða jörð í eigu Guðmundar Jónssonar á Þorbergsstöðum. Jón Jónsson, hreppstjóri, býr á jörðinni.

---

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(103).

<sup>170</sup> Skjal nr. 2(104).

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>172</sup> Skjal nr. 4(71).

<sup>173</sup> Skjal nr. 2(106).

<sup>174</sup> Skjal nr. 2(107).

<sup>175</sup> Skjal nr. 2(32).

---

Eyðihjáleigan Hrafnabjargarkot er talin fram með jörðinni. Þá kemur fram að eyðidalurinn Laugardalur sé nýttur frá jörðunum Tungu og Hrafnabjörgum. Þar segir:

Öde hialejen Hrafnabiargarkot er her under indbesattet. [...].

Den öde dal Laugardal bruges som Sætter fra jorderne Hrafnabiörg og Tunga.<sup>176</sup>

Þann 8. maí árið 1828 var þinglesin lögfesta fyrir „jörðunum Hrafnabjörgunum“ á manntalsþingi að Blönduhlíð. Eigendur jarðarinnar færðu lögfestuna í letur þann 1. maí sama ár. Lögfestan hljóðar svo:

Lögfez(t)a f(yrir) jörðunum Hrafnabjörgunum, þíngl. F(yrir) mannt(als)þingsrétti að Blönduhlíð 8. Maí 1828 af S. Magnussen hlióðar svo: við undirskrifadir eignarmenn jarðanna Hrafnabjarga, liggjandi í Hörðudal, Snóksdalsk(ir)kjúsókn, og Blönduhlíðar þingsókn innan Dalasýslu 50 hndr. að dírleika, lögfez(t)um hér í dag, eptir máldaga af Anno 1343 tédra jarða tödr og engjar, akra og skóga, hollt og haga, vötn og veidistadi, þær er jörðunum fylgt hafa og fylga ber t(il) ytzu ummerkja þeirra, er aðrir menn móti eiga, at t(il)teknum landamerkjum þessum: á milli Hrafnabjarga og Hlíðar eiga Hrafnabjörg land allt að markgróf og hana hálf, og sjónhendíng upp að Kornamúla gili, þ(ad)an sjónhendíng á háls t(il) móts við Middalamenn, enn land sem vatnsföll deila. Fyrirbjóðum við hverjum manni í að vinna, edur sér að nytja þetta land, nema ockar lof edur leifi hafi; enn þykiz nokkur vanhaldinn hér með, brúki sá löglegann réttargang, svo hérá gjöriz löglegt Réttarins álit. Stadfestum við svo lögfezu þessa með undirskrifudum nöfnum. Þórbergsstöðum þann 1. Maí 1828. Gudmundr Jonsson. Teitr Halldórsson.<sup>177</sup>

Hinn 2. maí árið 1828 var upplesin svohljóðandi lögfesta fyrir Hrafnabjargajörðum:

Við Undir Skrifadir Eignar Menn Jarðanna Hrafnabjarga Liggjandi í Hörðudal [í] Snóksdalskirkju sókn og Blönduhlíðar þíng sókn, ynnan Dala sýslu, 50 Hundruð að dýr leika, Lögfestum hér í dag eptir máldaga, af anno 1393, Téðra jarða Töður og Eingjar, Akra og Skóga, Holt og haga, Vötn og veiði staði þæreð [svo] jörðunum fylgt hafa og fylgja ber til yðstu um merkja þeirra, er aðrir menn móti eiga að til-teknum landa merkjum þessum – á milli Hrafnabjarga og Hlíðar, eiga Hrafnabjörg land allt að Mark gróf og hana hálf, og sjónhendíng upp að Hornamúla gili þaðann sjónhendíng á háls til móts við mið dala menn – enn land sem vatns föll deila – fyrir bjóðum vjér hvorjum manni að vinna edur þar að nytja þettað land utann okkar lof edur leyfi hafi – enn þikist nokkur vanhaldinn hjer með brúki sá löglegann rjettar gang sem hér á gjöriz löglegt Rjettarins Álit.

[...]

---

<sup>176</sup> Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 11v.

<sup>177</sup> Skjal nr. 2(61).

---

Staðfestum við svo lögfestu þessa með Undir skrifuðum nöfnum – Þorbergsstöðum þann 2 Maí 1828.

Guðmundur Jónsson

Teitur Halldórsson.<sup>178</sup>

Þann 8. maí árið 1828 var þinglesin lögfesta fyrir „jörðunum Hrafnabjörgunum“ á manntalsþingi að Blönduhlíð. Eigendur jarðarinnar færðu lögfestuna í letur þann 1. maí sama ár. Lögfestan hljóðar svo:

Lögfez(t)a f(yrir) jörðunum Hrafnabjörgunum, þíngl. F(yrir) mannt(als)þingsrétti að Blönduhlíð 8. Maí 1828 af S. Magnussen hlióðar svo: við undirskrifadir eignarmenn jarðanna Hrafnabjarga, liggjandi í Hörðudal, Snóksdalsk(ir)kjusókn, og Blönduhlíðar þingsókn innan Dalasýslu 50 hndr. að dírleika, lögfez(t)um hér í dag, eptir máldaga af Anno 1343 tédra jarða tödr og engjar, akra og skóga, hollt og haga, vötn og veidistadi, þær er jörðunum fylgt hafa og fylga ber t(il) ytzu ummerkja þeirra, er adrir menn móti eiga, at t(il)teknum landamerkjum þessum: á milli Hrafnabjarga og Hlíðar eiga Hrafnabjörg land allt að markgróf og hana hálfá, og sjónhendíng upp að Kornamúla gili, þ(ad)an sjónhendíng á háls t(il) móts við Middalamenn, enn land sem vatnsföll deila. Fyrirbjóðum við hverjum manni í að vinna, edur sér að nytja þetta land, nema ockar lof edur leifi hafi; enn þykiz nockur vanhaldinn hér með, brúki sá löglegann réttargang, svo hérá gjöriz löglegt Réttarins álit. Staðfestum við svo lögfezu þessa með undirskrifudum nöfnum. Þórbergsstöðum þann 1. Maí 1828. Guðmundr Jonsson. Teitr Halldórsson.<sup>179</sup>

Lögfesta Hrafnabjargajarðanna frá 1. maí 1828, ásamt ítrekun frá 19. mars 1838, var færð í afsals- og veðmálabók Dalasýslu. Hvoru tveggja hljóðar svo sem hér fylgir:

Nr 17

Afskrift

Við undirskrifadir eignarmenn jarðanna Hrafnabjarga liggjandi í Hörðudal, Snóksdalskyrkjusókn og Blönduhlíðarþingsókn innan DalaSýslu 50 hndr. að dírleika, lögfestum hér í dag, eptir máldaga af Anno 1343 tédra jarða tödur og engjar akra og skóga, hollt og haga, vötn og veidista[di] þær er jörðunum fylgt hafa og fylgja ber til ytstu ummerkja þeirra er adrir menn móti eiga að tilteknum Landamerkjum þessum: „Á milli Hrafnabjarga og Hlíðar eiga Hrafnabjörg land allt að Markgróf og hana hálfá og sjónhendíng upp að Kornamúlagili, þadan sjónhendíng á hals til móts við Middalamenn, enn land sem vatns föll deila.“ Fyrirbjóðum við hvorjum manni í að vinna edur sér að nytja þetta land utan ockar lof eda leifi hafi, enn þykjist nockur vanhaldinn hermed brúki sá löglegann réttargang, svo hér á gjöriz löglegt Réttarins álit. Staðfestum við svo lögfestu þessa með undirskrifudum nöfnum.

---

<sup>178</sup> Skjal nr. 2(72).

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(61) sbr. einnig skjal nr. 2(130).

---

Pórbergsstöðum þ. 1ta Maii 1828.

Gudmundur Jónsson. Teitur Halldórsson

Afskrift þessi er ordrétt eptir DalaSýslu Skjödeprotocoll, hvar lögfesta þessi er innfærd sem þinglesin verid hefir ad Blönduhlíd, fyrir Manntalsþingsrétti þ. 8da Maii 1828, af þáverandi Sýslumanni í DalaSýslu, Sál. kammerráði S.Magnussen. Þetta attesterar Th. Sivertsen p.t. const. Sýslum. í D.S. (L.S.)

Hrappsey, 5ta Martii 1838

gratis

Framanskriðud lögfesta ítrekast hermed í öllum sínum greinum, ad því tillögdu: ad framannefndur Máldagi tileinkar Hrafnabjörgum ennvidara:

„Laugardal allann báðumegin uppí Botn, og ofan til móts vid Lauga fyrir nordan ofan ad Einhömrum allt í Hólfjall ofan ad Skialdargili, upp til móts vid Lauga, Mióvaldal allann, sosem vatnsföll deila úr tjörninni miðri til móts við Hítæla báðumegin, ofan í Sópandaskard, tuttugu géldfiár kúggyldeit í Lángavatnsdal, hrishögg til stecka á vor í Dúnkurskóg, og tróðhris til húsa og elda undir mat á haust sem þarf, Bænhúsaskóg allan í Pálsholli; torfskurð í Kollugróf í Hólslandi, og Laugajörd alla, med sínum ummerkjum.“ Hvat hermed allsuo Lögfestist med sama skilyrði og ad framan greinir. Til stadfestu mitt nafn.

Purkey, þann 19da Martíus 1838 Olafur Sveinsson.<sup>180</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 5. apríl árið 1838, var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum, dagsett 19. mars sama ár. Efni hennar var ekki fært til bókar. Í dóma- og þingbók sýslunnar var ritað:

6. Var upplestin lögfesta fyrir Bugðustöðum, dat 5. apr. 1838. D<sup>itto</sup> lögfesta fyrir Hrafnabjörgum frá O. Sveinssyni dat, 19. Martz 1838. D<sup>itto</sup> kaupbréf fyrir 12 hundruðum Fremri-Vífildals, dat. 11. maí 1836, fyrir 96 spec. til Jónasar Gunnlaugssonar.<sup>181</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu segir eftirfarandi um Ytri- og Fremri Hrafnabjörg árið 1851:

Næst fyrir framan Þorgeirstaðahl(íð) eru Ytri-Hrafnabjörg, og þá framar Fremri-Hrafnabjörg, og skilur lækur túnin. Fyrrum voru þessar jarðir báðar ásamt Seljalandi talin ein jörð, sem nú eru taldar þrjár; þá er Hlíð þar fyrir framan; svo er löng bæjarleið fram með hlíðinni að Fremri-Vífildal sem einnig

---

<sup>180</sup> Skjöl nr. 2(100) og 2(130).

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(100).

---

er austanvert við Hörðadalsá. Sá bær stóð áður vestantil við ána, en vegna hættu af gili sem rann veggja vegna við bæinn, var bærinn fluttur á holt fyrir handan ána 1849. Litlum spotta neðar, vestantil við ána, er Neðri-Vífildalur; svo er Tunga gegnt Hlíð undir Tungufjalli, milli Vífildals og Laugadals; fyrir neðan Laugaá er Seljaland; sú jörð var bygd í Hrafnabjargarlandi hérumbil á öndverðri 17du öld; svo er Hóll syðst undir Blönduhlíðarhálsi; so eru Geitastekkir utar, so Hamar, þá Blönduhlíð, og liggja nærri saman túnin á þeim síðasttöldu; þar næst eru Bugdustadir, og beygist þá hálsinn til vesturs; so yst með hálsinum fyrir innan Skraumuá eru Ketilsstaðir.<sup>182</sup>

Í kafla um eyðibýli og nýbýli í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu, sem ritaður er um 1851, segir svo um Hrafnabjargarland:

Í Hrafnabjargalandi á Laugadal jörðin Laugar, hún var ekki komin í eyði 1393, en mun hafa lagst það í plágunni miklu eftir 1400. Annað kot var í Hrafnabjargarlandi utanvert við Kornamúlagil, sem hét Kornamúlakot. Í Hlíðarlandi var annað kot á Hafurshjöllum sem kallað var Hafurshjallakot. Í Tungulandi á Laugadal var Þjalakot.<sup>183</sup>

Hinn 10. febrúar árið 1863, var haldinn almennur sveitarfundur að Blönduhlíð í Hörðudal um geldfjárupprekstur og fjallskil í hreppnum, með fleiru. Játuðu bændur að hreppurinn ætti næg upprekstrarlönd, ýmist hver út af fyrir sig og sumar jarðir í Víðimúla á Sópandaskarði. Eftirfarandi var skjalfest:

Eptirrit

Arid 1863 þann 10. Febr. mán. var almennur sveitarfundur haldinn að Blönduhlíð samkvæmt sýslumanns bodi af 12. Dec. f. ár, hvar þá var tekid fyrir að tala um gélðfjár upprekstra m.fl. sem bréfid ávísar og urðu eptir filgjandi atridi að álitum gjörð:

1. Hvad gélðfjár upprekstra snertir, játudu allir í einu hljóði, ad hreppurinn ætti nóg upprekstrar lönd, ymist hvör jörð útaf fyrir sig, og ýmist sumar jarðir í Víðimúla á Sópandaskarði, sem er almenningsland, og Hörðdælir hafa hreinsad fyrir grenjum og leitad til rétta; nema bóndinn Björn Géstsson á Hrafnabjörgum áskilur sér rétt til frekari ransóknar um hvört Víðimúli sé almenningsland eda ekki.

Hvad þá af Snóksdals torfunar ábúendum snertir, þeir er vilja eiga upprekstur saman vid Hörddæli, þá skulu þeir fá það med þeim skyldum og réttindum sem þar af fljóta, og meiga Snóksdals ábúendur sjálfir brúka Snóksdalsbotn til uppreksturs, og ljá Hörðabóls mönnum og Geirshlídar ábúendum ef þeir vilja. Bann leggst fyrir ad hestastód sé rekid í óleifi í uppreksturs löndinn, og ekki tekid í þau nema það allra minsta af því.

---

<sup>182</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 35-36.

<sup>183</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30 og 37.

---

2. Hvað fjallskil og réttarhöld áhrærir, þá var það samþiki að Mánudaginn í 21. viku sumars skulu öll heimalönd og upprekstrar lönd hreinsast, og allt féð rekast til Seljalandsréttar, að því heimafé undanskildu sem er saman við kvíaær; síðan skal réttun fjársins fram fara á þridjudaginn þar eptir. Réttarstæði skal vera það sem hefir verid, og réttinn sjálf tilhlídilega viðhaldast. Med úrtíning skal fara sem lög ákveda.

3. Skilarétt og eptir leytarétt skulu haldast eins og hefir verid.

4. Hvað grenjaleytum viðvíkur, þá skulu þær vel og vandlega fara fram eptir hreppstjórans skipun, og undir hans umsjón, en allur grenskostnadur leggiast sameiginlega á hreppinn, nema hvað Snóksdalsbotn áhrærir, þar skal grenjaleytir og kostnadur fara fram og áleggjast eptir nýlega útkomnu amtsbodi. –

5. Voru kosnir 2 menn til að fara á sýslufundinn og fékk Sgr. Jón í Hlíð þar til 27 atkvæði, en bóndi Tómas á Kétilstöðum 25 atkvæði. Framanskriðudum atridum voru allir viðverandi búendur í Hörðadal, og Snóksdalstorfu ábúendur samþikkir, 28 að tölu, og gáfu undirskriðudum mönnum fullt umbod að stadfesta þessi atríði með undirskriðum sínum fyrir allra hönd.

Á framanskriðudum stad ári og degi.

Kr. Gudbrandsson, J. Jónsson E. Halldórsson, Gunnar Gunnarsson, Gudmundur Gudmundsson, Jón Sveinbjörnsson, Gudmundur Gudmundsson.

Þetta eptirrit er samhljóða frumritinu vitnar: Kr. Gudbrandsson.<sup>184</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 24. maí árið 1875, var hálf jörðin Hrafnabjörg-ytri seld fyrir 450 ríkisdali. Ekkert kemur fram réttindi jarðarinnar. Í dóma- og þingbók sýslunnar var ritað:

12. Afsalsbréf dags. 30. nóv. f.á. hvar með óðalsbóndi Þórður Þórðarson á Rauðkollsstöðum selur og afhendir ½ jörðina Ytri-Hrafnabjörg með tilheyrandi, Gísla Þórðarsyni á áður nefndri jörð fyrir 450 rd.<sup>185</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hrafnabjörg er dagsett 18. maí 1885, og þinglesið 28. maí sama ár. Þar er fjalllandi í eigu Hrafnabjarga lýst sérstaklega með eftirfarandi hætti:

Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: Fyrst úr tjörninni vestanverðu á Mjóadalsdrögum þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrutagil, eptir Hrutagili upp í Hrutaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Langá, sem Langá ræður ofan að Hundsgili, eftir fyrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórutind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrnefnda tjörn á vestanverðu Mjóadalsdrögum. Eptir máldaga Hrafnabjargar af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í

---

<sup>184</sup> Skjal nr. 2(112).

<sup>185</sup> Skjal nr. 2(101).



---

Langavatnsdal. Innan þessarar takmarka í fjallandinu á Laugardal á Seljalandi sambeitt við Hrafnabjarga bændur eptir jarðarmegni.<sup>186</sup>

Þann 9. október árið 1904, útnefndi Björn Bjarnarson sýslumaður Dalasýslu tvo menn til virðingargerðar á Ytri-Hrafnabjörgum. Fimm dögum síðar skiluðu virðingarmennirnir mati sínu. Jörðin var talin vera 16,6 hundruð að dýrleika. Beitland Ytri-Hrafnabjarga heima við sagt vera lítið en fjallland jarðarinnar hins vegar mikið og gott. Jörðin öll virt til 2.100 króna; landið til 1.800 króna en mannvirki til 300 króna. Útnefningin og virðingargjörðin hljóða svo:

Hjermed útnefni jeg þá Benidikt bónda Kristjánsson á Hóli og Einar Bóna Guðmundsson í Blonduhlíð til þess að virða til peninga jörðina Ytri Hrafnabjorg í Hordudalshreppi í Dala sýslu.

Virðingarmenn skulu tilgreina landskuld og leigur af jördinni, hver hús fylgja henni og í hvaða standi þau sjeu; þeir skulu skýra frá því, hvort hún liggi undir áfalli af náttúrunnar völdum í hvaða rækt hún sje og yfir hofud frá ollu sem getur haft áhrif á peningavirði hennar.

Þeir skulu framkvæma virðingargjerdina eptir beztu samvizku og þekkingu, svo að þeir geti staðfest hana í rjettinum ef krafist verður.

Til staðfestu er nafn mitt.

Skrifstofu Dalasýslu 9. okt. 1904.

Bjorn Bjarnarson

[...]

Samkvæmt útnefningu sýsluman[n]sins í Dalasýslu erum við undirskrifadir staddir að Ytri Hrafnabjorgum til að virða til peninga nefnda jord.

Jordin er 16,6 hundruð að níu mati; hún hefir gott tún sem fódrar í medalári 6 kýr. Eing[j]ar áfastar við tún mest votlendi árlega slei[g]id og má hei[j]a fyrir 150-200 fjár. [B]eitiland heldur lítið heima en fjallland mikið og gott. Henni fylg[j]a 4 kúgildi og gjaldast eptir þau 80 merkur smjör[s].

Landskuld er 4 ær að vorlagi.

Hús sem jördinni fylgir er 15 álna langt, 7 álna breitt með járnpaki á sudurhlið með torfveggjum á 3 vegi timbur á 1 veg, þar af þiljud badstofa 9 álna laung 5 ½ álna breidd sal há. [I]n[n]gángur við hlið á badstofunni 9 álna lángr 1 ½ [álna] breiddur. Kjallari undir badstofu og in[n]gangi 9 álna langur 7 álna breiddur (geimslu hús) yfir badstofu og inna gangi sal hátt í sperrutopp. Eldhús í odrum enda hússins 6 álna langt 7 álna breitt, með janfri hæð.

Að ollu þessu athugudu virðum við jörðina á 1800 kr, húsið á 300 [kr] samtals 2100 [kr] Tvoþúsund og eitt hundrad krónur.

---

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(7).

---

Hörðudalsá er rennur eptir midjum dalnum hefur í mestu vatna vöxtum runnið yfir part af eingljum og hafa þær sprottid betur eptir. [A]ð öðru leiti er jörðin ekki fyrir sjáanlegum skemmdum undir orþin [svo] af völdum nátturunnar.

Hús og jord í godri hirding.

Til staðfestu eru okkar undir skrifud nofn.

[...] Hrafnabjörgum ytri 14. októ 1904.

Einar Guðmundsson

Benidikt B. Kristjánsson.<sup>187</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur ekkert fram um fjalllendi Hrafnabjarga, í umfjöllun um jarðirnar Fremri- og Ytri-Hrafnabjörg. Upprekstrarland beggja jarðanna er þó sagt vera nægilegt.<sup>188</sup> Þá segir að upprekstrarland Fremri-Hrafnabjarga sé nægilegt.<sup>189</sup> Jafnframt segir að beutiland Seljalands sé gott fyrir allar skepnur „en lítið heima við“ og að upprekstrarland sé næglilegt á Laugardal. Á meðal helstu ókosta er talinn vera ágangur á jörðina af völdum afréttarfjár og fjár frá öðrum bæjum.<sup>190</sup>

Þann 28. júní árið 1918, var gerður kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps. Hjörtur Sigurðsson bóndi á Hrafnabjörgum keypti fjallandið á 260 krónur. Getið er um landamerki fjalllandsins. Kaupsamningurinn er svohljóðandi:

Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps.

Undirritaðir fulltrúar fyrir Hörðudalshrepp í Dalasýslu og Hjörtur Sigurðsson bóndi á Hrafnabjörgum í sama hrepp, gjörum svo hljóðandi kaupsamning:

Það sem selt er, er vesturhluti Víðimúla; með þeim ummerkjum er nú greinir: Frá Saudahrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eftir há-Víðimúla sem vötn deila til Hrótagilsbotns; þaðann, rædur Hrótagil til Mjóadalsár; þá rædur Mjóadalsá til Saudahryggs.

Kaupverðið er 260 kr: tvö hundruð og sextíju krónur, sem greiðist fyrir næstkomandi áramót, og skal þá seljandi afhenda kaupanda afsal fyrir landinu.

Kaupandi heldur kaupí sínu til laga enn seljandi svarar til lagaríftinga.

Til staðfestu nöfn okkar og til kvadra votta.

Bugðustöðum 28. júní 1918.

Helgi Guðmundsson (hreppstj.) Þorsteinn Jónsson (oddviti)

Hjörtur Sigurðsson, kaupandi

---

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(75).

<sup>188</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirmat I, bls. 3-4.

<sup>189</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirmat I, bls. 4-6.

<sup>190</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirmat I, bls. 12-13.

---

Vottar

Hans Kristjánsson

Kristján Helgason.<sup>191</sup>

Þann 22. desember árið 1918, var skjallega staðfest, að Hjörtur Sigurðsson á Hrafnabjörgum hefði greitt að fullu kaupverðið fyrir fjallland Hörðudalshrepps. Staðfestingin var þinglesin á manntalsþingi Hörðudalshrepps þann 8. júlí árið 1919. Staðfestingin er svohljóðandi:

Með því Hjörtur bóndi Sigurðsson á Hrafnabjörgum hefir fullnægt Kaupsamningi, g[j]örðum 28. júní þ. ár, um fjallandið Vidimúla, Og nú borgað Kaupverdid 260 kr, tvö hundruð og sextíju krónur, þá afsöllum við undirskrifaðir nefndu fjall-landi Víðimúla, frá Hörðudalshreppi, til nefnds Hjartar Sigurðssonar, og hans erfin[g]ja, með þeim ummerkjum sem nefnt brjef greinir.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, enn seljandi svarar til laga riftinga.

Til staðfestu nöfn okkar, og vidstaddra votta

Ketilstöðum 22. desbr. 1918.

Helgi Guðmundsson

Þorsteinn Jónsson

Vottar:

Guðm. Helgason

Hans Á. Kristjánsson

Fyrirfram innfært þann 16. jan. 1919 í afsals- og vedmálabækur Dalasýslu til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Hörðudalshrepp.

[...]

Bjarni Þ. Jóhnsen

Þinglesid á manntalsþingi Hordudalshrepps 8. júlí 1919.

Bjarni Þ. Jóhnsen.<sup>192</sup>

Þann 28. apríl árið 1919, skrifaði Þorsteinn Teitsson á Hlíð í Hörðudal sáttanefndinni í Suðurdalásáttaumdæmi, vegna sölu Hörðudalshrepps á afréttarlandi hreppsins, Víðimúla, til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum. Bréf Þorsteins er svohljóðandi:

---

<sup>191</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>192</sup> Skjal nr. 2(77).

---

Jeg hef heirt að á síðastliðnu ári hafi hreppsnefnd Hörðudalshrepps selt af rjettarland hreppsins „Viðimúla“ til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum fyrir 520 kr. en svo er mjer sagt að hann hafi nú aptur selt helmíng þessa af rjettarlands til Borghreppínga fyrir helmíng kaupverðsins. Alt þetta atferlí finst mjer vera löglaus aðferð og ranglæti gagnvart mjer sem hafði landið að láni með leifi hreppsnefndar síðastliðið ár, svo þar finnst mjer jeg hafa skílaus leiguliðarjettindi við að biðjast samkvæmt lögum um forkaupsrjett leiguliða frá 20. októb. 1905. Nú í fyrra vetur er til tals kom að selja land þetta Borghreppíngum er landið höfðu falað, þá fanst mjer að jeg ætti forkaupsrjettinn þarna og falaði landið til kaups, bjóðandi sama verð sem Borghreppíngar vildu þá láta, en oddviti hreppsins vildi aldrei veita mjer forkaupsrjettinn þott eg marg falaðist eftir landinu og eigi heldur fjekk eg upp úr honum hve boðið væri í landið, heldur fjekk eg jafnan það svar hjá honum að eg skildi gera yfirboð upp úr því er komið væri, hvað svo sem væri verðið, svo fóru þeir Hjörtur á Hrafnabjörgum, Helgi Guðmundsson hreppstjóri Kjetilsstöðum og Þorsteinn Jónsson oddviti á Bugðustöðum suður í Borgarhrepp og fullgerðu þar kaupin við Borghreppínga. Sökum als þessa sje eg mjer ei annað fært en að snúa mjer til hinnar heiðruðu sáttanefndar í Suðurdalabíngum og biðja hana að kalla mig ásamt oddvita Hörðudalshrepps fyrir sig á fund til að koma sættum á milli okkar í þessu máli, sem hljóta að vera í því folgnar að þessi gerðu kaup a landinu, sjeu upphafinn og mjer selt landið fyrir þetta áðurnefndaverð. Komist eigi sættir á óska eg malínu vísað til aðgerða dómstólanna.

Hlíð í Hörðudal 28. apríl 1919. Þorleifur Teitsson

Til sáttanefndar í Suðurdalasáttaumdæmi.

Samkvæmt framanritaðri stefnu er oddviti Hörðudalshrepps, herra Þorsteinn Jónsson á Bugðustöðum kvaddur til þess ásamt stefnanda, Þorleifi Teitssyni í Hlíð, að mæta á sáttafundi Suðurdalasáttaumdæmis sem haldinn verður að Kvinnabrekku föstudaginn 23. þ.m. kl. 3 e.h.

J sáttanefnd Suðurdalabínga. Kvinnabrekku 15 maí 1919. Jón Guðnason

Birt oddvita Hörðudalshrepps á heimili hans þann 16 maí 1919. p.t. Bugðustöðum 16 maí 1919.

Stefnuvottar: Þorsteinn Jónsson, E. Guðmundsson (vara)

[...]

Framanrituð kæra var tekin fyrir á sáttafundi Suðurdalasáttaumdæmis ~~23 maí 1919~~ á Kvinnabrekku 23. maí 1919. Voru bæði kærandi og kærði þar viðstaddir. Sáttatilraun varð árangurslaus. Vísast því, eftir kröfu kæranda, til aðgerða dómstólanna.

---

Sáttanefnd Suðurdalæþinga. Kvinnabrekku 23. maí 1919. Jón Guðnason, Ólafur Finnsson.<sup>193</sup>

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997 er að finna lýsingu á því landsvæði sem forðum var í eigu Hrafnabjarga. Þar segir:

Neðst í Fossmúla gengur sérstakur sandhryggur út að Mjóadalsá og vísar að Víðimúla. Hér heitir hann Sauðahryggur og er merkjalína milli afrétta Dalaog Mýramanna því bærinn Hrafnabjörg í Hörðudal á allan Mjóadal ásamt meirihluta Laugardals og einnig Þrúðudal og Þrúðufell.<sup>194</sup>

Um afréttarland Hrafnabjarga segir eftirfarandi í sömu heimild:

Sunnan við túnið í Seljalandi fellur Hundsgil hátt ofan úr Hundahnúk og rennur í Laugá sem kemur sunnan úr Laugardal. Við gilið hefst afréttarland Hrafnabjarga. Dalurinn er nefndur eftir heitri uppsprettu neðst í honum innan við hálf tíma gang frá Seljalandi. Þar er talið að Lauga-Snorri Þórðarson hafi búið á 13. öld. Hann var einn af fylgismönnum Sturlunga og féll með þeim á Örlygsstöðum 1238. Jörðin sést enn nefnd í skjölum frá 15. öld þegar Loftur ríki Guttormsson er að ráðstafa eignum sínum. Á hinn bóginn er ekki getið um bæ þar í Jarðabók Árna og Páls árið 1703. Á 19. öld voru sagnir um að þar hefði jafnvel verið kirkja eða bænhús sem farið hefði í eyði í plágunni eftir 1400. Bæjarhól má sjá í grösugum hvammi skammt innan við laugina. [...] Nú skal haldið áfram norður Laugardal og honum lýst að austanverðu. Norður frá Hrutagili heitir Steinahlíð niður að litlu gili sem heitir Einhamragil eftir sérstæðri hamrabyrpingu uppi í fjallshlíðinni utan við gilið sem heitir Einhamrar. Við gilið eru afréttarmörk Hrafnabjarga og Tungu.<sup>195</sup>

Í kafla um Laugardal og Sópandaskarð, í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá árinu 1997, er minnst á afréttarland Hrafnabjarga. Þar segir:

Sunnan við túnið í Seljalandi fellur Hundsgil hátt ofan úr Hundahnúk og rennur í Laugá sem kemur sunnan úr Laugardal. Við gilið hefst afréttarland Hrafnabjarga.<sup>196</sup>

## 5.7 Laugar (eyðibýli)

Líkt og getið er um í kafla 5.6 um fjalllendi Hrafnabjarga, seldi Snorri Brandsson séra Hallsteini Jónssyni jörðina Hrafnabjörg í Hörðudal, þann 31. desember árið 1393. Í kaupbréfinu kemur fram að á sama tíma og jörðin Hrafnabjörg var seld hafi öll jörðin að Laugum einnig verið seld Hallsteini Jónssyni. Merkjum Lauga er aftur á móti ekki lýst í kaupbréfinu.

Lauga, er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Hins vegar er getið um Laugadal. Í kafla um Hrafnabjörg segir eftirfarandi:

---

<sup>193</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>194</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 152.

<sup>195</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 149, 155.

<sup>196</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók* Ferðafélags Íslands (1997), bls. 149.

---

Selstaða er á Laugadal, sem jörðin á part í, til vissra landamerkja; eru þar hagar í besta máta og landvíðir. Útigangur heimum sæmilegur, en bregðst oftlega; á Laugadal í besta máta en bregst þó stundum.<sup>197</sup>

Í *Jarðabók Árna og Páls* segir svo um Laugadal, í kafla um Seljaland:

Engjar eru sumar með heimajörðunni, en hinar heima eru lakari á dreif í Laugadal; en þaðan stundum heyjað. Hagar í besta máta. Útigangur viðlíkt og á heimajörðunni, nema þaðan verður betur náð til beitar á Laugadal.<sup>198</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir svo um Laugadal, í kafla um Tungu:

Ágangur til stórs skaða er þar af peningi ýmsra manna, sem gengur á Laugadal.<sup>199</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir eftirfarandi um Laugar:

Laugardalur Spiallast arlega af Skridum enn til forna hefur hann vered grösugt plats. Laugar nefnist afbyle ä dalnum sem bigt var i gamla daga, enn med hvada Leigumäla Kann eingenn ad under retta, Kann og ei aftur biggiast, því það hefur firrum vered brukad, til selstodu fra heimajordunne, þegar mannafla hefur vered.<sup>200</sup>

Lauga er ekki getið í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804.

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu segir eftirfarandi um Laugar, í undirkafla um eyðijarðir og nýbýli, árið 1851:

Nýbýli eru engin í þessu prestakalli, öngvar eyðijarðir sem löngu hafa lagst í eyði, og eru flest þeirra nefnd eftir jarðabókunum í Jarðatali Johnsens, þó eru auk þeirra þessi: Í Hrafnabjargalandi á Laugadal jörðin Laugar, hún var ekki komin í eyði 1393, en mun hafa lagst það í plágunni miklu eftir 1400. Annað kot var í Hrafnabjargarlandi utanvert við Kornamúlagil, sem hét Kornamúlakot. Í Tungulandi á Laugadal var Þjalakot. Í Hólslandi eru auk Hólskots þrjú eyðikot uppá dalnum móti Selárdal sem hétu Múlakot, Skurðarkot og Hurðarbak; þetta síðastnefnda var fyrirsvarsjörð í fornöld, reisuglegur bær.<sup>201</sup>

Í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1904, segir frá sölu Lauga í Hörðudal til ábúanda Hrafnabjörga. Þar segir:

Það mun mega telja víst, að á þessum bæ hafi búið Lauga-Snorri. [...] Oftar er hans getið í fylgd með Sturlu Sighvatssyni, og síðast á Örlygsstöðum. Ef til vill hefur hann verið í ætt við Sturlunga. En frá því er ekki sagt. Og ekki sést heldur

---

<sup>197</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 14.

<sup>198</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 15-16.

<sup>199</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 17-18.

<sup>200</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 151.

<sup>201</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 37.

---

hvort hann komist lífs frá Örlygsstöðum. Það getur hvorttveggja verið. Verið getur, að Snorri Brandsson, er seldi Laugar 1399, hafi verið afkomandi hans, og borið nafn hans. Sú sala mun hafa orðið tilefni til þess, að byggðin á Laugum var lögð niður. Hrafnabjörg eiga lítið landrými. Og þá er ábúandi Hrafnabjarga var orðinn eigandi Lauga, hlaut hann að sjá sér hag við að leggja byggð þar niður og nota jörðina sjálfur. Og enn í dag er land Lauga aðalbeitiland Hrafnabjarga.<sup>202</sup>

Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, lýsir Laugum svo, er hann ritar um Dalasýslu í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1947:

Í Laugardal neðst var bærinn Laugar og mun hafa verið byggður fram undir siðaskipti, en fór þá í eyði og hefur ekki verið byggður síðan. Þar bjó LaugaSnorri, einn af traustustu fylgismönnum Sturlunga. Dróg bærinn nafn sitt af laug, er hann stóð við. Þar er nú sundlaug Hörðdælinga. Milli Laugardals og Selárdals er Hólsfjall.<sup>203</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1997 er að finna lýsingu á því landsvæði sem forðum var í eigu Hrafnabjarga, og þá afréttarlandi, sbr. umfjöllun í afréttarkafla.<sup>204</sup>

## 5.7.1 Svæði sem liggja að Fjalllendi Hrafnabjarga.

### 5.7.1.1 Seljaland

Um Seljaland, segir meðal annars eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 yfir Hörðudalshrepp:

Engjar eru sumar með heimajörðunni, en hinar heima eru lakari á dreif í Laugadal; en þaðan stundum heyjað. Hagar í besta máta. Útigangur viðlíkt og á heimajörðunni, nema þaðan verður betur náð til beitar á Laugadal.<sup>205</sup>

Á manntalsþingi að Blönduhlíð þann 31. maí árið 1793, var þinglesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum og Seljalandi, dagsett degi fyrr. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Í dóma- og þingbók sýslunnar er ritað:

4. Upplesin lögfesta fyrir Hrafnabjörgum og Seljalandi af dato 30 hujus.<sup>206</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Seljaland sagt vera 10 hundraða jörð í eigu ábúandans, ekkjunnar Guðrúnar Benediktsdóttur. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>207</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu er einnig minnst á Seljaland. Þar segir árið 1851:

---

<sup>202</sup> Brynjólfur Jónsson, „Um Laugar í Hörðudal“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. 19. árg., (1904), bls. 18.

<sup>203</sup> Dalasýsla. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 26.

<sup>204</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 149, 152, 155.

<sup>205</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 15-16.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(107).

<sup>207</sup> Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 8v.

---

Litlum spotta neðar, vestantil við ána, er Neðri-Vífildalur; svo er Tunga gegnt Hlíð undir Tungufjalli, milli Vífildals og Laugadals; fyrir neðan Laugaá er Seljaland; sú jörð var bygd í Hrafnabjargarlandi hérumbil á öndverðri 17. öld; svo er Hóll syðst undir Blönduhlíðarhálsi; so eru Geitastekkir utar, so Hamar, þá Blönduhlíð, og liggja nærri saman túnin á þeim síðasttöldu; þar næst eru Bugdustaðir, og beygist þá hálsinn til vesturs; so yst með hálsinum fyrir innan Skraumuá eru Ketilsstaðir.<sup>208</sup>

Landamerkjabréf fyrir Seljaland í Hörðudalshreppi er dagsett 16. maí 1885 og þinglesið 28. maí sama ár. Þar segir um merki jarðarinnar:

Eru þannig: að sunnanverðu að Hundsgili þar sem það fellur í Langá og eptir því sem gilið ræður upp til fjallseggja, þá vestur eggjar til Hestagils upptaka, svo niður með Hestagili til neðsta foss og þar í flatan stein krossmerkthan á vestri gilbakkanum, þaðan skáholt vestur til Rjettargils í krossmerkthan klett á syrði Rjettargils bakkanum, þá eptir því sem gilið ræður niður fyrir neðsta foss, þaðan skáholt í Krossmerkthan klett að vestanverðu við Rjettargil, þá í sýki, er rennur að austanverðu við síðastnefndan klett og eptir því þar til það fellur í Hörðudalsá; þá upp með Hörðudalsá að austanverður við Seljalandseyrar allt til Langár og upp með henni allt að fyrnefndu Hundsgili. Einnig á Seljaland fría sambeit eptir jarðmegni í Hrafnabjargalandi liggjandi á vestanverðum Laugardal. – Sömuleiðis á sama jörð engjapart áfastan við Hrafnabjargaengjar liggjandi fyrir austan Hörðudalsá. Merki fyrir tjeðum engjaparti er að norðanverðu engjagarður á Hörðudalsár bakka, og þaðan þvert yfir í sýki að austanverðu við Hrafnabjarg engjar, þá eptir því sem sýkið ræður allt þar til það fellur úr Hörðudalsá að sunnan.<sup>209</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, segir, að beutiland Seljalands sé gott fyrir allar skepnur „en lítið heima við“ og að upprekstrarland sé næglilegt á Laugardal. Á meðal helstu ókosta er talinn vera ágangur á jörðina af völdum afréttarfjár og fjár frá öðrum bæjum.<sup>210</sup>

### 5.7.1.2 Tunga

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir eftirfarandi um Tungu:

Selstaða hefur þar verið í heimalandi allgóð, nú ei tíðkuð um lánan tíma vegna aðburðarleysis ábúenda; er þó að gagni ef iðkuð væri. [...] Ágangur til stórs skaða er þar af peningi ýmsra manna, sem gengur á Laugadal.<sup>211</sup>

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir svo um Tungu:

Jord þesse lagdest i eide eftir boluna i 3 ár og síjdann Komst bigging ä hana aftur nochurn tijma, og var þä leigumälenn 80 al. Landskuld og 4 Kugillde,

---

<sup>208</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 36.

<sup>209</sup> Skjal nr. 2(8)

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>211</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 18.



---

síjdann lagdest jordenn j eydi enn umm 3. är og þar efter, þa hun aftur bogdest, 60 al. Landskuld, og 3 Kugilde. [...] Hvad jordenn hefur til forna Leigd vered þa hun var i bloma sijnum, veit eingenn fire vijst ad underretta.“ [...] Hagbeit er þar göd, og gott under bu. Selstada i heimalande notasöm utheyes slægir gagnlegar og nalegar. [...] Uthager vida uppbläsner ä fiallenu, og ärlega Rennur ä þä Storskridur og ä næstlidnu hauste 3. sem skiemmt hafa hagbeit. Og fyrer þessar ordsaker hefur jordenn illa bigst. Utegangur ä vetrumm i Lakara lage sem ä anare Daljördu.<sup>212</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Tunga sögð vera 24 hundraða jörð í eigu séra Guðmundar Eiríkssonar að Stað í Hrutafirði. Magnús Guðbrandsson býr á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>213</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu segir eftirfarandi um Tungu árið 1851:

Litlum spotta neðar, vestantil við ána, er Neðri-Vífildalur; svo er Tunga gegnt Hlíð undir Tungufjalli, milli Vífildals og Laugadals; fyrir neðan Laugaá er Seljaland.<sup>214</sup>

Um selstöðu jarðarinnar Tungu, og fleiri jarða í grennd við Tungu, segir í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu sama ár:

Margar af framantöldum jörðum hafa átt selstöður innan sinna landeigna, og verið notaðar í fornöld; en færri brúkað þær á seinni tímum; engin jörð á hér selför í annars land nema Hamraendar eiga selför í Hlíðartúnsland. Afrétt átti Sauðfellskirkja í allan Sandsdal og hafa flestir sóknarbærir haft þar upprekstur og goldið uppreksturstoll; þeir hafa fjárrétt á Fellsenda og rétta föstudaginn í 21. viku sumars. Hörðdælingar hafa haft upprekstur innanvert á Langadalsvatnsdal, sem er almenningur. Hörðdælingar hafa rétt í Seljalandi og rétta mánudaginn í 21. viku sumars; til hennar leita og allir Borghreppingar úr Mýrasýslu.<sup>215</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu er einnig fjallað um eyðijarðir og nýbýli. Þar segir m.a. um eyðijarðir í Laugadal og í Tungulandi árið 1851:

Í Tungulandi á Laugadal var Þjalakot.<sup>216</sup>

Landamerkjabréf fyrir Tungu í Hörðudalshrepp er dagsett 21. maí 1883, en þinglesið 19. maí ári síðar. Þar segir um mörk jarðarinnar:

Að austanverðu til móts við Vífildalsland ræður landamerkjum Afreksgil ofan af fjallseggum og niður til Hörðudalsár, svo ræður Hörðudalsá (móts við Hlíðarland) ofan til Laugár, og svo ræður Laugá (til móts við Seljadalsland) fram til Einhamra, þá beina línur úr Laugá að austanverðu uppí Einhamra og

---

<sup>212</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu frá 1731* eftir Orm Daðason, bls. 148.

<sup>213</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>214</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 36.

<sup>215</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 36.

<sup>216</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 37.

---

eptir sömu línu upp á fjallseggjar í Tungufjalli. Þetta eru og hafa verið vafalaust landamerki nefndrar jarðar, engir eigna nein ítök í jörð þessa.<sup>217</sup>

Um Tungu segir eftirfarandi í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1885:

Þorgils Hölluson bjó í Tungu í Hörðadal. Sá dalr gengr upp frá Hvammsfirði, og er syðstr af Breiðafjarðardölum. Í honum standa 12 bæir. Tunga heitir sama nafni enn, og stendr fyrir miðjum Hörðadal í tungunni milli Vífilsdals og Laugardals. Báðir þessir dalir ganga upp af Hörðadal; það sést af sögunni, að Laugardalur hefir á og verið kallaðr Hörðadalr. Síðar mun þar hafa verið byggð bær, sem nú er fyrir löngu í eyði, og hefir dalrinn þá fengið nafn af laug, sem þar hefur verið fyrir neðan bæinn.<sup>218</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, segir, að afréttarland Tungu sé nægilegt. Þá er tekið fram að á meðal helstu ókosta jarðarinnar sé ágangur af afréttarfé og „annarra bæja“.<sup>219</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1997 segir svo um Tungu:

Norður frá Hrutagili heitir Steinahlíð niður að litlu Gili sem heitir Einhamragil eftir sérstæðri hamrabyrpingu uppi í fjallshlíðinni utan við gilið sem heitir Einhamrar. Við gilið eru afréttarmörk Hrafnabjarga og Tungu. Undir hömrinum heitir Einhamrahlíð eða Einhamrakinn þar til kemur að svonefndum Þrengslum nálægt miðjum dal.<sup>220</sup>

### 5.7.1.3 Fjallendi Álftaneshrepps

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 1/2014 á svæði 8B.

### 5.7.1.4 Fjallendi Borgarhrepps

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 1/2014 á svæði 8B.

### 5.7.1.5 Fjallendi Hraunhrepps

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 1/2014 á svæði 8B.

## 5.8 Botn við Svínbjúg (Hólsbotn)

Í máldaga Stefánskirkju í Snóksdal, er Árni biskup Þorláksson mun hafa sett árið 1286, er ekki minnst á Botn hjá Svínbjúg.<sup>221</sup>

Í máldaga Snóksdalskirkju frá 1340 segir, að kirkjan þar eigi Botn hjá Svínbjúgi:

---

<sup>217</sup> Skjal nr. 2(9).

<sup>218</sup> Sigurður Vigfússon, „Rannsókn í Borgarfirði 1884“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 4. árg., (1884-1885), bls. 77-78.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>220</sup> Í fjallhögum milli Mýra og Dala. *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 137.

<sup>221</sup> Skjal nr. 4(82).

---

Stephanus kirkia j snokzdal a heimalannd halft oc gilsbacka hálfann. hordabolstad hálfann oc þuij meira sem er millum þreskaulldar oc leirmula sionhendijngg fram m j á botnn hia svijnbiugi oc dalaholm oc skerid med.

[...].<sup>222</sup>

Í Hítardalsbók frá árinu 1367 segir, að kirkjan í Snóksdal eigi Botn hjá Svínbjúg:

Kirkia j snoksdal er helgud hinum heilaga stephano. hun a lond þriu halfann Snoksdal og þui meira sem er millum þreskialldar og leirmula. sionhending fram j aa. Gilsbakka halfan. hordabol halftt. botnn hia suijnbiug og dalaholm og skerinn med. [h]val attung j ollum reka a hardavelle. alltt eptter vilchinsbok.<sup>223</sup>

Í Vilchinsmáldaga fyrir Snókdalskirkju, frá árinu 1397, er Botn hjá Svínbjúg, sagður vera á meðal eigna kirkjunnar. Þar segir:

Kirkia i Snoksdal [...] Hun a lond þriu half. Snoksdal halfann og þui meir sem er i mille Þreskialldar oc Leirmvla. sionhending fram m j A. Gilsbacka halfann. Hordabol halftt. Botn hia Svijnbugh oc Dalaholm oc skerinn med. [...].<sup>224</sup>

Minnst er á Botn hjá Svínbjúg í máldaga Snókdalskirkju frá 1491, á meðal eigna kirkjunnar þar:

Kirkia j Snokzdal er helgud hinum heilaga Stephano. hun a lond þriu half. snoksdal halfan oc þui meira sem er j millum þroskaulldar oc leirmula. sionhendijngg fram m j a. Gilsbacka halfann. hordabol. halfann botnn hia suijnbiug. Dalaholmm oc skerinn med [h]val attuug j aullum reka a hardavelle j millum dranngs oc grinndar oc kiortre ad auk. [h]val settung j þeim huolum er koma a fallanndastada reka j hrutafirde. alla veide j mida sem lannd iiggur vid vt j sio. jtem iiij kýr oc einn kapall et cetera. Jtem hafa gefist ij hundrud. porcio ecclesie vmm næstu vij ar medann sigurdur dadason hefur halldid fimm hundrud.<sup>225</sup>

Ekki er minnst á Botn hjá Svínbjúg, í máldaga fyrir Snókdalskirkju, frá því um árið 1500.<sup>226</sup>

Gíslamáldagi fyrir Snókdalskirkju, frá því um 1570, getur ekki um Botn hjá Svínbjúg.<sup>227</sup>

Þann 20. september árið 1639, vísiteraði Brynjólfur biskup Sveinsson kirkjuna að Snóksdal. Vísitasían hermir að kirkjan eigi Botn hjá Svínbjúg. Þar segir meðal annars:

Snöksdalur

---

<sup>222</sup> Skjal nr. 4(83).

<sup>223</sup> Skjal nr. 4(86).

<sup>224</sup> Skjal nr. 4(84).

<sup>225</sup> Skjal nr. 4(85).

<sup>226</sup> Skjal nr. 4(79).

<sup>227</sup> Skjal nr. 4(81).

---

Anno 1639 20 Septembris I Snöksdal I Brejdafiardar dólum.

[...]

Hun ä vtan sig hälfann Snöksdal og þuj meira sem er ä millum Þreskialldar og Lejrmula sionhendijng i Aa. Gylzbacka hälfann hejmland. Haurdabol hälfitt. Botn hia Suijnbjug og Dalahölm og skjerenn med, halffa Þorgejrstada hlijd.

[...].<sup>228</sup>

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703* getur um Svínbjúg, í kafla um Snöksdal:

Selstaða heyrir þar til, sem kirkjan á, á Botni við Svínbjúg; hefur verið góð og er enn. Nú hefur hún í lánga tíma ei brúkuð verið; er þó að stóru gagni, en mjög langt til.<sup>229</sup>

Tíu prófastsvísitásiur að Snöksdal á árabílinu 1721-1866 herma að kirkjan í Snöksdal eigi Botn við Svínbjúg.<sup>230</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við kirkjuna að Snöksdal er getið um Botn við Svínbjúg. Þar segir:

Kyrkiann i Snöksdal stendur á Bondaeign.

St. Stephani kyrkia ad Snoksdal í Middöllum á j föstu hálfu heymaland 38 hndr., med hiáleigunni hálfri gilsbacka, og þ[ess] meira, sem er á mille Þreskialldar og Leirmúla, siónehnd[ing] framm í Midá; Jördena hálfu Hörðuból 6 hndr., j Þorgriimsstadahlyd tvo og halffu þridia hundrad, Botn hiá Svinbug beytarland, [000000] skierin med, Biarneyar liggjandi úti Hvamm[000] med gognumm og giædumm, hveriar alldrej hafa bygdar verid, menn viti, og þess vegna þeirra dyrleyki óviss. 5 hndr. j saur[000]fiöru, hundradz lambarekstur, á Skardsfiall, hundrad [0000] j Sveynatunguskógie, j Norðurárdal, 6æringsskip [...].<sup>231</sup>

Í kafla um Snöksdal í jarðamatinu 1849-1850, er þess getið að svonefndur Snöksdalsbotn fylgi samnefndri jörð. Sagt er að Snöksdalsbotn sé fyrir framan Hólsland, og hafi sérstök landamerki útaf fyrir sig. Þar segir:

25. Snöksdalur, 60<sup>e</sup> talin; þar er hjáleigan Gilsbakki óákvedin landamerki; jörðunni fylgir svonefndur Snöksdalsbotn, framan Hólsland, med sér skildum landamerkjum, virdist því sér skilid, en leggst vid jardarinnar verd. Hér stundar kirkja, sem og uppber prestur árlega 15 fjórdunga smjör af eigninni.

---

<sup>228</sup> Skjal nr. 2(23).

<sup>229</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 24.

<sup>230</sup> Skjöl nr. 2(51), 2(52), 2(53), 2(54), 2(55), 2(56), 2(57), 2(58), 2(59) og 2(60).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(68).

---

Tún í Snóksdal er stórt, en þýft mjög; engjar miklar, og mest part þurrar skemda hætt, hagbeit lítil og létt heima, og landrýmislítid, torfrista allgód; Silúngsveidi til muna. Tún á Gilsbakka harðt og grýtt.

Heimajörðin Snóksdalur metst 500<sup>r</sup>

Hjáleigan Gilsbakki 75<sup>r</sup>

Landsplátsid Snóksdalsbotn 50<sup>r</sup>

Til samans 675<sup>r</sup>.<sup>232</sup>

Hinn 7. febrúar árið 1857, ritaði sýslumaður Dalasýslu hreppstjóra Hörðadalshrepps, Jóni Jónssyni í Hlíð, um kostnað vegna grenjavinnslu í Snóksdalsbotni, sem tilheyrir jörðinni Snóksdal, sem selstaða eða upprekstarland. Bréfið hljóðar svo:

Í brjefi næstliðið ár hafið þjer leitað míns álits um það, hvaraf kostnað þann beri að taka, er leiði af því að vinna greni í því landi er Snóksdalsbotn kallast, og liggur innan Hörðadalshrepps, en sem tilheyrir sem selstaða eða upprekstarland jörðunni Snóksdal í Miðdölum. –

Í tilefni hjeraf leyfi eg mjer að ávísa yður, að svosem málefni þessu víkur við nokkuð sjerstaklega, svo hygg eg tiltækilegast, að þjer farið þess á leit við eigara Snóksdals, Sgr. Guðbrand á Hólmlátri, að hann inngangi við yður samning um, að borga sem eigari Snóksdals kostnað þann er leiða kynni af því að vinna gren á Snóksdalsbotni; svo sem hann annað hvort, við að leigja tjeð land í burt, til uppreksturs, ellegar að byggja það á parti ábúendum Snóksdals, eða öðrum, uppber þar fyrir toll eða afgjald, en skyldi þetta, mót von, vera svo lítið, að mikinn part skjertist við grenjakostnaðinn, (þó á aðra síðuna megi vænta, að gren fynni þar einúngis einstöku sinnum stað) fyndist mjer ekki ósanngjarnt, að Hörðadalshreppur, hvar áminnst land bæði liggur, og sem að líkindum mikinn part af árinu notast þar þakkarlaust, taki þátt í kostnaðinum allt að helmíngi; hvar við eg hygg málefni þetta, sanngjarnast og bezt útkljáð, eptir þeim núverandi kríngumstæðum.

Skrifstofu Dalasýslu að Skarði 7. febr. 1857.

C. Magnusen

Til Hreppstjóra Jóns Jónssonar á Hlíð.<sup>233</sup>

Varðveitt er svohljóðandi yfirlýsing, dagsett þann 10. júní árið 1858, frá þáverandi eiganda Snóksdals, Guðbrandi Magnússyni, varðandi Snóksdalsbotn:

Eg undirskrifaður géf hér með til kinna; að eg hefi bygt eignarjörð mína Snóksdal með þeim skilmála að Snóksdalsbotn ásamt fleyri ítökum Snóksdals kyrkju, filgi téðri jörð til allrar notkunar; og ekkert afgjald eptir ítökinn áskilið mér, nema landskuld jarðarinnar sem ákveðinn er 80 álnir eptir 50 hundruð;

---

<sup>232</sup> Skjal nr. 2(13).

<sup>233</sup> Skjal nr. 2(123).

---

Þess vegna gét eg ekki fundið skildu mína að borga grenskostnað á Snóksdalsbotni, hvörki að undannförnu eða hér eptir. –

Hólmlátri 10. Júní 1858.

Guðbrandur Magnússon.<sup>234</sup>

Þann 22. júní árið 1858, skrifaði Jón Jónsson hreppstjóri Hörðadælinga amtmanninum í Vesturamti ítarlegt bréf, vegna fjalllendisins Snóksdalsbotns. Bréfið er svohljóðandi:

Í undannfarinn 3 ár hafa unnist tógren á fjall-landi því sem Snóksdalsbotn kallast, hvört að er Snóksdals kyrkju eign, en liggr við laust við Snóksdals heimaland framtil fjalla, fyrir framann búfjár haga bæanna Hóls og Selárdals í Hörðadalshreppi, eðr millum landa þeirra jarða og Hitardals lands í Mýrasýslu; á aðrnefnd tógren hafa aungvir fundið skildu sína að borga, og þessvegna verið lánaðr grenjakostnaðrinn sem skindilán, sumpart frá Hörðadalshreppi, og sumpart frá Snóksdals ábúendum, en Miðdalahrepps sveitarstjórn ekkert viljað borga þar af. Þess vegna hef eg skotið málefni þessu til úrlausnar viðkomandi sýslumans, eðr leytað hans álits þar um, hvörju hann svaraði með brefi af 7. Febrúar f. á. og tjáist hann „higgja tiltækilegast að fara þess á leyt við eigara Snóksdals Sgr Guðbrand á Hólmlátri, að hann borgi sem eigari Snóksdals, kostnað þann er leyða kinni af því að vinna gren á Snóksdalsbotni; svosem hann annað hvört við að leygja téð land til uppreksturs, ellegar að byggja það á parti ábúendum Snóksdals eða öðrum, uppberi þar fyrir toll eða afgjald“; þessa hef eg farið á flot við Sgr Guðbrand, en hann þverneitað að borga neitt af kostnaði þeim sem leyða kinni af að vinna gren á Snóksdalsbotni, hann tjáist einnig aungvann hafa téð land bygt á parti, hvorki til uppreksturs né annara nota, fyrir sérskilinn toll eða afgjald, nema einúngis ábúendum Snóksdals, sem hann hafi bygt það með jörðinni, og afgjald þess sé innifalið í afgjaldi eða landskuld allrar jarðarinnar, sem álitast muni sanngjarnlega ákveðinn 80 álnir á 50 hundruðum.

Þar næst segir sýslumaðr í áminstu bréfi „að sér findist ekki ósanngjarnt, að Hörðadalshreppr taki þátt í kostnaðinum allt að helmíngi (ef hann fáist ekki að fullu frá Guðbrandi) hvar áminst land liggi, og sem að líkindum mikinn part af árinu notist þar þakkarlaust“; þessu áliti sýslumannsins gét eg ekki verið samdóma, að Hörðudalshreppi beri að greiða á gren sem finnast á Snóksdalsbotni, þó hann liggi milli Hörðudalshrepps og Hraunhrepps í Mýrasýslu eins og áðr er sagt; ekki heldr í því tilliti þó 2 eða 3 menn sem næstir búa, noti hann eitthvað til beitar, til að fá skaðabætr fyrir ágáng á þeirra lönd, af peníngi þeim sem geingr á téðum Botni; og öðruvísi viðrækna ekki Hörðadælingar að þeir noti hann, og það ekki nema til nokkurrar beitar lítinn part af árinu; gétr nokkr sanngirni mælt með því, að allr hrepprinn gjaldi þess þó einstakir menn í hreppnum noti landið eitthvað, annað hvort í óleifi, eða til

---

<sup>234</sup> Skjal nr. 2(122).

---

að fá skaðabætr fyrir ágang á sitt land? Öðru máli væri að gégna ef einhvörum bónda í hreppnum væri leigt landið, so hann mætti brúka það og verja sem leygulant sitt, eða almenningr brúkaði það sem sitt land, eptir óátalinni hefð, sem hvörugt er tilfellið.

Hvað Snóksdals ábúendr áhrærir í þessu tilliti, hafa þeir frá ómuna tíð notað téð land, meira eða minna, hvör eptir ástæðum og velþóknan, flestir til upreksturs fyrir géldfé og hross, en sumir til selstöðu, og meðal þeirra prestr séra V. E. Reykdahl fyrir fáum árum þegar hann bjó í Snóksdal; einnig hafa ábúendr á Kyrkjujörðunum Þorgeirsstaðahlíð og Hörðabóli sem einnig eru í Miðdalahreppi, jafnann rekið þángað géldfé og stóð; og núverandi ábúendr Snóksdals, hafa ekki viljað sleppa þessu landi alveg frá jörðinni, þó Guðbrandr húsbóndi þeirra hafi boðið þeim það, þá vyrðist máské ekki næg ástæða til að heimta af Snóksdals búendum að borga grenskostnað á Snóksdalsbotni, þar þeir fá aungva upprekstrar tolla, eða neinar tekjur af þessu landi, annað en þeir brúka sjálfir; en minni ástæða vyrðist fyrir Miðdalahrepp, að skorast undann að borga kostnað þennann, þar landið tilheyrir þeim hreppi, en aungvum öðrum.

Athugandi við áörnefnt sýslumansbref af 7. febrúar f. á. er að eptir Snóksdals kyrkju máldögum á Snóksdals kyrkja Botn þennann að öllu leyti, en ekki selför eða upprekstr einúngis.

Í tilefni af framannsögðum málavöxtum, leyfi eg mér að rita yðr Havelborni herra amtmaðr! um þetta málefni, og óska hér með auðmjúkgast yðar Havelborinheita úrskurðar um hvörjum beri að borga á tóugren sem unninn hafa verið, og hér eptir verða unninn á Snóksdalsbotni. Eg læt þessu bréfi filgja áðr nefnt bréf herra Kammerráðs C. Magnúsens, og attest frá Guðbrandi á Hólmlátri um byggíngu Botnsins með Snóksdal.

Hlíð 22. Júní 1858.

Undirgéfnastr, J. Jónsson hreppstjóri í Hörðudal

Havelborni Herra amtmaðr P. Melsteð, R. af Dbr. og Dbrm.<sup>235</sup>

Hinn 26. september árið 1859, sendi sýslumaður Dalasýslu amtmanninum í Vesturamti skýrslu, um notkun fjalllendisins Snóksdalsbotns. Skýrslan er svohljóðandi:

Með brjefi dagsettu 27. May hefur yðar Havelborinnheitum þóknast að óska af mér áreiðanlegrar skýrslu um hvort Snóksdals ábúendur eingaungu hafi notað fjalland það er Snóksdalsbotn heitir, og sem liggur undir jörðina Snóksdal framm til fjalla nálægt bæunum Hóli og Selárdal í Hörðudalshreppi.

Í tilefni héraf, leyfi eg mér auðmjúkgast að ávísa yðar Havelborinnheitum, að tjeð fjalland Snókdalsbotn, sem er Snóksdals kirkjueign, hefur í óminnilega tíð verið notaður á ýmsan hátt af ábúendum Snóksdals og undirliggjandi jarða, stundum sem selstaða þá efnaðir ábúendur voru í Snóksdal, enn optar sem upprekstra land fyrir géldfé frá Snóksdal, og stundum ásamt frá Kirkjuiörðum

---

<sup>235</sup> Skjal nr. 2(121).

---

Snóksdals, Hörðubóli og Þorgeirsstaðahlíð, hvorjar jarðir ásamt Snóksdal liggja innann Miðdalahrepp, og hefur enn fremur fjallendi þetta frá Snóksdals bændum verið notað til beitar fyrir stóðhross á sumrum, enn þar Snóksdals ábúendur um mjög löngu tíð hafa verið miður efnaðir, og fáir þeirra því haft þau verulegu og sönnu not af þessu áminsta góða fjallendi kirkjunar, er þess utann liggur afskétt við þá, svo hefur notkun þess árlega lendt að miklu leiti hjá ábúendum Hóls og Selárdals þó þakkarlaust, einsog fjallafje Hörðælinga hefur geingið þar á líkann hátt án þess þar fyrir hafi verið tekinn nokkur fjallatollur, hvarfyrir ég leyfi mér að skjóta til hins háa amts álits og úrlausnar, hvort ekki mundi sanngjarnast eptir því sem nú ástendur með þessa fjallands notkun, að Hörðudalshreppsþúum verði gjört að skyldu að annast um grenjaleitir á því, samt um að þau verði tilhlýðilega unninn, og að þeir borguðu þann hálf þar af leiðandi kostnað, enn Snóksdals ábúendur hinn helminginn, öðru máli væri að gegna máské ef Snóksdælingar ábúendur færðu sér að öllu leiti í nyt fjallendi þetta, svosem með að nota þar selstöðu og brúka þar upprekstur fyrir géldfé og hross haust og vor, sem þeinkst gjæti ef eigandi eða efnamaður byggir á Snóksdal, eða Snóksdals eigandi eða aðrir tæki fyrir sig að setja býli í áminstu fjallandi, þá sanngirni virðist að mæla framm með því að kostnaðurinn allur borgaðist af Snóksdals eigara eða ábúendum ef hann leigði þeim tjeð fjallendi, enn Hörðudalshrepp verður aungvu síðar gjört að skyldu að annast um grenjaleitirnar með þaraðlútandi eins og fyrr er ávikið.

Skrifstofu Dalasýslu 26. Septbr 1859.

auðmjukast C Magnusen

Havelbornum Herra amtmanni P. Melsted Riddari af Dannebrog og Dannebrogsm.<sup>236</sup>

Í landamerkjabréfi fyrir fyrir Snóksdal og Gilsbakka, dagsettu 22. maí 1886, en þinglesnu 31. maí sama ár, er merkjum Botns við Svínbjúg, ekki lýst.<sup>237</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur ekkert fram í kaflanum um Snóksdal, sem varpar ljósi á Botn við Svínbjúg.<sup>238</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur fram, jarðirnar Selárdalur og Hóll verði fyrir ágangi afréttarfjár.<sup>239</sup>

### 5.8.1 Svæði sem tengjast Botni við Svínbjúg

Hér verður fjallað um svæði sem tengjast Botni við Svínbjúg, ýmist vegna réttinda innan svæðisins eða þess að land þeirra liggur að svæðinu.

---

<sup>236</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2(14).

<sup>239</sup> Skjal nr. 2(14).



---

### 5.8.1.1 Snóksdalur (réttindi)

Í máldaga Stefánskirkju í Snóksdal, er Árni biskup Þorláksson mun hafa sett árið 1286, segir meðal annars eftirfarandi um eignarhald á Snóksdal:

Kirkia j snoksdal er helgud med gudi hinum: helga stefano hun a lond þriu half: gilz backa oc haurde bol stad: og snoks dals land og þui meira a milli hleirmula [Leirmúla] oc þreskalldar. [...].<sup>240</sup>

Í máldaga Snóksdalskirkju frá 1340, er Jón biskup Indriðason setti, segir um Snókdalskirkju:

Stephanus kirkia j snokzdal a heimalannd halft oc gilsbacka hálfann. hordabolstad hálfann oc þuij meira sem er millum þreskaulldar oc leirmula sionhenndijng fram j á botnn hia svijnbiugi oc dalaholm oc skerid med. [...] alla veidi j mida. sem lannd liggur vid vt j sio. [...] þangad liggia xiiij bæir ad tijvnndum oc lysitollum [...].<sup>241</sup>

Í Hítardalsbók frá árinu 1367 segir eftirfarandi um kirkjuna í Snóksdal:

Kirkia j snoksdal er helgud hinum heilaga stephano. hun a lond þriu halfann Snoksdal og þui meira sem er millum þreskialldar og leirmula. sionhending fram j aa. Gilsbakka halfann. hordabol halftt. botnn hia suiynbiug og dalaholm og skerinn med. [h]val attung j ollum reka a hardavelle. alltt eptter vilchinsbok.<sup>242</sup>

Í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 er einnig minnst á Snókdalskirkju og Botn við Svínbjúg. Um kirkjuna í Snóksdal segir eftirfarandi:

Kirkia i Snoksdal er helgud hinum heilaga Stephano. Hun a lond þriu half. Snoksdal halfann og þui meir sem er i mille þreskialldar oc Leirmvla. sionhending fram j A. Gilsbacka halfann. Hordabol halftt. Botn hia Svijnbugh oc Dalaholm oc skerinn med. [H]Val attung j ollumm reka a Hardavelli i millum Drangs oc Grindar oc kiortrie ad auk. [H]val settung i þeim hvolumm er koma a Fallandastada reka j Hrutafirdi. alla veide j Midá sem land liggur vid vt j sio. [...]Þangad liggia xvj bæir ad tijundumm oc lysitollumm [...].<sup>243</sup>

Minnst á Botn við Svínbjúg í máldaga Snókdalskirkju frá 1491. Þar segir um Snóksdal:

Kirkia j Snokzdal er helgud hinum heilaga Stephano. hun a lond þriu half. snoksdal halfann oc þui meira sem er j millum þroskalldar oc leirmula. sionhendijng fram j a. Gilsbacka halfann. hordabol. halfann botnn hia suiynbiug. Dalaholmm oc skerinn med [h]val attuug j aullum reka a hardavelle j millum dranngs oc grinndar oc kiortre ad auk. [h]val settunng j þeim huolum

---

<sup>240</sup> Skjal nr. 4(82).

<sup>241</sup> Skjal nr. 4(83).

<sup>242</sup> Skjal nr. 4(86).

<sup>243</sup> Skjal nr. 4(84).

---

er koma a fallanndastada reka j hrutafirde. alla veide j mida sem lannd iiggur vid vt j sio. jtem iij kýr oc einn kapall et cetera. Jtem hafa gefist ij hundrud. porcio ecclesie vmm næstu vij ar medann sigurdur dadason hefur halldid fimm hundrud.<sup>244</sup>

Ekki er minnst á Botn hjá Svínbjúg, í máldaga fyrir Snókdalskirkju, frá því um árið 1500.<sup>245</sup>

Gíslamáldagi fyrir Snókdalskirkju, frá því um 1570, getur ekki um Botn hjá Svínbjúg. Máldaginn hljóðar svo:

Sniosdalur [svo].

Kirkian i Sniosdal [svo] ä hälft heimaland .xxx<sup>c</sup>.

Jtem .v<sup>c</sup>. i Giardeyium. ättung huals ä mille Drangs og Grindar og kiørtrie. huals ättung i Fallanda stada reka.

Jtem .v<sup>c</sup>. i Saurbæiarfjör. Jtem ä kirkian .x. kyr og .xxx. äsaudar. ij<sup>c</sup> i giellum saudum og .ij<sup>c</sup>. i nautum.

Jtem hundradz hest.

Jtem i kirkiumne .ij. messuklädi alfær og ij staker hauklar kostuliger.

Jtem .ij. silffur kaleikar væner. og er annar nockud gylltur.

Jtem ein kantarakäpa gömul. Jtem .ij. alltariskläde. Brijk gylltt. eitt steinspialld yffer alltare.

Jtem .ij. skrudastockar og ij stolar. ij koparpjpur storar. ij kluckur litlar. ij biöllur. eirn järnkall. og eirn järnhialmur.

Jtem fastagotz .ij<sup>c</sup>. hundrada og ij<sup>c</sup>. betur.

Jtem lausagotz ij<sup>c</sup> hundrada og L<sup>c</sup> betur.<sup>246</sup>

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 segir eftirfarandi um Snóksdal:

Selstaða heyrir þar til, sem kirkjan á, á Botni við Svínbjúg; hefur verið góð og er enn. Nú hefur hún í lánga tíma ei brúkuð verið; er þó að stóru gagni, en mjög langt til.<sup>247</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 14. maí árið 1721, segir kirkjuna þar eiga „botn hiä Svýnvbiug“.<sup>248</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 1. júní árið 1726, segir kirkjuna þar eiga „botn hiä Svijnbiug“.<sup>249</sup>

---

<sup>244</sup> Skjal nr. 4(85).

<sup>245</sup> Skjal nr. 4(79).

<sup>246</sup> Skjal nr. 4(81).

<sup>247</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 24.

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(51).

<sup>249</sup> Skjal nr. 2(52).

---

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir um Snóksdal:

Jordenn er landmikel og landgöd og sæmeleg under bu.<sup>250</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 25. júní árið 1733, segir kirkjuna þar eiga „botn Hia Svinbiug“.<sup>251</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 17. maí árið 1742, segir kirkjuna þar eiga „Botn hiä Svijnbiug“.<sup>252</sup>

Varðveitt er greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu, ársett 1744. Við kirkjuna að Snóksdal er getið um Botn við Svínbjúg. Þar segir:

Kyrkiann i Snóksdal stendur á Bondaeign.

St. Stephani kyrkia að Snóksdal í Middölum á j föstu hálfu heymaland 38 hndr., með hiáleigunni hálfri gilsbacka, og þ[ess] meira, sem er á mille Preskialldar og Leirmúla, sionhend[ing] framm í Midá; Jördena hálfu Höruból 6 hndr., j Þorgrimstadahlyd tvo og halft þridia hundrad, Botn hiä Svinbug beytarland, [00000] skierin með, Biarneyar liggandi úti Hvamm[000] með gognumm og giædumm, hveriar alldrey hafa bygdar verid, menn viti, og þess vegna þeirra dyrleyki óviss. 5 hndr. j saur[000]fiöru, hundradz lambarekstur, á Skardsfiall, hundrad [0000] j Sveynatunguskógie, j Norðurárdal, 6æringsskip [...].<sup>253</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 5. júní árið 1753, segir kirkjuna þar eiga „Botn hiä Svinbiug“.<sup>254</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 2. október árið 1803, segir kirkjuna þar eiga „Botn hiä Svínbiug“.<sup>255</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Snóksdalur sagður vera 60 hundraða jörð í eigu kirkju sama staðar að hálfu leyti og að hálfu leyti í eigu ábúandans Sveins Hannessonar. Um réttindi og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar. Getið er um eyðihjáleigurnar Gilsbakkakot, Snóksdalskot og Hálsendakot sem nýtist sem beitiland.<sup>256</sup>

Vísitasía prófasts að Snóksdal þann 13. júní árið 1807, segir kirkjuna þar eiga „Botn fra Svinbiug“.<sup>257</sup>

---

<sup>250</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 144.

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>252</sup> Skjal nr. 2(54).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>254</sup> Skjal nr. 2(55).

<sup>255</sup> Skjal nr. 2(56).

<sup>256</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>257</sup> Skjal nr. 2(57).

---

Vísitasía prófests að Snóksdal þann 30. september árið 1820, segir kirkjuna þar eiga „Botn hiá Svínbiuge“.<sup>258</sup>

Vísitasía prófests að Snóksdal þann 26. september árið 1849, segir kirkjuna þar eiga „Botn hiá Svín biúg“.<sup>259</sup>

Í jarðamati Dalasýslu frá árinu 1849-1850 er landsplássins Snókdalsbotns getið sérstaklega með Snóksdal, og það sérstaklega verðlagt. Sjá nánar umfjöllun í kafla 1.7.

Vísitasía prófests að Snóksdal þann 8. október árið 1866, segir kirkjuna þar eiga „Botn hjá Svínbjúg“.<sup>260</sup>

Um Botn við Svínbjúg segir eftirfarandi í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu árið 1851:

Kirkjan að Snóksdal á eftir máldögum hálf heimland, 30 hndr., og því meira sem er á milli Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í á; Gilsbakka hálfan heimaland; Hörðaból hálf og hálf Þorgeirstaðahlíð; Botn hjá Svínbjúg og Dalahólm og skerinn með [...].<sup>261</sup>

Í landamerkjabréfi fyrir fyrir Snóksdal og Gilsbakka, dagsettu 22. maí 1886, en þinglesnu 31. maí sama ár, er merkjum Botns við Svínbjúg, ekki lýst.<sup>262</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur ekkert fram í kaflanum um Snóksdal, sem varpar ljósi á Botn við Svínbjúg. Þess er getið, að á meðal helstu ókosta jarðarinnar, sé að upprekstrarland vanti að nokkru.<sup>263</sup>

### 5.8.1.2 Selárdalur (aðliggjandi)

Um selstöður á Selárdal segir eftirfarandi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703:

Selstaða hefur verið í heimalandi góð; nú aldrei brúkuð í mannaminnum, vegna mannskaðarleysis ábúenda.<sup>264</sup>

Ekki er getið um Svínbjúg, eða Botn við Svínbjúg, í sama kafla um Selárdal, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason segir m.a. eftirfarandi um Selárdal:

Fjallland miket bläsed.<sup>265</sup>

---

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(58).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(59).

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(60).

<sup>261</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 30, 38.

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(10).

<sup>263</sup> Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirmat I, bls. 92-94.

<sup>264</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 12.

<sup>265</sup> *Jarðabók yfir Dalasýslu* frá 1731 eftir Orm Daðason, bls. 156.

---

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Selárdalur sagður vera 16 hundraða jörð í eigu Gísla Ólafssonar að Kjörseyri í Strandasýslu. Jón Þorsteinsson, hreppstjóri, býr á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar.<sup>266</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu segir eftirfarandi um Selárdal árið 1851: Selárdalsbær er vestanvert við Skraumuá og gengt yfir frá Hóli undir Selárdalsborg; þarnæst eru Gautastaðir sama megin fyrir utan Hafradalsá; þarnæst eru Álftraðir niður með Skraumuá; þá er Dunkur vestar, og eiga þessir tveir bæir land með sjónum milli Skraumuár og Dunkár; vestantil við hina síð(ast)nefndu á er Dunkárþakki; og so Gunnarstaðir yst á hrepps- og sóknarenda; þessir bæir eiga einnig land með firðinum milli Dunkár og Gljúfrár. Hundradatal á öllum framantöldum jörðum er eins og Jarðatal Johnsens greinir nema Fremri-Hafnabjörg eru 25 hundruð.<sup>267</sup>

Landamerkjabréf fyrir Selárdal, samið í maímánuði 1883 og þinglesið 19. maí 1884, hermir eftirfarandi um afmörkun jarðarinnar:

Frá veginumá Svínabjúgsbrúnn austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgnum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg eptir Bustarhryggnum í armótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt, þaðan eptir því sem áin rennur ofan að hólmanum sem fjarrjettin stendur á, og eptir gamla árfarveginum, sem er undir rjettinni þaðan eptir því sem áin rennur ofan að Hafradalsármótum. Frá áður greindum vegi á Svínbjúgsbrún vestur Þröskuldardalsbrún, svo eins og vötnum hallar inn á Selardalssneis, af henni inn á Gautastaðasneis, þaðan sjónhending ofan að Hafradalsár upptökum syðst á Dýadal og eptir því sem áin rennur ofan að áðurgreindum ármótum Hafradalsár og Skraumu.<sup>268</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur fram, að upprekstrarland Selárdals sé nægilegt. Þess er einnig getið, að á meðal heslta ókosta jarðarinnar sé ágangur af afréttarfé.<sup>269</sup>

### 5.8.1.3 Hóll í Hörðudal (aðliggjandi)

Þann 14. maí árið 1691 var þinglesin lögfesta Árna Geirssonar á manntalsþingi að Blönduhlíð, fyrir Hóli í Hörðudal. Lögfestan var samin sama dag og ár og hljóðar hún svo:

Lögfeza f(yrir) Hóli í Hörðudal, Arna Geirssonr, dat. 14da Maii 1691 og sama dag upplesin ad Blönduhl(iðar) manntalsþingi – t(il)greinir landamerki „frá Leirmula vid Hörðudalsá, og svo frameptir sem áin rædr upp t(il) móts vid Skjaldhamr úr Skjaldhamri og í Hestagil, úr Hestagili og vez(tu)r á Hólsfjall og

---

<sup>266</sup> Selárdalur. Botn við Svínbjúg. Jarðamat Dalasýslu 1804, bls. 4v.

<sup>267</sup> Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003), bls. 36.

<sup>268</sup> Skjal nr. 2(11).

<sup>269</sup> Selárdalur í Hörðudalshreppi. Fasteignamat Dalasýslu 1916–1918. Undirnat I, bls. 24-25.

---

í Þórugil þadan réttisínis ofan í Skraumá, rædr Skraumá svo Hólslandi ofaneptir móts við Daufhól, úr Daufhól uppá Geitastekkjaháls í Axarhrigg, úr Axarhrigg of(a)n í Skjólklett, þadan og í Bólklettinn milli Hóls og Geitastekkja, úr Bólklettinum í ádr nefndann Leirmúla við Hörðudalsá.<sup>270</sup>

Ekki er getið um Svínbjúg, eða Botn við Svínbjúg, í kafla um Hól, í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703.<sup>271</sup>

Í jarðamati yfir Dalasýslu frá árinu 1804 er Hóll sagður vera 40 hundraða jörð í helmingsseigu Bjarna Benediktssonar á Dunki á móti Sveinbirni Jónssyni að Ásgarði. Bjarni Þorsteinsson og Jón Jónsson búa á jörðinni. Um landamerki og afréttarmál jarðarinnar er ekkert fært til bókar en fram kemur að eyðihjáleigan Hólkot nýtist sem beitiland.<sup>272</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hól í Hörðudal, er dagsett 16. maí 1884, og þinglesið 19. maí sama ár, hermir svo um landamerki jarðarinnar:

Landamerkin byrja í Þórugilsbotni (sem er norðvestan við Þórutind) eptir því sem gilið ræður ofan til Botnsár, eptir því sem áin ræður ofan að holmanum, sem rjettin stendur á, þar eptir gamla farveginum, sem er undir almenningnum (rjettinni) eptir þeim farveg vestur til [...].<sup>273</sup>

Í fasteignamatinu 1916-1918, kemur fram, að upprekstrarland Hóls sé nægilegt. Þess er einnig getið, að á meðal heslta ókosta jarðarinnar sé ágangur af afréttarfé.<sup>274</sup>

## 5.8.2 Fjallendi Hraunhrepps (aðliggjandi)

Vísað er til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 1/2014 á svæði 8B.

---

<sup>270</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>271</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 13-14.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2(32).

<sup>273</sup> Skjal nr. 2(61).

<sup>274</sup> Skjal nr. 2(14).

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdu með úrskurðum á svæðum 7B, 8A og 8B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með hluta af kafla úr úrskurðum á næsta svæði á undan, sem innihélt almenn atriði. Ekki þykir vera þörf á að uppfæra þær að nýju nú með efni úr úrskurðum á svæði 8B. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem hér fylgir í viðauka er því óbreytt frá þeirri sem birt var með úrskurðum nefndarinnar á svæði 8B.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 68 dómur Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Þeim dómum sem höfðu fallið fyrir uppkvaðningu úrskurða óbyggðanefndar á svæðum 5, 6, 7A, 7B, 8A og 8B voru gerð skil þar. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað um hana.

Sex nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8B voru kveðnir upp 11. október 2016. Þar er um að ræða dóm réttarins frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur), frá 20. október

---

2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá), frá 10. nóvember 2016 í máli nr. 322/2016 (Hnjótafjall), frá sama degi í máli nr. 323/2016 (Skíðadalsafréttur), frá 28. september 2017 í máli nr. 93/2017 (Djúpidalur „utan Grjótgarðs“ og Þverdalur ásamt Mælifelli eða Mælifellsseli) og loks annan dóm frá sama degi í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Í fimm fyrstnefndu dómunum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að þau svæði sem deilt var um væru þjóðlendur. Í síðastnefnda dómnum var niðurstaða Hæstaréttur aftur á móti sú að svæðið sem þar var til umfjöllunar væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði úrskurðað að það væri þjóðlanda.

Í fjórum af þessum dómum höfðu staðhættir og lega ágreiningssvæðanna, líkt og í mörgum fyrri dómum réttarins, umtalsverð áhrif við mat á því hvort líkur stæðu til þess að stofnast hefði til beins eignarréttar á þeim við landnám. Verður nú vikið nánar að því. Í dómi Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) segir eftirfarandi:

Þegar metið er hvort líkur hafi á annan hátt verið færðar að því að land í Arnarstaðatungum hafi verið numið og þannig orðið háð beinum eignarrétti verður að taka tillit til þess að norðurmerki þessa svæðis eru nærri 44 km frá sjó, en fyrir sunnan þau er Eyjafjarðardalur allþröngur og umlukinn bröttum hlíðum. Innan merkja Arnarstaðatungna er lítið nýtanlegt land í dalnum, en ofan við hann mun vera gróðursnautt hálendi. Þá verður ekki síður að líta til þess að frá suðurmerkjum Arnarstaða og Arnarfells eru meira en 13 km til norðurmerkja Arnarstaðatungna. Milli þessara landa eru sjö jarðir austan við Eyjafjarðará, sem að auki skilur þau að, en hún er þar nokkuð vatnsmikil. Engar heimildir gefa til kynna að Arnarstaðir séu eldri jörð en þær, sem standa milli hennar og tungnanna sem við hana eru kenndar, og liggur hvorki fyrir hvernig stofnað hafi verið til réttinda jarðarinnar þar né hvort önnur jörð eða aðrar kunnir áður að hafa farið með þau.

Þá er eftirfarandi texti í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 10. nóvember 2016 í máli nr. 322/2016 (Hnjótafjall):

Þegar metið er hvort skriflegar heimildir, sem liggja fyrir í málinu, gefi til kynna að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir landi á Hnjótafjalli, verður í fyrsta lagi að hafa hliðsjón af því að á stærsta hluta þessa svæðis er lítt gróið hálendi upp frá fremur bröttum fjallshlíðum og virðist það litla undirlendi, sem þar er að finna, einkum fallið til beitar á takmörkuðum tíma árs, en vart til búskapar nema að viðbættu frekara landi utan marka þessa svæðis. Liggur ekkert fyrir í málinu um að nokkru sinni hafi verið byggð innan merkja þessa svæðis að frátalinni frásögn í örnefnaskrá um sel í landinu. Í öðru lagi er svæðið, sem hefur skýr náttúruleg mörk af Skallá og Svarfaðardalsá til annarra átta en vesturs, nokkuð líkt landi Atlastaða til norðurs og Kots og Vífilsstaða til suðurs að því er hálendi varðar, en láglandi er þó öllu meira innan merkja þessara jarða. Stefndi vefengir ekki að land þeirra sé háð beinum eignarrétti allt til vatnaskila á fjöllum. Mörk eignarlanda og þjóðlendu fylgja þannig ekki samfelldri línu á þessum slóðum, heldur myndar Hnjótafjall skarð í hana. Í



---

þriðja lagi verður að gæta að því að þótt réttindi yfir Hnjótafjalli, sem deilt er um í málinu, eigi nú samkvæmt landamerkjabréfi frá 15. maí 1884 undir aðliggjandi jörð, Atlastaði, fylgdu þau áður Urðum, sem eins og fyrr greinir eru um 6 km fyrir austan merki Hnjótafjalls. Milli Urða og þessa landsvæðis er fjöldi jarða, sem eftir fyrirliggjandi heimildum allt aftur til ársins 1318 virðast ekki nema að litlu leyti hafa verið á sömu hendi og Urðir eða í eigu kirkjunnar þar.

Í dómi Hæstaréttar frá 10. nóvember 2016 í máli nr. 323/2016 (Skíðadals-  
afréttur) segir:

Þegar metið er hvort fyrirliggjandi heimildir gefi til kynna að stofnað hafi verið til beins eignarréttar yfir þessu svæði verður að gæta að því að þar er að verulegu leyti lítt eða ekkert gróið hálendi, sem nær allt upp í tæplega 1400 m hæð yfir sjávarmáli. Innan merkja svæðisins er þó syðsti hluti Skíðadals, sem eftir gögnum málsins er nokkuð gróinn upp í brattar fjallshlíðar, og virðist líkt farið um Vesturárdal sunnan við ána, sem hann dregur heiti sitt af. Þrátt fyrir það gæti land þetta eitt út af fyrir sig vart hafa nægt undir sjálfstæða bújörð og liggur ekkert fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Skíðadalsafréttur er á hinn bóginn umlukinn landi, sem er háð beinum eignarrétti eftir niðurstöðum óbyggðanefndar. Þótt það land virðist á köflum vera áþekkt að því er varðar hæð yfir sjávarmáli og gróðurfar verður að taka tillit til þess að þar er um að ræða hluta af stærri landsvæðum, sem eru að öðru leyti á grónu undirlendi.

[...]

Í tengslum við þetta verður að líta til þess að frá Völlum til nyrstu merkja Skíðadalsafréttar eru sem fyrr segir um 19 km og eiga þar á milli fjölmargar jarðir nú land, en í gögnum málsins verður ekkert séð, sem bendir til að jarðareign Valla geti á einhverju stigi hafa náð yfir allt það svæði.

Í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 um Hvassafellsdal segir:

Þegar litið er til annarra atriða við mat á því hvort beinn eignarréttur geti hafa orðið til að landi á svæðinu Hvassafellsdal verður að gæta að því að það er að öðru leyti en að framan greinir umluknið þjóðlendum. Láglandi á svæðinu er óverulegt og eru engar heimildir um að nokkru sinni hafi þar verið búseta að frátöldu því að um aldir virðist hafa verið þar sel frá jörðinni Hvassafelli. Milli merkja þeirrar jarðar og svæðisins eru sem fyrr segir nærri 9 km og liggur þar land fimm annarra jarða.

Í öllum fjórum dómunum sem hér var vitnað til er greint frá fjarlægðinni milli viðkomandi ágreiningssvæðis og þeirrar jarðar sem þar átti réttindi og tekið fram að land óskyldra jarða liggi þar á milli. Dómarnir eiga það einnig sammerkt að skortur á undirlendi er talinn mæla gegn því að sjálfstæðar jarðir hafi verið á svæðunum sem deilt var um. Þessi atriði höfðu, ásamt öðrum, áhrif á niðurstöður Hæstaréttar um að svæðin

---

sem deilt var um væru þjóðlendur, að Hvassafellsdal frátöldum. Í síðastnefnda dómnum réðu fyrri lögskipti eiganda Hvassafells við íslenska ríkið úrslitum um þá niðurstöðu að Hvassafellsdalur væri eignarland, þrátt fyrir að rétturinn teldi að fyrirliggjandi heimildir styddu „á engan hátt að land á svæðinu, sem málið varðar, hafi með námi orðið háð beinum eignarrétti“, heldur hnigu þær þvert á móti eindregið að því „að eigendur Hvassafells hafi notið óbeinna eignarréttinda yfir landinu, sem falist hafi í hefðbundnum notum til upprekstrar búfjár og öðru því sem afréttir hafa í aldanna rás almennt verið hafðir til“.

Þeir dómur sem hér hafa verið raktir eru til frekari staðfestingar því sem fram hefur komið í fyrri dómum réttarins um að staðhættir og lega ágreiningssvæða, og þá sérstaklega með tilliti til legu þeirra jarða sem tengjast svæðunum, geti haft afgerandi þýðingu við túlkun skriflegra heimilda og mat á því hvort svæðin séu háð beinum eignarrétti, þó að ekki verði annað ráðið af dómunum en að hinar skriflegu heimildir hafi eftir sem áður mest vægi við það mat.

Ólíkt flestum þeim svæðum sem óbyggðanefnd hefur haft til meðferðar áður liggur land í Dalasýslu ekki að miðhálandi Íslands, eins og það hefur verið skilgreint í skipulagi. Í mörgum tilvikum er fremur stutt milli ágreiningssvæða og þeirra jarða sem tengjast þeim að eignarrétti, leiðir þar á milli greiðfærar og land innan ágreiningssvæðanna að einhverju leyti vel nýtanlegt. Tekið hefur verið tillit til þessara atriða við úrlausn málanna eftir því sem við hefur átt.

Um þau lögskipti íslenska ríkisins og eiganda Hvassafells sem áður voru nefnd segir annars í dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur):

Þótt eigandi Hvassafells, sem gaf út afsal til áfrýjanda fyrir landsvæðinu Hvassafellsdal 9. september 2005, hafi ekki getað framselt með því víðtækari réttindi en hann naut með réttu, er ekki unnt við úrlausn málsins að horfa fram hjá því að saman leituðu þeir sem áður segir með bréfi 2. maí sama ár eftir því við landbúnaðarráðherra að hann heimilaði „skiptingu jarðarinnar Hvassafells“ á þann hátt að þetta svæði yrði gert „að sér fasteign og skráð sem jörð undir nafninu Hvassafellsdalur“, svo og að það yrði leyst úr landbúnaðarnotum. Við þessu erindi brást ráðherra eins og fyrr greinir með því að gefið var út í nafni hans 15. júlí 2005 leyfisbréf, þar sem hann leysti „úr landbúnaðarnotum spildu úr jörðinni Hvassafelli“ með vísan til 6. gr. jarðalaga og staðfesti á grundvelli 13. gr. sömu laga „landskipti á spildunni úr jörðinni“. Að því verður að gæta að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. jarðalaga gilda þau meðal annars um jarðir, jarðarhluta, afréttarlönd, almenninga, öræfi og þjóðlendur. Samkvæmt 5. gr. jarðalaga, eins og hún hljóðaði á þessum tíma, var lausn lands undan landbúnaðarnotum eftir 6. gr. laganna ekki háð því að það væri háð beinum eignarrétti sem hluti af jörð, enda var tekið fram í fyrnefndu lagagreininni að undir reglur þessar féllu meðal annars „afréttir, almenningar, þjóðlendur“. Þá er tekið fram í 1. mgr. 12. gr. jarðalaga, upphafsákvæði IV. kafla laganna sem tekur til

---

landskipta og fyrrnefnd 13. gr. heyrir meðal annarra til, að um skipti á landi, sem lögin gilda um, fari eftir ákvæðum gildandi laga á hverjum tíma. Samkvæmt þessu var nauðsyn á staðfestingu ráðherra á landskiptum og leyfi hans til lausnar á landi úr landbúnaðarnotum ekki bundin við lönd jarða, sem háð eru beinum eignarrétti, heldur gildi það sama um þjóðlendu, sem er í afréttar-eign tiltekinnar jarðar. Í því horfi hefði landbúnaðarráðherra getað orðið við beiðni áfrýjanda og eiganda Hvassafells frá 2. maí 2005 eða sett í leyfi sínu fyrirvara um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins, sem hún laut að. Það gerði ráðherra á hinn bóginn ekki, en á honum hvíldi rannsóknarskylda samkvæmt 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 við töku ákvörðunar um þessa beiðni, heldur var í bréfi hans 15. júlí 2005 tekið fram, auk þess sem að framan var vísað til, að óskað væri eftir að „jarðarhluti sá sem skipt er út úr jörðinni og leystur er úr landbúnaðarnotum“ yrði „skráður sem jörðin Hvassafellsdalur“ með tilteknum merkjum og við þeirri ósk var orðið. Eðli máls samkvæmt var ekki unnt að ræða á þennan hátt um landsvæðið Hvassafellsdal sem spildu innan jarðarinnar Hvassafells, skiptingu þeirrar spildu út úr landi jarðarinnar og skráningu svæðisins sem nýrrar jarðar, svo og að samþykkja að það fengi þá stöðu að lögum, nema á þeim grundvelli að landið á svæðinu væri háð beinum eignarrétti. Krafa fjármálaráðherra, sem barst óbyggðanefnd 14. mars 2008 um mörk þjóðlendu og eignarlanda, var að því er varðar Hvassafellsdal alls ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds stefnda. Er því óhjákvæmilegt að taka til greina kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008 um að landsvæðið Hvassafellsdalur sé þjóðlenda, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012.

Í köflum 6.1.2.3 í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1–4/2013 á svonefndu svæði 8A (Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga) er fjallað um dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og var þeirri umfjöllun síðar bætt við sem kafla 11.3 í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Í báðum tilvikunum voru það fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem réðu niðurstöðum Hæstaréttar um að ágreiningssvæðin væru eignarlönd en ekki þjóðlendur. Dómur Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur) er því þriðja tilvikið þar sem þannig hefur háttáð til í dómum Hæstaréttar í þjóðlendumálum. Atriði af þessum toga koma við sögu í tengslum við Sauðafellsselland í máli þessu.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar frá 28. september 2017 í máli nr. 93/2017 (Djúpidalur „utan Grjótgarðs“ og Þverdalur ásamt Mælifelli eða Mælifellsseli) krafðist eigandi jarðarinnar Stóradals þess að svæðið sem deilt var um væri háð beinum eignarrétti á grundvelli tengsla við þá jörð. Nægar líkur þóttu hafa verið leiddar að því

---

„að býli, sem hafi verið nokkurt að umfangi og borið heitið Mælifell“ hefði á fyrri tímum verið innan svæðisins. Um það segir í dómnum:

Ekki er ástæða til að ætla að þetta býli geti hafa orðið til án þess að landið, sem það stóð á, hafi verið háð beinum eignarrétti. Að lögum gat sá réttur ekki hafa stofnast á annan hátt en með námi.

Þótt byggja verði samkvæmt framansögðu á því við úrlausn málsins að land á svæðinu, sem það snýst um, hafi að minnsta kosti að einhverju leyti verið háð fullkomnum eignarrétti á fyrri öldum verður að gæta að því að ekki liggja fyrir beinar heimildir um afdrif þess réttar eftir að býlið á Mælifelli fór í eyði. Um þetta verður því að leitast við að draga ályktanir af skjalfestum gögnum og öðru því, sem liggur fyrir í málinu og áður hefur verið rakið.

Niðurstaða Hæstaréttar var eftirfarandi:

Í samræmi við það, sem áður sagði, hefur nú verið litið til gagna og upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu, til að leitast við að draga ályktanir um hver hafi orðið afdrif beins eignarréttar yfir landi, þar sem býlið Mælifell stóð á öldum fyrr. Í ljósi þess, sem að framan er rakið, verður engin viðhlítandi stoð fundin fyrir því að sá réttur hafi flust í hendur annarra eftir að Mælifell fór á ókunnnum tíma í eyði. Gagnstætt því hníga fyrirliggjandi gögn að því að eftir að byggð lagðist þar af hafi landið verið í einskis eignarráðum og hafi þá forráðamenn kirkjunnar á Saurbæ og eigendur Stóradals hvorir fyrir sitt leyti lagt undir sig hluta landsins til afnota. Slík umráðataka gæti ekki að lögum hafa leitt til yfirfærslu beinna eignarréttinda. Að því er Stóradal varðar fæst ekki séð að landið hafi verið háð frekari réttindum en lýst var með þeim orðum í jarðamati frá 1849 að þar ættu Ytra-Dalsgerði og Syðra-Dalsgerði „ásamt Stóradal ... í tak í nefndre afrétt“, svo sem ítrekað var í lýsingu á jörðinni 22. nóvember 1916 þegar sagt var að henni fylgdi afrétturinn hálfur Djúpidalur.

Dómurinn undirstrikar að ekki nægir að leitt sé í ljós að býli hafi staðið innan ágreiningssvæðis til að fallist verði á að það sé eignarland heldur þarf samhengi eignarréttar og sögu jafnframt að liggja fyrir að því leyti að sýnt sé með fullnægjandi hætti fram á þeir sem kalla til eignarréttinda á slíkum svæðum leiði rétt sinn frá þeim sem áttu eignarrétt á því landi þar sem býlið stóð. Málsatvikum og niðurstöðu svipar til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 að því leyti að þar var niðurstaðan sú að svæði sem fyrr á öldum var land jarðarinnar Fjalls í Öräfum væri þjóðlenda þrátt fyrir að hafa áður verið jörð. Taldi rétturinn að þrátt fyrir að ekki yrði annað ráðið af máldaga Hofskirkju frá 1387 en að kirkjan hefði átt beinan eignarrétt á svæðinu væri ekki unnt að skilja yngri heimildir á annan veg en að eigendur Hofs hefðu sjálfir um margra alda skeið álitid sig eingöngu njóta afnotaréttinda í landi jarðarinnar. Þótti landamerkjabréf Hofs frá 1922, þar sem fram kom að Hof ætti Breiðamerkurfjall og land á Breiðamerkursandi að ákveðnum mörkum, því ekki veita haldbæra sönnun fyrir beinum eignarrétti eigenda Hofs að landinu. Dómarnir sýna að þrátt fyrir að megin-

---

reglan sé sú að land sem hefur verið jörð eða hluti af jörð sé háð beinum eignarrétti, þá er sú meginregla ekki án undantekninga.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>275</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla og inn til dala landnám hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðin hafi verið numin, a.m.k. að verulegu leyti. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Sauðafellsselland ásamt hluta Hlíðartúns

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Sauðafellsselland ásamt svæði sem eigandi Hlíðartúns gerir kröfu til sem eignarlands síns. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að suðausturhluti ágreiningssvæðisins, þ.e. sá hluti þess sem er sunnan og austan Kringlugils, tilheyri Sauðafelli en norðvesturhluti þess Hlíðartúni. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er vísað til fyrrnefnds hluta ágreiningssvæðisins sem Sauðafellssellands. Byggist það m.a. á því að í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl., frá árinu 1883, er vísað til þessa svæðis sem „sellands á Suðurárdal“. Þá er í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir vísað til norðvesturhluta ágreiningssvæðisins sem Hlíðartúns, þ.e. þess hluta ágreiningssvæðisins sem er innan merkja Hlíðartúns samkvæmt sama landamerkjabréfi, en merki ágreiningssvæðisins verða tekin til sérstakrar umfjöllunar hér á eftir. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Sauðafells liggur utan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar, aðskilið frá því af öðrum jörðum. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Hlíðartúns er aftur á móti aðliggjandi ágreiningssvæðinu. Frá þeim stað þar sem bærinn í Hlíðartúni stóð eru um 2,5 km í beinni loftlínu að norðurmörkum ágreiningssvæðisins en um 8 km frá bæjarstæðinu að suðurmörkum þessa hluta ágreiningssvæðisins sem eigandi Hlíðartúns kallar til réttinda á. Frá bæjarstæði Sauðafells eru um 11 km í beinni loftlínu að norðurmörkum Sauðafellssellands, en um 17 km frá bæjarstæðinu að suðausturhorni ágrein-

---

<sup>275</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

ingssvæðisins. Þar sem saga Hlíðartúns og Sauðafellssellands er um margt samofin er fjallað um bæði svæðin hér í sama kafla. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.2 og 3.6.

Sá hluti ágreiningssvæðisins sem kallað er til réttinda á af hálfu eiganda Hlíðartúns afmarkast að norðanverðu af línu sem er dregin frá ármótum Kringlugils og Miðár beint í vestur á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli. Að vestanverðu afmarkast umræddur hluti ágreiningssvæðisins af Hlíðartúnsfjalli og vatnaskilum milli Kringlugils og Hundadals. Að suðaustan- og austanverðu afmarkast ágreiningssvæðið vegna Hlíðartúns af Kringlugili og línu sem er dregin eftir drögum þess upp á Hundadalsheiði. Ofan í Kringlugili, norðaustast á umræddum hluta ágreiningssvæðisins, er land í innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli og vel gróið. Þaðan rís land skarpt til suðurs og vesturs og sunnanverður hluti svæðisins er víðast hvar í 400–600 m hæð. Hæst rís land í rúmlega 700 m hæð yfir sjávarmáli á syðsta hluta svæðisins. Land er nokkuð gróið á mestöllu svæðinu.

Á austurmörkum ágreiningssvæðisins vegna Sauðafellssellands eru syðst drög Suðurár og þá Suðurá, þar sem hún rennur til norðurs um Suðurárdal að ármótum hennar og Austurár. Norðan ármótanna ber áin nafnið Miðá og rennur hún til norðurs á norðanverðum austurmörkum ágreiningssvæðisins þar til komið er að ármótum hennar og Kringlugils. Að sunnanverðu afmarkast ágreiningssvæðið af sýslu- og sveitarfélagasmörkum á Merkjahrygg og að vestan- og norðanverðu af Kringlugili og línu sem dregin er eftir drögum þess upp á hábungu Hundadalsheiðar. Ofan í Suðurárdal er land innan ágreiningssvæðisins víða í innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli og vel gróið. Frá Suðurárdal liggja til vesturs innan ágreiningssvæðisins Grákollugil, Brúnkollugil og Hvanngil. Teigsfjall er á norðanverðu ágreiningssvæðinu og Teigur norðan þess í Suðurárdal. Landið rís þar skarpt til suðurs og vesturs og er Sauðafellsselland að stórum hluta í 400–600 m hæð yfir sjávarmáli, en rís hæst í yfir 700 m hæð yfir sjávarmáli á vestasta hlutanum. Land er nokkuð gróið á mestöllu svæðinu og mjög vel gróið á láglandasta hluta þess.<sup>276</sup>

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafanna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar

---

<sup>276</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkjara jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óaréttir sem beitar svæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammsveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjarlakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammsveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlíð. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

---

Í einhverjum tilvikum lýsi landamerkjabréf einstakra jarða eða aðrar heimildir í einu lagi heimalandi og afréttarlandi. Við mat á slíkum landamerkjabréfum sé litið til þess að landsvæði innan sömu landamerkjálýsingar kunni að hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þannig sé í einstaka tilvikum ekki fallist á merkjalýsingar í landamerkjabréfum jarða. Það eigi einkum við um merki jarða gagnvart svæðum sem heimildir gefi til kynna að hafi verið samnotaafréttir. Er þá á því byggt að slík bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé þá einkum litið til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft á tíðum ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti.

Hvað þetta varðar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og hafi síðan verið ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki með einhliða hætti aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafði og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins almennt vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Að því er varðar sérstaklega þau svæði í Miðdalahreppi sem íslenska ríkið gerir kröfur til er tekið fram af hálfu ríkisins að líklegt sé að einhver hluti þess svæðis sem lýst er í kröfulýsingunni hafi verið innan landnáms. Hins vegar séu landnámslýsingar óljósar um afmörkun þess svæðis sem numið var. Þá er á því byggt að hafi svæðin verið numin hafi það ekki verið með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur aðeins takmörkuð eignarréttindi, svo sem afréttarnot, eða þá að beinn eignarréttur hafi síðar fallið niður, hafi svæðin á annað borð verið numin til eignar, og þau verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Sé svæðanna enda að jafnaði einungis getið í tengslum við afréttarnot eða aðra takmarkaða nýtingu í heimildum.

Að því er varðar Sauðafellsselland sérstaklega er byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að svæðið, eins og það er afmarkað í kröfugerðinni, sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Ljóst þyki af heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum að það hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti.

Við afmörkun þjóðlendu-kröfulínu íslenska ríkisins vegna Sauðafellssellands sé fyrst og fremst stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir jörðina Sauðafell, gerðu 23. maí 1883, á selllandi jarðarinnar í Suðurárdal. Í sama landamerkjabréfi sé enn fremur lýsing á landamerkjum jarðarinnar Hlíðartúns í Sökkólfsdal, sem lýsi suðurmerkjum að Kringlugili. Þá er vísað til landamerkjabréfs fyrir Breiðabólstað, frá 30. janúar 1884,



---

sem og afmörkunar aðliggjandi þjóðlendukröfusvæðis vegna svæðis sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði.

Sérstaklega sé til þess að líta að í fyrrgreindu landamerkjabréfi fyrir jörðina Sauðafell, gerðu 23. maí 1883, sé því svæði sem falli innan þjóðlendukröfulínu sérstaklega lýst og það aðgreint frá heimalandi jarðarinnar Sauðafells sem sé mun norðar. Auk þess sé í landamerkjabréfinu að finna lýsingar á öðrum svæðum þar sem jörðin Sauðafell eigi takmörkuð réttindi, svo sem upprekstrarrétt. Til þess sé einnig að líta að svæðið sé landfræðilega aðskilið heimalandi jarðarinnar Sauðafells.

Af hálfu ríkisins vísast einnig til *Jarðabókar* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem segi að jörðin Sauðafell eigi selstöðu „í Teig í Hlíðartúnslandi; eru þar hagar góðir en þrönglendir“. Teigur í Hlíðartúnslandi liggi við Miðá sunnan Kringlugils og innan þjóðlendukröfulínu. Í þessu sambandi er einnig vísað til lýsingar á Sauðafellsseli við Völsungagil, sunnan við Kringlugil, í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997.

Af heimildum megi einnig ráða að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna Sauðafellssellands liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalysinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum að dæma sé einnig ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu eigenda Sauðafells, sem gera kröfu til suðaustanverðs ágreiningssvæðisins, er byggt á því að sá hluti ágreiningssvæðisins sem kröfugerð þeirra tekur til hafi verið numinn í öndverðu og sé því fullkomið eignarland. Byggja þeir á því að rekja megi það eignarhald óslitið allt frá landnámi og til okkar daga. Sé landið nú undirorpið eignarrétti þeirra og verði ekki af þeim tekið nema að gættum skilyrðum 72. gr. stjórnarskrárinnar þar um.

Umræddir gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að sögulegar heimildir renni stoðum undir að það svæði sem numið var til forna sé ekki minna en það land sem þeir telja til eignarréttinda yfir í dag. Af *Landnámu* að dæma hafi Auður djúpúðga numið öll lönd á því svæði sem nú teljist til Dalabyggðar. Þar segi enn fremur um það svæði sem hér er deilt um: „Erpr var leysingi Auðar; hann var son Meldúns jarls af Skotlandi, þess er féll fyrir Sigurði jarli enum ríka; móðir Erps var Myrgjöl, dóttir Gljómals Írakonungs [...] Erpi syni Meldúns jarls, er fyrr var getit, gaf Auður frelsi ok Sauðafellslond; frá honum eru Erplingar komnir.“ Þá liggi fyrir af *Landnámu* að Sökkólfsdalur hafi verið numinn í öndverðu, sbr. eftirfarandi tilvitun: „Sokkolfr hét leysingi Auðar;

---

honum gaf hon Sokkólfsdal; hann bjó á Breiðabólstað, ok er mart manna frá honum komit“. Af lýsingu *Landnámu* verði ráðið að Sauðafellsselland hafi verið numið í öndverðu sem fullkomið eignarland. Nám hafi verið frumstofnunarháttur eignarréttar á þessum tíma, þótt ekki sé lengur unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám, sbr. 8. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir um nám yfir landi séu þess vegna til afdráttarlaus stuðnings því að yfir því hafi stofnast til beins eignarréttar. Það eigi tvímælalaust við um Sauðafellsselland.

Allt frá því að Sauðafellsselland hafi verið numið og þar til landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jörðina Sauðafell 23. maí 1883 hafi landamerki landsvæðisins verið svo skýr og óumdeild sem frekast sé unnt. Landamerkjum Sauðafellssellands sé skýrlega lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar Sauðafells og liggja engar heimildir fyrir sem mæli því bréfi í mót. Þvert á móti séu landamerkjabréf aðliggjandi jarða í samræmi við landamerkjabréf Sauðafells, sem auki vægi landamerkja landsvæðisins um það sem almennt hafi verið talið gilda um landamerki á svæðinu á þeim tíma. Vísar íslenska ríkið í því sambandi til landamerkjabréfa fyrir jarðirnar Hlíðartún og Breiðabólstað. Landamerkjabréf Sauðafells og aðliggjandi jarða séu árituð um samþykki af landeigendum allra viðkomandi jarða. Auki það enn á gildi bréfanna og þeirra merkjalýsinga sem þar komi fram. Að auki afmarkist landsvæðið af skýrum landfræðilegum aðstæðum. Því hafi ekki verið þörf á að skrá landamerki þess með frekari hætti en samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Því til stuðnings vísist til þess að engar heimildir sé að finna um ágreining milli landeigenda á svæðinu um landamerki Sauðafellssellands.

Örnefni á landsvæðinu styðji þær heimildir sem bendi til búsnytja á svæðinu í formi seljabúskapar. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 1997 sé t.a.m. fjallað um svonefnda Selgrund við Völsungagil, þar sem Sauðafellssel hafi lengi staðið. Þá sé Selfoss í Miðá rétt neðan við Selgrundina en það sé fremsti veiðistaður í Miðá, ófiskgengur foss.

Heimildir bendi til þess að eftir að Sauðafellsselland var numið hafi verið farið með landsvæðið eins og það væri fullkomið eignarland innan merkja þess. Eigi það jafnt við um með hvaða hætti það hafi verið nýtt af eigendum þess á hverjum tíma, sem og hvernig það hafi gengið kaupum og sölum í gegnum tíðina. Greinargóð heimild sé til staðar um að jörðin hafi verið numin í öndverðu, auk þess sem aðrar heimildir um jörðina bendi tvímælalaust til þess að hún hafi ávallt haft stöðu eignarlands.

Á því er byggt af hálfu umræddra gagnaðila íslenska ríkisins að land Sauðafellssellands hafi ávallt legið innan landamerkja eignarjarða. Fyrir liggja kaupbréf frá árinu 1479 fyrir jarðirnar Breiðabólstað og Hlíðartún. Í bréfinu sé þess getið að jörðinni Hlíðartúni fylgi hálfur Suðurárdalur á móti Breiðabólstað. Þá segi að jörðin sé ítakalaus fyrir utan selför í Trigluhjalla. Kaupbréf þetta sýni með óbyggjandi hætti að landsvæði það sem teljist til Sauðafellssellands hafi frá upphafi tilheyrt eignarjörðinni Hlíðartúni. Þessu til stuðnings liggja fyrir af máldaga Sauðafellskirkju frá 1500 að Hlíðartún hafi verið í eigu kirkjunnar eins og merkjum hennar hafi verið lýst árið 1479. Enn fremur er vísað til dóms frá 1534 um eignarhald að Teig, sem óumdeilt sé að liggja

---

nú innan Sauðafellssellands. Í dómnum hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að Teigur væri og hefði ávallt verið eign Hlíðartúns. Þá sé hvergi að finna í heimildum kirkjunnar frá 1639 til 1885 að landsvæði Sauðafellssellands hafi verið tilgreint sérstaklega, enda hafi það tilheyrt jörðinni Hlíðartúni. Jarðabækur frá upphafi 18. aldar séu þessu til stuðnings þar sem selstöðu annarra bæja, svo sem Sauðafells, sé getið í Hlíðartúni. Í þessu sambandi er einnig vísað til kaupbréfs frá 1746 þar sem 20 hundruð í jörð Sauðafells hafi verið seld ásamt Hlíðartúni.

Landsvæði Sauðafellssellands hafi því ekki verið talið aðskilið jörðinni Hlíðartúni fyrr en á síðari hluta 19. aldar þegar landamerkjabréf hafi verið gert fyrir jörðina Sauðafell árið 1883 og landamerkja getið fyrir annars vegar jörðina Hlíðartún og hins vegar selland Sauðafells. Á þeim tíma hafi jarðirnar þó verið í eigu sama aðila, þ.e. Jakobs Guðmundssonar prests á Sauðafelli. Landamerkjabréfið sé fyrsta heimildin um að Sauðafellsselland sé aðskilið frá Hlíðartúni. Einnig er vísað til þess að sérstaklega sé getið um að selland fylgi heimajörð Sauðafells í makaskiptabréfi frá 1885 og veðbréfi frá 1903. Þá hafi komið fram fyrir aukarétti Dalasýslu 1881 að heimajörð Sauðafells hafi uppbyggðan selbæ í sellandi á Suðurárdal. Enn fremur segi í vottorði frá 1881 að heimajörðinni Sauðafelli tilheyri selbær og selland á Suðurárdal. Með afsali Björns Bjarnasonar frá 1915 hafi Hlíðartún verið selt og komist þar með í fyrsta sinn undir annað eignarhald en landsvæði Sauðafellssellands, sem eftir það hafi tilheyrt jörðinni Sauðafelli.

Til viðbótar liggja fyrir að landsvæði Sauðafellssellands hafi um langa hríð verið nýtt til hinna ýmsu búsnýtja sem af því hafi mátt hafa. Helstu vísbendingar um gagnsemi svæðisins við búskap heimajarðarinnar megi finna í heimildum um selstöðu á landsvæðinu, en seljabúskapur sé talinn hafa gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskum landbúnaði fyrr á öldum. Fyrstu heimildir um seljabúskap á svæðinu séu frá 1703 og þess sé getið að hagar séu þar góðir. Þá liggja fyrir af *Sýslu- og sóknarlýsingum* fyrir jörðina Sauðafell frá 1851 að jörðin eigi afrétt í Sanddal. Í fjölmörgum vísitásum sé þessa einnig getið. Í heimildum þessum sé hins vegar enga umfjöllun að finna um að landeigendur þess tíma hafi álitnið Sauðafellsselland hafa stöðu afréttar eða annars konar svæðis sem væri háð óbeinum eignarréttindum og heimildir þessar hafi í fyrri úrskurðum óbyggðanefndar verið lagðar til grundvallar þegar ákvörðun hafi verið tekin um þjóðlendur í Sanddal, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 2/2014. Þvert á móti sé þess getið í landamerkjabréfi Sauðafells frá 1883 að Sauðafell eigi „Suðurárdal allan fyrir framan Kringlugil“. Bendi það til þess að landsvæði Sauðafellssellands hafi um aldir verið talið eignarland, áður sem hluti Hlíðartúnjarðarinnar og síðar hafi það verið lagt til jarðarinnar Sauðafells með gerð landamerkjabréfsins frá 1883. Þessu til stuðnings sé og svarbréf skrifstofu Dalasýslu, dagsettu 4. september 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dags. 29. desember 1919, um að innan sýslunnar væru engir almenningar eða afréttarlönd sem ekki tilheyrðu lögbýlum. Auk þess megi nefna að í vottorði frá 1881 sé þess getið að Sauðafellsselland sé mikið og gott.

---

Af öllu framangreindu leiði að hafna beri þeim rökstuðningi íslenska ríkisins að Sauðafellsselland geti ekki talist eignarland, þar sem landsvæðið sé aðskilið frá heimalandi Sauðafells. Landsvæðið hafi frá fornu fari tilheyrt eignarjörð og hafi notkun þess tekið mið af búskaparháttum hverju sinni. Landamerkjabréf frá 1883 sem afmarki landsvæðið innan jarðar beri auk þess með sér óyggjandi líkur á að um eignarland sé að ræða. Óbyggðanefnd hafi byggt á því að líkur séu á að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð. Landeigendur telji þetta eiga við um Sauðafellsselland og beri íslenska ríkið sönnunarbyrðina um hið gagnstæða.

Í heimildum komi skýrlega fram að gróðurfar á svæðinu hafi hentað vel til búsnýtja. Þar hafi verið góðir hagar auk þess sem öllum þeim sem fari um sé ljóst að um gróið svæði sé að ræða. Nýting landeigenda á auðlindum svæðisins hafi farið eftir búskaparháttum hverju sinni.

Þá sé svæðið afmarkað af skýrum landfræðilegum aðstæðum. Kringlugil aðskilji svæðið frá landi Hlíðartúns og Suðurá aðskilji það frá landi Breiðabólstaðar, auk þess sem landamerki til suðurs um Merkjahrygg séu óumdeild.

Á það er bent af hálfu umræddra gagnaðila íslenska ríkisins að gerður hafi verið samningur um fjölnytjaskógrækt milli Vesturlandsskóga og landeigenda Sauðafells, dags. 9. febrúar 2006. Hafi samningur þessi hlotið samþykki landbúnaðarráðherra, sbr. 16. gr. samningsins og 2. mgr. 4. gr. þágildandi laga nr. 56/1999. Samningurinn taki til skógræktar á landsvæði innan marka Sauðafellssellands eins og merkjum hafi verið lýst af hálfu landeigenda í málinu. Hann hafi að geyma ýmis ákvæði þar sem beinn eignarréttur landeigenda sé viðurkenndur, svo sem heimild til að leigja svæðið og nýta það í eigin þágu. Þá sé því lýst yfir með undirskriftum að aðilar málsins séu eigendur þess lands sem um ræði. Auk þess hafi samningurinn verið staðfestur af þinglýstum eiganda landsvæðisins við gerð hans. Enn fremur hafi hann hlotið staðfestingu landbúnaðarráðherra. Landeigendur telji því að íslenska ríkið hafi ótvírætt með samningi þessum viðurkennt beinan eignarrétt þeirra að Sauðafellssellandi.

Af hálfu umræddra gagnaðila íslenska ríkisins er einnig byggt á því að ef svo ólíklega vilji til að ekki verði fallist á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeigenda, hafi þeir í öllu falli unnið hefð á svæðinu. Vinna megi hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Þá sé 20 ára óslitið eignarhald á fasteign skilyrði hefðar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, auk þess sem til hefðartíma teljist óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhaldið hafi gengið löglega frá manni til manns, sbr. 3. gr. laganna. Telji gagnaðilarnir að umrædd skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt í þeirra tilviki. Þeir hafi haft óslitið eignarhald á jörðinni í meira en 20 ár.

---

Ljóst megi vera að Sauðafellsselland hafi frá landnámi til okkar daga haft eignarréttarlega stöðu eignarlands og hafi ekkert breyst í þeim efnum. Þá bendi ekkert til þess að sá eignarréttur sé eða hafi verið takmarkaður með einhverjum hætti. Leiði allar þær röksemdir sem að framan er lýst til þessa. Því telji landeigendur að fallast beri á kröfur þeirra um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þeirra að því landsvæði sem lýst sé innan þeirra merkja sem greini í aðalkröfu.

Hafa verði í huga í þessu sambandi að landeigendur séu þinglýstir eigendur jarðarinnar Sauðafells innan þinglýstra landamerkja sem engar eldri heimildir mæli á móti og séu aukinheldur samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða. Af *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og dómafordæmum Hæstaréttar leiði að mikið þurfi til að koma til þess að hnekkja þinglýstum eignarheimildum þegar svona hátti til, enda verði eignarheimildir vart afdráttarlausari en þetta.

Vilji hins vegar svo ólíklega til að ekki verði fallist á aðalkröfu landeigenda geri þeir þá kröfu til vara að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur þeirra að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, m.a. upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, þar á meðal skotveiði. Vísa landeigendur í þeim efnum til þeirra málsástæðna, röksemda og lagaraka er standi að baki aðalkröfu þeirra, að breyttu breytanda.

Gagnaðilar íslenska ríkisins geri verulegar athugasemdir við rökstuðning ríkisins fyrir þjóðlendukröfu sinni sem þeir telji mjög rýran. Hljóti að mega gera þá lágmarkskröfu til íslenska ríkisins að það styðji kröfur sínar haldbærum röksemdum og gögnum. Landeigendur telji því augljóst að íslenska ríkið hafi með engu móti í aðalkröfu sinni axlað sönnunarbyrði sína fyrir því að landsvæði innan kröfulínunnar sé þjóðlenda. Þeir bendi einnig á að þeir hafi frá upphafi greitt alla skatta og skyldur af jörðum sínum, þar á meðal álögð fasteignagjöld sem íslenska ríkið hafi tekið við athugasemdalaust. Stæði það varla upp á landeigendur að standa skil á opinberum gjöldum sem þessum nema vegna beins eignarréttar þeirra að umræddu landi.

Landeigendur telji, þar sem þeir séu þinglýstir eigendur jarðarinnar allrar, að íslenska ríkið beri fulla og óskoraða sönnunarbyrði fyrir því að það land sem það gerir kröfu til sé þjóðlenda. Það sé meginregla að íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram sönnur fyrir því eignartilkalli sínu. Í því tilviki sem hér um ræðir geri íslenska ríkið tilkall til þinglýstrar eignar landeigenda, án þess að styðja það tilkall við haldbærar röksemdir eða gögn. Ekkert bendi til annars en að um fullkomið eignarland sé að ræða.

Landeigendur árétti sérstaklega að íslenska ríkið geti ekki komið sér undan fyrrgreindri sönnunarreglu. Sinnuleysi ríkisins á því að rökstyðja mál sitt og færa sönnur fyrir kröfum sínum eigi að koma því sjálfu í koll en ekki valda því að sönnunarbyrðin verði felld á landeigendur. Sé þá og haft í huga að landeigendur séu þinglýstir eigendur þeirrar jarðar sem um ræði, en þinglýsta eignarheimild hafi sá er

---

þinglýsingarbók nefni eiganda á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu.

Hvað málskostnaðarkröfu varðar kemur fram að landeigendur krefjast þess að vera gerðir skaðlausir af málarekstri þessum. Nauðsynlegt sé að íslenska ríkið gæti með fyllsta móti að hagsmunum landeigenda þegar komi að tilkostnaði við málarekstur þjóðlendumála. Til málanna hafi verið stofnað einhliða af hálfu ríkisvaldsins og hafi íslenska ríkið gengið freklega að réttindum landeigenda með kröfulinum sínum. Ekki sé réttlátt að landeigendur, sem séu oft á tíðum efnalitlir, leggi út í svo umfangsmikinn tilkostnað til að standa vörð um eignarlönd sín gagnvart mjög svo umdeilanlegum kröfum íslenska ríkisins.

Um lagarök er af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem gera kröfur vegna Sauðafellsselland vísað til ákvæða stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísa landeigendur til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Landeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísa landeigendur til ákvæða laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Landeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, sem og til girðingalaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Landeigendur vísa enn fremur til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá vísa landeigendur til þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Um málskostnað er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Af hálfu eiganda Hlíðartúns, sem gerir kröfu til norðvesturhluta ágreiningssvæðisins, er byggt á því að Sökkólfsdalur hafi verið numinn í öndverðu, en jörðin Hlíðartún sé í Sökkólfsdal. Heimildir um Hlíðartún sem sjálfstæða jörð ná aftur til kaupbréfs Jóns Þorgilssonar og Ólafs Loftssonar frá 1479 um Breiðabólsstað og Hlíðartún, þar sem landamerkjum sé nákvæmlega lýst.

Nám hafi verið frumstofnunarháttur eignaréttar á sínum tíma og beri því að leggja til grundvallar að jörðin hafi verið undirorpin beinum eignarrétti alla tíð. Þannig hafi jörðin Hlíðartún verið seld með áðurlýstu kaupbréfi frá 1479. Sönnunarbyrði hvíli á íslenska ríkinu nú þegar öðru sé haldið fram í kröfugerð þess.

Landeigandi leggi þunga áherslu á að til sé fjöldi skráðra heimilda um jörðina Hlíðartún allt frá árinu 1479. Þeim beri öllum saman um að jörðin Hlíðartún hafi þegar kaupbréfið 1479 var gert tekið til þess lands sem nú sé nefnt Selland Sauðafells. Einu ítaksréttindin á þeim tíma hafi verið selfararéttur Hamraenda sem vikið sé að hér að framan.

---

Samkvæmt kaupbréfinu frá 1479 hafi Hlíðartún tekið til landsins á Suðurárdal á móts við Breiðabólstað, er síðar hafi verið nefnt Selland Sauðafells eða Sauðafellsselland. Umrætt land hafi verið útskipt úr Hlíðartúnjörðinni í eignartíð séra Jakobs Guðmundssonar. Nákvæmar heimildir séu til um þetta, eins og gerð hafi verið grein fyrir, nánar tiltekið upplýsingar úr þingbók Dalasýslu þar sem séra Jakob hafi óskað eftir úttektarmönnum til að meta verðmæti eigna sinna. Árið 1915 hafi Björn Bjarnason selt Oddi Arngrímssyni jörðina Hlíðartún með þeim landamerkjum sem skráð hafi verið í landamerkjabréfi árið 1883. Við söluna hafi Björn haldið eftir sellandinu og hafi það því verið í fyrsta sinn um aldir þar sem eignarhald allrar fornu Hlíðartúnjarðarinnar hafi ekki verið á sömu hendi.

Í kröfugerð íslenska ríkisins sé því haldið fram að sá hluti jarðarinnar Hlíðartúns að fornu, sem nú nefnist Selland Sauðafells, hafi frá öndverðu fylgt jörðinni Sauðafelli. Eigandi Hlíðartúns leggi ríka áherslu á að íslenska ríkið beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu, sem fari þvert gegn fyrirbyggjandi gögnum málsins.

Landeigandi byggi á því að landamerki Hlíðartúns séu þau sem skráð hafi verið með þinglýstum yfirlýsingum á árunum 2009–2010, sem undirritaðar séu af landeiganda og eigendum aðliggjandi jarða. Þau landamerki séu í samræmi við landamerkjaskrá fyrir jörðina Hlíðartún frá árinu 1883 og staðfest af öllum hlutaðeigandi.

Lögð sé rík áhersla á að í sögu Hlíðartúns hafi aldrei risið ágreiningur milli landeigenda um landamerkin. Þannig séu landamerkin ágreiningslaus og eigi það bæði við fyrir og eftir að sellandinu hafi verið skipt úr jörðinni við gerð landamerkjabréfs Sauðafells 1883. Það þurfi þó ekki að koma á óvart þar sem þau séu greinileg og auðlesin í ljósi staðhátta frá náttúrunnar hendi.

Í svarbréfi Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns í Dalasýslu, dags. 4. september 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðsins segi eftirfarandi: „Til svars við yðar heiðraða bréfi dags. 29 des. skal þess getið að ég hef spurst fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum sýslunnar og samkvæmt yfirlýsingum þeirra eru engir almenningar hér í sýslu eða afréttarlönd sem ekki heyra lögbýli til.“ Á sömu lund hafi oddviti Miðdælahrepps svarað fyrirspurn félagsmálaráðuneytis um sama efni, dags. 20. febrúar 1989.

Af svarbréfum stjórnvalda í héraði verði því aðeins ráðið að það land sem gerð sé krafa til og taki til Hlíðartúnjarðarinnar að fornu, þ.e. Hlíðartúns og sellands Sauðafells nú, hafi aldrei talist til afréttar. Enda hafi ekki verið heimilt að fornlögum að byggja sel í afréttum, sbr. 46. kaþítula búnaðarbálks Jónsbókar sem kveði á um að: „Eigi skal sætur gera í afrétt. Ef gerir eru þau óheilög“, o.s.frv.

Fari svo, gegn fyrirbyggjandi gögnum málsins og rökstuðningi landeiganda, að ekki verði fallist á að sá hluti jarðarinnar Hlíðartúns sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur til sé undirorpinn eignarrétti, vísar umræddur gagnaðili ríkisins til vara til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð. Skilyrði hefðar skv. 1. mgr. 2. gr. laganna sé óslitið

---

eignarhald á fasteign í 20 ár, en til hefðartíma teljist óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhald hafi gengið löglega frá manni til manns, sbr. 3. gr. Heimildir um óslitið eignarhald yfir Hlíðartúni spanni mörg hundruð ár. Sé því byggt á að skilyrði hefðar séu uppfyllt.

Landeigandi byggi á þinglýstum eignarrétti sínum að jörðinni Hlíðartúni, með greinilega skráðum og ágreiningslausum landamerkjum. Landamerkin hafi verið skráð á grundvelli gildandi laga um landamerki á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 41/1919 en áður lög nr. 5/1882. Þessi lög um landamerki og þinglýsingalög hafi þann tilgang að fyrir liggi glöggar og þinglýstar landamerkjaskrár fyrir jarðir og eignarhald þeirra, kvaðir og óbein eignarréttindi meðtalin. Gildandi landamerkjaskrá hafi einnig stuðning af eldri lýsingum um afmörkun Hlíðartúns, sem séu óbreyttar allt frá því að kaupbréf fyrir jörðinni hafi verið gert 1479. Sé þá tillit tekið til þess að hluti jarðarinnar, sellandið, hafi verið tekið undan Hlíðartúnsjörðinni við gerð landamerkjabréfs Sauðafells 1883.

Sá sem telji til réttinda yfir jörð, sem sé innan þinglýstra landamerkja, beri ótvíræða sönnunarbyrði fyrir þess háttar tilkalli. Lög nr. 58/1998 um þjóðlendum breyti í engu þessari meginreglu. Íslenska ríkið hafi því ekki axlað sína sönnunarbyrði.

Meginreglur stjórnáslulaga nr. 37/1993 og óskráðar meginreglur feli í sér að í samskiptum við borgara beri stjórnvöldum að vanda sig, rannsaka mál svo vel að það teljist nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því og gæta meðalhófs við alla ákvarðanatöku. Gera verði ríkar kröfur til stjórnvalda þegar teknar séu íþyngjandi ákvarðanir í málum, einkum og sér í lagi er stjórnarskrárvarin réttindi séu í húfi.

Í málinu hafi íslenska ríkið ekki gætt að lögboðnum skyldum sínum í þeim efnum. Ekki fáist betur séð en íslenska ríkið hafi lýst kröfum í landið án þess að nauðsynleg gagnaöflun og rannsóknarvinna hafi farið fram. Nægi að benda á að menn virðist ekki hafa áttað sig á að gerð væri þjóðlendumkrafa í land Hlíðartúns. Þá sé kaupbréfs jarðanna Breiðabólsstaðar og Hlíðartúns 1479 að engu getið þótt um aldagamla eignarheimild sé að ræða. Þó svo að landeigandi hafi haft frumkvæði að því að benda á þetta og leggja fram gögn sé líkt og íslenska ríkið átti sig ekki enn á alvöru málsins. Hafi það rannsakað málið í ljósi framkominna gagna og upplýsinga verði ekki annað ráðið en að það hirði ekki um að fjalla um háttsemi sína í framkominni greinargerð, utan lítilfjörlegra hugleiðinga um að mögulega þurfi að skoða landamerki jarðarinnar Hlíðartúns betur. Gagnaðili íslenska ríkisins telji þessa háttsemi brjóta í bága við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnáslulaga, meðalhófsreglu 12. gr. sömu laga, óskráðar meginreglur sama efnis og vandaða stjórnásluhætti.

Umræddur gagnaðili íslenska ríkisins gerir einnig athugasemdir við einstök atriði í greinargerð ríkisins. Í greinargerðinni segi að sá hluti svonefnds svæðis 9A sem varði Sauðafell/Selland, sé svæði utan eignarlanda og því þjóðlenda, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Eigandi Hlíðartúns mótmæli því harðlega að svæði sem þjóðlendumkrafan taki til, og sé innan landamerkja Hlíðartúns, sé ekki eignarland. Rökstuðning fyrir fullyrðingunni skorti og hún fari með öllu gegn fyrirliggjandi



---

gögnum málsins. Í greinargerð íslenska ríkisins sé því haldið fram að kröfusvæðin, þ.m.t. hluti af jörð Hlíðartúns, „liggi utan landnáms“. Eigandi Hlíðartúns mótmæli þessu. Heimildir séu um landnám Auðar djúpúðgu og að hún hafi gefið Sökkólfi Sökkólfsdal, þar sem Hlíðartún sé.

Af hálfu umrædds gagnaðila íslenska ríkisins kemur fram að í greinargerð ríkisins virðist því slegið föstu að landsvæðið sem hafi tilheyrt Hlíðartúni og sé innan kröfulínu íslenska ríkisins tilheyri sellandi Sauðafells. Segi að ljóst þyki af heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum að það hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Þetta sé í öllum atriðum rangt og misvísandi. Í greinargerðinni sé algjörlega skautað fram hjá því að minnst á kaupbréf Ólafs Loftssonar og Jóns Þorgilssonar frá 1479, sem vitnað sé til í kröfulýsingu gagnaðilans. Slíkir eldri gerningar hafi, ásamt landnámslýsingum, hingað til verið taldir hafa ótvírætt sönnunargildi um eignarrétt á landi sbr. t.d. kaupbréf Kalmanstungu frá 1398. Hlíðartún sjörðin hafi gengið kaupum og sölum milli aðila eins og hér hafi verið lýst.

Landfræðilegar aðstæður séu einnig með þeim hætti að engin ástæða sé til að ætla að landið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti á sambærilegan hátt og t.d. Breiðabólstaðarjörðin, sem einnig sé í eigu umrædds gagnaðila íslenska ríkisins og íslenska ríkið geri ekki þjóðlendukröfu í. Þar séu eignarréttarheimildirnar þær sömu og því fullkomið ósamræmi í kröfugerð ríkisins, t.d. hvað Suðurárdal varði. Þá séu heimildir um sel og rétt til selstöðu í landi Hlíðartúns (óbein eignarréttindi) til vitnis um að jörðin hafi verið undirorpin beinum eignarrétti frá öndverðu.

Í greinargerð íslenska ríkisins sé fjallað um landamerkjabréf fyrir jörðina Sauðafell frá 23. maí 1883 og sagt að svæðinu sem falli innan þjóðlendukröfulínunnar sé þar sérstaklega lýst og það aðgreint frá heimalandi jarðarinnar Sauðafells. Þessi málsástæða hafi enga þýðingu þar sem það land sem um ræði hafi verið hluti jarðarinnar Hlíðartúns allt þar til landið hafi verið aðskilið heimajörðinni með gerð landamerkjabréfs Sauðafells. Sé ætlunin að draga þá ályktun af þessu að landið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti, þá veki sú túlkun furðu. Í landamerkjabréfinu komi fram að það sé skráð fyrir „jörðinni Sauðafell í Miðdölum með tilheyrandi Sellandi á Suðurárdal og upprekstri í Mjóadal og fyrir jörðinni Hlíðartún í Sökkólfsdal“. Það hafi verið ritað af Jakobi Guðmundssyni, sem á þeim tíma hafi verið eigandi Sauðafells, Hlíðartúns og Breiðabólstaðar. Í bréfinu komi skýrt fram að svonefnt selland tilheyri Sauðafellsjörðinni, Sauðafell eigi það, sbr. eftirfarandi texta: „Sauðafell á Suðrárdal allan fyrir framan Kringlugil“. Landamerki sellandsins séu nákvæmlega skráð eins og önnur landamerki framangreindra jarða. Jafnvel enn mikilvægara, frá sjónarhóli eiganda Hlíðartúns, sé að í greinargerðinni sé horft framhjá því að í sama landamerkjabréfi sé gerð grein fyrir landamerkjum Hlíðartúns. Er landamerkjabréfið hafi verið skráð hafi Hlíðartún enn verið í eigu Sauðafellskirkju. Þjóðlendukröfulína

---

íslenska ríkisins gangi því þvert í gegnum land Hlíðartúns eins og því sé lýst í landamerkjabréfinu.

Í greinargerð íslenska ríkisins sé vísað til *Jarðabókar* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, þar sem segi að jörðin Sauðafell eigi selstöðu í „Teig í Hlíðartúnslandi: eru þar hagar góðir en þrönglendir“, en Teigur í Hlíðartúnslandi liggir við Miðá sunnan Kringlugils, og innan Þjóðlendukröfulínu. Ekki sé ljóst hvaða ályktun íslenska ríkið dragi af þessu, en þarna sé um mikilvægt atriði að ræða. Ljóst megi þó vera að Teigsfjall dragi nafn sitt af Teig, sem tilheyri nú sellandi Sauðafells líkt og fram komi í skráðu landamerkjabréfi Sauðafells 1883. Samkvæmt eldri heimildum, m.a. *Jarðabók* Árna og Páls sem þarna er vitnað til, hafi Teigur verið innan marka Hlíðartúnshjarðarinnar. Komi þetta heim og saman við aðrar eldri heimildir. Virðist lögmenn ríkisins ekki hafa áttað sig á samhengi þess sem fram komi í *Jarðabókinni* og þeir tiltaki þó sjálfir í greinargerð sinni.

Af hálfu umrædds gagnaðila íslenska ríkisins er því haldið fram að rökstuðningur íslenska ríkisins fyrir Þjóðlendukröfunni sé fátæklegur. Engin andsvör hafi komið fram við kröfulýsingu hans, eða fjallað um þau gögn sem lögð hafi verið fram með kröfulýsingunni. Máltilbúnaðurinn sé því óljós, enda stríði Þjóðlendukrafa ríkisins í land Hlíðartúns alfarið gegn framlögðum gögnum í málinu.

Hvað varðar málskostnaðarkröfu eiganda Hlíðartúns er byggt á því að ákveða beri málskostnað þannig að landeigandi verði skaðlaus af málsmeðferðinni allri. Rétt sé að fram komi að mál sem þetta sé þungt í vöfum og gögn umfangsmikil. Ekki bæti máltilbúnaður íslenska ríkisins úr skák. Hann sé einkar óljós, eins og lýst hafi verið. Því hafi mikil rannsóknarvinna færst yfir á umræddan gagnaðila íslenska ríkisins. Taka beri tillit til þessara atriða við ákvörðun málskostnaðar.

Um lagarök vísar gagnaðili íslenska ríkisins til stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr.; óskráðra meginreglna eignaréttar; mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994; laga um landamarki nr. 41/1919 og eldri laga með sama heiti nr. 5/1882, þinglýsingalaga nr. 39/1978; laga um meðferð einkamála nr. 91/1991; stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og óskráðra meginreglna stjórnarsýsluréttar; laga nr. 58/1998 um Þjóðlendir; laga um hefð nr. 46/1905 og vatnalaga nr. 15/1923.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarétti og nýtingar Sauðafellssellands og Hlíðartúns er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Eins og áður segir er á norðvestanverðu ágreiningssvæðinu, þ.e. norðan og vestan við Kringlugil, svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á að tilheyri Hlíðartúni en á suðausturhluta þess er svæði sem þeir byggja á að tilheyri Sauðafelli og hér er vísað til sem Sauðafellssellands.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Sauðafellssellands og Hlíðartúns er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði

---

sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1, 3.2 og 3.6. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf, dagsett 23. maí 1883, sem ber yfirskriftina „Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Sauðafelli í Miðdölum með tilheyrandi sellandi á Suðurárdal og upprekstri á Mjóadal og fyrir jörðinni Hlíðartúni í Sökkólfsdal“.<sup>277</sup> Skjalinu var þinglýst 29. maí 1885. Landamerkjabréfið tekur því bæði til þess hluta ágreiningssvæðisins sem byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að tilheyrir Sauðafellssellandi og þess hluta þess sem þeir byggja á að tilheyrir Hlíðartúni. Landamerkjabréfið er eina heimildin sem liggur fyrir í málinu sem hefur að geyma heildstæðar lýsingar á merkjum ágreiningssvæðisins. Þá liggur fyrir endurrit af kaupbréfi frá árinu 1479, þar sem fram kemur að Ólafur Loftsson selji Jóni Þorgilssyni jarðirnar Breiðabólstað og Hlíðartún.<sup>278</sup> Hluta af merkjum Hlíðartúns er lýst í kaupbréfinu. Enn fremur er hluta af merkjum Sauðafellssellands lýst í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar á Fellsenda og Hjálmtýs Magnússonar á Kvennabrekku, frá 14. júlí 1881, en eins og nánar verður vikið að síðar voru þeir útnefndir í aukarétti Dalasýslu 8. júlí 1881 til að gefa vottorð um tiltekin atriði varðandi Sauðafell, þar á meðal Sauðafellsselland.

Verða nú vesturmerki ágreiningssvæðisins fyrst tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þeim lýst svo í kröfugerð: „... á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli (2) og svo þaðan suður eftir því sem vötnum hallar á hábungu Hundadalsheiðar (3) ...“ Eins og áður segir gerir eigandi Hlíðartúns kröfu byggða á því að vestanvert ágreiningssvæðið sé hluti Hlíðartúns. Af hans hálfu er vesturmerkjunum lýst svo: „... upp á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli (2) og svo þaðan suður eftir því sem vötnum hallar á merkjum Hlíðartúns og Fremri-Hundadals (3) og í Kringlugilsbotn á merkjum Fremri og Neðri Hundadals við rætur Hundadalsheiðar (4) ...“ Báðir málsaðilar miða því vesturmerkin við vatnaskil. Kröfulínur málsaðilanna eru þó ekki dregnar með nákvæmlega sama hætti á kort, því að sunnanverðu er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins dregin vestar en kröfulína ríkisins. Þá liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands sem sýna legu vatnaskilanna að hluta til í samræmi við legu kröfulínu íslenska ríkisins, að hluta til í samræmi við legu kröfulínu gagnaðila þess og loks liggja vatnaskilin samkvæmt gögnum Veðurstofunnar að hluta til milli kröfulína málsaðila. Allt að einu ber málsaðilum saman um að umrædd vatnaskil skuli ráða merkjum á svæðinu, burtséð frá því hvernig þau skuli staðsett á korti.

Í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 er vesturmerkjum Hlíðartúns lýst svo: „... uppá efstu eggjar, síðan ráða hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri fram á móts við Kringlugilsbotn ...“

---

<sup>277</sup> Hér eftir er vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883.

<sup>278</sup> Hér eftir er vísað til þessa skjal sem kaupbréfsins fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479.

---

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Fremri-Hundadals, sem er vestan við ágreiningssvæðið. Gagnaðili íslenska ríkisins vegna Hlíðartúns hefur staðsett Kringlugilsbotn við suðurmörk þess hluta ágreiningssvæðisins sem krafa hans tekur til, nærri hábungu Hundadalsheiðar. Af hálfu íslenska ríkisins hefur aftur á móti komið fram við meðferð málsins að litið sé svo á af hálfu ríkisins að Kringlugilsbotn sé mun norðar. Fjallað verður nánar um þetta atriði í umfjöllun um suðurmerki svæðisins hér á eftir.

Í landamerkjabréfi Fremri-Hundadals, dagsettu 12. maí 1884 og þinglýstu 20. maí sama ár, er þeim hluta austurmerkja jarðarinnar sem hér um ræðir lýst svo: „... eptir há múlabrún eptir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga, eptir því sem vötnum hallar til Njóladalsár að austanverðu ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Hlíðartúns.

Kaupbréfið fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479 hefur ekki að geyma heildstæða lýsingu á vesturmerkjum Hlíðartúns, en eftirfarandi texti úr merkjalýsingu þess kann þó að varða þau að einhverju leyti: „... ofan ad Bugdugili og framm á fiall ...“ Eins og nánar verður vikið að í umfjöllun um norðurmerki svæðisins hér á eftir er að mati óbyggðanefndar líklegt að með örnefninu Bugdugil sé annað hvort átt við Kringlugil eða gilið í Suðurárdal sem Suðurá rennur um. Þá er vesturmerkjunum ekki lýst í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar og Hjálmtýs Magnússonar frá 14. júlí 1881.

Að mati óbyggðanefndar er samræmi milli landamerkjabréfa Sauðafells, Hlíðartúns o.fl., frá 1883, og Fremri-Hundadals, frá 1884, að þessu leyti, þar sem merkjunum er lýst um fjallseggjar og vatnaskil. Tilvitnaður texti kaupbréfsins fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479, þar sem merkjum er lýst „framm á fiall“, mælir því heldur ekki í mót að mati óbyggðanefndar að umræddur hluti vesturmerkja Hlíðartúns hafi þá legið um vatnaskil. Það er einnig í samræmi við kröfugerðir málsaðila.

Næst verða suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar og jafnframt í samhengi við þau skoðuð merkin milli Sauðafellssellands og Hlíðartúns. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfulínan dregin svo á suðurmerkjum ágreiningssvæðisins: „... eptir því sem vötnum hallar á hábungu Hundadalsheiðar (3), er sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis fylgt til suðausturs yfir Merkjahrygg og að drögum Suðurár (4) ...“ Af hálfu eigenda Sauðafells, gagnaðila íslenska ríkisins, er þessum hluta merkjana lýst svo í kröfugerð: „... eptir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurárdrög (3), sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár ...“ Þá er syðsta hluta merkja Hlíðartúns lýst svo í kröfugerð eiganda þeirrar jarðar: „... á Hlíðartúnshalli (2) og svo þaðan suður eftir því sem vötnum hallar á merkjum Hlíðartúns og Fremri-Hundadals (3) og í Kringlugilsbotn á merkjum Fremri og Neðri Hundadals við rætur Hundadalsheiðar (4), þaðan til austurs að merkjum Neðri Hundadals og Sellands Sauðafells (5) og þaðan með Kringlugilsá ...“

---

Í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 er umræddum hluta merkjanna, auk merkjanna milli Sauðafellssellands og Hlíðartúns lýst svo: „... Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðafells og Hlíðartúns neðan frá Miðá uppá hæstu fjallseggjar, síðan ráða fjallseggjar eptir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurrörög ...“ Þá er jafnframt í sama landamerkjabréfi eftirfarandi texti sem varðar syðsta hluta merkja Hlíðartúns: „... uppá efstu eggjar, síðan ráða hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri fram á móts við Kringlugilsbotn, svo ræður Kringlugil til Miðár ...“

Eins og áður er getið um greinir íslenska ríkið og gagnaðila þess á um staðsetningu Kringlugilsbotns, en í ljósi tilvitnaðs texta í landamerkjabréfinu getur staðsetning hans skipt máli við mat á því hversu langt til suðurs land Hlíðartúns verði talið ná. Sá gagnaðili íslenska ríkisins sem gerir kröfur vegna Hlíðartúns hefur staðsett Kringlugilsbotn við suðurmörk þess svæðis sem krafa hans tekur til, nærri hábungu Hundadalsheiðar. Eins og fram kom við munnlegan málflutning í málinu er aftur á móti byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að Kringlugilsbotn sé mun norðar og jafnvel nærri norðurmörkum ágreiningssvæðisins, án þess þó að ríkið hafi tekið afstöðu til þess nákvæmlega hvar umrætt örnefni sé staðsett. Kröfulína íslenska ríkisins er þó, eins og áður segir, dregin beint til vesturs upp á fjallsbrún frá ármótum Kringlugils og Miðár. Væru sjónarmið íslenska ríkisins um staðsetningu Kringlugilsbotns lögð til grundvallar fæli það í sér að land Sauðafellssellands næði yfir það svæði sem krafa er gerð til vegna Hlíðartúns, eða a.m.k. hluta þess, auk suðausturhluta ágreiningssvæðisins sem óumdeilt er að tilheyri Sauðafellssellandi. Væru sjónarmið gagnaðila íslenska ríkisins um þetta aftur á móti lögð til grundvallar fæli það í sér að land Hlíðartúns lægi a.m.k. langleiðina suður á hábungu Hundadalsheiðar og land Sauðafellssellands lægi þá ekki vestur að vatnaskilum gagnvart Hundadal, nema mögulega að mjög litlu leyti rétt norðan sýslumarka á Hundadalsheiði, heldur lægi land Hlíðartúns þar á milli.

Í örnefnaskrá fyrir Hlíðartún, sem Jón Sumarliðason skráði árið 1944, segir eftirfarandi um Kringlugil og Kringlugilsbotn: „Þröskuldarhylur (35) í Miðá neðanvert við Stórhól (36), þar suður af Litluhólar (37) og Kringlugilsflatir (38) að Kringlugili (39) sem er merkjagil við sellandið. Kringlugilsbotn (40) við fjallsbrún.“ Í íslensku orðabók er orðið *botn* m.a. skilgreint sem „innsti hluti fjarðar eða dals“.<sup>279</sup> Telja má ljóst að orðið getur með sama hætti átt við innsta hluta gils<sup>280</sup> og það að Kringlugilsbotn er sagður vera „við fjallsbrún“ í örnefnaskránni er til þess fallið að styðja við þá túlkun að umrætt örnefni sé staðsett í innsta hluta Kringlugils eða jafnvel þar sem drög þess hefjast uppi á fjalli. Á fyrirliggjandi kortum má sjá að eftir að Kringlugil beygir til

---

<sup>279</sup> Íslensk orðabók, þriðja útgáfa. Edda – útgáfa hf., Reykjavík 2002. Ritstjóri: Mörður Árnason.

<sup>280</sup> Við þessa ályktun er m.a. höfð hliðsjón af álitu sérfræðings hjá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, varðandi túlkun hugtakanna gilsbotn og gildrög, sem óbyggðanefnd aflaði við meðferð málsins og lagt var fram til hliðsjónar.

---

suðurs eru brattar hlíðar beggja vegna gilsins, allt þar til komið er a.m.k. 2–3 km suður fyrir norðurmörk ágreiningssvæðisins. Þar sunnan við eru svo drög gilsins. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur óbyggðanefnd rétt að líta svo á að Kringlugilsbotn sé a.m.k. umtalsvert sunnar heldur en sem nemur legu kröfulínu íslenska ríkisins á norðurmörkum ágreiningssvæðisins, en eins og nánar verður vikið að í umfjöllun um norðurmerki svæðisins er umræddur hluti kröfulínu íslenska ríkisins dreginn frá ármótum Kringlugils og Miðár og þaðan beint til vesturs á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli. Að fenginni niðurstöðu um að Kringlugilsbotn sé sunnar en norðurmörk ágreiningssvæðisins samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins er ljóst að lagt verður til grundvallar við úrlausn málsins að Sauðafellsselland nái ekki eins langt til vesturs að norðanverðu eins og byggt er á af hálfu íslenska ríkisins, heldur sé á norðvesturhluta ágreiningssvæðisins, þ.e. vestan við Kringlugil, land sem er innan merkja Hlíðartúns samkvæmt landamerkjabréfinu. Nákvæmlega hve langt til suðurs land Hlíðartúns verður talið ná ræðst hins vegar m.a. af því hvar rétt sé að staðsetja Kringlugilsbotn. Úrlausn um nákvæma staðsetningu hans skiptir þó einungis máli hér ef rannsókn nefndarinnar leiðir í ljós að umrætt örnefni ráði merkjum milli eignarlands og þjóðlendu eða merkjum afréttar eða annarra óbeinna eignarréttinda innan þjóðlendu, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Um eignarréttarlega stöðu svæðisins verður fjallað hér síðar.

Sunnan við ágreiningssvæðið er Ystutunguafréttur. Fjallað var um eignarréttarlega stöðu hans í máli nr. 2/2014 hjá óbyggðanefnd, þ.e. annars vegar vesturhluta Ystutunguafréttar, sem liggur að vestanverðum suðurmörkum ágreiningssvæðisins og hins vegar austurhluta Ystutunguafréttar, sem liggur að þeim austanverðum. Eins og fram kemur í kafla 6.3 í því máli var niðurstaða nefndarinnar sú að vesturhluti Ystutunguafréttar væri þjóðlenda, sem afmarkist að norðaustanverðu, gagnvart Sauðafellssellandi, af línu sem dregin er frá hornpunkti í Háborg um Merkjahrygg. Eins og fram kemur í kafla 6.4 í sama máli var það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að austurhluti Ystutunguafréttar væri eignarland. Austanverð suðurmörk ágreiningssvæðisins, sem hér er fjallað um, ná suður að vestanverðum norðurmerkjum austurhluta Ystutunguafréttar, eins og það svæði var afmarkað í umræddu máli.

Sá hluti merkjalýsingar kaupbréfsins fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479 sem varðar syðsta hluta þeirra merkja sem þar er lýst er svohljóðandi: „... ofan ad Bugdugili og framm á fiall, hálfann Sudrárdal í móts vid Breidabólstað ítakalaust ...“ Kaupbréfið hefur því ekki að geyma lýsingu á suðurmerkjum svæðisins. Í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar á Fellsenda og Hjálmtýs Magnússonar á Kvennabrekku, frá 14. júlí 1881, segir að sellandið á Suðurárdal liggir „frá Kringlugili suðrá Bröttubrekku brún“. Að mati óbyggðanefndar er tilvísun í „Bröttubrekku brún“ í samræmi við landamerkjabréfið, þar sem merkjum er lýst um Merkjahrygg, enda á síðastnefnt örnefni við um fjallshrygginn á suðurmerkjum svæðisins, ofan við Bröttubrekku.

Að mati óbyggðanefndar eru kröfulýsingar málsaðila, sem miðaðar eru við sýslumörk og vatnaskil, því í samræmi við landamerkjabréf Sauðafells, Hlíðartúns o.fl.

---

frá 1883, þar sem merkjum er lýst um Merkjahrygg, sem og vottorðið frá 1881 þar sem miðað er við „Bröttubrekku brún“. Þá mælir kaupbréfið fyrir Breiðabólsstað og Hlíðartún frá 1479 þeirri afmörkun ekki í mót að mati nefndarinnar, þó svo að suðurmerkjunum sé ekki lýst þar, enda ná drög Suðurárdals allt suður að vatnaskilunum, auk þess sem algengt er að vatnaskil ráði merkjum milli landsvæða.

Næst verða austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þessum hluta kröfulínunnar lýst svo: „... að drögum Suðurár (4), þaðan er Suðurá og síðan Miðá fylgt norður að ármótum hennar og Kringlugils (1) ...“ Af hálfu eigenda Sauðafells, gagnaðila íslenska ríkisins, er umræddum hluta merkjanna lýst svo: „... suður á Merkjahrygg, síðan Suðurárdrög (3), sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár og síðan Suðurá og Miðá niður til Kringlugils (2) .“ Samræmi er milli legu kröfulína málsaðila að þessu leyti á framlögðu kröfulínukorti.

Í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 er umræddum hluta merkjanna lýst svo: „... síðan Suðurárdrög, sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár og síðan Suðurá og Miðá niður til Kringlugils ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Breiðabólsstaðar, en land þeirrar jarðar er austan við Sauðafellsselland. Í ódagsettu landamerkjabréfi Breiðabólsstaðar, sem þinglýst var 20. maí 1884, er þeim hluta vesturmerkjanna sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „... ræður Miðá frá merkjaskurði milli Grafar og Breiðabólsstaðar alla leið fram að Austurá, síðan ræður Suðurá alla leið suður á Merkjahrygg ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af Jakobi Guðmundssyni vegna Hlíðartúns.

Í kaupbréfinu fyrir Breiðabólsstað og Hlíðartún frá 1479 segir svo um austurmerki: „... hálfann Sudrárdal í móts við Breiðabólsstað ...“ Austurmerkjum Sauðafellssellands er ekki lýst í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar og Hjálmtýs Magnússonar, frá 14. júlí 1881, en þar kemur þó fram að sellandið sé á Suðurárdal.

Samkvæmt því sem hér var rakið er samræmi milli annars vegar landamerkjabréfs Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 og hins vegar landamerkjabréfs Breiðabólsstaðar, sem þinglýst var 1884, um að Suðurá og Miðá ráði merkjum þar á milli. Það kemur vel heim og saman við tilvitnaðan texta kaupbréfsins fyrir Breiðabólsstað og Hlíðartún frá 1479, enda rennur Suðurá um Suðurárdal, á vesturmerkjum Breiðabólsstaðar, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar.

Í kröfulýsingum málsaðila er austurmerkjum ágreiningssvæðisins eins og áður segir lýst um Suðurárdrög, Suðurá og Miðá. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er sú afmörkun í samræmi við heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig í samræmi við landamerkjabréf Breiðabólsstaðar sem þinglýst var 1884.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að norðanverðu tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfulínan að þessu leyti dregin svo: „Upphafspunktur er ármót Kringlugils og Miðár (1), þaðan er farið beint vestur upp á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli (2) ...“ Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að Kringlugil ráði merkjum milli Sauðafellssellands og Hlíðartúns. Eigandi Hlíðartúns, gagnaðili íslenska

---

ríkisins, lýsir kröfulínu sinni með sama hætti og íslenska ríkið að þessu leyti en byggir nánar tiltekið á því að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er vestan við Kringlugil sé syðsti hluti jarðarinnar Hlíðartúns en að annað land jarðarinnar liggja norðan ágreiningssvæðisins. Af hálfu eigenda Sauðafells, gagnaðila íslenska ríkisins, eru norðurmerki Sauðafellssellands dregin svo: „Sauðafell á Suðarárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðafells og Hlíðartúns neðan frá Miðá (1) uppá hæstu fjallseggjar ...“

Í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 er norðurmerkjum sellandsins gagnvart Hlíðartúni lýst svo: „... Sauðafell á Suðarárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðafells og Hlíðartúns neðan frá Miðá uppá hæstu fjallseggjar ...“

Í þeirri merkjalýsingu sem fram kemur í kaupbréfinu fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479 er eftirfarandi texti: „... ofan að Bugdugili og framm á fiall ...“ Þá segir í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar á Fellsenda og Hjálmtýs Magnússonar á Kvinnabrekku, frá 14. júlí 1881, að sellandið á Suðarárdal liggja „frá Kringlugili suðra Bröttubrekku brún“.

Örnefnið Bugdugil, sem getið er um í kaupbréfinu fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479, er ekki að finna á fyrirliggjandi kortum og þess er heldur ekki getið í örnefnaskrár fyrir Sauðafellsselland og Hlíðartún. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að með Bugdugili sé átt við það gil sem nú er nefnt Kringlugil og liggur á mörkum Hlíðartúns og Sauðafellssellands. Þá kom jafnframt fram við skýrslutökur í málinu að litið sé svo á að um sama gil sé að ræða. Staðhættir í Kringlugili eru með þeim hætti að fyrst liggur gilið til vesturs frá Miðá en beygir svo til suðurs inn í landið. Lega gilsins myndar því bugðu norðan og norðvestan Teigsfjalls. Að teknu tilliti til þessara atriða, sem og þess að ekkert er fram komið sem bendir ótvírætt til þess að með örnefninu Bugdugil sé átt við eitthvert annað gil en Kringlugil kann að mati óbyggðanefndar vel að vera að með örnefninu Bugdugil sé átt við Kringlugil.

Þýðing þess að getið er um Bugdugil í þessu sambandi í kaupbréfinu verður þó að mati nefndarinnar að teljast óljós, þar sem svo virðist sem gert sé ráð fyrir því í kaupbréfinu að Hlíðartúni tilheyri land bæði norðan og sunnan Kringlugils, sbr. orðalagið: „... ofan að Bugdugili og framm á fiall, hálfann Sudrárdal í móts við Breiðabólstað.“ Kaupbréfið hefur því takmarkaða þýðingu að því er varðar rannsókn á merkjum milli Hlíðartúns og Sauðafellssellands. Í þessu sambandi skal þess þó getið að ekki er heldur hægt að útiloka að með örnefninu Bugdugil sé átt við gilið í Suðarárdal sem Suðará rennur um. Sú ályktun gæti einnig vel komið heim og saman við þær vísbendingar sem liggja fyrir um að land Hlíðartúns hafi áður náð lengra til suðausturs en að Kringlugili. Með tilvísun til Bugdugils í kaupbréfinu gæti því mögulega verið átt við það að austurmerki Hlíðartúns gagnvart Breiðabólstað lögju um gilið í Suðarárdal, sem nú ræður austurmerkjum ágreiningssvæðisins.



---

Kringlugil liggur eins og áður segir til vesturs frá Miðá en sveigir svo til suðurs inn í landið. Kröfulína íslenska ríkisins fylgir nyrsta hluta Kringlugils en liggur svo áfram til vesturs upp á Hlíðartúnsfjall í stað þess að fylgja gílinu áfram til suðurs. Kröfulínan á sér stoð í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883, að því leyti sem hún liggur um Kringlugil. Aftur á móti liggja ekki fyrir heimildir um að landamerki fasteigna á svæðinu séu eða hafi verið dregin beint í vestur upp úr nyrsta hluta Kringlugils og þaðan upp á efstu fjallsbrún á Hlíðartúnsfjalli, eins og byggt er á af hálfu íslenska ríkisins. Sá hluti kröfulínu íslenska ríkisins á sér því ekki stoð í heimildum að mati óbyggðanefndar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á austur- og suðurmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um afmörkun Sauðafellssellands. Kröfugerð íslenska ríkisins nær aftur á móti lengra til norðurs og vesturs en sem nemur norður- og vesturmerkjum Sauðafellssellands samkvæmt landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883. Að þessu leyti nær kröfugerð íslenska ríkisins inn á svæði sem er innan merkja Hlíðartúns samkvæmt sama landamerkjabréfi. Á það við um þann hluta ágreiningssvæðisins sem er vestan Kringlugils. Umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins hér á eftir tekur mið af þessari tvískiptingu þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að hún hafi gefið Erpi, syni Meldúns jarls, frelsi og Sauðafellslönd. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla og inn til dala landnám Auðar hafi náð og ekki liggur heldur fyrir hvort ágreiningssvæðið taldist til „Sauðafellslanda“ í kjölfar landnáms. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveðrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða

---

sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Eins og að framan er rakið er ágreiningssvæðið tvískipt að því er varðar heimildir um merki þess. Annars vegar er norðvestanverður hluti þess innan merkja Hlíðartúns samkvæmt landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883. Hins vegar er suðvaustanverður hluti ágreiningssvæðisins innan merkja Sauðafellssellands samkvæmt sama landamerkjabréfi. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari tvískiptingu. Fyrst verður fjallað um þann hluta þess sem er innan merkja Hlíðartúns samkvæmt landamerkjabréfinu og að því búnu um Sauðafellsselland.

### **6.3.3.1 Hlíðartún**

Sauðafellskirkju er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. Ekkert er þar getið um jarðeignir kirkjunnar eða önnur réttindi hennar yfir landi. Hið sama er að segja um elsta fyrirliggjandi máldaga Sauðafellskirkju, þ.e. máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar frá 1355, og máldaga kirkjunnar frá 1397. Elsta heimildin sem liggur fyrir um Hlíðartún er kaupbréf frá árinu 1479, sem varðar sölu Ólafs Loftssonar á Breiðabólstað og Hlíðartúni í Sökkólfsdal til Jóns Þorgilssonar. Þar er hluta af merkjum Hlíðartúns lýst á þann hátt sem að framan greinir. Í kaupbréfinu segir m.a. eftirfarandi:

---

Seldi Olafr Loptsson Jóni Þörgilssyni jördina Breidabólsstad í Sökkólfsdal, er liggir í Saudafellspingm 24 hundruð ad dirleika; sagdi Olafr f(yrir) bænþúss skyldu og jardareignar hálfan Sudrárdal og Austurárdal allan

[...]

og þar að auki Hlíðartún í Sökkólfsdal, eptr þ(ví) se(m) he(yrst) hefr fylgt að fornu og nýu, eptr þ(ví) s(em) h(ann) v(ard) fremst eigandi ad ordin undan sér og sínum erfingjum og eptr ko(m)endu(m), undr Jón og h(an)s erfingja og eptirko(m)enda f(yrir) fullr(a)r eign(a)r og frjáls forrædis ofan ad Bugdugili og framm á fiall, hálfann Sudrárdal í móts vid Breidabólsstad ítakalaust, utan eina selför á Teigluhjall frá Hamraendum, f(yrir) allann sinn smala í átta vikur, enn beit í Hlíðartúnslandi þar sem vill til fjalls og heimalands, enn torf og hris til eldividar sem þeim þarfnast.

Ljóst er að Hlíðartún var meðal hins selda samkvæmt kaupbréfinu og efni þess bendir að mati óbyggðanefndar ekki til annars en að aðilar að kaupunum hafi litið svo á að Hlíðartún væri jörð, háð beinum eignarrétti.

Eins og nánar verður fjallað um hér á eftir, í rökstuðningi fyrir niðurstöðu um Sauðafellsselland, liggur fyrir dómur þriggja klerka frá 13. september 1524 er varðaði deilu um hvort svonefndur Teigur skyldi tilheyra Hlíðartúni eða Hamraendum. Var niðurstaða dómsins sú að Teigur tilheyrði Hlíðartúni. Teigur er, eins og nánar verður fjallað um síðar, innan þess svæðis sem nú er nefnt Sauðafellsselland. Því verður ótvírætt ráðið af niðurstöðu dómsins að hann hafi talið að á þessum tíma næði land Hlíðartúns lengra til suðausturs en lýst er í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883.

Í máldaga Sauðafellskirkju frá því um 1500 er „hlijdartun allt“ talið upp meðal eigna kirkjunnar. Í Gíslamáldaga frá 1570 eða síðar segir: „[Kirkian á Saudafelle.<sup>2</sup>) er æffinnlig prestskylld í heimalande. Hun á iij jarder. tekst iij ærgillde aff eirne. enn xv. aurar aff tueimur. Jtem .vc. i Saurbæiarfiøru.“ Enn fremur liggja fyrir margar vísitasíur fyrir Sauðafellskirkju frá 17., 18. og 19. öld, þar sem Hlíðartúns er getið meðal eigna kirkjunnar. Í vísitasíu fyrir Sauðafellskirkju, frá 19. september 1639, kemur fram að kirkjan eigi „... [vtan] sig I hejmalande effter gömlum maldógum. Hlijdartun [i] Sókolffsdal 16 hndr. Hamar i Lax[ardal] 16 hndr. Affrjett I Sanddal óllum ...“ Í vísitasíu fyrir Sauðafellskirkju frá 20. september 1675 segir m.a.: „Hun a i fostu, Hlijdartun i Sockolffsdal xvi hndr. Kross i Haukadal xv hndr. Hamra i Laxardal svi hndr. Afrett i Sanddal óllum ...“ Í vísitasíu Sauðafellskirkju frá 2. ágúst 1699 segir um eignir kirkjunnar: „... Hún ä i Föstu effter Mäldógum HlijdarTun i Sókolffsdal xvi hndr. Kross i Haukadal xvi hndr. Hamra i Laxärdal xvi hndr. Afriett i Sauddal øllum, Fimm hundruð í Saurbæar fióru ...“

---

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, frá árinu 1703<sup>281</sup>, kemur fram að Hlíðartún sé kirkjujörð Sauðafellskirkju og að hagar séu góðir og víðlendir. Þá segir eftirfarandi um selstöður í landi jarðarinnar: „Í jarðarinnar landi eiga selstöður Sauðafell og Hamraendar.“ Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar eða afréttarmálefni. Þá segir eftirfarandi í umfjöllun um Hamraenda í sömu heimild: „Selstöðu á jörðin á Tígulhjalla í Hlíðartúnslandi. [...] Torfristu vantar þar, en jörðin á Torftak í Hlíðartúnslandi. Eldiviðartak er þar ekkert, en jörðin á eldiviðarhrístak í Hlíðartúnslandi.“ Enn fremur segir í umfjöllun um Sauðafell í sömu heimild: „Selstöðu á jörðin í Teig í Hlíðartúnslandi; eru þar hagar góðir en þrönglendir.“ Eins og áður segir er Teigur innan Sauðafellssellands. Þá mun Tígulhjalli sömuleiðis vera innan Sauðafellssellands, eins og nánar verður vikið að í umfjöllun um eignarréttarlega stöðu þess svæðis hér síðar. Þetta bendir til þess að þegar *Jarðabókin* var rituð hafi land Hlíðartúns náð lengra til austurs heldur en við gerð landamerkjabréfsins fyrir Sauðafell, Hlíðartún o.fl. 1883, þ.e. inn á það land sem nú er nefnt Sauðafellsselland.

Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 24. júní 1721 segir: „Ægidy Kýrkia ad Saudafelle i Middala Sveit. Hun ä I föstu effter Mäldögumm Hlydartun i Sóckölfsdal xvi hndr. Kross i Haukadal xvi hndr. Hamra i Laxärdal xvi hndr. Afriett i Sauddal óllum, Fimm hundrud i Saurbæarfíóru.“ Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 1. júní 1726 segir: „Kýrkiann ä effter mäldögumm i Föstu Þessar Jarðer Hlydartun i Sóckölfsdal. Landskulld 72 al. Hamra i Laxardal. Landskulld 50 al. [...] Af Afrett Kýrkiunnar i Sanddal, og Saurbæarfíóru hefur kýrkiann aungvan agöda.“

Í vísitasíu Sauðafellskirkju, dagsettri 18. september 1725, segir um eignir kirkjunnar: „... Agidii kirkia ad Saudafelle i Middala Sveit ä I föstu Effter Mäldögum, Hlydartun I Sochholsdal 16 hndr. Kross i Haukadal, 16 hndr., Hamra J Laxärdal 16 hndr, afrett i Sanddal óllum, 5 hndr. I Saurbæar fíóru ...“ Í prófastsvísitasíu frá 11. júní 1732 segir um eignir Sauðafellskirkju: „hun ä Effter Visistatiumum Hlydartun i Sockolfsdal xvi hndr., Kross I haukadal xvi hndr., Hamra i Laxärdal xvi hndr., Afriett I ollumm Sanddal, 5 hndr. I Saurbæarfíóru“. Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 14. maí 1742 segir um eignir kirkjunnar:

Hun ä effter visitatium, Präfastsenz Sr Jons Thorarenssonar, Anni 1721 og Präfastsenz Sr Þordar Þördarsonar, Anni 1732 (hveriar báðar Mäldaganna Vænast) i föstu Hlydartun i Sóckölfzdal xvj hndr. Kross i Haukadal xvj hndr. Hamra i Laxardal xvj hndr. Afrett i Sanddal aullumm Fimm hundrud i Saurbæarfíóru.

Fyrir liggur kaupbréf, dagsett 14. nóvember 1746, fyrir 20 hundruðum í Sauðafelli. Í kaupbréfinu kemur fram að Hlíðartún, „xvi hndr. ad dyrleika, Saudafells kyrkiu Eign, so sem hingad til vered hefur“, fylgi með í kaupunum. Kaupbréfinu var þinglýst á manntalsþingi á Sauðafelli 21. júní 1748.

---

<sup>281</sup> Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

---

Í vísitasíu Sauðafellskirkju frá 19. september 1750 segir um eignir kirkjunnar: „Hun ä effter Mäldögum Hlydartun j Sóckölf-Dal 16 hndr. Kross j Haukadal 16 hndr. Hamra i Laxädal 16 hndr. afrett i Sand-Dal öllum, 5 hndr. j Saurbæar Fiöru ...“ Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 6. júní 1753 segir um eignir kirkjunnar: „Hun a effter Maldögum, Hlydartun i Socholfzdal 16 hndr. Kross i Haukadal 16 hndr. Hamra i Laxardal 16 hndr. Afrett i Sanddal ollum, 5 hndr. I Saurbæar fioru.“ Í vísitasíu fyrir Sauðafellskirkju frá 16. september 1758 segir um eignir kirkjunnar: „Hun ä effter Mäldögum Hlydartun i SóckolfsDal 16 hndr. Kross i HaukaDal 16 hndr. Hamra I LaxärDal 16 hndr. AfRiett i Sandsdal ollum 5 hndr. i Saurbæaiar Fiöru.“ Í vísitasíu fyrir Sauðafellskirkju frá 11. september 1782 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Hún á Hlidartun i Sockolfsdal, Kross i Haukadal, og Hamra i Laxárdal, serhvöria af þessum Jördum xvj hndr. Afrett i öllum Sandsdal, og 5 hndr. i Saurbæar Fiöru ...“ Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 9. október 1803 segir um eignir kirkjunnar: „Hún á Hlidartún i Sökkólfsdal Kross i Haukadal og Hamra i Laxárdal, sierhveria af þessum Jördum 16 hndr.; Afrett i öllum Sanddal og 5 hndr. i Saurbæar Fiöru.“

Í jarðamatinu frá 1804 er Hlíðartún sagt vera 16 hundraða jörð í eigu kirkjunnar á Sauðafelli og fram kemur að Þorsteinn Daðason búi á jörðinni. Þá kemur m.a. fram að jörðin beri þrjár kýr og 30 kindur.

Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 2. júní 1807 segir um eignir kirkjunnar: „Hun á Hlidartun i Sockólfsdal, Kross i Haukadal og Hamra i Laxardal, serhvöria Þessara jarda 16 hndr., Afrett i öllum Sanddal, og 5 hndr. i Saurbæar fiöru.“ Í lögfestu Oddleifs Þorsteinssonar fyrir Sauðafell, dagsettri 30. mars 1814, sem lesin var upp á manntalsþingi á Sauðafelli sama dag, er ekki getið um Hlíðartún. Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 1. október 1820 segir um eignir kirkjunnar: „hun á Hlydartun i Sockolfsdal, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal sérhvöria af þessum Jördum 16 hndr. Afrétt í öllum Sanddal og 5 hndr. í Saurbæarfiöru.“ Í vísitasíu fyrir Sauðafellskirkju frá 4. ágúst 1827 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „hún á Hlíðartún í Sökkólfsdal, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal serhvör af þessum Jördum 16 hndr. Afrétt í öllum Sandsdal, og 5 hndr. í Saurbæjar Fjöru ...“

Í jarðamatinu frá 1849–1850 segir að Hlíðartún sé „16 hndr. „kirkjujörð frá Saudafelli“.

Í prófastsvísitasíu Sauðafellskirkju frá 12. nóvember 1866 segir um eignir kirkjunnar: „Kirkjan á Hlíðartún í Sökkólfsdal 16 hndr. Kross í Haukadal 16 hndr. Hamra í Laxárdal 16 hndr. allt ad fornu mati; afrétt í öllum Sanddal og 5 hndr. í Saurbæjarfjöru.“ Í vísitasíu Sauðafellskirkju frá 19. júlí 1870 segir: „Kirkjan á eptir máldögum Hlidartun í Sökkólfsdal, Kross í Haukadal, og Hamra í Laxárdal Afrétt í öllum Sandsdal, og 5 hndr. í Saurbæjarfjöru.“

Í þingbók Dalasýslu kemur fram að í aukarétti sýslunnar 8. júlí 1881 hafi Ásmundur Þorsteinsson á Fellsenda og Hjálmtýr Magnússon á Kvennabrekku verið útnefndir til að gefa vottorð um tiltekin atriði varðandi Sauðafell. Var þeim m.a. falið

---

að gefa vottorð um „... hve mikid var eptirgjaldid eptir alla Saudafells eignina, heimajördina Saudafell með afrettinni Hlíðartúni, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal, þegar presturinn séra Jakob Guðmundsson tók við ofangreindri eign ...“ Þetta er elsta heimildin þar sem getið er um Hlíðartún sem afrétt. Í vottorði þeirra, sem dagsett er 14. sama mánaðar, segir m.a að unnt væri að „... leggja jördina Hlíðartún alveg undir jördina Saudafell til sumarbeitar þegar grasræktin heima væri komin í gott lag og peningurinn ordinn mikill og mætti þá framfleyta á eign þessari einhverju hinu mesta stórbúi til búnaðar kennslu og fyrirmyndar.“ Í vottorðinu er því Hlíðartún metið sem jörð.

Landamerkjabréf Saudafells, Hlíðartúns o.fl. er sem fyrr segir dagsett 23. maí 1883 og því var þinglýst 29. maí 1885. Landamerkjabréfið ber yfirskriftina: „Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Saudafelli í Miðdölum með tilheyrandi sellandi á Suðurárdal og upprekstri á Mjóadal og fyrir jörðinni Hlíðartúni í Sökkólfsdal“. Sú yfirskrift bendir eindregið til þess að litið hafi verið á Hlíðartún sem jörð við gerð þess. Í landamerkjabréfinu er merkjum Hlíðartúns lýst, á þann hátt sem að framan greinir. Þá segir eftirfarandi um ítak Hlíðartúns í Saudafellslandi:

Í Saudafellsheimalandi á Hlíðartún ítak syðst og neðst í Saudafellstungu [...] Hlíðartún á ítak syðst og neðst í Saudafellstungu til slæгна og hrossabeitar að tiltölu við Saudafell; sje parturinn ekki allur sleginn eptir samkomulagi við ábúanda Saudafells eða metinn til ítölu í haga.

Síðan er merkjum ítaksins lýst en sú merkjalýsing tekur ekki til ágreiningssvæðisins. Enn fremur segir í landamerkjabréfinu að Hlíðartún eigi „upprekstur fyrir eiginn pening á Mjóadal að 1/5 einum fimmta hlut móts við Saudafell ...“.

Með afsali, dagsettu 1. nóvember 1915, seldi Björn Bjarnason, fyrrverandi sýslumaður á Saudafelli, Oddi Arngrímssyni á Saudafelli Hlíðartún. Í afsalinu er getið um Hlíðartún sem jörð en merkjum er ekki lýst.

Í fasteignamatinu frá 1916–1918 kemur fram að Hlíðartún sé 15,4 hundruð að dýrleika. Jafnframt segir m.a. eftirfarandi:

3. Beitoland gott fyrir allar skepnur, skjólgott, oftast snjólétt, kjarngott. Smalamennska fremur hæg. 4. Blettur til slæгна eða hrossagöngu í heimalandi jarðarinnar Saudafells. [...] Ókostir eru þessir taldir helstir. 1. Vantar upprekstrarland ...

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 er m.a. fjallað um Hlíðartún. Þar segir:

Í vestanverðum Sökkólfsdal var bærinn Hlíðartún um fjóra km frá mynni dalsins. Hann eyddist af aurskriðu 14. nóvember árið 1884 og biðu sex manns bana. Þar var þó byggt upp aftur og búið með litlum hléum til ársins 1935. Á brún Hlíðartúnshjalls gegnt Breiðabólstað er kletthæð sem nefnist Nónklungur (475 m) en um tveim km innar í hlíðinni er Kringlugil ...

---

Í málinu liggur fyrir samningur, dagsettur 25. mars 2004, um fjölnytjaskógrækt í landi Hlíðartúns. Aðilar samningsins eru annars vegar Vesturlandsskógar og hins vegar Jón Hjartarson, fyrirsvarsmaður Jónsmessunnar ehf., sem skógarbóndi, en hann er gagnaðili íslenska ríkisins í málinu. Vesturlandsskógar voru á þessum tíma landshlutaverkefni í skógrækt sem landbúnaðarráðherra starfrækti á grundvelli laga nr. 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni, en voru sameinaðir öðrum landshlutaverkefnum á því sviði undir merkjum Skógræktarinnar árið 2016, sbr. lög nr. 60/2016. Fram kemur í samningnum að hann sé gerður á grundvelli ákvæða laga nr. 56/1999 um fjölnytjaskógrækt á lögbýlum og að hann taki til lögbýlanna Breiðabólstaðar og Hlíðartúns í Sökkólfsdal. Með samningnum skuldbatt skógarbóndi sig til að taka 199 ha lands innan umræddra jarða til landbótaskógræktar. Samningnum fylgir kort þar sem umrætt svæði er afmarkað. Þar sést að svæðið sem samningurinn tekur til er a.m.k. að langmestu leyti utan ágreiningssvæðisins. Ekki verður þó ótvírætt ráðið af kortinu hvort svæðið sem samningurinn tekur til nái að einhverju litlu leyti suður fyrir kröfulínu íslenska ríkisins á norðurmörkum þess.

Jafnframt liggur fyrir annar samningur, dagsettur 10. og 12. apríl 2008, milli sömu aðila. Sá samningur ber yfirskriftina „Samningur um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt samkvæmt lögum nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt“. Sá samningur er í meginatriðum sama efnis og hinn fyrri, að öðru leyti en því að þar er samið um töku 538 ha lands til skógræktar á sex aðskildum deilissvæðum. Ólíkt samningnum frá 2004 var hann ekki staðfestur fyrir hönd landbúnaðarráðherra með áritun, enda var slíkt ekki áskilið samkvæmt þágildandi ákvæðum laga nr. 95/2006, heldur skyldu samningarnir, skv. 2. mgr. 6. gr. laganna, vera á formi sem landbúnaðarráðherra hefði staðfest. Þessum samningi fylgdi einnig kort af skógræktarsvæðinu en ekki verður ótvírætt ráðið af því, frekar en kortinu sem fylgdi fyrri samningnum, hvort svæðið sem samningurinn tekur til nái að einhverju litlu leyti suður fyrir kröfulínu íslenska ríkisins á norðurmörkum þess.

Heimildir um Hlíðartún ná samkvæmt framansögðu allt aftur til ársins 1479. Það svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar er það land sem er innan merkja Hlíðartúns samkvæmt landamerkjabréfinu fyrir Sauðafell, Hlíðartún o.fl. frá 1883. Eins og hér hefur verið rakið benda eldri heimildir til þess að land Hlíðartúns hafi áður náð yfir stærra svæði, þ.e. það svæði sem nú er nefnt Sauðafellsselland eða a.m.k. hluta þess. Á það við um kaupbréfið fyrir Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479, dóm þriggja klerka frá 13. september 1524 og *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703. Fjallað verður sérstaklega um eignarréttarlega stöðu Sauðafellssellands síðar í þessum kafla, þar á meðal þýðingu umræddra heimilda hvað hana varðar. Að teknu tilliti til framangreindrar niðurstöðu um merki Hlíðartúns er að mati óbyggðanefndar rétt að leggja til grundvallar að það svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar sé í heild sinni innan þeirra merkja. Að framan var vikið að óvissu um staðsetningu örnefnisins

---

Kringlugilsbotn sem fram kemur í merkjalýsingu landamerkjabréfsins fyrir Hlíðartún. Eins og þar kemur fram er ekki þörf á því við úrlausn málsins að ákvarða með nákvæmum hætti staðsetningu umrædds örnefnis nema í ljós komi að þar sé um að ræða mörk milli eignarlands og þjóðlendu eða mörk afréttar eða annarra óbeinna eignarréttinda í þjóðlendu.

Þær heimildir sem liggja fyrir um Hlíðartún benda að mati óbyggðanefndar ótvírætt til þess að Hlíðartún hafi verið jörð. Efni kaupbréfsins frá 1479 bendir ekki til annars en að aðilar að kaupunum hafi litið svo á að um jörð væri að ræða. Þá bendir áðurnefndur dómur þriggja klerka frá 13. september 1524 til hins sama, þar sem niðurstaða hans var að Teigur væri „Hlíðartúns eign“. Auk þess er sérstakur kafli um Hlíðartún í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703, líkt og um aðrar jarðir, og hún sögð vera „Kirkjujörð Sauðafellskirkju“. Það sem fram kemur um Hlíðartún í fjölmörgum vísitásiúm Sauðafellskirkju bendir enn fremur til hins sama, þar sem tilgreint er að Hlíðartún sé 16 hundruð en þar er vísað til jarðamats. Það matsverð Hlíðartúns er einnig tilgreint í kaupbréfinu frá 14. nóvember 1746 sem varðaði 20 hundruð í Sauðafelli. Raunar er Hlíðartún nefnt jörð í vísitásiunni frá 11. september 1782, prófastsvísitásiunni frá 9. október 1803, prófastsvísitásiunni frá 2. júní 1807, prófastsvísitásiunni frá 1. október 1820 og vísitásiunni frá 4. ágúst 1827. Þá kemur fram í vísitásiúm Sauðafellskirkju allt frá 1675 til 1866 að kirkjan eigi jarðirnar Hlíðartún í Sökkólfsdal, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal, sem allar séu metnar 16 hundruð. Hvergi er þar fjallað um Hlíðartún sem afrétt, en hins vegar ítrekað getið um afrétt kirkjunnar í Sanddal.

Í jarðamatinu frá 1804 er Hlíðartúns enn fremur getið sem jarðar, sem og í jarðamatinu frá 1849–1850, þar sem Hlíðartún er sagt vera „kirkjujörð frá Saudafelli“, og í fasteignamatinu frá 1916–1918. Það sem fram kemur í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar og Hjálmtýs Magnússonar frá 14. júlí 1881 bendir einnig ótvírætt til þess að litið hafi verið á Hlíðartún sem jörð, þrátt fyrir að getið sé um svæðið sem afrétt í bókuninni í þingbók Dalasýslu frá því sex dögum fyrr. Þá bendir landamerkjabréfið fyrir Sauðafell, Hlíðartún o.fl. frá 1883 enn fremur eindregið til hins sama eins og áður segir. Ári eftir að landamerkjabréfið var gert, þ.e. árið 1884, mun bærinn í Hlíðartúni hafa eyðst í aurskriðu, að því er fram kemur í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997. Þar mun þó hafa verið búið með hléum til ársins 1935. Þá er eins og áður segir getið um Hlíðartún sem jörð í afsali Björns Bjarnasonar til Odds Arngrímssonar, dagsettu 1. nóvember 1915. Við úrlausn málsins skiptir ekki verulegu máli þótt jörðin hafi farið í eyði heldur skiptir meginmáli að eldri heimildir benda til þess að um sé að ræða svæði sem var jörð frá fornu fari. Um hugtakið *jörð* vísast annars nánar til kafla 4.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að mati óbyggðanefndar benda fyrirbyggjandi heimildir ekki til þess að nokkru sinni hafi verið innan merkja Hlíðartúns svæði sem hafði stöðu afréttar að lögum og laut sjálfstæðri afmörkun. Orðalagið „med afrettinni Hlíðartúni“, sem fram kemur í



---

bókun í þingbók Dalasýslu frá 8. júlí 1881, getur heldur ekki eitt og sér orðið grundvöllur að ályktun um að svæðið hafi haft stöðu afréttar að lögum, þegar horft er til þess að fjölmargar aðrar heimildir benda þvert á móti afdráttarlaust til þess að Hlíðartún hafi verið jörð, eins og þegar hefur verið rakið.<sup>282</sup>

Af þeim takmörkuðu heimildum sem fyrir liggja verður ekki séð annað en að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar hafi frá upphafi verið hluti af jörðinni Hlíðartúni. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti, heldur virðist meðferð svæðisins hafa verið ágreiningslaus. Enda þótt nýting þess hluta Hlíðartúns sem er innan ágreiningssvæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en þess hluta jarðarinnar sem er láglandari og nær byggð leiðir það eitt og sér ekki til ályktunar um að eignarréttarleg staða umrædds hluta ágreiningssvæðisins sé önnur en annars lands innan marka jarðarinnar. Þá telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar hafi verið hluti af jörðinni Hlíðartúni frá öndverðu og að gagnaðili íslenska ríkisins, og þeir sem hann leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Að fenginni þeirri niðurstöðu er ekki þörf á því við úrlausn málsins að rannsaka frekar hvort samningar fyrirsvarsmanns gagnaðila íslenska ríkisins við Vesturlandsskóga, frá 25. mars 2004 og 10. og 12. apríl 2008, um skógrækt í landi Hlíðartúns og Breiðabólsstaðar taki að einhverju leyti til ágreiningssvæðisins.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Hlíðartúns, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

### 6.3.3.2 Sauðafellsselland

Næst verður fjallað sérstaklega um þann hluta ágreiningssvæðisins sem er sunnan og austan Kringlugils og hefur verið nefndur Sauðafellsselland. Þar sem saga Hlíðartúns og Sauðafellssellands er um margt samofin er samhengisins vegna óhjákvæmilegt að endurtaka að nokkru leyti umfjöllun um heimildir sem þegar hafa verið gerð skil hér að framan í umfjöllun um Hlíðartún. Eins og áður er getið um kemur fram í *Landnámu* að Auður djúpúðga hafi gefið Erpi, syni Meldúns jarls, frelsi og Sauðafellslönd. Ekki verður ráðið af þessari frásögn hvort Sauðafellsselland hafi verið talið hluti af „Sauðafellslöndum“.

---

<sup>282</sup> Sjá nánar um hugtökin jörð og afréttur kafla 4.2, 4.4 og 4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Eins og áður segir er ekkert getið um jarðeignir Sauðafellskirkju eða önnur réttindi yfir landi í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200. Hið sama er að segja um elsta fyrirbyggjandi máldaga kirkjunnar, þ.e. máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar frá 1355, og máldaga kirkjunnar frá 1397.

Elsta fyrirbyggjandi heimildin sem ljóst virðist að taki til þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, þ.e. Sauðafellssellands, er kaupbréfið frá 1479 þar sem lýst er kaupum Jóns Þorgilssonar á jörðunum Breiðabólstað og Hlíðartúni af Ólafi Loftssyni. Eins og áður er rakið segir m.a. eftirfarandi í kaupbréfinu:

Seldi Olafur Loftsson Jóni Þorgilssyni jördina Breiðabólstað í Sökkólfsdal, er liggir í Sauðafellssþingum 24 hundruð að dírleika; sagði Olafur f(yrir) bænhúss skyldu og jardareignar hálfann Sudrárdal og Austurárdal allan

[...]

og þar að auki Hlíðartún í Sökkólfsdal, eptr þ(ví) se(m) he(yrst) hefr fylgt að fornu og nýu, eptr þ(ví) s(em) h(ann) v(ard) fremst eigandi að ordin undan sér og sínum erfingjum og eptr ko(m)endu(m), undr Jón og h(an)s erfingja og eptirko(m)enda f(yrir) fullr(a)r eign(a)r og frjáls forrædis ofan að Bugdugili og framm á fiáll, hálfann Sudrárdal í móts við Breiðabólstað ítakalaust, utan eina selför á Teigluhjall frá Hamraendum, f(yrir) allann sinn smala í átta vikur, enn beit í Hlíðartúnslandi þar sem vill til fjalls og heimalands, enn torf og hris til eldividar sem þeim þarfnast.

Suðurárdalur er á austurmörkum Sauðafellssellands, nánar tiltekið þannig að vesturhluti dalsins er innan marka þess en austurhluti hans er innan lands Breiðabólstaðar. Því virðist ótvírætt að þar sem getið er um „hálfann Sudrárdal í móts við Breiðabólstað“ í kaupbréfinu er átt við umræddan hluta ágreiningssvæðisins. Þá bendir texti kaupbréfsins jafnframt ótvírætt til þess að Tígulhjalli, þar sem Hamraendar áttu selstöðu, hafi verið á Suðurárdal. Um staðsetningu Tígulhjalla segir annars eftirfarandi í örnefnaskrá fyrir Hlíðartún sem Jón Sumarliðason á Breiðabólstað skráði árið 1944: „Vestar með hlíðinni [heldur en Kringlugilsbotn] er Tígulhjalli (41) — þar var selstaða frá Hamraendum í Miðdölum og sér enn fyrir rústum — og Hamraendahjalli (42).“ Við skýrslutökur í málinu kom fram að Hamraendasel hafi staðið sunnan Kringlugils á Suðurárdal og að mati óbyggðanefndar er rétt að leggja til grundvallar að selið hafi staðið þar, þ.e. innan þess svæðis sem nú er nefnt Sauðafellsselland, enda er ekki ágreiningur um það atriði milli aðila málsins.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur komið fram það sjónarmið við meðferð málsins að í kaupbréfinu kunni að vera lýst bæði mörkum beinna og óbeinna eignarréttinda og þá þannig að þar sem getið er um „hálfann Sudrárdal í móts við Breiðabólstað“ kunni að vera átt við óbein eignarréttindi á vestanverðum Suðurárdal. Að mati óbyggðanefndar er hvað þetta varðar til þess að líta að í beinu framhaldi af tilvitnuðum texta koma orðin „ítakalaust, utan eina selför á Teigluhjall frá Hamraendum, f(yrir)

---

allann sinn smala í átta vikur ...“ Tilvist ítaks þriðja aðila á afmörkuðu svæði innan þess svæðis á Suðurárdal sem getið er um í kaupbréfinu bendir að mati óbyggðanefndar til þess að við kaupin hafi verið afsalað beinum eignarrétti, enda er þar ekki gerður greinarmunur á eignarréttarlegri stöðu austan- og vestanverðs Suðurárdals, að því frátöldu sem þar kemur fram um umrætt ítak. Um almenna þýðingu tilvistar ítaka við úrlausn um eignarréttarlega stöðu landsvæða vísast annars til kafla 4.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þar kemur m.a. fram að óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði þar sem ítakið er sé eða hafi einhvern tímann verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunni þó að finnast ítök í landsvæðum sem ekki séu undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki sé hægt að sýna fram á með óbyggjandi hætti að hafi nokkurn tímann verið það. Tilvist ítaks ræður því ekki ein og sér úrslitum við mat á eignarréttarlegri stöðu lands, heldur þarf sem endranær að leggja heildstætt mat á fyrirliggjandi gögn og önnur atriði sem haft geta þýðingu. Í því sambandi þarf m.a. að gæta að því hvað liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kann að hafa stofnast til við landnám, þ.e. hvort samhengi eignarréttar og sögu liggi fyrir. Í því sambandi vísast t.d. til dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk).

Að mati óbyggðanefndar er orðalagið „f(yrir) fullr(a)r eign(a)r og frjáls forrædis“, sem fram kemur á undan merkjalýsingu kaupbréfsins frá 1479, jafnframt til þess fallið að styrkja ályktun um að við kaupin hafi verið afsalað beinum eignarrétti á Suðurárdal. Þá bendir efni kaupbréfsins jafnframt fremur til þess að mati nefndarinnar að umræddur hluti Suðurárdals hafi þá verið talinn vera innan merkja Hlíðartúns, enda koma orðin „hálfan Sudrárdal“ í beinu framhaldi af merkjalýsingu sem ótvírætt tekur til Hlíðartúns. Þó er óljóst hvaða þýðingu tilvísun til Bugðugils hefur í merkjalýsingunni ef þar var átt við Kringlugil og land Hlíðartúns lá beggja vegna gilsins. Þetta kann að renna stoðum undir ályktun um að með örnefninu Bugðugil hafi frekar verið átt við gilið á Suðurárdal sem Suðurá rennur um.

Í máldaga Sauðafellskirkju frá því um 1500 segir meðal annars: „Egidijus kirkia a saudafelle a kross j haukadál. hliðartun allt. saudfelljnnnga mula. beckradal. kirkiufellsmýrar ...“ Hlíðartún, sem Jón Þorgilsson keypti um 20 árum fyrr, er því talið upp meðal eigna Sauðafellskirkju í máldaganum. Ekki verður þó ráðið af máldaganum einum og sér hvort það svæði sem nú er nefnt Sauðafellsselland hafi þá talist til Hlíðartúns, enda er merkjum ekki lýst þar.

Í Íslensku fornbréfasafni er varðveittur dómur þriggja klerka frá 13. september 1524 er varðaði deilu um hvort svonefndur Teigur skyldi tilheyra Hlíðartúni eða Hamraendum. Óumdeilt er í málinu að Teigur sé við Miðá sunnan Kringlugils, þ.e. innan Sauðafellssellands. Það er einnig í samræmi við það sem fram kemur í

---

örnefnaskrá fyrir Sauðafellsselland, sem Jón Sumarliðason á Breiðabólstað skráði árið 1944, þar sem Teigur er nefndur meðal örnefna innan sellandsins. Að því er fram kemur í dómnum lagði séra Ólafur Guðmundsson fram vottað bréf þess efnis að Teigur tilheyrði Hamraendum. Stulli Þórðarson lagði aftur á móti fram kaupbréf þar sem fram kom „... að Hliðartún ætte land allt fram á fiall og heim j þann læk sem rennur næst Reidhollte Riettsýnis uppa fiall jtakalaust. utan eina selstodu á Teigluhialla skylldu eiga Hamraendar“. Niðurstaða dómsins var þessi:

Þuj dæmdum vær kaupbrefed skiallegt og mindugt. Enn hitt onýtt og ad ongvu halldanda. og æfenlega vera og vered hafa Hliðartúns eign tijttnefndan Teig. med allri annari adurskrifadri landar Eign fram a fiall og j adurskrifadan læk. Enn greinda selstodu skilldu þeir hafa fra Hamrendum. er þar bygge. enn lia huorke nie a leigu selia. og ei firer adra peninga enn sijna Búnýt.

Þar sem Teigur er sunnan við Kringlugil verður ótvírætt ráðið af þessari niðurstöðu að dómurinn taldi að á þessum tíma næði land Hlíðartúns lengra til suðausturs en lýst er í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883.

Í Gíslamáldaga frá 1570 eða síðar segir: „Kirkian á Saudafelle. er æffinnlig prestskyld í heimalande. Hun á iij jarder. tekst iij ærgillde aff eirne. enn xv. aurar aff tueimur. Jtem .vc. i Saurbæiarfiøru.“

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 segir m.a. eftirfarandi um Sauðafell:

Kirkjan á ekkert í heimalandi.

Jarðardýrleiki lx c.

[...]

Hagar svo nær öngvir heima á jörðunni fyrir utan engjar. Selstöðu á jörðin í Teig í Hlíðartúnslandi; eru þar hagar góðir en þrönglendir. Nú nýlega hefur hún ei brúkuð verið.

Eins og áður segir kemur fram í umfjöllun um Hlíðartún í sömu heimild að sú jörð sé kirkjujörð Sauðafellskirkju. Þá segir eftirfarandi um selstöður í landi Hlíðartúns: „Í jarðarinnar landi eiga selstöður Sauðafell og Hamraendar.“ Ekkert kemur fram um afmörkun jarðarinnar eða afréttarmálefni. Þá segir eftirfarandi í umfjöllun um Hamraenda í sömu heimild: „Selstöðu á jörðin á Tígulhjalla í Hlíðartúnslandi. [...] Torfristu vantar þar, en jörðin á Torftak í Hlíðartúnslandi. Eldiviðartak er þar ekkert, en jörðin á eldiviðarhrístak í Hlíðartúnslandi.“ Eins og áður segir er Teigur innan Sauðafellssellands. Þá mun Tígulhjalli sömuleiðis vera innan Sauðafellssellands, eins og áður er getið um. Þetta bendir sterklega til þess að á þeim tíma sem *Jarðabók* Árna og Páls var rituð hafi það svæði sem nú er nefnt Sauðafellsselland enn verið innan marka Hlíðartúns, a.m.k. að hluta.

Fyrir liggur að á manntalsþingi á Sauðafelli 18. júní 1729 var fært til bókar efnis makaskiptabréfs Ögmundar Pálssonar biskups og Daða Guðmundssonar vegna Hamraenda og Sauðhúsa í Laxárdal frá árinu 1528. Í bókuninni er m.a. getið um „...“

---

selfor sem greindir hamrendar eiga j hlidartuns jord kirkiunnar vegna undan oss og vorum eptirkomendum ...“ Textinn bendir til þess að Hamraendasel hafi staðið í landi sem þá tilheyrði Hlíðartúni. Á sama manntalsþingi var efni áðurnefnds kaupbréfs frá 1479 fært til bókar. Fram kemur að hinn bókaði texti kaupbréfsins sé eftir afriti sem hafi verið skrifað upp á Hólum í Hjaltadal 26. janúar 1687 eftir handskrifuðu bréfi. Kaupbréfið frá 1479 og makaskiptabréf Ögmundar biskups og Daða Guðmundssonar frá 1528 voru aftur lesin upp á manntalsþingi á Sauðafelli 18. júní 1790.

Eins og áður hefur verið rakið liggja fyrir fjölmargar vísitásiur fyrir Sauðafellskirkju frá 17. til 19. aldar. Efni þeirra hefur þegar verið rakið hér að framan í umfjöllun um Hlíðartún, að því leyti sem þær varða ágreiningssvæðið, og ekki er þörf á að endurtaka það allt hér. Ekkert er getið um Sauðafellsselland í þeim en þess aftur á móti getið að Hlíðartún tilheyri kirkjunni. Þá er þess getið í þeim velflestum að kirkjan eigi *afrétt* í Sanddal en ekki getið um aðra afrétti sem tilheyri kirkjunni. Þá er ekkert getið um Sauðafellsselland í lögfestu Oddleifs Þorsteinssonar fyrir Sauðafell, dagsettri 30. mars 1814, sem lesin var upp á manntalsþingi á Sauðafelli sama dag.

Í kaflanum um Miðdalþing eftir Jón Jónsson í Hlíð og séra Vigfús Reykdahl, í *Sýslu- og sóknalýsingum* Dalasýslu frá 1839–1855 segir eftirfarandi um selför Hamraenda í Hlíðartúnsland og afrétt Sauðafellskirkju á Sanddal:

Margar af framantöldum jörðum hafa átt selstöður innan sinna landareigna, og verið notaðar í fornöld; en færri brúkað þær á seinni tímum; engin jörð á hér selför í annars land nema Hamraendar eiga selför í Hlíðartúnsland. Afrétt átti Sauðafellskirkja í allan Sandsdal og hafa flestir sóknarbærir haft þar upprekstur og goldið uppreksturstoll ...

Af þessu verður ráðið að á þessum tíma hafi verið litið svo á að landið þar sem Hamraendasel var staðsett væri innan marka Hlíðartúns en að það hefði ekki stöðu afréttar, ólíkt afrétti Sauðafellskirkju á Sanddal.<sup>283</sup>

Í aukarétti Dalasýslu 8. júlí 1881 voru Ásmundur Þorsteinsson á Fellsenda og Hjálmtýr Magnússon á Kvennabrekku útnefndir til að gefa vottorð um eftirfarandi atriði að því er varðaði Sauðafell:

1° Vottord um hve mikid var eptirgjaldid eptir alla Saudafells eignina, heimajörðina Saudafell med afrettinni Hlidartúni, Kross í Haukadal og Hamra í Laxárdal, þegar presturinn séra Jakob Guðmundsson tók við ofangreindri eign og í hvaða ástandi heima jörðin Saudafell þá var, bædi ad túni og byggingum.

2° Vottord um hvad Saudafellseignin nú gefur af sjer, auk jardarinnar Hamra, það er ad segja heimajörðin Saudafell med uppbyggðum selbæ og sellandi á Suðurárdal, Hlidartún og Sanddalstúnga med afrettinni og [endar svo].

---

<sup>283</sup> Fjallað er um eignarréttarlega stöðu Sauðafellsafréttar í kafla 6.5 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014 sem kveðinn var upp 11. október 2016. Það mál var síðar endurupptekið og er nýr úrskurður í málinu kveðinn upp samhliða úrskurði þessum.

---

3° Nokkurn vegin greinilega lysingu um í hvada ástandi heimajörðin Saudafell er nú og hvad prestur síra Jakob Gudmundsson hefur gjört þar að byggingum og jardabótum, og hversu naudsynlegt sé að þeim jardabótum sé áframhaldid.

Af orðalagi matsbeiðninnar má ráða að Sauðafellsselland, með selbænum sem þar stóð, hafi á þessum tíma verið talið tilheyrja Sauðafelli fremur en Hlíðartúni.

Vottorð Ásmundar og Hjálmtýs er dagsett 14. sama mánaðar. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram, að því er varðar spurningu nr. 2: „Alitum við að heima jörðn Saudafell í því ástandi sem hún er nú með selbænum, sellandi á Suðurárdal frá Kringlugili suðrá Bröttubrekku brún og fríum upprekstri á afréttina megi byggjast í allt í hid minnsta með 23 vættum.“ Að því er varðar spurningu nr. 3 segir meðal annars: „Næstlidid ár byggdi hann selbæ framá Suðurárdal, sem nú heyrir til jörðunni Sauðafelli, það er 3 — þriggja stafgólfa hús, badstofa, búr og eldhús með þili framanundir. Sú bygging kostaði yfir 500 kr., þar hefur hann og færi kvíar til ræktunar kringum selbæinn.“ Síðar segir í vottorðinu:

Eins og heimajörðin Sauðafelli getur tekið fjarska framförum til grasræktar svo er líka sellandid mikid og gott enda mætti líka ef vildi leggja jörðina Hlíðartun alveg undir jörðina Saudafell til sumarbeitar þegar grasræktin heima væri komin í gott lag og peningurinn ordinn mikill og mætti þá framfleyta á eign þessari einhverju hinu mesta stórbúi til búnaðar kennslu og fyrirmyndar.

Af vottorði matsmannanna verður ráðið að séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli hafi látið reisa selbæinn á Suðurárdal árið áður. Þá kann orðalagið „selbæ fram á Suðurárdal sem nú [leturbreyting] heyrir til jörðinni Sauðafelli“ mögulega að benda til þess að sellandið hafi þá nýverið verið lagt undir Sauðafell, enda benda eldri heimildir til þess að umræddur hluti ágreiningssvæðisins hafi áður tilheyrt Hlíðartúni, eins og áður hefur verið rakið.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>284</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Landamerkjabréf Sauðafells, Hlíðartúns o.fl., frá 1883, ber sem fyrr segir yfirskriftina „Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Sauðafelli í Miðdölum með tilheyrandi sellandi á Suðurárdal og upprekstri á Mjóadal og fyrir jörðinni Hlíðartúni í Sökkólfsdal“. Í landamerkjabréfinu er m.a. lýst merkjum þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar, en þar segir nánar tiltekið:

---

<sup>284</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Sauðafell á Suðurárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðafells og Hlíðartúns, neðan frá Miðá uppá hæstu fjalleggjar, síðan ráða fjallseggjar eptir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurádrög, sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár og síðan Suðurá og Miðá niður til Kringlugils.

Tilvitnaður texti landamerkjabréfsins kemur í beinu framhaldi af umfjöllun um merki Sauðafells að öðru leyti. Því næst er því lýst að Sauðafell eigi „upprekstur fyrir eignum þannig að 4/5 þörtum móts við Hlíðarhús“. Eignarréttarleg staða þess svæðis sem upprekstrarétturinn tók til var til umfjöllunar í máli nr. 2/2014 hjá óbyggðanefnd og var niðurstaða nefndarinnar að um eignarland væri að ræða, sbr. kafla 6.5 í því máli, sem varðaði Miðdælingaafrétt (Fellsendafrétt og Sauðafellsafrétt). Að því búnu kemur fram í landamerkjabréfinu að Hlíðartún eigi ítak í Sauðafellstungu. Því næst er lýst merkjum Hlíðartúns og að því búnu er lýst merkjum milli Sauðafells og Erpsstaða. Aftast í meginmáli landamerkjabréfsins kemur fram að Hlíðartún eigi upprekstur á Mjóadal að 1/5 á móti Sauðafelli sem eigi upprekstur í 4/5 hlutum dalsins.

Óbyggðanefnd telur að orðalag og efnisskipan landamerkjabréfsins bendi fremur til þess að við gerð þess hafi verið litið svo á að Sauðafellsselland væri háð beinum eignarrétti fremur en óbeinum. Til marks um þetta er m.a. orðalagið „Sauðafell á Suðurárdal allan“ og að Kringlugil er sagt ráða merkjum „milli Sauðafells og Hlíðartúns“. Síðarnefndi textinn er til þess fallinn að styrkja ályktun um að svæðið hafi verið talið hluti af Sauðafelli með sama hætti og annað land jarðarinnar. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að ekki verður dregin afdráttarlaus ályktun um eignarréttarlega stöðu svæðisins af því einu og sér að í landamerkjabréfinu segir að Sauðafell eigi Suðurárdal *allan*. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem fælust í rétti til upprekstrar búfjár til sumararbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign, enda væri hvorki vísað til svæðisins sem afréttar í landamerkjabréfinu, né heldur benti annað í texta þess til þess að þar væri einungis verið að lýsa takmörkuðum réttindum.

Fyrir liggur makaskiptabréf, dagsett 25. ágúst 1885, en með því afsalaði Jakob Guðmundsson sóknarprestur hálfri jörðinni Sauðafelli til Sauðafellskirkju en kirkjan afsalaði honum á móti jörðinni Hömrum í Laxárdal. Í makaskiptabréfinu segir m.a. um Sauðafell: „Jeg afsala hér með kirkjunni að Saudafelli í Middolum halfa eignarjord mína Saudafell liggjandi í Middalahreppi í Dalasyslu að dýrleika eptir jarðabokinni 1861 15 hndr. 45 með 5 ásaudar kúgildum halfu heimalandi jarðarinnar, halfu sellandi á Sudurárdal og halfu upprekstrarlandi á Mjoadal í Nordurárdalshreppi ...“ Texti makaskiptabréfsins gefur að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til ályktunar um að aðilar

---

að makaskiptunum hafi álitid að sellandið væri einungis háð takmörkuðum eignarrétti seljanda.

Í bréfi Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli til amtmannsins í Vesturamtinu, dagsettu 2. desember 1895, kemur fram að hreppsnefndin í Miðdalahreppi hafi skyldað hann til að leggja menn í fjallskil „á Sauðafellsfjallland er ýmsir hreppsþúar reka fjenað sinn á“. Fram kemur að hann telji sig ekki skyldugan til þess þar sem hann reki fé sitt á sitt „eigið upprekstrarland“ sem liggja undir „ábúðar og eignar jörð“ hans sem sé „Snóksdalskirkju eign“. Umrætt upprekstrarland sem hann og aðrir „Snóksdalskirkju jarða ábúendur“ noti fyrir fénað sinn liggja í öðrum hreppi. Þá tekur hann fram að í hreppnum sé „... engin lög aftrjett, eða upprekstrar land sem hreppurinn í heild sinni eigi eða hafi tekið til leigu heldur eru fjall londin heimalönd jarða og kirkju eignir sem fylga einstökum jarða eigendum er eigendurnir ljá einstökum mönnum til uppreksturs og heimta sjálfir gjaldið af ...“

Með bréfi, dagsettu 31. desember 1895, óskaði Vesturamtíð eftir umsögn sýslumanns um málið. Í bréfi Björns Bjarnasonar, sýslumanns Dalasýslu til Vesturamtsins, dagsettu 19. mars 1896, kemur fram að á aðalfundi sýslunefndar Dalasýslu 11.–13. sama mánaðar hafi verið lagt fram bréf Vesturamtsins, dagsett 31. desember 1895, ásamt kæru frá Guðmundi Jónssyni á Hörðubóli, dagsettri 2. desember 1895. Þá segir að sýslunefndin hafi álitid að fjallskilin hefðu verið réttilega lögð á Guðmund samkvæmt fjallskilareglugerð Dalasýslu. Fyrir liggur afrit af svarbréfi amtmanns til sýslumannsins í Dalasýslu, dags. 27. apríl 1896, þar sem tekið er undir með sýslunefndinni og sýslumanninum um að fjallskilin hafi verið réttilega lögð á Guðmund Jónsson.

Með kaupsamningi, dagsettum 17. júlí 1897, sömdu Björn Bjarnason sýslumaður og Ólafur Finnsson, hreppstjóri á Fellsenda, um kaup þess síðarnefnda á Sauðafellsafrétti. Í samningnum er sérstaklega tekið fram að land Sauðafells á Suðurárdal fylgi ekki með í kaupunum. Þar segir nánar tiltekið: „Sauðafellsaftrjettur er öll þau lönd sem Sauðafell á í Mjóadal, Sanddal og þar suður frá fyrir sunnan Fellsendaland, en náttúrulega ekki Sauðafellsland á Suðurárdal.“

Á manntalsþingi á Sauðafelli 27. maí 1903 var þinglesið veðbréf Bjarna Bjarnasonar til Ræktunarsjóðsins að fjárhæð 800 kr. „með 2. veðrétti í Sauðafelli með sellandi og Hlíðartúni dags. 12. maí 1902.“

Í fasteignamatinu fyrir Sauðafell frá 1916–1918 kemur fram að jörðin Sauðafell sé 30,9 hundruð að dýrleika. Þá segir m.a. eftirfarandi um jarðnytjar Sauðafells og ókosti:

3. Beitiland gott fyrir stórgripi en fjarbeit létt, næðingasamt; hæð smalamennska.

4. Upprekstrarland nægilegt á Suðurárdal.

[...]



---

Ókostir eru þessir taldir helstir:

1. Ervið [svo] smalamennska í fjallandi
2. Hlíðartún á slægju- eða hrossabeitarítak í heimalandi jarðarinnar.

Þannig er vísað til ágreiningssvæðisins sem upprekstrarlands í fasteignamatinu.

Með bréfi til allra sýslumanna, dagsettu 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir að sýslumennirnir sendu skýrslur um þau svæði í viðkomandi sýslum „sem talin eru almenningar svo og um afrjettarlönd, sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða nú tilheyra nokkru lögbýli“. Í svarbréfi Þorsteins Þorsteinssonar, sýslumanns í Dalasýslu, dagsettu 14. september 1920, kemur fram að hann hafi spurst fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum sýslunnar og samkvæmt yfirlýsingum þeirra séu engir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni sem ekki tilheyri lögbýli.

Í bréfabók Miðdalahrepps fyrir árin 1907–1968 er varðveitt matsgerð, dagsett 21. september 1924, þar sem beitarþol Sauðafellssellands var metið. Fram kemur að matsmennirnir hafi eftir ósk Jóns Sumarliðasonar, bónda á Breiðabólstað, metið annars vegar ítölu í land Breiðabólstaðar og hins vegar „svokallað Selland frá Sauðafelli á Suðurárdal“. Mátu matsmennirnir ítöluna í land Breiðabólstaðar svo: „950 kindur. En ef tryppi eru líka höfð í landinu minnar kindatalan um 30 fyrir hvert tryppi“. Þá mátu þeir ítölu Sauðafellssellands svo: „250 kindur. En sjeu tryppi höfð í landinu minnar kindatalan um 30 fyrir hvert Tryppi“.

Í örnefnaskrá fyrir Sauðafellsselland, dagsettri 2. desember 1944, sem Jón Sumarliðason á Breiðabólstað skráði, segir eftirfarandi um sellandið: „Svokallað Selland liggur undir jörðina Sauðafell. Þar var höfð selstaða þaðan fyrir 50 árum, þar á eftir var byggð í Sellandi um nokkurra ára skeið, en lagðist niður fyrir aldamótin 1900, og hefir þar ekki verið byggð né selstaða síðan, en landið notað til uppreksturs.“

Með bréfi til allra sveitarstjórna, dagsettu 20. febrúar 1989, fór félagsmálaráðuneytið þess á leit við sveitarstjórnirnar að þær upplýstu um ýmis atriði er vörðuðu afrétti innan marka sveitarfélaganna. Í svarbréfi oddvita Miðdalahrepps, sem er ódagsett en móttakið af hálfu félagsmálaráðuneytisins 11. maí 1989, kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt í Sanddalsafrétt í Mýrasýslu en ekki er getið um fleiri afrétti í því sambandi.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 er m.a. fjallað um örnefni innan Sauðafellssellands. Þar segir:

Á brún Hlíðartúnsfjalls gegnt Breiðabólstað er kletthæð sem nefnist Nónklungur (475 m) en um tveim km innar í hlíðinni er Kringlugil og á brúninni sunnan við það er klettur sem ber nokkuð hátt og sést vel neðan úr dal. Hann heitir Heillaborg. Um einum km framar er svonefnd Selgrund við Völsungagil eða Valsungagil. Þar stóð Sauðafellssel lengi, en á seinustu áratugum 19. aldar var hér öðru hverju býli sem gekk undir ýmsum öðrum nöfnum svo sem Blómsturvellir, Haukagil eða undir Svörtuloftum. Auk Selgrundar er talsvert graslendi sunnan Kringlugils og heitir einu nafni Teigur

---

en Teigsfjall (406 m) er þar upp af milli Kringlugils og Grákollugils. Það er því rúmum 300 m lægra en sú hábunga Hundadalsheiðar sem merkt er Teigsfjall á korti.

Í málinu liggur fyrir samningur, dagsettur 7. febrúar 2006, um fjölnytjaskógrækt á hluta ágreiningssvæðisins. Aðilar samningsins eru annars vegar Vesturlandsskógar og hins vegar Berglind Vésteinsdóttir og Finnbogi Harðarson, gagnaðilar íslenska ríkisins. Vesturlandsskógar voru á þessum tíma landshlutaverkefni í skógrækt sem landbúnaðarráðherra starfrækti á grundvelli laga nr. 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni en voru sameinaðir öðrum landshlutaverkefnum á því sviði undir merkjum Skógræktarinnar árið 2016, sbr. lög nr. 60/2016. Fram kemur í samningnum að hann sé gerður á grundvelli laga nr. 56/1999 um fjölnytjaskógrækt á lögbýlum og að hann taki til lögbýlisins Sauðafells í Dalabyggð. Með samningnum skuldbundu skógarbændur sig til að taka 52,5 ha lands innan ágreiningssvæðisins til timburskógræktar. Samningnum fylgir kort þar sem umrætt svæði er afmarkað. Með honum skuldbundu Vesturlandsskógar sig m.a. til að sjá um að gerð yrði ræktunaráætlun fyrir skógræktarsvæðið, hafa eftirlit með því að öll skógrækt á samningssvæðinu væri unnin í samræmi við ræktunaráætlunina, vera skógarbændum til ráðuneytis um allt sem að skógræktinni lyti og greiða 97% af samþykktum kostnaði við skógrækt samkvæmt samningnum. Fram kemur að óski skógarbóndi eftir að breyta landnotkun á hinu samningsbundna svæði eða hluta þess á þann veg að í bága fari við upphafleg markmið með ræktuninni skuli hann leita eftir samkomulagi við Vesturlandsskóga um viðhlítandi breytingar á samningnum. Þá er heimild til uppsagnar háð því að skógarbændur endurgreiði Vesturlandsskógum öll framlög vegna samningsins, að undanskildum tilteknum kostnaðarliðum, með vöxtum og verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fram kemur að um ræktun og meðferð skógarins á landinu fari að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 56/1999 og eftir því sem við á samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 með síðari breytingum. Í umræddum lögum eru m.a. ýmis ákvæði um aðkomu íslenska ríkisins að nytjaskógrækt á bújörðum. Enn fremur kemur fram í samningnum að honum skuli þinglýst sem kvöð á lögbýlinu. Samningurinn var staðfestur fyrir hönd landbúnaðarráðherra 9. febrúar 2006. Að mati óbyggðanefndar verður ótvírætt ráðið af efni samningsins að samningsaðilar gengu út frá því við gerð hans að svæðið sem samningurinn tekur til væri hluti af lögbýlinu Sauðafelli og að gagnaðilar íslenska ríkisins hefðu umráðarétt yfir svæðinu sem eigendur þess.

Eins og áður var getið um skiptir mestu við úrlausn þessa máls hvort Sauðafellsselland hafi verið hluti af jörð frá öndverðu eða haft aðra stöðu. Sauðafellssellands er ekki getið sérstaklega í heimildum fyrr en seint á 19. öld. Aftur á móti liggja fyrir heimildir allt aftur til 15. aldar sem benda til þess að svæðið, eða a.m.k. hluti þess, hafi áður tilheyrt jörðinni Hlíðartúni. Þannig bendir kaupbréfið fyrir

---

Breiðabólstað og Hlíðartún frá 1479 til þess að Tígulhjalli, þar sem Hamraendar áttu selstöðu og er innan Sauðafellssellands, hafi þá verið innan marka Hlíðartúns. Þá bendir texti kaupbréfsins að öðru leyti fremur til þess að það svæði á Suðurárdal sem þar er getið um hafi verið háð beinum eignarrétti.

Dómur þriggja klerka frá 13. september 1524, bendir jafnframt ótvírætt til þess að Teigur, sem einnig er innan Sauðafellssellands nú, hafi þá verið innan marka Hlíðartúns. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 um selstöður Sauðafells og Hamraenda í landi Hlíðartúns er ótvíræð vísbending um hið sama. Sömmuleiðis styður bókunin frá manntalsþinginu á Sauðafelli 18. júní 1729 um selför Hamraenda „i hlidartuns jord kirkiunnar“ sömu ályktun. Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er nægjanlega í ljós leitt að mati óbyggðanefndar að Sauðafellsselland hafi áður verið hluti af jörðinni Hlíðartúni, sem er aðliggjandi að norðan- og vestanverðu.

Heimildir benda til þess að seint á 19. öld hafi Sauðafellssellandi verið skipt út úr Hlíðartúni og lagt til Sauðafells, þótt ekki liggi fyrir landskiptagerð vegna þessa. Þannig er í þingbók aukaréttar Dalasýslu frá 8. júlí 1881 getið um selbæ og selland á Suðurárdal sem tilheyri Sauðafelli, sem og í vottorði Ásmundar Þorsteinssonar og Hjálmtýs Magnússonar frá 14. sama mánaðar. Þar kemur jafnframt fram að árið áður hafi séra Jakob Guðmundsson á Sauðafelli látið reisa selbæinn á Suðurárdal. Nánar tiltekið kemur fram að þar hafi verið „þriggja stafgólfa hús, badstofa, búr og eldhús með þili framanundir“, sem bendir til að selbæinn hafi verið byggður sem mannabústaður. Þá segir að sellandið sé „mikið og gott“. Allt þetta bendir til þess að litið hafi verið svo á að eigandi Sauðafells hefði á þessum tíma full umráð yfir Sauðafellssellandi en ekki einungis takmörkuð not, svo sem til upprekstrar. Þá bendir orðalag og efnisskipan landamerkjabréfs Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 enn fremur til þess að mati óbyggðanefndar, eins og áður segir, að við gerð þess hafi verið litið svo á að Sauðafellsselland væri háð beinum eignarrétti fremur en óbeinum.

Sauðafellsselland er nefnt „upprekstrarland“ í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918. Matsgerðin frá 21. september 1924, þar sem beitarþol Sauðafellssellands var metið, sýnir einnig að þá var svæðið nýtt sem upprekstrarland. Raunar sýnir sama matsgerð að land Breiðabólstaðar, sem liggur austan við ágreiningssvæðið, var þá jafnframt nýtt til upprekstrar, en þar er um óumdeilt eignarland að ræða. Það sem fram kemur í örnefnaskrá Jóns Sumarliðasonar á Breiðabólstað fyrir Sauðafellsselland, frá 2. desember 1944, bendir enn fremur til þess að selstaða og byggð í Sauðafellssellandi hafi lagst niður fyrir aldamótin 1900 en að landið hafi frá þeim tíma verið nýtt til uppreksturs. Að mati óbyggðanefndar má ætla að umræddar heimildir endurspegli að svæðið var nýtt til uppreksturs á þessum tíma, eftir að það var ekki lengur hluti af Hlíðartúni og eftir að hin skammvinna byggð sem þar virðist hafa verið stofnað til í framhaldi af því lagðist af. Af þessum heimildum verður því ekki dregin sú ályktun að svæðið hafi einungis verið háð óbeinum eignarréttindum sem afréttur, heldur benda

---

heimildir til að hér sé um að ræða land sem upprunalega var hluti af jörð en var síðar lagt til afréttar.<sup>285</sup> Þegar horft er til alls sem hér hefur verið rakið getur það ekki ráðið úrslitum um niðurstöðu málsins að getið er um Sauðafellsselland í tengslum við upprekstur og afréttarnot í heimildum frá 20. öld.

Þessu til viðbótar er til þess að líta að eins og áður segir liggur fyrir samningur, dagsettur 7. febrúar 2006, milli gagnaðila íslenska ríkisins og Vesturlandsskóga um fjölnytjaskógrækt á hluta Sauðafellssellands, þ.e. á 52,5 ha lands innan þess, sbr. kort sem fylgir samningnum. Í samningnum virðist ótvírætt vera gert ráð fyrir því að svæðið sem hann tekur til sé hluti af lögbýlinu Sauðafelli og sé háð beinum eignarrétti gagnaðila ríkisins. Samningurinn var staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu fyrir hönd landbúnaðarráðherra með undirskrift 9. febrúar 2006, í samræmi við þágildandi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1999 um landshlutabundin verkefni í skógrækt, án nokkurra fyrirvara um eignarréttarlega stöðu landsins. Í löggunum var gert ráð fyrir að samningar sem þessir tækju til lands jarða, sbr. umrætt ákvæði 2. mgr. 4. gr. laganna sem og 7. gr. þeirra. Telja verður að krafa fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sama svæði sé þjóðlenda sé ósamrýmanleg framangreindri afstöðu landbúnaðarráðherra, hliðsetts handhafa framkvæmdarvalds ríkisins, sem girði jafnframt fyrir að unnt sé að fallast á kröfuna, a.m.k. að því er þann hluta ágreiningssvæðisins varðar. Um þetta atriði vísast til dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og nú síðast 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur).<sup>286</sup>

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Sauðafellsselland hafi verið undirorpið beinum eignarrétti allt frá öndverðu. Hefur ekki úrslitabýðingu í því sambandi þótt svæðið sé aðskilið frá öðru landi Sauðafells. Vísast í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Sauðafells hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Síðari tíma heimildir um afrétt vísar því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annaðhvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Sauðafellssellands, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>287</sup> Með vísan til sama ákvæðis

---

<sup>285</sup> Um eignarréttarlega stöðu lands sem lagt hefur verið til afréttar vísast annars almennt til kafla 4.2–4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

<sup>286</sup> Sjá nánar um þetta atriði kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>287</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## 6.4 Fremri-Hundadalur, Neðri-Hundadalur og Hundadalsheiði

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er vísað til sem „svæðis sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði“. Eigendur jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals gera kröfur til þessa svæðis sem eignarlands síns. Nánar tiltekið byggja þeir á því að austurhluti ágreiningssvæðisins, þ.e. sá hluti þess sem er austan Njóladalsár, sé innan marka jarðarinnar Fremri-Hundadals og vesturhluti þess, þ.e. sá hluti þess sem er vestan Njóladalsár, sé innan marka jarðarinnar Neðri-Hundadals. Óumdeilt eignarland jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals liggur að norðanverðu ágreiningssvæðinu. Frá bæjarstæðum Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals eru um 2 km í beinni loftlínu suður að aðalkröfulínu íslenska ríkisins þar sem hún er dregin um ármót Njóladalsár og Eyðisdalsár. Frá bæjarstæðunum eru rúmir 6 km í beinni loftlínu suður að varakröfulínu íslenska ríkisins sem er dregin beint í hávestur frá ármótum Kringlugils og Miðár en 9–10 km að syðstu mörkum ágreiningssvæðisins á hábungu Hundadalsheiðar. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.3 og 3.4.

Á norðurmörkum ágreiningssvæðisins greinist Hundadalur í Eyðisdal, sem gengur til suðvesturs frá ármótum Eyðisdalsár og Njóladalsár, og Njóladal sem gengur til suðausturs frá sömu ármótum. Kröfugerð íslenska ríkisins tekur til bæði Eyðisdals og Njóladals, sem og Hundadalsheiðar þar suður af, allt suður á hábungu hennar á vatnaskilum og sýslumörkum. Að austanverðu afmarkast ágreiningssvæðið í meginatriðum af vatnaskilum gagnvart landi Hlíðartúns en fjallað er um Hlíðartún í kafla 6.3 hér að framan. Að vestanverðu afmarkast svæðið í meginatriðum af vatnaskilum gagnvart Vífildal en fjallað er um land Vífildals í kafla 6.5 hér á eftir.

Láglandasti hluti ágreiningssvæðisins, ofan í Njóladal og Eyðisdal, er í vel innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli og mjög vel gróinn. Að beiðni óbyggðanefndar vann Náttúrufræðistofnun greinargerð um gróðurfar á þeim hluta Hundadalsheiðar sem er ofan Heiðarlækjar í Borgum vestan Einbúadruga, sem og í Einbúadrögum. Í greinargerðinni kemur fram að kort af svæðinu sýni að land sé klætt samfelldum gróðri frá bæjum í Neðri-Hundadal og Fremri-Hundadal upp eftir Hundadal, Eyðisdal og Njóladal, vestan og austan Tungufells, allt inn í Einbúadrög, inn fyrir grjóthausinn Einbúa. Land sem liggja hæst norðan Heiðarlækja og vestan Einbúadruga sé allgróskumikið *votlendi* með graslendisbrekkum þar sem þurrara er. Er ofar dregur taki við mjórri belti af *mólendi*, *moslendi* og síðan strjálgrónari *melar* og *grjóturðir* þegar upp í Borgir kemur, en þær séu klettastallar vestan til í Hundadalsheiði. Votlendi sé ríkjandi við Heiðarlæki og í því sé vistgerðin *brokflóavist* nær einráð. Brokflóavist sé

---

að jafnaði mjög vel gróin (>95%) en ríkjandi plöntutegundir í henni séu klóffifa, bláberjalyng og fjalldrapi.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar kemur fram að *graslendi* á svæðinu virðist að mestu vera *stinnustararvist* sem einnig sé mjög vel gróin (~100%) en ríkjandi tegundir í henni séu stinnastör, blávingull og vallarsvifgras. *Mólendi* á svæðinu virðist einkum vera *lyngmóavist* á hálendi og *grasmóavist*. Báðar séu þær allvel til vel grónar (86–94%). Ríkjandi tegundir plantna séu mosarnir melagambri, hraungambri og háplönturnar krækilyng og blóðberg. *Moslendi* sé ekki mikið á athugunarsvæðinu en það sé helst að finna á snjóþungum stöðum uppi í Borgum þar sem skafar liggja fram eftir vori. Þar sé einkum *hélumosavist*. Hún teljist allvel gróin (~65%) en mest sé þar um lífræna jarðvegsskán, mosann melagambra og grasvíði. *Melar og sandlendi* séu ríkjandi á því landi sem hæst liggja á athugunarsvæðinu, þ.e. uppi í Borgum og brattari hlíðum þeirra, þegar komi inn fyrir upptök lækja í Einbúadrögum og inn á Hundadalsheiði og Teigsfjall á land sem liggja í um og yfir 600 m hæð yfir sjávarmáli. Þetta land sé þó ekki gróðurlaust. Ríkjandi gerð mela þar sem farið hafi verið um athugunarsvæðið sé *mosamelavist*, en henni sé lýst sem hálfgrónum, grýttum, hallandi melum í hlíðarbrúnum, á áveðra rindum og bungum; finnist frá láglendi til fjalla þar sem úrkoma sé ríkuleg en snjóþyngsli lítil. Vistgerðin einkennist af allmikilli þekju mosanna melagambra og hraungambra. Gróðurþekja sé slitrótt þar sem skiptist á mosabreiður, melaflákar og klappir. Af háplöntum sé mest um krækilyng og grasvíði.<sup>288</sup>

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir

---

<sup>288</sup> Auk tilvitnaðrar greinargerðar Náttúrufræðistofnunar, sem er frá október 2017, er umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkjja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitar svæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Í einhverjum tilvikum lýsi landamerkjabréf einstakra jarða eða aðrar heimildir í einu lagi heimalandi og afréttarlandi. Við mat á slíkum landamerkjabréfum sé litið til þess að landsvæði innan sömu landamerkjalyýsingar kunni að hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þannig sé í einstaka tilvikum ekki fallist á merkjalýsingar í landamerkjabréfum jarða. Það eigi einkum við um merki jarða gagnvart svæðum sem heimildir gefi til kynna að hafi verið samnotaafréttir. Sé þá á því byggt að slík bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé

---

þá einkum litið til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft á tíðum ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti.

Hvað þetta varðar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og hafi síðan verið ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki með einhliða hætti aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafði og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Að því er varðar sérstaklega þau svæði í Miðdalahreppi sem íslenska ríkið gerir kröfur til er tekið fram af hálfu ríkisins að líklegt sé að einhver hluti þess svæðis sem lýst er í kröfulýsingunni hafi verið innan landnáms. Hins vegar séu landnámslýsingar óljósar um afmörkun þess svæðis sem numið var. Þá er á því byggt að hafi svæðin verið numin hafi það ekki verið með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur aðeins takmörkuð eignarréttindi, svo sem afréttarnot, eða þá að beinn eignarréttur hafi síðar fallið niður, hafi svæðin á annað borð verið numin til eignar, og svæðin verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Sé svæðanna enda að jafnaði einungis getið í tengslum við afréttarnot eða aðra takmarkaða nýtingu í heimildum.

Hvað varðar sérstaklega landsvæði sunnan Hundadals og Hundadalsheiði er byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að um sé að ræða svæði utan eignarlanda sem teljist því þjóðlenda. Með hliðsjón af heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum verði að telja að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti.

Á því er byggt að hálendið sunnan landamerkja Neðri-Hundadals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, gerðu 12. maí 1884, teljist utan eignarlanda og því þjóðlenda. Verði að telja að hið sama eigi þá við um landamerki Fremri-Hundadals samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, gerðu sama dag. Er hér m.a. vísað til þeirrar niðurstöðu Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997, er varðaði Neðri-Hundadal, að „[h]álendi sunnan framangreindra landamerkja Neðri-Hundadals, á svokallaðri Hundadalsheiði, er ótvírætt utan landsvæða, sem eru háð beinum eignarrétti, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að neinir hafi við gerð landamerkjabréfsins eða síðar kallað til annarra réttinda yfir því landi“.

Af hálfu íslenska ríkisins er hins vegar á því byggt í *aðalkröfu* að landamerki jarðanna, Neðri- og Fremri-Hundadals, séu í reynd mun norðar en landamerkjabréf jarðanna gefi til kynna. Er í því sambandi vísað til þess að lýsing landamerkjabréfanna



---

á merkjum jarðanna til suðurs styðjist ekki við heimildir um landnám á svæðinu eða aðrar eldri heimildir, að undanskildri lögfestu Hólmsfríðar Hannesdóttur frá 3. maí 1799. Verði því að miða við að eignarlönd Neðri- og Fremri-Hundadals nái aðeins til botns Hundadals, þar sem ármót þeirra áa sem komi úr Njóladal og Eyðisdal séu.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að dómur Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 styðji enn frekar afmörkun þjóðlendukröfulínunnar til norðurs, við botn Hundadals. Í dómnum hafi vissulega ekki verið skorið nákvæmlega úr um hvar suðurmörk jarðarinnar Neðri-Hundadals væru. Þar hafi hins vegar verið tekin afstaða til landnámslýsinga og annarra fyrirliggjandi heimilda, sem og landfræðilegra aðstæðna, og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru líkur fyrir því að það svæði sem um ræddi hefði verið numið í öndverðu eða síðar. Engar aðrar heimildir eldri en framangreint landamerkjabréf væru því til stuðnings að land jarðarinnar Neðri-Hundadals hefði náð til upptaka Njóladalsár. Þá hafi verið bent á að af kortum og uppdráttum væri ekki glöggst hversu sunnarlega og ofarlega í landi telja skuli upptök Njóladalsár og ekki hafi verið leitt í ljós að farið hafi verið með hálendið sunnan og suðvestan við Njóladal sem eignarland varðandi fjallskil. Þrátt fyrir landamerkjabréf jarðarinnar Neðri-Hundadals hafi því verið talinn leika vafi á því að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar Neðri-Hundadals yfir hinu umdeilda landsvæði.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að ríkið geri framangreindar forsendur Hæstaréttar að sínum til stuðnings þjóðlendukröfu sinni. Í því sambandi sé til þess að líta að í málinu hafi rétturinn ekki tekið afstöðu til þess hvar nákvæmlega suðurmörk jarðarinnar Neðri-Hundadals væru, en íslenska ríkið telji þau mun norðar en landamerkjabréf jarðarinnar gefi til kynna, svo sem þjóðlendukröfulínan beri með sér. Hið sama eigi þá við um suðurmörk Fremri-Hundadals.

Þrátt fyrir að mál nr. 183/1997 hafi verið sakamál sé byggt á því að dómurinn hafi sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað, sbr. til hliðsjónar 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sé þá til þess litið að Hæstiréttur hafi í málinu lagt mat sitt á fyrirliggjandi heimildir um umrætt svæði.

Af heimildum megi síðan einnig ráða að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna svæðis sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Þá er vísað til þess af hálfu íslenska ríkisins að í fasteignamatinu 1916–1918 komi fram að Hundadalur fremri hafi upprekstrarland fyrir 100 fjár og fjögur trippi, og að ágangur af hrossum og kúm annarra bæja sé mikill.

Hvað varðar afmörkun aðalkröfu íslenska ríkisins kemur fram af hálfu þess að í fyrirliggjandi heimildum sé ekki að finna sérstaka lýsingu á merkjum þess landsvæðis sem nefnt sé svæði sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði. Við afmörkun þjóðlendu-

---

kröfulínu íslenska ríkisins sé því stuðst við heimildir um landnám á svæðinu, sýslumörk, lýsingar í landamerkjabréfum fyrir Neðri- og Fremri-Hundadal, gerð 12. maí 1884, afmörkun aðliggjandi þjóðlendukröfusvæða, þ.e. vegna Fremri-Vífilsdals og Sauðafellssellands, og landfræðilegar aðstæður. Þá sé sérstaklega stuðst við dóm Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997.

Hvað norðurmörk aðalkröfu íslenska ríkisins varðar kemur fram af hálfu ríkisins að kröfulínan taki mið af því að heimildir um landnám greini aðeins frá því að *Hundadalur* hafi verið numinn í öndverðu en ekki hversu langt suður eða til fjalla landnámið náði. Þannig geti hvorki *Landnáma* né aðrar ritaðar heimildir þess að landnám til suðurs hafi náð til Eyðisdals eða Njóladals.

Af hálfu ríkisins kemur fram að upphafspunktur sé á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem sé á sýslumörkum sem jafnframt séu sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis. Þaðan sé farið norður eftir því sem vötnum hallar gagnvart Suðurárdal allt norður á hátind Skallhólmúla (2). Sé línan sem dregin er milli punkta (1) og (2) í samræmi við afmörkun Sauðafellssellands.

Íslenska ríkið byggir á því að Eyðisdalur og Njóladalur séu ekki innan landnámslýsinga og að nám til eignar hafi aðeins náð til Hundadalsdraga. Af þessum sökum þyki rétt að draga kröfulínuna, sem afmarki kröfusvæðið til norðurs gagnvart eignarlandi, frá hæsta punkti að austan, Skallhólmúla (2), niður í botn Hundadals, þar sem Njóladalsá og Eyðisdalsá komi saman (3) og áfram upp úr botni Hundadals upp á efstu brún Hundadalsfjalls (Dauðakolluhnúa) (4). Þaðan sé farið suður eftir háeggjum og sem vötnum hallar allt suður á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem sé upphafspunktur.

Við lýsingu þjóðlendukröfulínunnar sé einnig stuðst við lýsingar í landamerkjabréfum fyrir Neðri- og Fremri-Hundadal, gerðum 12. maí 1884.

Af þessu sé ljóst að mörk þjóðlendukröfulínu til norðurs liggja innan framangreindra landamerkjabréfa jarðanna, þar sem suðurmörk þeirra virðist miða við Einbúadrög, sem séu nokkuð sunnar.

*Varakrafa* íslenska ríkisins er miðuð við að norðurmörk þjóðlendukröfulínu séu í Einbúadrögum, eða norðan þess landsvæðis sem deilt var um í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Er þá byggt á því að landnám á þessum slóðum hafi a.m.k. ekki náð lengra en að rótum Hundadalsheiðar. Telja verði að þau mörk séu á þeim slóðum þar sem hin svokölluðu Einbúadrög séu staðsett á kortum Landmælinga Íslands, sbr. einnig örnefnaskrá Kristínar Magnúsdóttur fyrir svæðið. Af hálfu íslenska ríkisins er tekið fram að varakröfulínan sé annars vegar samliggjandi aðalkröfulínunni vegna fjallendis Fremri-Vífilsdals og hins vegar norðurmörkum kröfulínu íslenska ríkisins vegna Sauðafellssellands, sem sé aðliggjandi svæði til austur.

Hvað varakröfu íslenska ríkisins varðar kemur fram að norðurmörk þjóðlendukröfulínunnar séu miðuð við að landnám á þessum slóðum hafi a.m.k. ekki náð lengra en að rótum Hundadalsheiðar, sbr. punkta (2) til (3) í varakröfu. Telja verði

---

að þau mörk séu á þeim slóðum þar sem hin svokölluðu Einbúadrög eru staðsett á kortum Landmælinga Íslands, sbr. einnig örnefnaskrá Kristínar Magnúsdóttur.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu eigenda Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að land jarðanna hafi verið numið í öndverðu sem fullkomið eignarland og þá innan þeirra merkja sem lýst er í kröfugerðum þeirra. Þá hafi eignarrétturinn yfir jörðunum færst manna á milli með eðlilegum hætti allt til núverandi eigenda. Því geti ekki verið um þjóðlendu að ræða.

Í *Landnámu* sé talað um að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum Breiðafirði frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Fram komi í *Landnámu* að Auður hafi gefið Hunda, leysingja sínum, Hundadal og hafi hann til langs tíma haft þar búsetu. Fremri-Hundadalur falli því innan marka landnáms Auðar.

Af lýsingu *Landnámu* verði í fyrsta lagi ráðið að land jarðanna Fremri- og Neðri-Hundadals hafi verið numið í öndverðu sem fullkomið eignarland. Nám hafi verið frumstofnunarháttur eignarréttar á þessum tíma, þótt ekki sé lengur unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám, sbr. 8. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir um nám yfir landi séu þess vegna til afdráttarlauss stuðnings því að yfir því hafi stofnast til beins eignarréttar. Samkvæmt framansögðu eigi það tvímælalaust við um jarðirnar Fremri- og Neðri-Hundadal.

Í *öðru lagi* verði skýrlega ráðið af framangreindri umfjöllun í *Landnámu* að það land sem numið hafi verið í Hundadal hafi náð inn allan dalinn. Innan landnámsins hafi því einnig fallið inndalir Hundadals, þ.e. Njóladalur og Eyðisdalur, enda engar heimildir að finna sem mæli því í mót. Auk þess færi sú túlkun á landnáminu að inndalir féllu utan þess þvert gegn öllum heimildum um landnám og túlkun þess. Hundadalur allur, frá dalsmynni og inn að dalbotni við hæsta punkt á Hundadalsheiði, hafi því verið háður beinum eignarrétti allt frá landnámi. Styðjist þetta m.a. við jarðfræðilega afmörkun á hugtakinu dalur, en landeigendur hafi lagt fram rannsókn jarðfræðingsins Hreggviðar Norðdahl á afmörkun Hundadals. Niðurstaða þeirrar skoðunar er sú að Hundadalur sé heildstætt stak í landslagsheild og nái frá mynni dalsins við eyrar Miðár, sem afmarkist af vatnaskilum á múlunum beggja vegna dalsins allt suður að vatnaskilum á Teigsfjalli. Til viðbótar þessu megi nefna að nafnið Hundadalur sé upprunalegt nafn dalsins. Nöfn á inndölum hans séu síðar til komin og lýsi með engu móti afmörkun á landnámi dalsins í öndverðu. Auk þess styðji engin gögn aðalkröfu

---

Íslenska ríkisins sem byggist á því að landnám hafi ekki náð til inndala þessara, þ.e. Njóladals og Eyðisdals.

Í samræmi við þetta sé því sérstaklega mótmælt sem haldið sé fram í kröfulýsingu Íslenska ríkisins að svæði það sem falli innan kröfulína Íslenska ríkisins í aðal- og varakröfu hafi aldrei nokkurn tíma verið numið til eignar. Þvert á móti sé ljóst að svæðið hafi ekki aðeins verið numið til eignar við landnám, heldur hafi sá eignarréttur haldist allar götur síðan, svo sem öll gögn og heimildir bendi ótvírætt til.

Allt frá því að Hundadalur hafi verið numinn og þar til landamerkjabréf hafi verið gerð fyrir jarðirnar Fremri-Hundadal og Neðri-Hundadal 12. maí 1884, hafi landamerki jarðanna verið svo skýr og óumdeild sem frekast sé unnt. Helsta deiluefni þessa máls snúi að því hvar landamerki jarðanna liggi til suðurs.

Landamerkjum Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals hafi ávallt verið lýst með sama hætti í eldri og yngri heimildum. Til að mynda sé landamerkjum Fremri-Hundadals til suðurs lýst þannig í landamerkjabréfi að þau liggi eftir því sem vötnum hallar upp til Einbúadraga og landamerkjum Neðri-Hundadals þannig að þau liggi við upptök Njóladalsár, sem byrji efst í svokölluðum Einbúadrögum. Eldri heimildir séu einnig til stuðnings landamerkjabréfum jarðanna, sbr. lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur frá 1799, sem veiti landamerkjabréfunum aukið vægi um það sem almennt hafi verið talið gilda um landamerki á svæðinu á þeim tíma. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða auki einnig á vægi landamerkjabréfa Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals enda séu heimildir þessar í fullu samræmi um landamerki. Vísist þar til landamerkjabréfa jarðanna Neðri-Hundadals, Sauðafells, Hlíðartúns og Vífildals. Landamerki til suðurs í landamerkjabréfum bæði Fremri- og Neðri-Hundadals miðist við Einbúadrög og upptök Njóladalsár. Landamerkjabréf Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals frá 1884 hafi verið áritað um samþykki allra eigenda aðliggjandi jarða. Hafi það einnig gilt um landamerkjabréf þeirra jarða. Auki það enn á gildi bréfanna og þeirra merkjalýsinga sem þar komi fram. Þá afmarki landfræðilegar aðstæður dalsins jarðirnar og aðliggjandi jarðir með svo skýrum hætti að ekki hafi verið þörf á að skrá landamerki þeirra með frekari hætti en samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Eigi það við um merki jarðanna bæði til austurs, suðurs og vesturs. Því til stuðnings vísist til þess að engar heimildir sé að finna um ágreining milli landeigenda á svæðinu um landamerki jarðanna. Almenn viðhorf frá öndverðu um að landamerki miðist við vatnaskil þegar fjöll liggi á milli jarða eigi sérstaklega við um afmörkun á landamerkjum Fremri-Hundadals, Neðri-Hundadals og aðliggjandi jarða og styðji afmörkun landamerkja í framangreindum heimildum. Vísist einnig til framangreindrar greinargerðar jarðfræðingsins Hreggviðar Norðdahl um landfræðilega afmörkun Hundadals og skilgreiningu hugtaksins dalur.

Eina heimildin um ágreining vegna landamerkja í Hundadal megi finna í dómi Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997. Í málinu hafi maður verið ákærður fyrir veiðar á landsvæði sem umdeilt hafi verið hvort félli innan landamerkja

---

jarðarinnar Neðri-Hundadals og væri því háð beinum eignarrétti landeigenda, en landeigandi hafi átt einkarétt til fuglaveiða á slíkum svæðum, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994. Dómurinn hafi sýknað ákærða á þeim forsendum að ekki væri „glögg, hversu sunnarlega og ofarlega í landinu telja [skyldi] upptök Njóladalsár ... einkum hvað [varðaði] miðun við hæðarlínur og afstöðu til dala og gilja bæði að austan og vestan“. Auk þess hafi ekki verið „í ljós leitt, að farið hafi verið með hálendið sunnan og suðvestan við Njóladal sem eignarland varðandi fjallskil“.

Niðurstaða dómsins í framangreindu máli hafi byggst á þeirri meginreglu refsiréttar að allan vafa beri að meta ákærða í hag. Af þeim sökum hafi verið talið að landamerkjabréf jarðarinnar Neðri-Hundadals dygði ekki eitt og sér til að útkljá hvort landsvæði það þar sem ákærði var við veiðar væri háð beinum eignarrétti. Í málum fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendna og eignarlanda gildi hins vegar aðrar reglur um sönnun beins eignarréttar og gegni landamerkjabréf þar mikilvægu hlutverki ef eldri heimildir mæli þeim ekki í mót. Óbyggðanefnd hafi því ekki dregið almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa af niðurstöðum í sakamáli. Af þeim sökum sé vægi framangreinds dóms afar takmarkað í máli þessu, þrátt fyrir að íslenska ríkið byggji kröfulínu sína í varakröfu nær eingöngu á forsendum hans.

Því til viðbótar liggi fyrir rannsókn Veðurstofu Íslands á vatnaskilum svæðisins. Í þeirri rannsókn hafi sérstaklega verið athugað hvar upptök Njóladalsár sé að finna. Rannsókn þessi sýni að upptök Njóladalsár samrýmist að öllu leyti landamerkjum jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals eins og þeim hafi verið lýst með línunum á uppdrætti sem lagður hafi verið fram hjá óbyggðanefnd. Kröfulínur íslenska ríkisins, bæði í aðal- og varakröfu, séu fjarri því að samrýmast þessum niðurstöðum. Þá hafi óbyggðanefnd í fyrri úrskurðum sínum túlkað landamerkjabréf jarða á þá leið að upptök áa miðist við vatnaskil, nema annað komi þar sérstaklega fram, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 4/2008. Í því máli sem hér á reyni séu landamerki í landamerkjabréfum jarðanna í Hundadal skýrlega miðuð við upphaf Njóladalsár og vatnaskil hennar. Hafi landeigendur miðað kröfur sínar um landamerki við þessar forsendur í öllum verulegum atriðum, sbr. uppdrátt þann er sýni kröfur landeigenda og vatnaskil samkvæmt rannsókn Veðurstofu Íslands.

Eins og fyrr sé getið miði íslenska ríkið kröfulínu sína í varakröfu við að landamerki jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals nái ekki lengra til suðurs en til Einbúadraga. Byggist kröfulína í varakröfu á því að Einbúadrög liggja norðar í landinu en kletturinn Einbúi. Vísi íslenska ríkið í þeim efnum til örnefnaskrár Kristínar Magnúsdóttur og staðsetningar örnefnisins Einbúadrög á kortum Landmælinga Íslands. Að auki virðist kröfulínan byggð á lýsingu á svæðinu í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1997.

Landeigendur sjái sig knúna til að leiðrétta þann misskilning sem felist í þessum málalíbúnaði íslenska ríkisins að baki kröfulínu í varakröfu. Af óumdeildri málvenju leiði að *drög* liggja ofar í landslagi en sá staður sem þau séu kennd við, sbr. *daldrög*.

---

Drög lýsi þannig því landsvæði þar sem vatn safnist fyrir og renni að tilteknum stað. Miðist þau því nokkurn veginn við vatnasvið tiltekins svæðis. Vísist um þetta einnig til skilgreiningar *Íslenskrar orðabókar* á orðinu *drag*, þar sem merking þess sé talin innsti hluti eða upphaf dals, eða uppsprettur og lækir sem sameinist í eitt. Þar sem staðsetning klettsins Einbúa sé þekkt, liggi beinast við að Einbúadrög nái lengra til suðurs en sá klettur, þ.e. lengra inn í landið og ofar í landslagið. Suðurmörk Einbúadröga miðist því með réttu við upptök Njóladalárs, en í landamerkjabréfi jarðarinnar Neðri-Hundadals frá 1884 segi að upptök árinna séu efst í Einbúadrögum auk þess sem landamerki jarðarinnar Fremri-Hundadals miðast við Einbúadrög í landamerkjabréfi frá 1884. Staðsetning örnefnisins Einbúadrög á uppdrætti landeigenda samrýmist að öllu leyti staðsetningu upptaka Njóladalárs samkvæmt fyrrnefndri rannsókn Veðurstofu Íslands. Þetta hafi verið óumdeilt meðal landeigenda á svæðinu og hafi vísun til forsendna dóms Hæstaréttar 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 lítið vægi í þessu skyni, því að forsendur þær séu byggðar á sama misskilningi og varakrafa íslenska ríkisins í þessu máli. Auk þess beri að áréttta að örnefnaskrá Kristínar Magnúsdóttur styðji þessa túlkun landeigenda á staðsetningu Einbúadröga. Þar segi að Njóladalársá hafi upptök sín *frammi í Hundadalsheiði*. Þar sé fremst klettur, sem heiti Einbúi og *þar frammi* heiti Einbúadrög. Þegar notað sé orðið *frammi* eða orðasambandið *fram dali* vísi það til svæðis innar í dalnum, þ.e. inn til landsins og í átt að fjalllendi. Málvenja þessi sé óumdeild. Örnefnaskráin bendir því réttilega til þess að Einbúadrög séu frammar (innar) í Hundadal og ofar í landslaginu en kletturinn Einbúi. Að lokum beri að nefna að við gerð fyrrnefndrar *Árbókar* Ferðafélags Íslands hafi ekki verið haft samráð við landeiganda Neðri-Hundadals um lýsingar á staðhättum. Þá vísist einnig til landakorts frá 1910–1911 þar sem Einbúadrög séu merkt á réttum stað.

Framangreindu til stuðnings megi nefna að örnefnið Hundadalsheiði, sem óumdeilt sé að liggi sunnan af Njóladal, endurspegli að heiðin sé kennd við dalinn allan, þ.e. Hundadal, en ekki inndal hans Njóladal. Hundadalur sé því ein samfelld heild í landslaginu.

Af öllu þessu leiði að málatilbúnaður íslenska ríkisins sé villandi um staðhætti í landi Neðri-Hundadals og þar af leiðandi landamerki jarðarinnar.

Ljóst sé að eftir að jarðirnar Fremri-Hundadalur og Neðri-Hundadalur hafi verið numdar hafi verið farið með þær eins og þær væru fullkomið eignarland innan þeirra merkja sem fyrr hafi verið lýst. Eigi það jafnt við um með hvaða hætti þær hafi verið nýttar af eigendum sínum á hverjum tíma, sem og hvernig þær hafi gengið kaupum og sölum í gegnum tíðina. Greinargóð heimild sé til staðar um að land jarðanna hafi verið numið í öndverðu auk þess sem aðrar heimildir um jarðirnar bendi tvímælalaust til þess að þær hafi ávallt haft stöðu eignarlands.

Til viðbótar liggi fyrir af jarðabókum frá 1703 og 1731 og jarðamati frá 1804 að búseta á jörðunum hafi verið samfelld í aldir og ekkert bendi til annars en að búseta hafi verið samfelld frá öndverðu. Þá sé í framangreindum heimildum fjallað um hinar

---

ýmsu búsnýtjar sem af jörðunum hafi mátt hafa. Jörðin Fremri-Hundadalur hafi verið landmikil og notagóð undir bú, með túnum, engjum, høgum og útigangi fjár. Sömuleiðis hafi jörðin Neðri-Hundadalur verið landmikil, landgóð og hentað vel undir bú. Auk þess liggi fyrir heimildir um seljabúskap á svæðinu. Heimildir vísi til Kofabarðs sem hafi verið sel í landi Fremri-Hundadals í Njóladal. Þá sé að finna rústir tveggja selja við norðurenda Tungufells í landi Neðri-Hundadals og ýmis örnefni í Njóladal bendi til seljabúskapar á svæðinu. Megi í því sambandi nefna örnefnið Selgil, Selgilsbotn, Kofabarð, Skurðasel og Selháls. Heimildir bendi til þess að Kofabarð hafi verið sel í landi Fremri-Hundadals í Njóladal og Skurðasel í landi Neðri-Hundadals í austanverðu Tungufelli. Bendi þessar heimildir til margháttæðra búsnýtja jarðeigenda hverju sinni. Hafi nýtjar þessar farið eftir búskaparháttum og hagnýting jarðanna því getað verið háð breytingum. Slíkt bendi þó ekki til annars en að landeigendur hafi litið á jarðirnar sem fullkomnar eignir þeirra að öllu leyti. Sama afstaða hafi komið í ljós árið 1920 hjá fulltrúum Dalasýslu sem hafi lýst því yfir að engir almenningar eða afréttir væru innan sýslumarka sem ekki tilheyru lögbýlum á svæðinu.

Óbyggðanefnd hafi talið að land innan jarðar hafi ekki haft mismunandi eignarréttarlega stöðu, þrátt fyrir að landsvæði finnist innan jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar. Setning landamerkja geti þannig hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Því hafi sú meginregla verið lögð til grundvallar að heimaland jarðar ná til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars. Það sé afstaða landeigenda að íslenska ríkið hafi með engu móti sýnt fram á nein frávik af því tagi innan landamerkja Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals.

Sé samkvæmt framansögðu með öllu óútskýrt af hverju íslenska ríkið hafi fyrst nú ákveðið að bera brögður á eignarrétt landeigenda að umræddu svæði. Sé öllum kröfum íslenska ríkisins þar um harðlega mótmælt af hálfu landeigenda sem ósönnuðum, órökstuddum og beinlínis röngum.

Með vísan til alls þess sem að framan sé rakið vilji landeigendur áréttta að gróðurfar á landsvæði því sem falli innan kröfulína íslenska ríkisins renni stöðum undir öll gögn og röksemdir fyrir því að landsvæðið sé háð beinum eignarrétti. Umrætt landsvæði sé gróið og liggi engar heimildir fyrir sem mæli því í mót að svo hafi verið frá upphafi landnáms. Landeigendur mótmæli því sérstaklega að litið verði til forsendna í dómi Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 þar sem segi að enginn gróður hafi verið á því svæði þar sem ákærði í málinu hafi verið staðinn að veiðum. Af yfirlitsmyndum af svæðinu og vettvangsskoðun við meðferð þessa máls hafi hið gagnstæða komið í ljós. Landsvæðið hafi því hentað vel til beitar og slægna, allt eftir búsháttum hverju sinni. Þá hafi svæðið hentað vel til grasatekju og fuglaveiða. Þó að ólík svæði innan landamerkja Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals séu misgróin mæli það ekki gegn því að beinn eignarréttur hafi myndast á svæðinu. Nýting jarðarinnar hafi farið eftir búsháttum hverju sinni og bendi allar heimildir til þess að nýting svæðisins hafi verið í beinu samræmi við þetta.

---

Auk þess byggist landamerki milli einstakra jarða á skýrum landfræðilegum aðstæðum. Landamerki milli jarðanna Fremri-Hundadals og Hlíðartúns liggi t.a.m. á mörkum Hundadals og Sökkólfisdals, en dalirnir tveir séu aðskildir af Hlíðartúnsfjalli. Þá liggi landamerki milli jarðanna Neðri-Hundadals og Vífildals á skýrum vatnaskilum. Vísist til þess að frá fornu fari hafi landamerki jarða helst afmarkast við landfræðilegar aðstæður eins og árfarvegi og vatnaskil á fjallseggjum.

Með vísan til þessa er því hafnað sem haldið sé fram af hálfu íslenska ríkisins um að inndalir þeir sem liggja í Hundadal teljist ekki hluti af dalnum sjálfum og geti því ekki talist innan landnáms jarðanna Neðri-Hundadals og Fremri-Hundadals. Gróðurfar í inndölum og skýr landfræðileg afmörkun Hundadals, sbr. jarðfræðilega greinargerð Hreggviðar Norðdahl, styðji að um eitt samfellt og heildstætt landsvæði sé að ræða sem allt hafi verið háð beinum eignarrétti frá öndverðu.

Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 sé stuttlega vikið að því að ekki hafi verið leitt í ljós hvort farið hafi verið með landsvæðið sem um var deilt sem eignarland varðandi fjallskil. Landeigendur vilji af því tilefni áréttta á að engar heimildir bendi til þess að tilhögun fjallskila á landsvæðinu styðji að svæðið lúti óbeinum eignarréttindum. Allar jarðir í Dalasýslu hafi að beiðni landeigenda sjálfra verið lagðar til fjallskila óháð eignarhaldi og hafi landeigendur í Hundadal ávallt sinnt smalamennsku í dalnum. Óbyggðanefnd hafi auk þess gengið út frá því að land einstakra jarða hafi verið nýtt sem beitiland, jafnvel þannig að landsvæðið hafi tekið undir fjallskilaframkvæmd. Fjallskil gefi þó enga vísbendingu um eðli eignarhalds á slíku landi. Vísbendingar um framkvæmd fjallskila styðji enn fremur eignartilkall frekar en að vefengja eignarréttindi sem sýnt hafi verið fram á með öðrum heimildum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að vilji svo ólíklega til að ekki verði fallist á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeigenda, þá hafi þeir í öllu falli unnið hefð á umræddu svæði. Vinna megi hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Þá sé skilyrði hefðar 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, auk þess sem til hefðartíma teljist óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhaldið hafi gengið löglega frá manni til manns, sbr. 3. gr. laganna. Þessi skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt í tilviki landeigenda. Hafi þeir haft óslitið eignarhald á jörðunum í meira en 20 ár.

Svo sem hér hafi verið rakið megi ljóst vera að jarðirnar Fremri-Hundadalur og Neðri-Hundadalur hafi frá landnámi til vorra daga haft eignarréttarlega stöðu eignarlands og ekkert hafi breyst í þeim efnunum. Þá bendi ekkert til þess að sá eignarréttur sé eða hafi verið takmarkaður með einhverjum hætti eða fallið niður. Leiði allar þær röksemdir sem að framan sé lýst til þessa. Því telji landeigendur að fallast beri



---

á kröfur þeirra um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur þeirra að þeim landsvæðum sem lýst er innan þeirra merkja sem greinir í aðalkröfum þeirra.

Hafa verði í huga í þessu sambandi að landeigendur séu þinglýstir eigendur jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals innan þinglýstra landamerkja, sem engar eldri heimildir mæli í móti og séu aukinheldur samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða. Af *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og dómafordæmum Hæstaréttar leiði að mikið þurfi til að koma til þess að hnekkja þinglýstum eignarheimildum þegar svo hátti til, enda verði eignarheimildir vart afdráttarlausari en þetta.

Vilji hins vegar svo ólíklega til að ekki verði fallist á aðalkröfu landeigenda geri þeir þá kröfu til vara að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur þeirra að nefndum landsvæðum innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, m.a. skotveiði. Vísa landeigendur í þeim efnum til þeirra málsástæðna, röksemda og lagaraka er standa að baki aðalkröfu þeirra, að breyttu breytanda.

Landeigendur geri verulegar athugasemdir við rökstuðning íslenska ríkisins við þjóðlendukröfu sína. Af þeirra hálfu er byggt á því að í raun sé engan rökstuðning fyrir þjóðlendukröfulínunni að finna í málatilbúnaði ríkisins. Hljóti að mega gera þá lágmarkskröfu til íslenska ríkisins að það styðji kröfur sínar röksemdum og gögnum. Erfitt sé hins vegar að gera sér grein fyrir á hvaða grunni krafa íslenska ríkisins um þjóðlendumörk byggist. Aðalkrafa íslenska ríkisins miði við línu sem dregin sé þvert yfir eignarland tveggja jarða frá hæstu punktum Skallhólsmúla og Miðmundafjalls. Eini rökstuðningur ríkisins fyrir aðferð þessari sé sá að landnám hafi ekki náð lengra inn Hundadal því önnur örnefni sé að finna á inndölum hans. Sé þar með engu móti vísað til heimilda um landamerki eða nýtingu jarðanna. Landeigendur telji því augljóst að íslenska ríkið hafi með engu móti í aðalkröfu sinni axlað sönnunarbyrði sína fyrir því að landsvæði innan kröfulínunnar sé þjóðlenda. Þá virðist varakrafa ríkisins miðast við beina línu sem dregin sé þvert yfir jarðir þær sem á reyni í máli 3/2016, svo sem Hlíðartún, Fremri-Hundadal, Neðri-Hundadal og Vífildal. Þessi aðferð að baki varakröfu ríkisins sé studd þeim einu rökum að kröfulínan liggja á þeim slóðum þar sem hin svokölluðu Einbúadrög séu staðsett á kortum Landmælinga Íslands og í örnefnaskrá Kristínar Magnúsdóttur. Eins og að framan hafi verið rakið byggist heimildir þessar á misskilningi á staðsetningu Einbúadraga sem leiðréttur hafi verið, m.a. með rannsókn Veðurstofu Íslands á upptökum Njóladasár. Hafi sú rannsókn leitt í ljós að upptök Njóladasár, sem séu samkvæmt heimildum í Einbúadrögum, liggja mun sunnar en varakrafa ríkisins geri ráð fyrir. Um þetta vísa landeigendur til framlagðs landakorts frá 1910–1911.

Landeigendur hafi auk þess frá upphafi greitt alla skatta og skyldur af jörðum sínum, þar á meðal álögð fasteignagjöld sem íslenska ríkið hafi tekið við athugasemda-

---

laust. Stæði það varla upp á landeigendur að standa skil á opinberum gjöldum sem þessum nema vegna beins eignarréttar þeirra að umræddu landi.

Landeigendur telji, þar sem þeir séu þinglýstir eigendur jarðanna í heild, að íslenska ríkið beri fulla og óskoraða sönnunarbyrði fyrir því að það land sem það geri kröfu til sé þjóðlenda. Það sé meginregla að íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram sönnur fyrir því eignartilkalli sínu. Í því tilviki sem hér um ræði geri íslenska ríkið tilkall til þinglýstra eigna landeigenda, án þess í raun að styðja það tilkall við nokkrar röksemdir eða gögn. Það sé einfaldlega ekkert sem bendi til annars en að um fullkomið eignarland sé að ræða og sæti furðu að íslenska ríkið skuli hafa lýst þjóðlendukröfum sínum með þeim hætti sem það hafi gert.

Landeigendur árétti sérstaklega að íslenska ríkið geti ekki komið sér undan framangreindri sönnunarreglu. Sinnuleysi þess á því að rökstyðja mál sitt og færa sönnur fyrir kröfum sínum eigi að koma því sjálfu í koll en ekki valda því að sönnunarbyrðin verði felld á landeigendur. Sé þá og haft í huga að landeigendur séu þinglýstir eigendur þeirra jarða sem um ræði, en þinglýsta eignarheimild hefur sá er þinglýsingarbók nefnir eiganda á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu.

Hvað varðar málskostnaðarkröfur gagnaðila íslenska ríkisins kemur fram að þeir krefjist þess að vera gerðir skaðlausir af málarekstri þessum. Nauðsynlegt sé að íslenska ríkið gæti með fyllsta móti að hagsmunum landeigenda þegar komi að tilkostnaði við málarekstur þjóðlendumála. Til mála þessara hafi verið stofnað einhliða af hálfu ríkisvaldsins og hafi íslenska ríkið gengið freklega að réttindum landeigenda með kröfulinum sínum. Virðist oft sem kröfulínur þessar séu dregnar í þeirri von að ríkið vinni sér frekari landsvæði en lög kveði á um í stað þess að meðalhófs sé gætt og hagsmunum landeigenda veitt vægi. Hafi þessi aðferð ríkisins spornað gegn því að sættir náist í málum þessum. Ekki sé réttlátt að landeigendur, sem oft á tíðum séu efnalitlir, leggi út í svo umfangsmikinn tilkostnað til að standa vörð um eignarlönd sín gagnvart svo umdeilanlegum kröfum íslenska ríkisins.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísa landeigendur til almennra meginreglna íslensks eignarréttar og til laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Landeigendur vísa enn fremur til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísa landeigendur til ákvæða laga nr. 58/1998 um þjóðlendu og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Landeigendur vísa og til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, sem og til girðingalaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Landeigendur vísa enn fremur til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá vísa landeigendur til þinglýsingalaga nr. 39/1978.

---

Um málskostnað er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Fremri- og Neðri-Hundadals er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Eins og áður segir er á austanverðu ágreiningssvæðinu, þ.e. austan við Njóladalssá, svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á að tilheyrir jörðinni Fremri-Hundadal en á vesturhluta þess er svæði sem þeir byggja á að tilheyrir jörðinni Neðri-Hundadal.

Hér ber þess fyrst að geta að fyrir liggur hæstaréttardómur sem þýðingu getur haft fyrir hið eignarréttarlega mat. Sérstaklega er vísað til dómsins af hálfu íslenska ríkisins. Um er að ræða dóm Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997, sem varðaði mál ákærvaldsins gegn manni sem ákærður hafði verið ...

... fyrir veiðilagabrot með því að hafa laugardaginn 4. nóvember 1995 í landi Neðri-Hundadals í Suðurdölum, nú Dalabyggð, í Dalasýslu, eign Sigursteins Hjartarsonar bónda, nánar tiltekið ofan Heiðarlækjar í Borgum vestan Einbúadraga án leyfis landeiganda skotið ellefu rjúpur, en auglýst hafði verið, að skotveiði í Dalabyggð væri óheimil án leyfis viðkomandi landeiganda.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru landeigendum einum heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Ákvæði 1. mgr. sömu lagagreinar heimila hins vegar öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, dýraveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Samkvæmt 1. gr. laganna er landareign í þessum skilningi „jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki“.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að fyrir réttinn hafi verið lagt kort þar sem árituð hafi verið sameiginleg yfirlýsing sakflytjenda þess efnis að ákærði og tiltekið vitni í málinu hafi merkt með krossi á framhlið þess staðinn þar sem fundum þeirra hafi borið saman við rjúpnaveiðar umræddan dag. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti hafi sakflytjendur lýst því að þessi staður væri á gróðurlausu svæði í um 550–600 metra hæð yfir sjávarmáli. Því næst er rakið efni landamerkjabréfs fyrir Neðri-Hundadal, dagsetts 12. maí 1884. Að því búnu segir í dómnum:

Hálendi sunnan framangreindra landamerkja Neðri-Hundadals, á svokallaðri Hundadalsheiði, er ótvírætt utan landsvæða, sem eru háð beinum eignarrétti, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að neinir hafi við gerð landamerkjabréfsins eða síðar kallað til annarra réttinda yfir því landi.

Málsaðila greinir meðal annars á um, hvar eigi að telja Njóladalssá eiga upptök sín. Ákærði telur upptök árinna vera efst í Njóladal, þar sem hæst gætir gróðurs

---

á jörðu, en sá staður virðist vera í um 450 til 500 metra hæð yfir sjávarmáli. Af hálfu ákærvaldsins er því hins vegar haldið fram, að upptök árinna séu um einum kílómetra sunnar, í um það bil 550 til 600 metra hæð, í svokölluðum Einbúadrögum.

Óumdeilt er, að ákærði var við rjúpnaveiðar vestnorðvestan við þann stað, þar sem hann telur Njóladalssá eiga upptök sín, en austan megin við hæðarlínu eftir fjallsbrúnum, þaðan sem vötnum hallar vestur. Er viðurkennt af ákærða hálfu, að þessi staður sé innan landamerkja lögbýlisins Neðri-Hundadals, ef mið er tekið af framangreindu landamerkjabréfi. Hann heldur því hins vegar fram, að þetta sé hálendi utan landareigna lögbýla og að landamerkjabréfið eitt sé ekki næg sönnun fyrir beinum eignarrétti að því.

Síðar í dómnum segir:

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti virðist eiga jafnt við um svokölluð Einbúadrög, þar sem upptök Njóladalssár eru talin vera í landamerkjabréfinu fyrir Neðri-Hundadal 12. maí 1884, og um þann stað, þar sem ákærði var við rjúpnaveiðarnar umdeildu 4. nóvember 1995, að land er þar um og yfir 550 metra hæð yfir sjávarmáli og gróður enginn. Í ljósi þessara staðhátta verða ekki taldar líkur fyrir því, að þetta land hafi verið numið í öndverðu eða síðar. Í málinu liggja ekki fyrir gögn því til stuðnings, að land jarðarinnar Neðri-Hundadals hafi náð að sunnanverðu til upptaka Njóladalssár eldri en landamerkjabréfið 12. maí 1884. Ekki er glöggt, hversu sunnarlega og ofarlega í landinu telja skuli upptök Njóladalssár, og eru fram lögð landakort um þetta á reiki, einkum hvað varðar miðun við hæðarlínur og afstöðu til dala og gilja bæði að vestan og austan. Þá er ekki heldur í ljós leitt, að farið hafi verið með hálendið sunnan og suðvestan við Njóladal sem eignarland varðandi fjallskil.

Þegar allt framangreint er virt, verður að telja þrátt fyrir umrætt landamerkjabréf 12. maí 1884 slíkan vafa leika á um, að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar eiganda jarðarinnar Neðri-Hundadals yfir hinu umdeilda landsvæði, að sýkna verður ákærða af broti því, sem hann er ákærður fyrir, með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Við mat á þýðingu dómsins er fyrst til þess að líta að hvorki aðild að málinu né sakarefni þess var hið sama og er til úrlausnar í þessu máli. Vísast í þessu sambandi m.a. til dóma Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár), frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) og frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 (Nýjabæjarafreittur). Af þessum dómum má ráða að ekki sé unnt að líta svo á að eldri dómar um eignarréttarlega stöðu lands bindi óbyggðanefnd ef ekki er ljóst að málsaðilar séu hinir sömu eða komnir að öllu leyti í stað hinna fyrri. Þá skiptir jafnframt máli, við mat á þýðingu eldri dóma undir sambærilegum kringumstæðum, hvert sakarefnið er. Vísast í þessu sambandi einnig til umfjöllunar um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna í kafla 11.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Dómur Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 varðaði ekki ágreining um eignarréttarlega stöðu lands á grundvelli þjóðlendulaga nr. 58/1998 og aðilar að málinu voru ekki þeir sömu og aðilar að því máli sem hér er til úrlausnar, enda var um sakamál að ræða. Dómurinn er því ekki bindandi um úrslit þessa máls, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Dómurinn hefur þó fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað, sbr. til hliðsjónar 4. mgr. sömu lagagreinar. Til athugunar hlýtur því m.a. að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild, ný gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar metið hafi á eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Við mat á þýðingu dómsins er einnig til þess að líta að hann fjallar um sekt eða sýknu í sakamáli. Að því er varðar þau rök sem leiddu til sýknu í málinu ber að skoða þau í ljósi þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að sönnunarbyrðin hvílir á ákærvaldinu og að vafa beri að meta ákærða í hag. Í málinu nægði vafi um beinan eignarrétt því til sýknu. Óbyggðanefnd ber aftur á móti sjálfstæða rannsóknarskyldu við úrlausn þeirra mála sem nefndin hefur til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Rannsóknarskylda nefndarinnar tekur til allra þeirra atriða sem kunna að hafa þýðingu við úrlausn máls, þar á meðal eftir atvikum staðháttar og gróðurfars. Þar sem upplýsingar um gróðurfar á svæðinu, byggðar á yfirlýsingum sakflytjenda við munnlegan flutning sakamálsins hjá Hæstarétti, höfðu áhrif á niðurstöðu málsins óskaði óbyggðanefnd eftir því við Náttúrufræðistofnun við meðferð þessa máls að stofnunin rannsakaði gróðurfar á svæðinu, sérstaklega á þeim stað þar sem hinn ákærði í máli nr. 183/1997 hjá Hæstarétti mun hafa verið staðinn að rjúpnaveiðum 4. nóvember 1995. Eftir athugun á vettvangi skilaði stofnunin nefndinni greinargerð um gróðurfar á svæðinu.

Að öllu þessu virtu getur umræddur dómur Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 ekki einn ráðið úrslitum um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Fremri- og Neðri-Hundadals er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínunum málsaðila er lýst í köflum 3.1. og 3.4. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Fremri-Hundadal, dagsett 12. maí 1884 og þinglýst 20. sama mánaðar. Jafnframt liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Neðri-

---

Hundadal sem einnig er dagsett 12. maí 1884 og þinglýst 20. sama mánaðar.<sup>289</sup> Þá liggur fyrir lögfesta Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-Hundadal, dagsett 3. maí 1799, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst.<sup>290</sup>

Verða nú fyrst austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þessum hluta kröfulínunnar lýst svo:

Upphafspunktur er á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfussvæðis, þaðan er farið norður eftir því sem vötnum hallar gagnvart Suðurárdal, allt norður á hátind Skallholsmúla (2), þaðan er farið beint í vestur ...

Varakröfulína íslenska ríkisins er að þessu leyti dregin svo:

Upphafspunktur er á hábungu Hundadalsheiðar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfussvæðis, þaðan er farið norður eftir því sem vötnum hallar gagnvart Suðurárdal, allt að þeim hæsta punkti á Hlíðartúnsfjalli sem er í hávestur af ármótum Kringlugils og Miðár (2), þaðan er farin sjónhending í vestur ...

Kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins hvað varðar merki Fremri-Hundadals er miðuð við merkjalýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar frá 1884. Þar er þeim hluta austurmerkja jarðarinnar sem varðar ágreiningssvæðið lýst svo (texti landamerkjabréfsins ásamt hornpunktum kröfugerðarinnar): „... sjónhending í Ljósberg (4) í klett, sem stendur Norðanverðu í múlabrúninni (5), og þaðan eftir há múlabrún eftir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga (6), eftir því sem vötnum hallar til Njóladalársár (7) að austanverðu ...“ Austan við ágreiningssvæðið er land Hlíðartúns. Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Hlíðartúns. Í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-Hundadal frá 1799 er þessum hluta merkjanna ekki lýst að öðru leyti en þar sem segir: „... Niöladal allann nordanfram, framm og uppá fiallsbrun, effter þvj sem vótum hallar.“ Austan við ágreiningssvæðið er sem fyrr segir land Hlíðartúns, en fjallað er um hluta þess svæðis sem er innan merkja Hlíðartúns í kafla 6.3 hér að framan. Í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883 er þessum hluta merkja Hlíðartúns lýst svo: „... uppá efstu eggjar, síðan ráða hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri fram á móts við Kringlugilsbotn ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Fremri-Hundadals.

Að mati óbyggðanefndar benda framangreindar heimildir um austurmerki Fremri-Hundadals og vesturmerki Hlíðartúns til þess að merkin milli jarðanna hafi legið um vatnaskil, sbr. t.d. orðalagið „eptir því sem vötnum hallar“ í landamerkjabréfi Fremri-Hundadals frá 1884, „effter þvj sem vótum hallar“, í lögfestu Hólmfríðar

---

<sup>289</sup> Hér eftir verður jafnan vísað til þessara landamerkjabréfa sem landamerkjabréfs Fremri-Hundadals og landamerkjabréfs Neðri-Hundadals frá 1884.

<sup>290</sup> Hér eftir er vísað til þessa skjals sem lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-Hundadal frá 1799.

---

Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-Hundadal frá 1799 og „hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri“ í landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883. Getið er um Einbúadrög í landamerkjabréfi Fremri-Hundadals og eru þau raunar syðsta kennileitið sem getið er um í lýsingu á austurmerkjum jarðarinnar í landamerkjabréfinu. Aftur á móti er ekki getið um Einbúadrög í lögfestunni frá 1799 eða landamerkjabréfi Sauðafells, Hlíðartúns o.fl. frá 1883. Þá er Kringlugilsbotn syðsta kennileitið sem getið er um í síðastnefndu landamerkjabréfi í umfjöllun um vesturmerki Hlíðartúns.

Gagnaðilum íslenska ríkisins í málinu, vegna Fremri-Hundadals annars vegar og Hlíðartúns hins vegar, ber saman um staðsetningu merkja milli jarðanna. Sá gagnaðili íslenska ríkisins sem gerir kröfur vegna Fremri-Hundadals hefur staðsett Einbúadrög á kröfulínukort u.þ.b. 1,5 km norðan við suðurmörk ágreiningssvæðisins. Þá hefur sá gagnaðili íslenska ríkisins sem gerir kröfur vegna Hlíðartúns staðsett Kringlugilsbotn u.þ.b. 700–800 m norðan við suðurmörk ágreiningssvæðisins. Í örnefnaskrá Kristínar Magnúsdóttir fyrir Fremri-Hundadal kemur eftirfarandi fram um Einbúadrög og Kringlugilsbotn: „Njóladasá hefur upptök sín frammi í Hundadalsheiði (54), þar er fremst klettur, sem heitir Einbúi (55), þar frammi heitir Einbúadrög (56). Þessi Einbúi er upp af Kringlugilsbotni ...“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið ber fyrirbyggjandi heimildum saman um að mörkin milli Fremri-Hundadals og Hlíðartúns liggi um vatnaskil, sem einnig er í samræmi við kröfugerðir málsaðila. Að mati óbyggðanefndar fær það einnig samræmi fyrirbyggjandi heimildum að merkin liggi um Einbúadrög og Kringlugilsbotn, eins og byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Í umfjöllun um suðurmerki svæðisins verður tekin afstaða til þess hversu langt til suðurs austurmerkin nái.

Næst verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í aðalkröfu íslenska ríkisins er kröfulínan dregin svo: „... allt norður á hátind Skallhólsmúla (2), þaðan er farið beint í vestur og niður í botn Hundadals, þar sem Njóladasá og Eyðisdalsá koma saman (3) og svo áfram vestur upp úr botni Hundadals upp á efstu brún Hundadalsfjalls (Dauðakolluhnúkar) (4), þaðan er farið suður ...“ Varakröfulína íslenska ríkisins er dregin rúmlega 4 km sunnar, með svofelldum hætti: „... að þeim hæsta punkti á Hlíðartúnsfjalli sem er í hávestur af ármótum Kringlugils og Miðár (2), þaðan er farin sjónhending í vestur að þeim hæsta punkti sem er í háaustur af Oddsgili í Vífilsdal (3), þaðan er farið suður ...“ Krafa gagnaðila íslenska ríkisins hvað varðar merki Fremri-Hundadals er miðuð við landamerkjabréf jarðarinnar frá 1884 og hvað varðar merki Neðri-Hundadals miðuð við landamerkjabréf þeirrar jarðar frá sama ári. Þau norðurmerki Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals sem lýst er í landamerkjabréfunum liggja mun norðar en kröfulínur íslenska ríkisins í málinu, enda er óumdeilt eignarland jarðanna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals aðliggjandi ágreiningssvæðinu að norðanverðu. Hið sama er að segja um lýsingu norðurmerkja Fremri-Hundadals sem lýst er í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-

---

Hundadal frá 1799. Þá liggja suðurmerki jarðanna samkvæmt landamerkjabréfunum sunnar en norðurmörk kröfusvæðis íslenska ríkisins í málinu, hvort sem þar er miðað við aðal- eða varakröfu ríkisins. Í umfjöllun um suðurmerki ágreiningssvæðisins hér á eftir verður fjallað nánar um hversu langt til suðurs merki jarðanna nái samkvæmt umræddum heimildum.

Næst verða vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í aðalkröfu íslenska ríkisins er kröfulínunni að þessu leyti lýst svo: „... upp á efstu brún Hundadalsfjalls (Dauðakolluhnúkar) (4), þaðan er farið suður og eftir því sem vötnum hallar, á hábungu Hundadalsheiðar, (1) sem er upphafspunktur.“ Varakrafa íslenska ríkisins tekur til sunnanverðs ágreiningssvæðisins. Í varakröfunni er kröfulínan að vestanverðu dregin svo: „... að þeim hæsta punkti sem er í háaustur af Oddsgili í Vífilisdal (3), þaðan er farið suður og eftir því sem vötnum hallar, á hábungu Hundadalsheiðar (1) sem er upphafspunktur.“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins eru vesturmerkin miðuð við landamerkjabréf Neðri-Hundadals frá 1884 og lýst svo (texti landamerkjabréfsins ásamt hornpunktum kröfugerðarinnar):

... efst í Einbúadrögum (8), þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga (9), þaðan norður eftir há heiði (10) eftir því sem vötnum hallar austur og innaf, síðan eftir brúninni fyrir ofan Heiðarvík (11), þaðan eftir Hnúabrún (12) til Mjóatagls (13) og eftir há Miðmundafjalli (14) eins og vötnum hallar vestur af inn af Miðmundafjalli (15) ...

Landamerkjabréf Neðri-Hundadals er áritað um samþykki vegna Vífilisdals en land jarðarinnar Vífilisdals, er vestan við ágreiningssvæðið, sbr. kafla 6.5. Ekki liggja fyrir eldri heimildir en landamerkjabréfið um merki Neðri-Hundadals.

Í landamerkjabréfi Fremri-Vífilisdals, dagsettu 29. maí 1886 og þinglýstu sama dag, er austurmerkjum jarðarinnar gagnvart Neðri-Hundadal lýst svo: „... svo fram hæstu brúnir sem vötnum hallar á móts við Neðri Hundadalsland; svo suður Mjóatagl og Háhnúks til hæstu brúnar á heiðinni, eptir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkelsdals Vífilisdals botna sem vötnum hallar.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Neðri-Hundadals.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið eru landamerki milli Neðri-Hundadals og Fremri-Vífilisdals dregin um vatnaskil í landamerkjabréfum jarðanna. Kröfulínur málsaðila eru að mati óbyggðanefndar í samræmi við merkjalýsingar landamerkjabréfanna.

Loks verða suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulínur íslenska ríkisins, bæði í aðal- og varakröfu, eru að þessu leyti dregnar frá hábungu Hundadalsheiðar og þaðan til norðurs með þeim hætti sem lýst er í umfjöllun um austur- og vesturmerki ágreiningssvæðisins hér að framan. Þá eru kröfugerðir gagnaðila íslenska ríkisins, eins og áður er lýst, miðaðar orðrétt við texta landamerkjabréfa Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals, sem bæði eru frá árinu 1884.



---

Í landamerkjabréfi Fremri-Hundadals frá 1884 er syðsta hluta merkja jarðarinnar lýst svo: „... eptir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga, eptir því sem vötnum hallar til Njóladalsár að austanverðu ...“ Í landamerkjabréfi Neðri-Hundadals frá sama ári er syðsta hluta merkjanna lýst svo: „... til Njóladalsár sem síðan ræður til sinna fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan norður eptir há heiði ...“ Landamerkjabréfin hafa að geyma gagnkvæmar áritanir um samþykki vegna Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals. Í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur frá 1799, sem er sem fyrr segir eina heimildin um merki Fremri-Hundadals sem er eldri en landamerkjabréfin, er syðsta hluta merkjanna lýst svo: „... framm í Mídaa, og uppá fiallsbrun, Niöladal allann nordanfram, framm og uppá fiallsbrun, effter því sem vötnum hallar.“

Sunnan við ágreiningssvæðið er vesturhluti Ystutunguafréttar sem er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014. Norðurmörk þeirrar þjóðlendu liggja um vatnaskil samkvæmt úrskurði nefndarinnar. Syðstu punktar í kröfulinum málsaðila vegna þess ágreiningssvæðis sem hér er til umfjöllunar liggja jafnframt á þessum sömu vatnaskilum.

Við meðferð máls þessa aflaði óbyggðanefnd gagna frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu upptaka Njóladalsár. Í svari Veðurstofunnar segir meðal annars:

Upptök vatnsfalla má skilgreina með tvennum hætti svæðisupptök og/eða punktupptök. Svæðisupptök eru þar sem dropi lendir á landi og rennur þaðan út í sjó og eru þessi upptök afmörkuð af vatnasviði. Punktupptök má hins vegar greina þar sem vatn sést birtast í lengsta samfellda farvegi á yfirborði en þannig afmörkun er m.a. háð breytingum á loftslagi og/eða árstíðum þar sem farvegir geta verið þurrir hluta af ári. Þess ber að geta að vatn getur verið undir yfirborði í þurrum farvegi vatnsfalls og þar af leiðandi ekki sýnilegt með berum augum. Punktupptökin eru væntanlega það sem þið eruð að sækjast eftir í þessu tilviki.

Punktupptök vatnsfallanna voru því skoðuð í mismunandi gögnum sem VÍ hefur aðgang að, IS50V kortagrunni LMÍ, vatnagrunni VÍ og loks loftmyndagrunni Loftmynda ehf. Þar af leiðandi eru skráð þrjú punktupptök fyrir hvert vatnsfall sem beðið var um.

Fyrir IS50V og vatnagrunn VÍ er einfalt að merkja upptök þar sem vatnsföll enda á skýrt afmörkuðum stað (punkti) við enda lengsta samfellda farveg þess. Út frá myndkortum frá Loftmyndum ehf., sem hafa 0,15–1 metra greiniehæfni, þarf að beita loftmyndatúlkun og voru upptök vatnsfalla ákvörðuð á þann hátt að fundinn var lengsti greinanlegi farvegur vatnsfallsins þar sem yfirborðsvatn var sannarlega sjáanlegt. Myndkort af svæðinu sem um ræðir, falla undir svokallað milliflug og greiniehæfnin því áætluð í kringum 0,5 m. Myndkortin eru frá júlí 2010.

Upptök vatnsfallanna sem hnitsett voru miðast við, eins og áður sagði, lengsta greinanlega farveg þar sem sannarlega var rennandi vatn að sjá á yfirborðinu.

---

Skýrt er tekið fram í gögnunum hver heimild hvers upptakapunkts er ásamt frekari upplýsingum og byggja eigindir á staðlinum ÍST 120.

Með þeim aðferðum sem hér var lýst staðsetti Veðurstofan *punktupptök* Njóladalsár á þremur mismunandi stöðum sem allir eru talsvert sunnar en norðurmörk þess svæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu til í varakröfu sinni. Tveir af upptakapunktunum eru þannig staðsettir vestur af þeim stað sem Einbúi er merktur á framlagt kröfulínukort málsaðila, u.þ.b. miðja vegu milli varakröfulínu íslenska ríkisins og syðstu marka ágreiningssvæðisins. Talsvert sunnar, þ.e. u.þ.b. miðja vegu milli þessara tveggja upptakapunkta og syðstu marka ágreiningssvæðisins er þriðji upptakapunkturinn staðsettur af hálfu Veðurstofunnar með umræddri aðferð, nánar tiltekið við þann stað þar sem Einbúadrög hafa verið merkt inn á kortið af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá greindi Veðurstofan jafnframt staðsetningu vatnaskila við syðstu mörk ágreiningssvæðisins.

Samkvæmt þessu er ljóst að ekki er um að ræða einn tiltekinn stað sem ótvírætt beri að líta á sem punktupptök Njóladalsár, öðrum fremur. Þó er ljóst að allir þeir upptakapunktar sem geta komið til álita samkvæmt greiningu Veðurstofunnar eru staðsettir talsvert sunnar en norðurmörk þess svæðis sem gerð er krafa um af hálfu íslenska ríkisins að teljist þjóðlenda, hvort heldur sem litið er til aðal- eða varakröfu þess. Þá liggur jafnframt fyrir samkvæmt framansögðu að einnig má skilgreina upptök vatnsfalla þannig að þau afmarkist af vatnasviði (eða vatnaskilum), þ.e. svæðisupptök. Í fyrri niðurstöðum óbyggðanefndar hefur sú skilgreining verið lögð til grundvallar í sambærilegum tilvikum. Má í því sambandi sérstaklega vísa til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 4/2008, að því er varðar merki jarðanna Egilsár, Flatatungu, Merkgils og Ábæjar. Að teknu tilliti til þessa veita landamerkjabréf Fremri- og Neðri-Hundadals frá 1884 því stoð að mati óbyggðanefndar að suðurmerki jarðanna nái allt að vatnaskilum, enda er merkjunum lýst „... eptir því sem vötnum hallar til Njóladalsár að austanverðu ...“ í landamerkjabréfi Fremri-Hundadals og til „fyrstu upptaka“ Njóladalsár sem byrji „efst í Einbúadrögum“ í landamerkjabréfi Neðri-Hundadals. Staðsetning Arnkelsdalsdraga beint vestur af syðstu mörkum ágreiningssvæðisins styður enn fremur við þá niðurstöðu að mati nefndarinnar, enda verður að telja ljóst að með örnefninu *Atkelsdalsdrög* í landamerkjabréfi Neðri-Hundadals sé átt við drög Arnkelsdals, eins og fram kom við aðalmeðferð málsins. Lögfesta Hólmfríðar Hannesdóttur frá 1799 mælir því heldur ekki í mót að mati nefndarinnar að land Fremri-Hundadals nái eins langt til suðurs og byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, enda virðast suðurmörk jarðarinnar samkvæmt henni vera miðuð við vatnaskil.

Enn fremur skal þess getið í þessu sambandi að af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins var lögð fram í málinu greinargerð dr. Hreggviðs Norðdahl jarðfræðings, dagsett 20. september 2016, um landfræðilega (jarðfræðilega) þýðingu hugtaksins *dalur* en skjalið varðar sérstaklega Hundadal. Niðurstaða hans er sú að Hundadalur afmarkist af vatnaskilum á múlunum beggja vegna dalsins allt suður að vatnaskilum á Teigsfjalli.

---

Það er í samræmi við framangreinda niðurstöðu óbyggðanefndar um suðurmerki jarðanna Fremri- og Neðri-Hundadals.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan merkja Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals eins og þeim er lýst í landamerkjabréfum jarðanna og aðrar fyrirbyggjandi heimildir mæla þeirri afmörkun ekki í mót.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að hún hafi gefið Hunda, leysingja sínum, Hundadal og hann hafi búið þar lengi. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með öyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla landnám Auðar hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um þetta atriði eykst þó eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Allt að einu verður að mati nefndarinnar að telja ólíklegt, með hliðsjón af staðháttum, að staðnæmst hafi verið við landnám við ármót Njóladalsár og Eyðidalsár, eins og byggt er á í aðalkröfu íslenska ríkisins. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveðrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt

---

umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitafýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Eins og fyrr segir er greint frá því í *Landnámu* að Hundi, leysingi Auðar djúpúðgu, hafi búið í Hundadal. Þá er getið um Hundadal sem býli bæði í *Sturlunga sögu* og í *Fóstbræðra sögu*, sem báðar munu hafa verið ritaðar á 13. öld. Að þessu frátöldu liggja ekki fyrir í málinu heimildir um Hundadal fyrr en í byrjun 18. aldar. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 er fjallað um Fremri- og Neðri-Hundadal. Af því má ráða að einhvern tímann fyrir þann tíma hafi jörðinni Hundadal verið skipt í tvennt. Í *Jarðabókinni* kemur fram að Fremri-Hundadalur sé 20 hundruð og Neðri-Hundadalur 40 hundruð. Ekkert kemur þar fram um stærð jarðanna, afmörkun þeirra eða afréttarmálefni. Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá 1731 segir m.a. um Fremri-Hundadal: „Jordenn er landmikel notagod under bu og sæmelegur utegangur ä vetrumm.“ Þá segir um Neðri-Hundadal í sömu heimild: „Landmikel jörd og landgod og efter því god under bu. Eingingar bæde gagnlegar og Miklar enn þä godur utegangur a vetrumm fire fie og hesta.“

Í lögfestu Hólmfríðar Hannesdóttur fyrir hálfan Fremri-Hundadal frá 1799 kemur fram að hún lögfesti „Eignar Jörd“ sína, hálfan Fremri-Hundadal og merkjum er lýst á þann hátt sem fyrr greinir. Í jarðamati Dalasýslu frá 1804 er Fremri-Hundadalur sagður vera 20 hundraða jörð og Neðri-Hundadalur 40 hundraða jörð. Um Neðri-Hundadal segir: „Den öde Hialeje Mulakot bruges som beiteland.“ Í jarðamatinu frá 1849–1850 er matsverð beggja jarðanna hið sama og í jarðamatinu frá 1804 og í tilviki beggja jarðanna kemur fram að landrými sé mikið.

Í *Jarðatali á Íslandi*, sem gefið var út af J. Johnsen 1847, kemur fram að Neðri-Hundadalur sé metinn 40 hundruð og Fremri-Hundadalur 20 hundruð. Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá 1861 kemur fram að Neðri-Hundadalur sé metinn 40 forn hundruð en 30,9 ný hundruð. Jafnframt kemur þar fram að Fremri-Hundadalur sé metinn 20 forn hundruð en 25 ný hundruð.

Landamerkjabréfum Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals frá 1884 hafa þegar verið gerð skil, að því er varðar merki ágreiningssvæðisins, og eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að allt ágreiningssvæðið, sem og hið óumdeilda eignarland jarðanna, sé innan þeirra merkja sem þar er lýst, með samfelldum

---

hætti. Ekkert sem fram kemur í landamerkjabréfunum bendir að mati óbyggðanefndar til þess að land innan þeirra merkja sem þar er lýst hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 er Fremri-Hundadalur metinn 25 hundruð. Þá segir eftirfarandi:

3. Beitoland gott til sumarbeitar fyrir allar skepnur, léttara til vetrarbeitar, víðlent. Smalamennska hæg.

4. Jörðin hefir upprekstrarland fyrir 100 fjár og 4 trippi.

[...]

Ókostir eru taldir þessir helstir:

1. Jörðina vantar nokkuð upprekstrarland.

[...]

3. Ágangur mikill frá öðrum bæjum af hrossum og kúm.

Neðri-Hundadalur er metinn 30,9 hundruð í fasteignamatinu. Þar segir um jörðina:

3. Beitoland gott og víðlent.

4. Upprekstrarland meir en nægilegt. Gelst árlega eftir það fyrir hrossagöngu 11 krónur.

[...]

Ókostir eru þessir taldir helstir:

1. Smalamennska erfið.

[...]

4. Ágangur af afréttarfé og frá öðrum bæjum.

Jarðirnar Fremri- og Neðri-Hundadalur eru svo metnar hvor í sínu lagi í öðrum fyrirliggjandi fasteignamötum frá 20. öld, þ.e. frá 1922 og síðar.

Getið er um Hundadal í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1947. Þar segir meðal annars: „Hundadalur gengur nær samhliða Sökkólfsdal suður í fjalllendið, en vestan Skallhólsmúla. Í mynni hans eru tveir bæir, fremri og neðri Hundadalur, annars er hann óbyggður og skiptist skammt fyrir innan bæina í tvo fjalldali.“

Jafnframt er getið um Hundadal í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997. Þar segir meðal annars:

Hundadalur liggur samsíða Vífilsdal suður í fjöll og úr honum rennur Hundadalsá út í Miðá. Dalurinn á að vera kenndur við Hunda, leysingja Auðar djúpúðgu, skoskan mann. Tveir bæir eru í dalnum og heita Neðri-Hundadalur vestan og Fremri-Hundadalur austan ár.

[...]

---

Suður af Tungufelli lækkar landið um hríð og heita þar Einbúadrög eftir stökum kletti sem kallast Einbúi. Fram af drögunum liggur Hundadalsheiði sem er talsvert flæmi milli Vífildals og Sökkólfsdals og nær yfir 700 m hæð. Mjög er hún blásin og gróðursnauð ofan til. Um hana liggja mörk Dalasýslu og Mýrasýslu.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirliggjandi heimildir ótvírætt til þess að Hundadalur hafi verið byggður sem jörð allt frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar og að henni hafi verið skipt í annars vegar Fremri-Hundadal og hins vegar Neðri-Hundadal einhvern tímann áður en *Jarðabók* Árna og Páls var rituð 1703. Þá benda heimildir ekki til að innan marka jarðanna hafi verið svæði sem hafði stöðu afréttar að lögum og laut sjálfstæðri afmörkun. Niðurstaða óbyggðanefndar er sú, eins og að framan er rakið, að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan marka jarðanna samkvæmt landamerkjabréfum þeirra frá 1884 og eina eldri heimildin sem fyrir liggur um afmörkun Fremri-Hundadals, þ.e. lögfesta Hólmfríðar Hannesdóttur frá 1799, mælir þeirri afmörkun ekki í mót að mati nefndarinnar. Að auki er ekkert sem bendir til að ágreiningur hafi verið uppi um merki jarðarinnar og staðhættir og gróðurfar mæla því heldur ekki í mót að mót að mati óbyggðanefndar að svæðið kunni að hafa verið innan landnáms. Eru því ekki forsendur til annars en að leggja til grundvallar að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan marka jarðanna samkvæmt þeim heimildum sem liggja fyrir þar að lútandi og að eignarréttarleg staða þess ráðist af því, að því gefnu að ekki liggi fyrir önnur atriði sem mæli þeirri niðurstöðu í mót með afgerandi hætti.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar frá október 2017, sem unnin var að beiðni óbyggðanefndar vegna meðferðar málsins, kemur eins og áður segir fram að kort af svæðinu sýni að land sé klætt samfelldum gróðri frá bæjum í Neðri-Hundadal og Fremri-Hundadal upp eftir Hundadal, Eyðisdal og Njóladal, vestan og austan Tungufells, allt inn í Einbúadrög, inn fyrir grjóthausinn Einbúa. Land sem liggja hæst norðan Heiðarlækja og vestan Einbúadraga sé allgróskumikið *votlendi* með graslendisbrekkum þar sem þurrara sé. Er ofar dregur taki við mjórra belti af *mólendi*, *moslendi* og síðan strjálgrónari *melar* og *grjóturðir* þegar upp í Borgir kemur. Þá kemur fram að *melar-* og *sandlendi* séu ríkjandi á því landi sem hæst liggja á athugunarsvæðinu, þ.e. uppi í Borgum og brattari hlíðum þeirra, þegar komi inn fyrir upptök lækja í Einbúadrögum og inn á Hundadalsheiði og Teigsfjall á land sem liggja í um og yfir 600 m hæð yfir sjávarmáli. Þetta land sé þó ekki gróðurlaust.

Að því er varðar sérstaklega þann stað á ágreiningssvæðinu þar sem maður var staðinn að rjúpnaveiðum 4. nóvember 1995, sbr. dóm Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997, þ.e. suðaustan við 544 m hæðarpunkt samkvæmt framlögðu korti í málinu, kemur fram af hálfu Náttúrufræðistofnunar að þar séu hálfgrónir melar, nánar tiltekið *mosamelavist*, ríkjandi. Þar sé einnig vottur af betur grónu mólendi, þ.e. blettir af grasmóavist og lyngmóavist þar sem land sé ekki jafn áveðra og á melunum. Grettistök og hnúllungar séu á svæðinu. Land á þessu svæði sé því hálfgróið eða meir.

---

Það séu mosar sem séu ríkjandi í gróðri (40–50% þekja), tegundirnar hraungambri og melagambri, og nokkuð sé um fléttur og skófir á steinum. Þekja æðplantna sé lítil, liðlega 10% samkvæmt mælingum í mosamelavist, mest af krækilyngi og grasvíði. Í mólendisblettunum sé þekja æðplantna allmiklu meiri og land betur gróið. Þegar komi upp fyrir umrætt svæði og hærra upp í Borgir verði meira um klapparholt og grjóturðir en mosamelavist og hélumosavist sé þar að finna, þar sem farið var um.

Enn fremur kemur fram í greinargerð Náttúrufræðistofnunar að það sé mat þeirra sem hana unnu að gróðurfar á svæðinu hafi ekki breyst verulega á síðustu 20 árum. Um sé að ræða gamalgróið land með þroskaðri jarðvegsmyndun. Allt yfirbragð gróðurs beri þess merki að um margra alda eða árþúsunda vistkerfi sé að ræða. Fullyrt er að gróðurfar á athugunarsvæðinu á Hundadalsheiði hafi ekki tekið stakkaskiptum frá árinu 1997. Líklegt sé að gróska á vel grónu votlendi, graslendi og mólendi hafi aukist nokkuð vegna aukinna hlýinda og minni sauðfjárbeitar. Hins vegar hafi breytingar á melum og moslendi sem hærra liggur verið litlar.

Óbyggðanefnd telur að það sem fyrir liggur um gróðurfar á ágreiningssvæðinu, sérstaklega með þeirri greiningu sem hér liggur fyrir af hálfu Náttúrufræðistofnunar, mæli því alls ekki í mót að það landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfum Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals frá 1884 hafi verið hluti af jörðunum frá öndverðu og að gagnaðilar íslenska ríkisins, sem og þeir sem þeir leiða rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Það sem fram kemur um gróðurfar á svæðinu í margnefndum dómi Hæstaréttar frá 25. september 1997 í máli nr. 183/1997 verður að skoðast í ljósi þess að aðilar að því máli lögðu ekki fram við meðferð þess gögn um gróðurfar sem talist geta sambærileg við þá greinargerð Náttúrufræðistofnunar sem hér liggur fyrir, sem og þess að á dómstólum hvílir ekki sjálfstæð gagnaöflunar- eða rannsóknarskylda á borð við þá sem óbyggðanefnd ber skv. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 og 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Sönnunargildi umrædds dóms takmarkast af þessu, að því er varðar það sem þar kemur fram um gróðurfar á svæðinu.

Auk þessa er til þess að líta að eftir að dómurinn féll hafa fallið allmargir dómar í Hæstarétti á grundvelli þjóðlendlaga nr. 58/1998 sem varpað hafa skýrara ljósi á réttarstöðuna að því er varðar áhrif staðháttu og gróðurfars á sönnun um beinan eignarrétt á landi sem er innan afmörkunar jarðar samkvæmt þinglýstu landamerkjabréfi. Má í því sambandi m.a. nefna dóm réttarins frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu jarða í Fljótshverfi í Skaftárhreppi. Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð eru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Fremri-Hundadals og Neðri-Hundadals, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn

---

óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## 6.5 Suðurhluti Vífilisdals og vesturhluti Rangárdals

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er vísað til sem fjallendis Fremri-Vífilisdals. Eigandi jarðarinnar Vífilisdals gerir kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns og byggir á að það sé hluti af jörðinni. Í meginatriðum er hér um að ræða suðurhluta Vífilisdals og vesturhluta Rangárdals sem gengur til vesturs frá Vífilisdal, ásamt aðliggjandi fjallendi upp af dölunum. Áður skiptist Vífilisdalur í Fremri- og Neðri-Vífilisdal, eins og víða sér stað í gögnum málsins. Eignarhald beggja jarða færðist á sömu hendi árið 1944 og svo virðist sem þær hafi verið sameinaðar sem jörðin Vífilisdalur einhvern tímann á árunum 1965–1973, þótt ekki liggi fyrir þinglýst gögn um sameininguna.<sup>291</sup> Óumdeilt eignarland jarðarinnar Vífilisdals liggur að norðanverðu ágreiningssvæðinu. Frá bæjarstæði Vífilisdals eru um 2 km í beinni loftlínu að kröfulínu íslenska ríkisins á Sléttafjalli en um 4 km frá bæjarstæðinu að þeim stað þar sem kröfulínan liggur yfir Vífilisdalsá. Frá sama bæjarstæði eru á bilinu 4,5–5 km að varakröfulínu íslenska ríkisins í Vífilisdalsá. Þaðan eru svo um 4 km að syðstu mörkum ágreiningssvæðisins. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Skammt norðan við ágreiningssvæðið greinist Vífilisdalur í tvo dali, þ.e. Vífilisdal og Rangárdal, og er Seljamúli þar á milli. Gengur Rangárdalur til vesturs, norðan og vestan Seljamúla, og tekur aðalkrafa íslenska ríkisins til vesturhluta hans. Austan við Seljamúla gengur Vífilisdalur til suðurs og tekur þjóðlendukrafan jafnframt til suðurhluta hans. Syðst greinist Vífilisdalur aftur í tvennt, þar sem Arnkelsdalur gengur til suðausturs út frá honum. Að austanverðu afmarkast ágreiningssvæðið af vatnaskilum milli Vífilisdals og Hundadals og að sunnanverðu af sýslu- og sveitarfélagamörkum gagnvart Borgarbyggð. Að vestanverðu afmarkast það af línu sem dregin er um fjallið Hest, Kattarhrygg, sem er fjallgarður milli botna Rangárdals og Laugardals, og Hrútaborg. Að norðanverðu afmarkast ágreiningssvæðið af kröfulínu íslenska ríkisins eins og hún er dregin samkvæmt framangreindu frá Hundadalsheiði um ármót Oddsgils og Vífilisdalsár, Seljamúla, Sléttafjall og í fjallið Hest. Varakrafa íslenska ríkisins tekur eins og áður segir til syðsta hluta Vífilisdals, þ.e. þess hluta ágreiningssvæðisins sem er sunnan línu sem dregin er frá Hundadalsheiði í ármót Víðigils og Vífilisdalsár og í sýslumörk á Urðarhrygg.

---

<sup>291</sup> Samkvæmt tölvupósti frá sýslumannsembættinu á Vesturlandi, sem liggur fyrir meðal gagna málsins, var þinglýst skjölum á jarðirnar Fremri- og Neðri-Vífilisdal, hvora í sínu lagi, allt til ársins 1965 en á Vífilisdal, sem eina jörð, frá árinu 1973.



---

Ofan í Vífildal og Rangárdal er land innan ágreiningssvæðisins víða í vel innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli og vel gróið. Á svæðinu rís land nokkuð skarpt upp úr dölunum og er víða í 500–700 m hæð yfir sjávarmáli ofan dalanna. Hæstu fjallstoppur eru í yfir 700 m hæð yfir sjávarmáli. Hæst rís landið í yfir 850 m hæð yfir sjávarmáli í Hrutaborg samkvæmt fyrirbyggjandi kortum. Eðli málsins samkvæmt er gróður minni á hálendari hlutum svæðisins en þeim láglandari. Víðast hvar er landið þó að einhverju leyti gróið. Ekki er um að ræða nein skörp skil í landslagi milli ágreiningssvæðisins og hins óumdeilda eignarlands Vífildals norðan þess.<sup>292</sup>

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og

---

<sup>292</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámsgsvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjarlakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Í einhverjum tilvikum lýsi landamerkjabréf einstakra jarða eða aðrar heimildir í einu lagi heimalandi og afréttarlandi. Við mat á slíkum landamerkjabréfum sé litið til þess að landsvæði innan sömu landamerkjalyýsingar kunni að hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þannig sé í einstaka tilvikum ekki fallist á merkjalýsingar í landamerkjabréfum jarða. Það eigi einkum við um merki jarða gagnvart svæðum sem heimildir gefi til kynna að hafi verið samnotaafréttir. Sé þá á því byggt að slíkt bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé þá einkum litið til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft á tíðum ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti.

Hvað þetta varðar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og hafi síðan verið ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki með einhliða hætti aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafði og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

---

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Að því er varðar sérstaklega þau svæði í Hörðudalshreppi sem íslenska ríkið gerir kröfur til er tekið fram af hálfu þess að líklegt sé að einhver hluti þess svæðis sem lýst er í kröfulýsingunni hafi verið innan landnáms. Hins vegar séu landnámslýsingar óljósar um afmörkun þess svæðis sem numið var. Þá er á því byggt að hafi svæðin verið numin hafi það ekki verið með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur aðeins takmörkuð eignarréttindi, svo sem afréttarnot, eða þá að beinn eignarréttur hafi síðar fallið niður, hafi svæðin á annað borð verið numin til eignar, og svæðin verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Sé svæðanna enda að jafnaði einungis getið í tengslum við afréttarnot eða aðra takmarkaða nýtingu í heimildum.

Að því er varðar sérstaklega fjallendi Fremri-Vífilsdals er byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Verði að telja af heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum að það hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar samkvæmt *aðalkröfu* sé aðallega stuðst við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Vífilsdal, gerðu 29. maí 1886, landnámslýsingar, staðhætti og sýslumörk. Þá hafi við afmörkun svæðisins einnig verið litið til landamerkjabréfs fyrir jörðina Tungu, dagsetts 21. maí 1883, sem og afmörkunar á aðliggjandi þjóðlendukröfusvæðum íslenska ríkisins vegna fjallendis Hrafnabjarga og svæðis sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði.

Hvað norðurmörk aðalkröfunnar varðar kemur fram af hálfu íslenska ríkisins að hún taki mið af því að heimildir um landnám á svæðinu geti aðeins um landnám í Vífilsdal og því sé óljóst hversu langt inn til landsins og upp til fjalla landnám hafi náð á svæðinu. Til þess sé þá einnig litið að innan þess landsvæðis sem lýst sé í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Vífilsdal sé a.m.k. hluti Hundadalsheiðar. Með vísan til þessa séu norðurmörk aðalkröfu íslenska ríkisins miðuð við að þegar hinum eiginlega dalsbotni Vífilsdals sleppi, nokkru innar en mynni Rangárdals og við Oddsgil að austanverðu, taki við svæði sem ekki hafi verið numið til beins eignarréttar í öndverðu eða eignarréttur hafi fallið niður. Aðalkrafan miðist enn fremur við það, að afdalur Vífilsdals, Rangárdalur, hafi ekki verið innan landnáms enda liggi ekki fyrir því neinar heimildir, hvorki að fornu né nýju. Með hliðsjón af staðháttum á þessum slóðum þyki því rétt að draga kröfulínuna úr Oddsgili, upp á Seljamúla og þaðan þvert norður í Sléttafjall og svo eftir því sem vötnum hallar að Hesti. Þjóðlendukröfulínan haldi svo áfram eftir vatnaskilum og sýslumörkum til suðurs og austurs. Miðist kröfulínan við að allt svæðið sunnan þverlínunnar milli Oddsgils og Seljamúla og svæðið vestan og sunnan við Seljamúla, Sléttafjall og Hest, sé þjóðlenda. Sé kröfulínan þannig samliggjandi varakröfu íslenska ríkisins vegna svæðis sunnan Hundadals ásamt Hundadalsheiði, sem sé aðliggjandi svæði að austanverðu.

---

Til vara sé gerð sú krafa af hálfu íslenska ríkisins að norðurmörk kröfusvæðisins verði nokkuð sunnar, eða við Hnausagil að austanverðu og Víðigil að vestanverðu, og að þaðan sé farið að sýslumörkum við Urðarhrygg. Sé þá einungis gerð krafa til syðsta hluta þess svæðis sem afmarkist af landamerkjabréfi jarðarinnar, þ.e. gilsbotnum til suðurs og hálendisins þar í kring. Hér sé litið til þess að innan þess landsvæðis sem lýst sé í landamerkjabréfi fyrir Fremri-Vífildal sé a.m.k. hluti Hundadalsheiðar.

Stór hluti þess svæðis er falli innan merkja jarðarinnar Fremri-Vífildals samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar falli innan kröfulínu íslenska ríkisins samkvæmt aðalkröfu. Sé þá litið til þess að samkvæmt heimildum um landnám á svæðinu hafi landnám aðeins náð til Vífildals og að landamerkjabréf eitt og sér, þótt þinglýst sé, teljist ekki nægjanlegt til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé miðað við að svæðið vestan, sunnan og austan Vífildals hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og teljist því þjóðlenda. Sé hér horft til þess að merkjalýsing landamerkjabréfsins, að því marki sem hún falli innan kröfulýsingar, styðjist ekki við eldri heimildir, auk þess sem landfræðilegar aðstæður og heimildir um nýtingu þess gefi ekki til kynna að svæðið hafi verið numið í öndverðu þannig að til beins eignarréttar hafi stofnast.

Sem dæmi um aðrar heimildir þar sem fjalllendi Fremri-Vífildals komi fyrir megi nefna kaupbréf Guðbrandar Magnússonar fyrir Fremri-Vífildal og úttekt á Fellsenda, dags. 30. apríl 1846, þar sem gilið Hrískinnargil sem sé staðsett nálægt botni Vífildals, sé nefnt.

Hvað þetta varðar skipti einnig máli að í lögfestu fyrir Vífildal fremri, upplesinni 23. júní 1798, segi: „landamerki óþekkt“. Verði því að telja verulegan vafa leika á því að svæðið vestan, sunnan og austan Vífildalsbotns sé og hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Enn fremur er vísað til þess af hálfu íslenska ríkisins að í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem og *Jarðabók* Orms Daðasonar, komi fram að svæðið hafi verið nýtt til upprekstrar af bæjum í Hörðudal og Miðdölum. Í fasteignamatinu frá 1916–1918 segi að upprekstrarland Fremri-Vífildals sé nægilegt, en að á meðal helstu ókosta jarðarinnar sé ágangur afréttarfjár. Loks sé litið til landfræðilega aðstæðna og þess að þjóðlendukröfusvæðinu liggi önnur þjóðlendukröfusvæði; til vesturs, suðurs og austurs.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

---

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að jörðin Vífilisdalur hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland og þá innan þeirra merkja sem lýst sé í kröfugerðinni. Þá hafi eignarrétturinn yfir jörðinni færst manna á milli með eðlilegum hætti allt til núverandi eiganda. Geti því ekki verið um þjóðlendu að ræða.

Í *Landnámu* komi fram að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum Breiðafirði frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Vífilisdalur sé talinn falla innan marka þessa landnáms Auðar. Auk þess komi fram í *Landnámu* að Auður hafi gefið Vífli, leysingja sínum, Vífilsdal og hafi Vífill haft þar búsetu.

Af því sem fram komi í *Landnámu* verði í fyrsta lagi ráðið að jörðin Vífilisdalur hafi verið numin í öndverðu sem fullkomið eignarland. Nám hafi verið frumstofnunarháttur eignarréttar á þessum tíma, þótt ekki sé lengur unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám, sbr. 8. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Heimildir um nám yfir landi séu því til afdráttarlauss stuðnings að yfir því hafi stofnast til beins eignarréttar. Samkvæmt framansögðu eigi það tvímælaust við um jörðina Vífilsdal.

Í öðru lagi verði skýrlega ráðið af framangreindri umfjöllun í *Landnámu* að það land sem numið hafi verið í Vífilsdal hafi náð inn allan dalinn. Innan landnámsins hafi því einnig fallið inndalir Vífilsdals, enda sé engar heimildir að finna sem mæli því í mót. Auk þess færi sú túlkun að inndalir væru utan landnámsins þvert gegn öllum heimildum um landnám og túlkun þess á Íslandi. Afar hæpið sé að ætla að landnámsmaður hafi stöðvað landnám sitt við mynni inndala Vífilsdals á þeirri forsendu einni að um inndali hafi verið að ræða. Þvert á móti hafi landnámsmenn numið dali alveg inn að dalbotnum, enda sé á þeim svæðum oft að finna nýtanlegar auðlindir, auk þess sem inndalir séu skýrlega afmarkaðir og ólíklegt að aðrir geri tilkall til þeirra. Vífilisdalur allur, frá Afreksgili og inn í dalbotn, hafi því verið háður beinum eignarrétti allt frá landnámi.

Í samræmi við þetta sé því sérstaklega mótmælt, sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins, að svæði það sem falli innan kröfulína íslenska ríkisins, bæði í aðal- og varakröfu, hafi aldrei nokkurn tíma verið numið til eignar. Þvert á móti sé ljóst að svæðið hafi ekki aðeins verið numið til eignar við landnám, heldur hafi sá eignarréttur haldist allar götur síðan, svo sem öll gögn og heimildir bendi ótvírætt til.

Allt frá því að Vífilisdalur hafi verið numinn og þar til landamerkjabréf voru gerð fyrir jörðina, annars vegar fyrir Neðri-Vífilsdal 28. maí 1883 og hins vegar fyrir Fremri-Vífilsdal 29. maí 1886, hafi landamerki jarðarinnar verið svo skýr og óumdeild sem frekast sé unnt.

Hafi landamerkjum Vífilsdals alltaf verið lýst með sama hætti í eldri og yngri heimildum. Landamerki hafi ávallt afmarkast við hæstu brúnir þeirra fjalla sem umlykji Vífilsdal. Landfræðilegar aðstæður afmarki því jörðina með mjög skýrum hætti. Þetta eigi jafnt við um merki jarðarinnar til austurs, suðurs og vesturs. Þrátt fyrir að fáar heimildir liggi fyrir um nákvæmar lýsingar á landamerkjum Vífilsdals, að undanskildu landamerkjabréfi jarðarinnar, þurfi það ekki að benda til þess að landamerki hafi þar

---

verið umdeild eða óþekkt. Þvert á móti bendi slíkt til þess að lítil þörf hafi verið á að afmarka landamerki jarðarinnar þar sem landfræðilegar aðstæður dalsins afmarki hana með svo skýrum hætti. Almenn viðmið frá öndverðu um að landamerki miðist við vatnaskil þegar fjöll liggja á milli jarða eigi sérstaklega við um afmörkun á landamerkjum Vífilsdals.

Af öllu þessu leiði að landamerki Vífilsdals við aðliggjandi jarðir hafi verið óumdeild frá upphafi. Því til stuðnings vísist til heimilda um landamerki jarðanna Neðri-Hundadals, Tungu, Hlíðar og Bæjar og landamerkjabréfs afréttarlands Borgarhrepps. Allar heimildir um landamerki þeirra jarða styðji við afmörkun landamerkja Vífilsdals eins og þau séu rakin í landamerkjabréfum jarðarinnar sjálfrar frá 19. öld. Landamerkjabréf jarðarinnar hafi auk þess verið árituð um samþykki allra eigenda aðliggjandi jarða og eigi það sama við um landamerkjabréf þeirra jarða. Auki það enn á gildi bréfanna og þeirra merkjalýsinga sem þar komi fram. Þá verði ekki séð af neinum fyrirliggjandi heimildum að komið hafi fram athugasemdir frá yfirvöldum eða að orðið hafi ágreiningur við nágretta jarðarinnar um landamerki. Varðandi lögfestu Þorsteins Sigurðssonar frá 1824 verði að hafa í huga að þar sé ekki um eiginlegt landamerkjabréf að ræða, enda hafi skylda til slíkrar bréfagerðar ekki verið lögleidd á þeim tíma. Þrátt fyrir að lögfestan feli þannig í sér ónákvæmari lýsingu landamerkja en fyrrnefnd landamerkjabréf rýri það ekki gildi hennar þar sem landamerkjum Vífilsdals sé réttilega lýst í meginráttum af heimild sem sé eldri en landamerkjabréfið, þ.e. að landamerki miðist við vatnaskil alls Vífilsdals að aðliggjandi jörðum og landsvæðum.

Sú staðreynd að ekki hafi áður verið deilt um eignarrétt eða nýtingu lands Vífilsdals sé sönnun þess að afmörkun jarðanna hafi verið með sama hætti og skráð sé í landamerkjalyýsingum frá öndverðu.

Sérstaklega beri að leiðrétta vísun íslenska ríkisins til lögfestu frá 23. júní 1798 sem lesin hafi verið upp á manntalsþingi að Blönduhlíð. Íslenska ríkið vísi með beinni tilvitnun til þess í greinargerð sinni að í lögfestunni séu „landamerki óþekkt“. Þessi tilvitnun sé röng því lögfestan segi „enginn viss landamerki tiltekin“. Af lögfestunni megi því ráða að landamerki jarðarinnar hafi ekki verið færð til bókar. Því sé fjarri að heimildin beri með sér að landamerki hafi verið óþekkt á þessum tíma.

Ljóst sé að eftir að jörðin Vífilsdalur hafi verið numin hafi verið farið með hana eins og hún væri fullkomið eignarland innan merkja hennar. Eigi það jafnt við um með hvaða hætti hún hafi verið nýtt af eigendum sínum á hverjum tíma, sem og hvernig hún hafi gengið kaupum og solum í gegnum tíðina. Greinargóð heimild sé til staðar um að jörðin hafi verið numin í öndverðu auk þess sem aðrar heimildir um jörðina bendi tvímælalaust til þess að hún hafi ávallt haft stöðu eignarlands.

Til að mynda liggja fyrir heimild um að Daði Guðmundsson í Snóksdal hafi ánafnað erfingjum sínum jörðina Fremri-Vífilsdal árið 1563. Bendi það til þess að litið hafi verið á jörðina sem fullkomna eign sem ráðstafað yrði með erfðagjöfningum.

---

Fyrir liggi að 11. maí 1836 hafi hálf jörðin Fremri-Vífilsdalur verið seld. Í kaupgjörningnum komi fram að jörðin sé seld og afhent til fullkominnar eignar með hlunnindum öllum. Þrátt fyrir að landamerkjum sé ekki lýst í viðkomandi gjörningi bendi orðalag hans til þess að jörðin öll, eins og hún hafi afmarkast miðað við venjur þess tíma, hafi verið álitin fullkomið eignarland.

Til viðbótar liggi fyrir af jarðabókum frá 1703 og 1731 og jarðamötum frá 1804 og 1849–1850 að búseta á jörðinni Vífilsdal hafi verið samfelld í aldir og ekkert bendi til annars en búseta hafi verið samfelld frá öndverðu. Þá komi þar fram að selstaða hafi verið góð á jörðinni, úthagar verið miklir og afdalir grösugir. Þá hafi afréttur og upprekstur verið á jörðinni. Auk þess liggi fyrir heimildir um hjáleiguna Vífilsdalskot sem staðsett hafi verið talsvert innar í dalnum en núverandi bær. Bendi þessar heimildir til margháttæðra búsnýtja jarðeigenda. Hafi nýttar þessar farið eftir búskaparháttum hverju sinni og hagnýting jarðarinnar því getað verið háð breytingum. Slíkt bendi til þess að landeigendur hafi litið á jörðina sem fullkomna eign sína að öllu leyti. Sama afstaða hafi komið í ljós árið 1989 hjá oddvita Hörðudalshrepps sem hafi lýst því yfir að engir afréttir væru innan marka sveitarfélagsins.

Óbyggðanefnd hafi talið að land innan jarðar hafi ekki haft mismunandi eignarréttarlega stöðu, þótt landsvæði finnist innan jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar. Setning landamerkja geti þannig hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Því hafi sú meginregla verið lögð til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars. Það sé afstaða landeiganda að íslenska ríkið hafi með engu móti sýnt fram á nein frávik af því tagi innan landamerkja Vífilsdals.

Þá hafi óbyggðanefnd byggt á því að líkur séu á að landsvæði sé eignarland ef að því liggi önnur eignarlönd. Óumdeilt sé að jörðin Tunga sé eignarland, en íslenska ríkið geri engar kröfur um þjóðlendu á þeirri jörð. Þá séu jarðirnar Hlíð og Bær einnig óumdeild eignarlönd. Auk þess geri landeigendur Neðri-Hundadals þá kröfu að jörð þeirra teljist til eignarlands og færi fyrir því sannfærandi rök.

Eina svæðið sem liggi að landamerkjum jarðarinnar Vífilsdals og teljist ekki til eignarlands sé landsvæði í suðri, Víðidalur og Mjóidalur í Borgarbyggð, en með úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 hafi landsvæði þessi verið talin þjóðlendur. Það dragi hins vegar úr vægi þeirra landsvæða fyrir eignarréttarlega afmörkun Vífilsdals að svæði þessi séu sunnan við þau vatnaskil sem afmarki sunnanvert og norðanvert Snæfellsnes og þau liggi auk þess sunnan sveitarfélagamarka. Auk þess séu landamerki í landamerkjabréfi þess landsvæðis sem á reyndi í máli 1/2014 í fullu samræmi við landamerki Vífilsdals og samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Samkvæmt framangreindu sé með öllu óútskýrt af hverju íslenska ríkið hafi fyrst nú ákveðið að bera brigður á eignarrétt landeiganda að umræddu svæði. Sé öllum kröfum íslenska ríkisins þar um harðlega mótmælt af hálfu landeiganda sem ósönnuðum, órökstuddum og beinlínis röngum.

---

Gagnaðili íslenska ríkisins hafnar því alfarið að jörðin Vífilisdalur eða nokkur hluti hennar hafi aðeins verið háður óbeinum eignarréttindum. Ljóst sé af þeim heimildum sem liggi fyrir um jörðina að hún hafi frá fyrstu tíð öll verið háð beinum eignarrétti. Kröfur íslenska ríkisins sem byggist á því að landsvæði innan kröfulína þess lúti óbeinum eignarréttindum séu aðeins síðari tíma tilbúningur og styðjist ekki við nein haldbær rök.

Af þeim heimildum sem liggi fyrir um jörðina sé ekkert að ráða sem bendi til þess að hluti hennar hafi haft stöðu afréttar í framangreindum skilningi. Þvert á móti verði ekki annað ráðið en að allt land jarðarinnar hafi sætt eðlilegri og hefðbundinni notkun. Eðli máls samkvæmt hafi sú notkun farið eftir gögnum og gæðum landsins hverju sinni. Það að tiltekið landsvæði hafi fyrst og fremst verið notað til beitar segi ekkert til um stöðu þess sem afréttar eða heimalands og þaðan af síður hvort það hafi verið háð beinum eða óbeinum eignarrétti. Slík notkun bendi aðeins til þess að umrætt landsvæði hafi fyrst og fremst verið notað í þessum tilgangi á meðan önnur svæði hafi verið notuð til heyskapar, mótekju, veiði o.s.frv.

Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 og *Jarðabók* Orms Daðasonar frá 1731 komi fram að upprekstur og afréttur sé í Vífilsdal. Í *Jarðabókinni* frá 1703 komi auk þess fram að upprekstur sé í Vífilsdal frá bæjum úr Hörðudal og Miðdölum. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu heimildir þessar taldar benda til óbeins eignarréttar á jörðinni. Landeigandi hafni þeirri afstöðu og telji að jarðabækurnar sýni þvert á móti fram á að um beinan eignarrétt landeigenda hafi verið að ræða þrátt fyrir upprekstur annarra bæja.

Vísað er til þess að í *Jarðabókinni* frá 1703 komi fram að eigendur annarra jarða hafi greitt fjallatolla fyrir upprekstur í landi Vífilsdals og til þess hafi þurft leyfi landeiganda. Búseta hafi verið á jörðinni og landeigendur innheimt tollana. Greiðsla fjallatolla og skilyrði um leyfi landeiganda fyrir upprekstri hafi í fyrri niðurstöðum óbyggðanefndar verið talin vísbending um eignarland.

Auk þess hafi óbyggðanefnd talið að notkun hugtaksins afréttur um landsvæði innan heimalands sé ekki afgerandi um eignarréttarlega stöðu þess svæðis. Almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar njóti sömu eignarréttarlegu stöðu. Þannig sé ekki gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annars konar land í takmarkaðri notkun, svo sem afrétt eða úthaga.

Nýting hvers svæðis innan jarðar ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Þá geti sumararbeit á svæðum innan jarðarmarkna bent til beins eignarréttar sem eins þáttar í búsnýtjum jarðarinnar. Því séu líkur á að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð, eins og eigi við um jörðina Vífilsdal, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli á þeim sem haldi öðru fram.

Fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar á viðkomandi landi. Í því tilliti megi benda á að land jarða



---

kunni að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að svæðið sé tekið undir fjallskilaframkvæmd. Af þeim sökum hafi óbyggðanefnd ekki talið að fjallskil gefi vísbendingu um eðli eignarhalds að því landsvæði. Heimildir þær sem liggja fyrir um fjallskil í Dalasýslu nefni ekki Vífilisdal meðal þeirra afréttarlanda sem reglur um fjallskil taki til. Bendi það eindregið til þess að litið hafi verið á jörðina Vífilisdal sem eignarland. Þá verði ekki séð af neinum fyrirbyggjandi heimildum að komið hafi fram athugasemdir frá yfirvöldum eða að orðið hafi ágreiningur við nágranna jarðarinnar um nýtingu landsins eða eignarréttarlega stöðu þess.

Þegar fé sé smalað til rétta að hausti séu fjallskil á svæðinu með nokkuð sérstökum hætti. Í stað hefðbundinnar smölunar afrétta séu öll lönd jarða smöluð. Þá sé um að ræða nokkurs konar vinnuskipti eða samvinnu milli bæja þar sem fjöldi þeirra sem smali fé fari eftir landstærð og öðru slíku. Jafnan leggi heimamenn til flest dagsverk og stjórn rekstri þegar lönd þeirra séu smöluð. Í flestum tilfellum sé fé smalað heim að bæjum, dregið í sundur og ókunnugt fé síðan rekið til réttar. Einu undantekningar á því hafi verið þau svæði sem voru við skilaréttir. Því sé alfarið um eiginlega smölun heimalanda (eignarlanda) að ræða. Þess vegna hafi fjallskil á Vífilisdal alltaf snúist um að ná fé heim í samvinnu við aðra sveitunga. Sé það líkt og gerist á öðrum bæjum þar sem fjárbúskapur sé stundaður en reynt sé að samræma smölun eftir fönngum svo að tryggja megi að fé renni ekki milli bæja. Síðan hvíli sú skylda á landeigendum að hreinsa allt land sitt eftir síðustu sameiginlega smölun, líkt og lög kveði á um. Þetta fyrirkomulag eigi sér langa sögu og hafi verið lítt breytt hvað framkvæmdina varðar.

Gerð sé krafa af hálfu íslenska ríkisins í hluta jarðar landeiganda sem nefndur sé „fjalllendi Vífilisdals“ í kröfugerð. Þessari háttsemi íslenska ríkisins sé harðlega mótmælt. Í fyrsta lagi séu engar heimildir fyrir hendi um eitthvað sem kallast megi „fjalllendi Vífilisdals“. Vísist í því sambandi til umfjöllunar hér að framan og sögulegs yfirlits Þjóðskjalasafns Íslands sem liggja fyrir í gögnum málsins. Í öðru lagi sé ekki um það að ræða að fjöll eða fjallgarður aðskilji afdali eða hluta lands frá samfelldu dallendi jarðarinnar. Staðhættir mæli þannig einnig gegn þeirri nafngift sem íslenska ríkið hafi gefið kröfusvæði sínu. Ekki verði annað séð en þessi nafngift, sem komi nú fyrst fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins, hafi þann tilgang einan að villa um við úrlausn málsins. Séu það ámælisverð vinnubrögð og ekki í samræmi við almenn fyrirmæli stjórnsýslulaga um vandaða stjórnsýsluhætti. Sé það lágmarkskrafa, þegar íslenska ríkið geri eignartilkall í þinglýst eignarland, að við kröfugerðina sé þess a.m.k. gætt að fylgja skráðum heimildum í hvívetna. Telji landeigandi að íslenska ríkið skuli bera halla af þessum málatalilbúnaði sínum og mótmæli harðlega að hluta jarðarinnar megi nefna „fjalllendi Vífilisdals“.

Gagnaðili íslenska ríkisins byggir á því að gróðurfar á landsvæði því sem falli innan kröfulína íslenska ríkisins renni stöðum undir öll gögn og röksemdir fyrir því að landsvæðið sé háð beinum eignarrétti. Umrætt landsvæði sé vel gróið og liggja engar heimildir fyrir sem mæli því í mót að svo hafi verið frá upphafi landnáms. Svæðið hafi

---

því hentað vel til beitar og slægna, allt eftir búsháttum hverju sinni. Þá hafi svæðið hentað vel til grasatekju og fuglaveiða. Bendi allar heimildir til þess að nýting umrædds svæðis hafi verið í beinu samræmi við þetta.

Þá bendi landfræðilegar aðstæður Vífilsdals til þess að nýting landeigenda á dalnum hafi verið skýrt afmörkuð. Dalurinn markist af klettabeltum til allra átta og því sé nær ómögulegt fyrir aðra að nýta auðlindir hans með skipulegum hætti. Af sömu ástæðu hafi fé hvorki gengið frjálst upp úr dalnum og yfir á aðliggjandi jarðir né frá aðliggjandi jörðum og inn í dalinn, nema þá í undantekningartilfellum. Landfræðilegar aðstæður afmarki jörðina Vífilsdal með svo skýrum hætti að engin þörf hafi verið á að lýsa landamerkjum hennar nánar umfram það sem fram komi í fyrirliggjandi heimildum.

Engar heimildir séu til staðar sem vísi í landsvæði með heitinu „fjallendi Vífilsdals“. Hugtakanotkun þessi í kröfugerð íslenska ríkisins sé hreinn tilbúningur þess og virðist sem svo að nafngiftinni sé ætlað að villa um fyrir aðilum máls, sbr. það sem fyrr greinir. Ekkert fjallendi er að finna á því landsvæði sem hér reyni á heldur aðeins grónar hlíðar og klettabelti sem umlyki Vífilsdal og inndali hans, svo sem Rangárdal. Á svæðinu sé ekki að finna neina afdali sem aðskildir séu frá Vífilsdal með fjallendi.

Með vísan til þessa sé því hafnað sem haldið sé fram af hálfu íslenska ríkisins um að inndalir þeir sem marki botn Vífilsdals séu ekki hluti af jörðinni. Gróðurfar í inndölum og skýr landfræðileg afmörkun Vífilsdals styðji að um eina samfellda heild landsvæðis sé að ræða sem allt hafi verið háð beinum eignarrétti frá öndverðu.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er byggt á því að vilji svo ólíklega til að ekki verði fallist á að umrætt land hafi verið numið í öndverðu sem eignarland og eignarréttur yfir því færst manna á milli allt til núverandi landeiganda, þá hafi þeir í öllu falli unnið hefð á umræddu svæði.

Vinna megí hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er geti verið eign einstaka manna, án tillits til þess, hvort hann hafi áður verið einstaks manns eign eða opinber eign, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Þá sé skilyrði hefðar 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, auk þess sem til hefðartíma teljist óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri ef eignarhaldið hafi gengið löglega frá manni til manns, sbr. 3. gr. laganna. Umrædd skilyrði laga nr. 46/1905 séu uppfyllt í þessu tilviki. Hafi landeigandi haft óslitið eignarhald á jörðinni í meira en 20 ár eftir gildistöku laga nr. 46/1905.

Samkvæmt framangreindu megí ljóst vera að jörðin Vífilsdalur hafi frá landnámi til vorra daga haft eignarréttarlega stöðu eignarlands og hafi ekkert breyst í þeim efnum. Þá bendi ekkert til þess að sá eignarréttur sé eða hafi verið takmarkaður með einhverjum hætti. Leiði allar þær röksemdir sem að framan sé lýst til þessa. Því telji landeigandi að fallast beri á kröfur hans um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur hans að því landsvæði sem lýst sé innan þeirra merkja sem greini í aðalkröfu í kröfugerð hans.

---

Hafa verði í huga í þessu sambandi að landeigandi sé þinglýstur eigandi jarðarinnar Vífildals innan þinglýstra landamerkja sem engar eldri heimildir mæli í móti og séu aukinheldur samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða. Af *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og dómafordæmum Hæstaréttar leiði að mikið þurfi til að koma til þess að hnekkja þinglýstum eignarheimildum þegar svona hátti til, enda verði eignarheimildir vart afdráttarlausari en þetta.

Vilji hins vegar svo ólíklega til að ekki verði fallist á aðalkröfu landeiganda, geri hann þá kröfu til vara að viðurkenndur verði fullkominn og óskoraður afnotaréttur hans að nefndu landsvæði innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir þann afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar-, námu- og veiðiréttur, m.a. skotveiði. Vísi landeigandi í þeim efnum til þeirra málsástæðna, röksemda og lagaraka er standi að baki aðalkröfu hans, að breyttu breytanda.

Í greinargerð gagnaðila íslenska ríkisins kemur fram að hann geri verulegar athugasemdir við rökstuðning íslenska ríkisins við þjóðlendukröfu sína. Í raun sé nær engan rökstuðning fyrir þjóðlendukröfulínunum að finna í málatilbúnaði ríkisins. Hljóti að mega gera þá lágmarkskröfu til íslenska ríkisins að það styðji kröfur sínar röksemdum og gögnum. Engin leið virðist hins vegar að gera sér grein fyrir á hvaða grunni krafa íslenska ríkisins um þjóðlendumörk byggist, en hún virðist í stuttu máli miðast við beina línu sem dregin sé milli hæstu punkta umhverfis jörðina Vífildal, þvert yfir eignarland. Að þessu leyti vísist einnig til þeirra kröfulína sem ríkið dragi yfir aðrar jarðir sem á reyni í máli nr. 3/2016, svo sem Neðri-Hundadal, Fremri-Hundadal og Hlíðartún. Þessi aðferð að baki kröfulinum ríkisins sé ekki studd neinum haldbærum gögnum um nýtingu lands, eignarréttarlega stöðu þess eða landamerki.

Landeigandi bendi og á að hann hafi frá upphafi greitt alla skatta og skyldur af jörð sinni, þar á meðal álögð fasteignagjöld sem íslenska ríkið hafi tekið við athugasemdalaust. Stæði það varla upp á landeiganda að standa skil á opinberum gjöldum sem þessum nema vegna beins eignarréttar hans að umræddu landi.

Landeigandi telji, þar sem hann sé þinglýstur eigandi jarðarinnar allrar, að íslenska ríkið beri fulla og óskoraða sönnunarbyrði fyrir því að það land sem það geri kröfu til sé þjóðlenda. Bent sé á að það sé meginregla að íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram sönnur fyrir því eignartilkalli sínu. Í því tilviki sem hér um ræði geri íslenska ríkið tilkall til þinglýstrar eignar landeiganda, án þess í raun að styðja það tilkall við haldbærar röksemdir eða gögn. Það bendi einfaldlega ekkert til annars en að um fullkomið eignarland sé að ræða og sæti furðu að íslenska ríkið skuli hafa lýst þjóðlendukröfum sínum með þeim hætti sem það hafi gert.

Landeigandi árétti sérstaklega að íslenska ríkið geti ekki komið sér undan framangreindri sönnunarreglu. Sinnuleysi ríkisins á því að rökstyðja mál sitt og færa sönnur fyrir kröfum sínum eigi að koma því sjálfu í koll en ekki valda því að sönnunarbyrðin verði felld á landeiganda. Sé þá og haft í huga að landeigandi sé

---

þinglýstur eigandi þeirrar jarðar sem um ræði, en þinglýsta eignarheimild hafi sá er þinglýsingarbók nefni eiganda á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu.

Hvað málskostnaðarkröfuna varðar kemur fram að landeigandi krefjist þess að vera gerður skaðlaus af málarekstri þessum. Nauðsynlegt sé að íslenska ríkið gæti með fyllsta móti að hagsmunum landeigenda þegar komi að tilkostnaði við málarekstur þjóðlendumála. Til mála þessara hafi verið stofnað einhliða af hálfu ríkisvaldsins og hafi íslenska ríkið gengið freklega að réttindum landeigenda með kröfulínunum sínum. Ekki sé réttlátt að landeigendur, sem séu oft á tíðum efnalitlir, leggi út í svo umfangsmikinn tilkostnað til að standa vörð um eignarlönd sín gagnvart mjög svo umdeilanlegum kröfum íslenska ríkisins.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög þar um nr. 62/1994. Þá vísar landeigandi til almennra meginreglna íslensks eignaréttar og til laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Landeigandi vísar enn fremur til ákvæða laga nr. 46/1905 um hefð og til vatnalaga nr. 15/1923. Þá vísar landeigandi til ákvæða laga nr. 58/1998 um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta og til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Landeigandi vísar og til landamerkjalaga nr. 41/1919 og eldri laga um sama efni nr. 5/1882, sem og til girðingalaga nr. 135/2001 og til eldri laga um sama efni nr. 10/1965. Landeigandi vísar enn fremur til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og stjórnáslulaga nr. 37/1993. Þá vísar landeigandi til þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Um málskostnað er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar jarðarinnar Vífilisdals, sem áður skiptist í Fremri-Vífilsdal og Neðri-Vífilsdal, er rakin í kafla 5.5 hér að framan.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Vífilisdals er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Fremri-Vífilsdal, dagsett 29. maí 1886 og þinglýst sama dag, sem varðar m.a. merki ágreiningssvæðisins.<sup>293</sup> Einnig liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Neðri-Vífilsdal, dagsett 28. maí 1885 og þinglýst sama dag. Það

---

<sup>293</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Fremri-Vífilsdals frá 1886.

---

varðar þó ekki merki ágreiningssvæðisins, þar sem land Neðri-Vífildals lá utan þess svæðis sem hér er deilt um. Þá liggur fyrir lögfesta Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífildal, dagsett 11. apríl 1824, en hún var lesin upp á manntalsþingi 7. maí sama ár.<sup>294</sup> Þess skal enn fremur getið hér að fyrir liggur samningur, dagsettur 4. febrúar og 14. mars 1827 og þinglýstur 7. maí 1829, um „landamerki Vífildalanna“. Samningurinn varðar ekki merki ágreiningssvæðisins og þarfnast því ekki frekari umfjöllunar hér.

Verða nú austurmerki ágreiningssvæðisins fyrst tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Fremri-Vífildals frá 1886 er þeim hluta austurmerkjanna sem varða ágreiningssvæðið lýst svo: „... suður Mjóatagl og Háhnúks til hæstu brúnar á heiðinni, eptir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkelsdals og Vífildals botna sem vötnum hallar.“ Í lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífildal frá 1824 er umræddum hluta vesturmerkjanna lýst svo: „... síónhend(in)g uppá brún sídan se(m) vötnu(m) hall(a)r frameptir brúnu(m) og f(yrir) Vífildalsbotn ...“

Austan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Neðri-Hundadals, sem fjallað er um í kafla 6.4 hér að framan. Í landamerkjabréfi Neðri-Hundadals frá 1884 er þeim hluta vesturmerkja jarðarinnar sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „... efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan norður eptir há heiði eptir því sem vötnum hallar austur og innaf, síðan eptir brúninni fyrir ofan Húðarvík, þaðan eptir Hnúabrún til Mjóatagls ...“

Í kröfugerð íslenska ríkisins er austurmörkum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... á hábungu Hundadalsheiðar (3), þaðan er farið norður og á vatnaskilum milli Vífildals og Njóladals að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Oddsgils og Vífildalsár (4) ...“ Varakröfulína íslenska ríkisins er dregin skemur til norðurs, en þeim hluta hennar sem hér um ræðir er lýst svo: „... á hábungu Hundadalsheiðar (2), þaðan er farið norður og á vatnaskilum milli Vífildals og Njóladals að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Hnausagils og Vífildalsár (3) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er um þann hluta merkjanna sem hér um ræðir vísað til landamerkjabréfs Fremri-Vífildals frá 1886 og merkjum lýst svo: „... suður Mjóatagl og Há hnúgs (5) til hæstu brúnar á heiðinni, eftir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkelsdals (6) Vífildals botna (7) sem vötnum hallar.“ Samræmi er milli legu kröfulína málsaðila á framlögðu kröfulínukorti, að því er austurmerkin varðar.

Að mati óbyggðanefndar er samræmi milli landamerkjabréfs Fremri-Vífildals frá 1886 og þeirra eldri heimilda sem liggja fyrir um að sá hluti austurmerkja jarðarinnar sem hér um ræðir liggja um vatnaskil. Sú afmörkun er einnig í samræmi við landamerkjabréf Neðri-Hundadals frá 1884. Enn fremur eru kröfugerðir málsaðila í samræmi við umræddar heimildir að mati nefndarinnar, hvað austurmerkin varðar.

---

<sup>294</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífildal frá 1824.

---

Næst verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Norðan við ágreiningssvæðið, eins og það er afmarkað í aðalkröfu íslenska ríkisins, er óumdeilt eignarland Vífilsdals, sem tilheyrði Fremri-Vífilsdal á þeim tíma þegar jörðin Vífilsdalur skiptist í Fremri- og Neðri-Vífilsdal. Í þeim heimildum sem liggja fyrir um merki Fremri-Vífilsdals er merkjunum lýst í einu lagi, án aðgreiningar milli ágreiningssvæðisins og annars lands jarðanna. Því liggja ekki fyrir heimildir um merki þar á milli.

Í aðalkröfu íslenska ríkisins eru norðurmerki ágreiningssvæðisins dregin svo:

... að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Oddsgils og Vífilsdalsár (4), þaðan er bein sjónhending vestur í hátind Seljamúla, þaðan sjónhending norður yfir Rangárdal í hæsta punkt á Sléttafjalli (5) og þaðan vestur eftir því sem vötnum hallar í topp Hests (1) sem er upphafspunktur.

Þá er varakröfulína íslenska ríkisins að norðanverðu dregin svo:

... að þeim hæsta punkti á Hundadalsheiði sem er í háaustur frá ármótum Hnausagils og Vífilsdalsár (3), þaðan er bein sjónhending suðvestur í ármót Víðigils og Vífilsdalsár (4) og þaðan sjónhendingu vestur upp á þann stað á Urðarhrygg (1) sem á sýslumörkum, þar sem vötnum hallar milli norðurs og suðurs, sem jafnframt er upphafspunktur.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar afmörkun Vífilsdals til norðurs við landamerkjabréf Fremri-Vífilsdals frá 1886 og Neðri-Vífilsdals frá 1885. Þar er merkjum jarðanna lýst mun lengra til norðurs en sem nemur norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Þar sem ekki er ágreiningur um norðurhluta þess svæðis sem er innan landamerkja Vífilsdals er ekki þörf á frekari umfjöllun um norðurmerki jarðarinnar hér. Það skal þó áréttað að kröfugerðir íslenska ríkisins, í aðal- og varakröfu, eru byggðar á því að land Vífilsdals nái ekki lengra til suðurs en sem nemur kröfulínum þess, sem afmarka ágreiningssvæðið að norðanverðu. Það hversu langt til suðurs land jarðarinnar nær verður tekið til nánari skoðunar í umfjöllun um suðurmerki ágreiningssvæðisins hér á eftir.

Næst verða vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Er þá átt við þann hluta þeirra sem liggur um Hest, Kattarhryggi og Hrútaborg, fyrir botni Rangárdals, en sá hluti vesturmerkjana sem liggur sunnar en Hrútaborg kemur til skoðunar samhliða suðurmerkjum svæðisins. Í landamerkjabréfi Fremri-Vífilsdals frá 1886 er vesturmerkjum lýst svo: „... fyrir Rangárdalsbotn eptir svokölluðum Kattarhrygg, allt norður í há Hest ...“ Í lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífilsdal frá 1824 er vesturmerkjunum lýst svo: „... f(yrir) Vífilsdalsbotn uppá hædstafjalli ept(i)r sem vötnu(m) hall(a)r, sídan ept(i)r hædstu fjallseggjum ofan ept(i)r bæ(a)rmegin allt ofan í nefnda Nónsteina.“

Að norðanverðum vesturmerkjum ágreiningssvæðisins liggur land jarðarinnar Tungu. Í landamerkjabréfi Tungu, dagsettu 21. maí 1883 og þinglýstu 19. maí 1884, er

---

austurmerkjum lýst svo: „... Að austanverðu til móts við Vífilisdalsland ræður landamerkjum Afreksgil ofan af fjallseggjum og niður til Hörðudalsár ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Neðri-Vífilisdals en ekki vegna Fremri-Vífilisdals. Þá er landamerkjabréf Fremri-Vífilisdals frá 1886 ekki áritað vegna Tungu. Að sunnanverðum vesturmerkjum ágreiningssvæðisins liggur fjallendi Hrafnabjarga, sem einnig er deilt um í málinu og fjallað er um í kafla 6.6 hér á eftir. Í landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg ytri og Hrafnabjörg fremri, dagsettu 18. maí 1885 og þinglýstu 28. sama mánaðar, er þeim hluta merkjanna sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo: „... eptir Hrútagili upp í Hrútaborg, ofan á Einhamra ...“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Vífilisdals. Þá er áður nefnt landamerkjabréf Fremri-Vífilisdals ekki áritað vegna Ytri- eða Fremri-Hrafnabjarga.

Í aðalkröfu íslenska ríkisins eru vesturmerki ágreiningssvæðisins dregin svo: „Upphafspunktur er á toppi Hests (1), þaðan er farið suður eftir hábrúnum og á vatnaskilum fyrir Rangárdalsbotn, um Kattarhryggi og í Hrútaborg (2) sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis ...“ Varakrafa íslenska ríkisins tekur einungis til syðsta hluta ágreiningssvæðisins og varðar því ekki þann hluta vesturmerkja þess sem hér er til skoðunar. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins eru vesturmerkin miðuð við landamerkjabréf Fremri-Vífilisdals frá 1886 og dregin svo: „... vestur Seljamúla (8) og fyrir Rangárdalsbotn eftir svokölluðum Kattarhrygg (9), allt norður í há Hest ...“

Í þeim heimildum sem varða þann hluta vesturmerkja ágreiningssvæðisins sem hér er til skoðunar er hann miðaður við vatnaskil. Þá er sérstaklega minnst á Kattarhrygg og „há Hest“ í landamerkjabréfi Fremri-Vífilisdals frá 1886. Umrædd örnefni eru staðsett á vatnaskilum milli Rangárdals og Laugardals. Hrútaborg, sem er á austurmerkjum fjallendis Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfinu fyrir Hrafnabjörg ytri og Hrafnabjörg fremri frá 1885, er suðvestan við botn Rangárdals, á vatnaskilum milli Rangárdals og fjallendis Hrafnabjarga. Þá eru kröfulínur málsaðila að þessu leyti miðaðar við vatnaskil, þar á meðal fjallið Hest og Kattarhrygg. Að mati óbyggðanefndar eru kröfulínur málsaðila því í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir hvað varðar þann hluta vesturmerkja ágreiningssvæðisins sem hér hefur verið skoðaður.

Í þeirri skoðun á landamerkjum ágreiningssvæðisins sem hér fer fram verður að síðustu fjallað um suðurmerki þess. Í landamerkjabréfi Fremri-Vífilisdals frá 1886 er suðurmerkjunum lýst svo: „... svo fyrir Arnkeldsals og Vífilisdals botna sem vötnum hallar. Sömuleiðis vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn eptir svokölluðum Kattarhrygg ...“ Í lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífilisdal frá 1824 er suðurmerkjunum lýst svo: „... uppá brún sídan se(m) vötnu(m) hall(a)r frameptir brúnu(m) og f(yrir) Vífilisdalsbotn uppá hædstafialli ept(i)r sem vötnu(m) hall(a)r, sídan ept(i)r hædstu fiállseggjum ofan ept(i)r bæ(a)rmegin ...“

Sunnan við ágreiningssvæðið er vestast Víðidalur, því næst Hróbjargardalur og svo Mjóidalur en þessi svæði eru öll þjóðlendur samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í

---

máli nr. 1/2014. Þar var niðurstaða nefndarinnar sú að mörk Þjóðlendna á Víðidal, Hróbjargardal og Mjóadal gagnvart ágreiningssvæðinu lögju um vatnaskil. Að austasta hluta suðurmerkja ágreiningssvæðisins liggur vesturhluti Ystutunguafréttar, sem er Þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2014. Þar var niðurstaða nefndarinnar sú að mörk Þjóðlendu á vesturhluta Ystutunguafréttar gagnvart ágreiningssvæðinu lögju um vatnaskil.

Í aðalkröfu íslenska ríkisins eru suðurmerki ágreiningssvæðisins dregin svo: „... í Hrutaborg (2) sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, sýslumörkum er fylgt austur, síðan suður og svo austur fyrir Vífildalsbotn og á hábungu Hundadalsheiðar (3) ...“ Þá er varakröfulínu íslenska ríkisins lýst svo: „... Upphafspunktur er á sýslumörkum á Urðarhrygg (1) þar sem vötnum hallar milli norðurs og suðurs, en mörk þessi eru jafnframt sveitarfélagamörk og mörk kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt suður og svo austur fyrir Vífildalsbotn og á hábungu Hundadalsheiðar (2) ...“ Kröfulína íslenska ríkisins í aðalkröfunni nær lengra til vesturs en kröfulínan í varakröfunni en að öðru leyti er lega aðal- og varakröfulínanna hin sama hvað suðurmerkin varðar. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínan að þessu leyti miðuð við landamerkjabréf Fremri-Vífildals frá 1886 og dregin svo: „... til hæstu brúnar á heiðinni, eftir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkeldsals (6) Vífildals botna (7) sem vötnum hallar. Sömuleiðis vestur Seljamúla (8) og fyrir Rangárdalsbotn eftir svokölluðum Kattarhrygg (9) ...“ Við meðferð málsins, eftir að kröfum málsaðila var lýst, tók óbyggðanefnd ákvörðun um að færa mörk milli svæða 9A og 8B, sunnan Vífildals, til samræmis við fram komin gögn frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu vatnaskila þar á milli. Eftir að sú breyting var gerð lýstu málsaðilar því yfir að kröfulínur þeirra skyldu fylgja hinum nýju svæðamörkum. Að sunnanverðu eru því endanlegar kröfulínur málsaðila miðaðar við vatnaskil.

Að mati óbyggðanefndar verður lýsing landamerkjabréfs Fremri-Vífildals frá 1886 á suðurmerkjum jarðarinnar helst túlkuð á þann veg að þau miðist við vatnaskil. Það á jafnframt við um lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífildal frá 1824 og ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem mæla því í mót að svo sé. Í kröfulýsingum málsaðila eru suðurmerkin jafnframt miðuð við vatnaskil. Að mati nefndarinnar er því afmörkun málsaðila á sunnanverðu ágreiningssvæðinu í samræmi við fyrirliggjandi heimildir. Það er enn fremur í samræmi við afmörkun aðliggjandi Þjóðlendna að sunnanverðu sem miðast við vatnaskil samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 1/2014 og 2/2014. Fyrirliggjandi heimildir styðja aftur á móti ekki þá málsástæðu íslenska ríkisins að land Vífildals hafi einungis náð suður að þeim línunum sem miðað er við í aðal- og varakröfum þess.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirliggjandi heimildir til þess að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja Fremri-Vífildals.



---

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að hún hafi gefið Vífli, leysingja sínum, Vífildal og hann hafi búið þar. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla og inn til dala landnám Auðar hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að verulegu leyti. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Allt að einu verður að mati nefndarinnar að telja mjög ólíklegt, með hliðsjón af staðháttum, að staðnæmst hafi verið við landnám í Vífildal og Rangárdal þar sem aðal- og varakröfulínur íslenska ríkisins eru dregnar.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

---

Eins og áður segir er getið um Vífilisdal í *Landnámu*. Að því frátöldu er *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 elsta fyrirbyggjandi heimildin þar sem getið er um jarðir á Vífilisdal. Þar kemur fram að Fremri-Vífilisdalur sé 24 hundruð og Neðri-Vífilisdalur 16 hundruð. Fram kemur að selstaða hafi verið „í heimalandi“ Fremri-Vífilisdals en hún sé „nú lángrandi aldrei brúkuð“. Þá segir eftirfarandi um upprekstur í umfjöllun um Fremri-Vífilisdal:

Fjár og lamba upprekstur hefur þar verið fyrir nokkrum árum úr Hörðudal, fráteknum nokkrum ytstu bæjum. Ítem af nokkrum bæjum neðst í Miðdölum, menn meina að leyfi landsdrottins, en ei þar fyrir að skyldu upprekstur væri. Hafa þá almennilega goldnir verið fjallatollar, í lamb af xx alt til fjörutígir, þaðan frá meira eftir samkomulagi millum landsdrottins og fjáreiganda; bjó þá eigandi á jörðunni og tók þessa tolla. Nú um nokkur ár hefur sá upprekstur ei tíkaður verið vegna fjárfækkunar.

Ekkert er getið um upprekstur í umfjöllun um Neðri-Vífilisdal í *Jarðabókinni* og ekkert kemur heldur fram þar um afmörkun Fremri- eða Neðri-Vífilisdals. Þá segir eftirfarandi um Vífilisstaðakot í *Jarðabókinni*: „Uppbyggt fyrir hjer um xx árum. Meinast kanske í gamaldaga hafa verið með eitthvert slag byggt, sem nú kann þó enginn af að segja. Liggur nú í eyði, og er öldungis óbyggjandi fyrir skriðu, sem af hefur tekið það sem tún mátti vera.“

Í *Jarðabók* Orms Daðasonar, frá 1731, er að finna umfjöllun um Fremri-Vífilisdal. Þar segir: „Tun er þar Miked gott og grasgiefid og vjdst greidært. Uthage mikell og gödur með grösugumm afdölum. og gott under bu. Selstada í heima Lande sæmeleg. [...] Ítem Veide j äne so langt sem Landed tekur. afriett og upprekstur þeim meigenn er hordudal til [1728] og það är tok äenn af vellena.“ Um Neðri-Vífilisdal segir m.a. í sömu heimild: „Landlijtel jord og Haga Lijtel, og liggur ärlega under skridumm ä voren“.

Í dómabók fyrir Dalasýslu kemur fram að á manntalsþingi að Blönduhlíð 23. júní 1798 hafi verið upplesin lögfesta fyrir Fremri-Vífilisdal. Um þetta segir í dómabókinni: „Upplesin lögfesta fyrir Fremra-Vífilisdal af dags dato en enginn viss landamerki tiltekin“. Í dómabókinni kemur einnig fram að á sama manntalsþingi hafi verið upplesið kaupbréf Ólafs Sigurðssonar fyrir Neðri-Vífilisdal, dagsett 6. febrúar sama ár. Ekkert er heldur getið um afmörkun jarðarinnar í því sambandi.

Eins og áður er getið um var lesin upp lögfesta fyrir Fremri-Vífilisdal á manntalsþingi í Blönduhlíð 23. júní 1798 og bókað svo um það í dómabók Dalasýslu: „Upplesin lögfesta fyrir Fremra-Vífilisdal af dags dato en enginn viss landamerki tiltekin.“ Í jarðamati fyrir Dalasýslu frá 1804 kemur fram að Fremri-Vífilisdalur sé 24 hundruða jörð og Neðri-Vífilisdalur 16 hundruða jörð. Ekkert kemur þar fram um landamerki jarðanna eða afréttarmálefni. Í kaflanum um Fremri-Vífilisdal í jarðamatinu er enn fremur getið um Vífilisstaðakot og tekið fram að það nýtist sem beitiland. Í lögfestu Þorsteins Sigurðssonar fyrir Fremri-Vífilisdal frá 1824 er landamerkjum

---

jarðarinnar lýst á þann hátt sem áður hefur verið rakið í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins. Í dómabók Dalasýslu kemur fram að á manntalsþingi að Blönduhlíð 6. maí 1825 hafi verið upplestin „lögfesta fyrir Neðri-Vífilsdal undirskrifuð af Vilhjálmi Bárðarsyni en dateruð: „í Neðri Vífilsdal 25. April 1825.“ Að öðru leyti kemur ekkert fram um efni lögfestunnar.

Fyrir liggur afrit af samningi, dagsettum 4. febrúar og 14. mars 1827, um landamerki milli Vífilsdalanna o.fl., en samningurinn var þinglesinn að Glitstöðum 7. maí 1829. Landamerkjalyásingin sem þar kemur fram varðar ekki ágreiningssvæðið en þar segir hins vegar um upprekstrarrétt Neðri-Vífilsdals í land Fremri-Vífilsdals o.fl.:

... hér f(yrir) utan sk(al) Neðri Vífilsdalr hafa frí upprekstur f(yrir) sitt fé í Fremra Vífilsdalsland, enn ekki meiga taka af öðru(m) óátalið skal og þá ásamt málnytja renni eda stadnæmizt í Fremra Vífilsdalslandi, en hv(or)ki má reka hana þángd eda sitja (a)r yf(i)r he(nni) h(ann) sk(al) og hafa frítt hesta gaungu, f(yrir) sína, en ekki annara hez(t)a á vorin t(il) fardaga, og á haustin frá því hætt er ad heya t(il) jólaföz(t)u, framr sk(al) Nedri Vífilsdalr aldrei hafa neina qvöd edr t(i)lkall t(i)l nokkurra nytja hv(er)ju nafni s(em) heita í Fremri Vífilsdalslandi upphéðan æfinlega.

Í dómabók fyrir Dalasýslu kemur fram að á manntalsþingi í Blönduhlíð 20. apríl 1835 hafi verið lesið upp kaupbréf Guðbrandar Magnússonar fyrir Fremri-Vífilsdal „fyrir 144 speciur danskar, dat. 15. April 1835“. Jafnframt er bókað á sama manntalsþingi: „Lögfesta fyrir nefndri jörð, dat. 18<sup>da</sup> April þ.á. móti hverju Vilhjálmur í Neðri-Vífilsdal hafði sagt, var stríðandi móti samning áður gjörðum um téðra jarða landamerki, til hvörs samlags Vilhjálmur kveðst halda sér í öllu.“ Að öðru leyti kemur ekkert fram um landamerki jarðanna í bókunum frá manntalsþinginu.

Með kaupbréfi, dagsettu 11. maí 1836, seldi Guðbrandur Magnússon á Hólmlátri á Skógarströnd hálfan Fremri-Vífilsdal til Jónasar Gunnlaugssonar á Giljalandi í Haukadal. Fram kemur að hálfur Fremri-Vífilsdalur sé 12 hundruð að dýrleika. Í jarðamatinu frá 1849–1850 er Fremri-Vífilsdalur sagður vera 24 hundruð og Neðri-Vífilsdalur 16 hundruð. Þá segir um Fremri-Vífilsdal: „... hagbeit sæmileg á sumrum og landrými ...“ Um Neðri-Vífilsdal segir: „... hagbeit sæmileg; landrými lítid ...“ Landamerkjabréfum Fremri-Vífilsdals frá 1886 og Neðri-Vífilsdals frá 1885 voru gerð skil hér að framan í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins.

Í umfjöllun um Fremri-Vífilsdal í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að upprekstrarland sé nægilegt. Þá segir að ágangur af afréttarfé sé meðal ókosta jarðarinnar. Enn fremur segir í umfjöllun um Neðri-Vífilsdal í sama fasteignamati: „Jörðin á upprekstur á fremra Vífilsdal fyrir geldfé og mánaðarheit haust og vor fyrir allt sitt fé“.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirliggjandi heimildir ótvírætt til þess að Fremri-Vífilsdalur og Neðri-Vífilsdalur hafi verið jarðir frá öndverðu. Í *Landnámu* kemur fram að Auður djúpúðga hafi gefið Vífli, leysingja sínum, Vífilsdal

---

og hann hafi búið þar. Þetta bendir til þess að Vífilsdalur hafi þá þegar verið jörð. Skiptingar Vífilsdals í Fremri- og Neðri-Vífilsdal sér fyrst stað í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 og virðist hafa verið um tvær jarðir að ræða þar til þær voru aftur sameinaðar sem Vífilsdalur á seinni hluta 20. aldar. Þær heimildir sem varða merki jarðanna benda til þess að ágreiningssvæðið hafi allt verið innan merkja Fremri-Vífilsdals, síðar Vífilsdals. Þá benda heimildirnar að mati óbyggðanefndar ekki til að innan marka jarðarinnar hafi verið svæði sem hafði stöðu afréttar að lögum og laut sjálfstæðri afmörkun. Í því sambandi er til þess litið að frásögn *Jarðabókar* Árna og Páls, frá 1703, og *Jarðabókar* Orms Daðasonar, frá 1731, af upprekstri frá bæjum í Hörðudal bendir að mati nefndarinnar til þess að um hafi verið að ræða upprekstur á land sem tilheyrði Fremri-Vífilsdal og ekkert kemur fram um að það hafi verið sérstaklega aðgreint frá öðru landi jarðarinnar. Þá mun uppreksturinn hafa farið fram gegn greiðslu tolla til eigenda Fremri-Vífilsdals, að því er fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls. Ályktun um að ágreiningssvæðið hafi allt verið hluti af Fremri-Vífilsdal fær enn frekari stoð í því að ótvírætt má ráða af heimildum, svo sem *Jarðabók* Orms Daðasonar frá 1731 og jarðamatinu frá 1849–1850, að landrými Fremri-Vífilsdals hafi verið umtalsvert meira en á Neðri-Vífilsdal, auk þess sem Fremri-Vífilsdalur var metinn til hærra verðs en Neðri-Vífilsdalur í jarðamötum.

Eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan merkja jarðarinnar Fremri-Vífilsdals samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1886 og eina eldri heimildin sem fyrir liggur um afmörkun jarðarinnar, þ.e. lögfesta Þorsteins Sigurðssonar, frá 1824, styður þá afmörkun að mati nefndarinnar. Eru því ekki forsendur til annars en að leggja til grundvallar að ágreiningssvæðið sé í heild sinni innan marka jarðarinnar og að eignarréttarleg staða þess ráðist af því, að því gefnu að ekki liggi fyrir önnur atriði sem mæli þeirri niðurstöðu sérstaklega í mót.

Að mati óbyggðanefndar er ekki uppi sú staða að staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði mæli því sérstaklega í mót að ágreiningssvæðið sé eignarland. Má í því sambandi nefna til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu jarða í Fljótshverfi í Skaftárhreppi. Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Fremri-Vífilsdals, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

---

## 6.6 Fjallendi Hrafnabjarga

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu málsaðila er vísað til sem fjallendis Hrafnabjarga. Eigendur jarðanna Fremri-Hrafnabjarga og Ytri-Hrafnabjarga gera kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns. Óumdeilt eignarland Hrafnabjarga liggur ekki að ágreiningssvæðinu heldur er land jarðarinnar Seljalands þar á milli, norðan ágreiningssvæðisins og sunnan við hið óumdeilda eignarland Hrafnabjarga. Eins og nánar verður vikið að síðar benda gögn málsins til þess að Seljalandi hafi verið skipt út úr Hrafnabjörgum, líklegast á 17. öld. Frá bæjarstæði Ytri- og Fremri Hrafnabjarga eru 2,5–3 km í beinni loftlínu suður að Hundsgili, sem er á norðurmörkum ágreiningssvæðisins, en um 13 km frá bæjarstæðinu að suðurmörkum ágreiningssvæðisins á Fossamúla. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.7.

Landsvæði það sem hér er deilt um afmarkast að norðanverðu af Hundsgili sem gengur til vesturs frá Laugardal. Að austanverðu afmarkast svæðið nyrst af Laugará, sem rennur til norðurs um Laugardal, þá Einhamragili sem gengur til austurs frá dalnum, fjallinu Hrútaborg og loks syðst af sýslu- og sveitarfélagamörkum gagnvart Borgarbyggð. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af sýslu- og sveitarfélagamörkunum og að vestanverðu af fjallgarðinum vestan Laugardals, allt frá Tröllakirkju að sunnanverðu og þar til komið er norður á Hundahnjúk vestan Hundsgils. Á umræddum fjallgarði eru auk Tröllakirkju og Hundahnjúks, talið frá suðri til norðurs, Smjörhnúkar (eða Smjörhnúkur),<sup>295</sup> Urðarmúli, Þrúðufell, Þórutindur og Kattarhryggur. Vesturhluti Laugardals er því innan ágreiningssvæðisins frá Hundsgili og suður að Einhamragili en allur dalbotninn beggja vegna dalsins þegar komið er suður fyrir Einhamragil. Syðsti hluti ágreiningssvæðisins er samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá Veðurstofu Íslands sunnan vatnaskila milli Dalabyggðar og Borgarbyggðar, þ.e. Mjóadalur, Hrútagil, suðurhluti Sópandaskarðs og vestanverður Víðimúli.

Þar sem Laugardalur er láglandastur innan ágreiningssvæðisins er hann í innan við 100 m hæð yfir sjávarmáli og mjög vel gróinn. Þá er land þar víða í innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli. Land rís nokkuð skarpt upp af honum og er Þórutindur t.d. í 791 m hæð yfir sjávarmáli og Þrúðufell í 612 m hæð yfir sjávarmáli vestan dalsins samkvæmt fyrirbyggjandi kortum. Ofan í Mjóadal, Hrútagili og Sópandaskarði er land einnig vel gróið, en gróður er eðli málsins samkvæmt minni eftir því sem ofar dregur. Milli Mjóadals og Sópandaskarðs rís Þrúðufell upp í 723 m hæð yfir sjávarmáli samkvæmt fyrirbyggjandi kortum, Hrútafell í rúmlega 600 m hæð austan Sópandaskarðs, Víðimúli í yfir 600 m hæð innan ágreiningssvæðisins og Hrútaborg í 861 m hæð.

---

<sup>295</sup> Í kröfulýsingum málsaðila er vísað til *Smjörhnúka* (í fleirtölu). Það er í samræmi við sumar heimildir og kort sem liggja fyrir í málinu. Í sumum öðrum heimildum, t.d. örnefnaskrá, er þó getið um *Smjörhnúk* (í eintölu). Í umfjölluninni sem hér fer á eftir er jafnan vísað til *Smjörhnúka*.

---

Hundsgil er eins og áður segir á norðurmörkum svæðisins. Gilið er fremur grunnt og ekki er verulegur munur á landslagi norðan og sunnan þess.<sup>296</sup>

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarþeirra fyrir sauðfé.

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns

---

<sup>296</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Í einhverjum tilvikum lýsi landamerkjabréf einstakra jarða eða aðrar heimildir í einu lagi heimalandi og afréttarlandi. Við mat á slíkum landamerkjabréfum sé litið til þess að landsvæði innan sömu landamerkjalyýsingar kunni að hafa mismunandi eignarréttarlega stöðu. Þannig sé í einstaka tilvikum ekki fallist á merkjalýsingar í landamerkjabréfum jarða. Það eigi einkum við um merki jarða gagnvart svæðum sem heimildir gefi til kynna að hafi verið samnotaafréttir. Sé þá á því byggt að slíkt bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé þá einkum litið til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft á tíðum ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti.

Hvað þetta varðar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (Afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og hafi síðan verið ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki með einhliða hætti aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafði og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Að því er varðar sérstaklega þau svæði í Hörðudalshreppi sem íslenska ríkið gerir kröfur til er tekið fram af hálfu ríkisins að líklegt sé að einhver hluti þess svæðis sem lýst er í kröfulýsingunni hafi verið innan landnáms. Hins vegar séu landnámslýsingar óljósar um afmörkun þess svæðis sem numið var. Þá er á því byggt að hafi svæðin verið numin hafi það ekki verið með þeim hætti að beinn eignarréttur

---

hafi stofnast, heldur aðeins takmörkuð eignarréttindi, svo sem afréttarnot, eða þá að beinn eignarréttur hafi síðar fallið niður, hafi svæðin á annað borð verið numin til eignar, og svæðin verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Sé svæðanna enda að jafnaði einungis getið í tengslum við afréttarnot eða aðra takmarkaða nýtingu í heimildum.

Hvað varðar sérstaklega fjallendi Hrafnabjarga er byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að um sé að ræða svæði utan eignarlanda sem teljist því þjóðlenda. Með hliðsjón af heimildum um svæðið og landfræðilegum aðstæðum verði að telja að landsvæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að við afmörkun þjóðlendukröfulínunnar sé fyrst og fremst stuðst við lýsingu á fjallandi Hrafnabjarga í landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg, ytri og fremri, dagsettu 28. maí 1885, en einnig sýslumörk. Lýsing landamerkjabréfsins styðjist einnig við merkjalýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Í því sambandi er af hálfu ríkisins sérstaklega vísað til landamerkjabréfs jarðarinnar Tungu, dagsetts 21. maí 1883. Einnig styðjist lýsing landamerkjabréfsins á fjallandi Hrafnabjarga við lýsingu í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hól í Hörðudal, dagsettu 16. maí 1884, er lýsi merkjum að norðvesturmörkum þjóðlendukröfusvæðisins, fyrir jörðina Seljaland, dagsettu 16. maí 1885, sem og við afmörkun á þjóðlendukröfulínu vegna Botns við Svínbjúg (Hólsbotn). Er síðan jafnframt vísað til afmörkunar í aðalkröfu íslenska ríkisins vegna Fremri-Vífilsdals. Þá er einnig vísað til lýsinga í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 á afréttarmörkum Dala- og Mýramanna í Sauðahrygg, afréttarmörkum Hrafnabjarga og Tungu í Einhamragili og afréttarmörkum Hrafnabjarga í Hundsgili, sem telja verði að sé í samræmi við framangreint.

Í kaupbréfi frá 31. desember 1393 í tengslum við sölu jarðarinnar Hrafnabjarga og Lauga hafi jörðinni Hrafnabjörgum og fjallendi hennar verið lýst sameiginlega og án sérstakrar aðgreiningar. Af bréfinu verði hins vegar ekki ráðið hver landamerki Lauga hafi verið talin vera.

Í dómi sex manna sem kveðinn hafi verið upp 16. júní 1509 hafi komið fram að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfi 31. desember 1393. Hinn 30. maí 1599 hafi fjórir nafngreindir menn staðfest að þeir hafi séð og yfirlesið kaupbréfið frá Hrafnabjörgum frá árinu 1393 og fyrrgreindan dóm sex manna frá 1509 þess efnis að landareign Hrafnabjarga í Hörðudal skyldi vera samkvæmt kaupbréfinu frá 1393. Staðfesting á upplestri bréfsins sé varðveitt.

Í *Árbók* Fornleifafélags Íslands frá 1904 sé því lýst að Laugar hafi verið seldar Hrafnabjörgum 1399 og að „enn í dag er land Lauga aðalbeitiland Hrafnabjarga“, en Hrafnabjörg hafi átt lítið landrými fyrir söluna. Engar heimildir séu um landamerki eða aðra afmörkun jarðarinnar Lauga en telja verði að líta megi svo á að Laugar séu ekki innan þess landsvæðis sem hér er gerð krafa í, sbr. fyrrgreint kaupbréf frá 1393.



---

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að af síðari heimildum virðist mega ráða að í framangreindri landamerkjalyásingu jarðarinnar Hrafnabjarga í tilvísuðu kaupbréfi hafi falist lýsing á svæði sem annars vegar sé undirorpið beinum eignarrétti og hins vegar óbeinum eignarrétti, þ.e. á hinu svokallaða fjallendi Hrafnabjarga. Landsvæðið hafi þannig vissulega verið talið *tilheyra* jörðinni Hrafnabjörgum, en í þeirri tilheyrslu hafi hins vegar, að mati íslenska ríkisins, einungis falist takmörkuð réttindi, þ.e. upprekstrarréttur og selstaða. Er í því sambandi m.a. vísað til umfjöllunar um selstöðu Hrafnabjarga í Laugardal í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og í *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá 1731. Að mati íslenska ríkisins gefi þessar síðari heimildir ekki til kynna að „fjallendi Hrafnabjarga“ sé eða hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Hér sé einnig til þess að líta að í landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg, ytri og fremri, frá 28. maí 1885, sé „fjallendi Hrafnabjarga“ sérstaklega lýst. Einnig komi fram í landamerkjabréfinu að innan lýsingar á fjallendi Hrafnabjarga eigi aðrar jarðir „sambeitt við Hrafnabjarga bændur eptir jarðarmegni“.

Virðingargerð fyrir Ytri-Hrafnabjörg hafi verið gerð 9. október 1904. Þar hafi komið fram að beittaland Ytri-Hrafnabjarga heima við væri lítið, en að fjallland jarðarinnar væri mikið og gott.

Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps hafi svo verið gerður 28. júní árið 1918 en Hjörtur Sigurðsson, bóndi á Hrafnabjörgum, hafi þá keypt fjallandið. Getið sé um landamerki fjallandsins í kaupsamningnum, en þar segi meðal annars: „Það sem selt er, er vesturhluti Víðimúla; með þeim ummerkjum er nú greinir: Frá Saudarhrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eftir há-Víðimúla sem vötn deila til Hrutagilsbotns; þaðann, rædur Hrutagil til Mjóadalsár; þá rædur Mjóadalsá til Saudahryggs.“

Þá sé fjallendi Hrafnabjarga landfræðilega aðskilið frá heimalandi Hrafnabjarga, en á milli þjóðlendukröfusvæðisins og heimalands jarðarinnar liggja jarðirnar Seljaland og Tungu.

Af heimildum megi jafnframt ráða að þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna fjallendis Hrafnabjarga liggja utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyásinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda á þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Vísist hér til fyrrnefndra landamerkjabréfa; fyrir Tungu í Hörðudalshreppi, dags. 21. maí 1883, fyrir Seljaland, dags. 16. maí 1885, og afmörkunar á þjóðlendukröfulínu vegna Botns við Svínbjúg (Hólsbotn) og vegna Fremri-Vífildals.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr.

---

46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að hið umdeilda landsvæði, fjalllendi Hrafnabjarga, tilheyri Ytri-Hrafnabjörgum og Fremri-Hrafnabjörgum í Hörðudal. Þótt Hrafnabjarga sé ekki getið í einstökum gerðum *Landnámu* sé ljóst að um sé að ræða land sem í öndverðu hafi verið numið.

Hrafnabjarga sé fyrst getið í skriflegum heimildum, svo vitað sé, í kaupbréfi frá 31. desember 1393. Umrætt kaupbréf hafi varðað sölu Snorra Brandssonar á jörðinni, en hana hafi hann selt séra Hallsteini Jónssyni. Eins og fram komi í *Íslensku fornbréfasafni* VIII, á bls. 15–16, hafi landamerkjum jarðarinnar verið lýst í kaupbréfinu, en það athugist að öll jörðin að Laugum hafi þá einnig verið seld þótt merkja hennar hafi reyndar ekki verið getið sérstaklega. Í kaupbréfinu komi fram að allt land að Hrafnabjörgum í Hörðudal sé selt með öllum þeim gögnum og gæðum sem fylgt hafi frá fornu fari. Merkjalyásing kaupbréfsins sé með allra skýrustu landamerkjalyásingum þess tíma. Í henni felist að merki jarðarinnar að norðan hafi náð til eignarlands Hrafnabjarga, sem sé óumdeilanlega undirorpið beinum eignarrétti. Þau mörk séu talsvert norðar en fjalllendi Hrafnabjarga sem hefjist við Hundsgil samkvæmt uppdrætti. Jörðin hafi a.m.k. náð svo langt til suðurs að innan marka hennar hafi fallið allur Mjóidalur beggja vegna ár. Innan landamerkja jarðarinnar hafi einnig fallið allur Laugardalur, Hólsfjall og Sópandaskarð. Ekki sé gerður greinarmunur á því landi sem lýst sé í bréfinu og taki lýsingin ekki til jarðarinnar Lauga.

Telji gagnaðilar íslenska ríkisins ágreiningslaust að tilgreining landsvæðis í kaupbréfinu taki bæði til þess lands sem óumdeilt sé að sé undirorpið beinum eignarrétti og hins umþrætta landsvæðis. Þessum svæðum sé enda lýst sameiginlega með nákvæmlega sama hætti í kaupbréfinu frá 1393, en beitarréttinda sé sérstaklega getið utan lýsingar eignarlandsins og einskorðist því við Langavatnsdal. Efni kaupbréfsins beri það á engan hátt með sér að eignarréttarleg staða landsins sem þar er lýst sé innbyrðis ólík, eins og byggt sé á af hálfu íslenska ríkisins. Fyrir slíkum fullyrðingum hafi íslenska ríkið sönnunarbyrði og beri að færa sönnur á hvers vegna sumt land sem lýst sé í kaupbréfinu sé eignarland en annað ekki og hvers vegna mörk eignarlandsins séu þau sem haldið sé fram af hálfu íslenska ríkisins. Íslenska ríkið hafi hins vegar engin haldbær gögn lagt fram til stuðnings þessari túlkun sinni sem sé í algeru ósamræmi við kaupbréfið, aðrar heimildir, landfræðilegar aðstæður og réttarreglur. Það sé enda nokkuð ankannalegt að þótt ríkið fallist á að landið hafi tilheyrt Hrafnabjörgum styðjist kröfulýsingin við þau rök að í því hafi „að mati íslenska ríkisins“ einungis falist takmörkuð réttindi. Þá hafi íslenska ríkið ekki gert neina tilraun til að hrekja gild rök landeigenda í kröfulýsingu sem varpi skýru ljósi á beinan eignarrétt að hinu umdeilda svæði.

---

Réttmæti kaupbréfsins frá 1393 hafi verið staðfest með dómi 16. júní 1509. Með honum hafi verið staðfest að kaupbréfið sé til marks um *eign og ítök* Hrafnabjarga. Ítök eða óbein eignarréttindi sem þarna sé vísað til sé beitarréttur tuttugu kúgilda í Vatnsdal, en þar sé líklega vísað til Langavatnsdals sem næstur liggja umræddu landi til suðurs, sbr. landamerkjabréf frá 1885. Einnig sé kveðið á um beitarrétt á hálsi til móts við Miðdalamegn en þar sé að líkindum átt við Bæjarháls sem sé milli Miðdala og Hrafnabjarga. Eignin, þ.e. jörðin, sem á hinn bóginn sé vísað til sé vitanlega öll jörðin sem lýst sé en athygli sé vakin á því að í framangreindu kaupbréfi sé enginn greinarmunur gerður á svæði sem sé að finna innan „fjallendis Hrafnabjarga“ og þess svæðis sem óumdeilanlega sé undirorpið beinum eignarrétti og ríkið geri enga kröfu til. Í því sambandi er bent á það af hálfu gagnaðilanna að vísað sé til örnefna sem séu innan beggja svæðanna. Varðandi það megi nefna að í kaupbréfinu sé getið um Markgróf og Kornmúlagil sem tilheyri óumdeildu eignarlandi Hrafnabjarga, sbr. bls. 5 í sérstökum athugasemdum og viðbótum um örnefni jarðanna í riti Örnefnastofnunar frá 23. september 1977. Á hinn bóginn sé einnig vísað til örnefna eins og t.d. Mjóadals og Sópandaskarðs sem sannarlega séu innan fjallendis Hrafnabjarga og séu raunar mjög sunnarlega í eignarlandinu.

Í landamerkjabréfi frá 28. maí 1885 sé vísað til hluta framangreinds eignarlands Hrafnabjarga sem *fjallands Hrafnabjarga*. Það fái í engu haggð ótvíræðri eignarréttarlegri stöðu landsins sem hafi ekki tekið breytingum frá því í öndverðu. Bent sé á að sú staðreynd að ætíð sé vísað til svæðisins sem fjallands *Hrafnabjarga* sé skýrt merki um að landið hafi ætíð verið undirorpið beinum eignarrétti og fylgt jörðinni, án þess að aðrir teldu þar til réttinda, svo sem vegna þess að um afrétt eða sameiginlegt beitiland væri að ræða. Ef svo væri ekki og kröfur íslenska ríkisins styddust við einhver rök hefði í öllu falli og ásamt öðru verið vísað til landsins á allt annan hátt og getið um réttindi annarra ótengdra jarða á svæðinu.

Í tengslum við framangreint sé afar athyglisvert að íslenska ríkið virðist telja að kaupsamningur um fjalland Hörðudalshrepps, sem gerður hafi verið 28. júní 1918, renni stöðum undir þjóðlendukröfu sína. Þar hafi verið keyptur vesturhluti Víðimúla með nánar tilgreindum merkjum, en landið liggja að öðru eignarlandi Hrafnabjarga. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að þessi kaup hefðu vitanlega verið fullkomlega tilgangslaus og óskiljanleg ef aðliggjandi land Hrafnabjarga, hefði ekki verið undirorpið beinum eignarrétti. Það sé enda vandséð hvers vegna fest yrðu kaup á eignarlandi á afrétti. Með því hefðu skepnur Hrafnabjarga ekki haft aðgang að frekara beitjarlandi en áður, enda sé um ógirt land að ræða sem skepnur geta farið um án trafala.

Kröfur íslenska ríkisins gangi svo langt að innan kröfulínu falli svæði þar sem hin forna jörð Laugar hafi m.a. verið, en þar hafi búið Lauga-Snorri, fylgismaður Sturlunga, sbr. t.d. bls. 26 í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1947, en einnig sé getið um jörðina á bls. 18 í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* sem gefin hafi verið út árið 1904. Eins og að framan greini hafi einungis merkjum Hrafnabjarga verið lýst í kaupbréfinu

---

frá 1393 en ekki jarðarinnar Lauga, enda sé þar aðeins vísað til merkja hennar. Þótt jörðin Laugar hafi náð til svæðis utan marka fjallendis Hrafnabjarga sé ljóst að hún hafi einnig náð til svæðis innan kröfulínu íslenska ríkisins. Það megi t.d. ráða af því að bær Lauga hafi verið vestan árinna sem um dalinn renni og talsvert sunnar en Hundsgil eins og fram komi á bls. 149 í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997. Bærinn hafi enda dregið nafn sitt af laug sem hann hafi staðið við en skammt frá hafi risið steinsteypst sundlaug Hörðdælinga síðar, sbr. bls. 149–150 í sama riti. Þótt jörðin Laugar hafi farið í eyði á síðari tímum breyti það í engu eignarréttarlegri stöðu landsins sem um sé að tefla. Íslenska ríkið leyfi sér að vísa til þess að telja verði að líta megi svo á að Laugar séu utan hins umþrætta svæðis. Gagnaðilar íslenska ríkisins hafni þessu sem fullkomlega órökstuddu og bendi á að þetta sé í andstöðu við heimildir, staðhætti og minjar.

Aðliggjandi eignarlönd og eignarhald fyrri tíma, sé hvort tveggja til frekara marks um að fjallendi Hrafnabjarga sé undirorpið beinum eignarrétti. Austan við og samhliða norðanverðu fjallendi Hrafnabjarga liggi t.d. jörðin Tunga frá punkti 5 á uppdrætti og suður eftir Laugardal í punkt 4 en við Einhamragil fari mörk jarðanna í punkt 3 og því næst í punkt 2 á uppdrætti. Jörðin Tunga, sem ekki sé innan þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins, og sé samkvæmt framangreindu aðliggjandi stórum hluta fjallendis Hrafnabjarga, hafi raunar áður verið í eigu sama aðila og Hrafnabjörg fyrir á öldum. Það megi sjá af því að Loftur Guttormsson hafi gefið Sumarliða, syni sínum, báðar jarðirnar, en það hafi Jón ábóti í Þykkvabæ vottað og sex aðrir menn, sbr. bls. 515–516 í 4. bindi *Íslensks fornbréfasafns*. Land Tungu sé jafnframt landfræðilega sambærilegt fjallandi Hrafnabjarga, sbr. Tungufjall. Íslenska ríkið geri hins vegar enga kröfu til lands Tungu og gæti þannig ósamræmis í kröfugerð þess. Það ósamræmi verði ekki skýrt með skorti á eignarheimildum landeigenda líkt og þegar sé rakið og frekar sé gerð grein fyrir í kröfulýsingu landeigenda. Krafa íslenska ríkisins sýnist hins vegar byggjast á því að skortur á aðliggjandi landi réttlæti að reynt sé að ásælast fjalland Hrafnabjarga frekar en t.d. Tungu. Þau rök íslenska ríkisins standist þó ekki.

Seljaland, sem sé aðliggjandi norður af fjallendi Hrafnabjarga, hafi tilheyrt Hrafnabjörgum og verið hjáleiga jarðarinar. Um það megi vísa til bls. 35–36 í *Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmennnafélags 1839–1855*, en einnig bls. 14 í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VI. bindi Af þessu sé ljóst að Hrafnabjargir hafi í öndverðu átt aðliggjandi land að fjallendinu. Jafnvel þótt svæðin hefðu ekki verið það fyrir á tímum þyrfti það þó ekki að mæla gegn aðalkröfu landeigenda, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Þegar títtnefnt kaupbréf hafi verið gert árið 1393 hafi landsvæðið hins vegar ennþá tilheyrt Hrafnabjörgum og land Hrafnabjarga því verið aðliggjandi því sem nú sé kallað fjalland Hrafnabjarga. Seljaland hafi síðar orðið hjáleiga í landi Hrafnabjarga en jörðin hafi ásamt jörðinni Tungu verið í eigu sama aðila og átti Hrafnabjörg. Áður en landamerkjabréfið frá 28.

---

maí 1885 var gert hafi bæði Tunga og Seljaland hins vegar komist í eigu annarra aðila en áttu Hrafnabjörg. Af þeim sökum hafi Hrafnabjörg ekki lengur átt land aðliggjandi þeim hluta jarðarinnar sem nú sé kallað *fjallland Hrafnabjarga*. Þessi staðreynd og landfræðilegar aðstæður skýri hví svæðið sé sérstaklega tilgreint og nefnt *fjallland Hrafnabjarga*. Með vísan til þessa sé því haldlaus sú röksemd íslenska ríkisins að það varði málið einhverju að Hrafnabjörg eigi ekki land aðliggjandi fjalllandinu. Það sé enda fráleitt að þessar breytingar á eignarhaldi eða skipting lands sé til marks um takmörkuð réttindi landeigenda á fjallandi Hrafnabjarga eða að beinn eignarréttur þeirra hafi orðið að takmörkuðum réttindum. Á þetta hafi landeigendur bent í kröfulýsingu án þess að íslenska ríkið hafi á nokkurn hátt fært fram rök þessu í mót.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að í fjallandi Hrafnabjarga hafi áður verið bæir og kot sem fyrir löngu séu komin í eyði, sbr. t.d. þegar nefndan bæ að Laugum, en búseta hafi lagst þar af í plágunni miklu eftir 1400. Er um það vísað til bls. 35–36 í *Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenn tafélags 1839–1855*, útgefnum 2003. Þess megi og geta að rústir Lauga í Laugardal séu friðaðar fornminjar allt frá 25. október 1930 en skjal þess efnis hafi verið kunngjört landeigendum Hrafnabjarga á sínum tíma. Íslenska ríkið hafi því litið á Laugar, líkt og annað svæði innan fjallendis Hrafnabjarga, sem land sem sé undirorpið beinum eignarrétti. Jafnvel þótt búseta sé aflögð og ýmsar nýttar fjallendisins séu ekki með sama hætti og í öndverðu, heldur sé landið eingöngu nýtt til beitar, fái það ekki breytt eignarréttarlegri stöðu svæðisins.

Gagnaðilar íslenska ríkisins hafni því að tilvísun í virðingargerð frá 9. október 1904, þar sem tiltekið sé að beitland Ytri-Hrafnabjarga heima við sé lítið en fjallland jarðarinnar mikið og gott, renni stoðum undir kröfugerð íslenska ríkisins. Sökum þess að landkostur að Hrafnabjörgum sé knappur á svonefndu heimalandi jarðarinnar hafi fjallandið ætíð verið mikilvægur hluti eignarlandsins. Í seinni tíð hafi það einkum verið nýtt til beitar en áður m.a. til slægju, svo sem Víðimúli sem sé mjög sunnarlega í landinu. Bent sé á algengi þess að eignarland jarða sé með þessu móti og því hafi verið eðlilegt að við uppskiptingu landsins á sínum tíma hafi verið búið svona um hnútana, þ.e.a.s. þannig að Hrafnabjörg ættu áfram það svæði sem kallist fjallland Hrafnabjarga. Dómar staðfesti jafnframt að þessi hagan mála, eða sú staðreynd að eignarland sé nýtt til beitar og sé ekki aðliggjandi, veiti enga vísbendingu um að takmörkuð eignarréttindi sé um að tefla, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði).

Gagnaðilar íslenska ríkisins telji að kröfur íslenska ríkisins fái ekki stoð í því að aðrar aðliggjandi jarðir telji ekki til beinna eignarréttinda á umþrættu svæði eða að landamerkjabréf og aðrar landamerkjalyásingar aðliggjandi svæða nái ekki til svæðisins. Það sé þó til marks um ótvíræðan eignarrétt landeigenda að hvorki aðliggjandi né nærliggjandi jarðir telji til réttinda á fjallandi Hrafnabjarga. Sambeit Seljalands, hjáleigu Hrafnabjarga til forna sem skipt hafi verið út úr landi Hrafnabjarga, haggi því í engu.

---

Samkvæmt framangreindu hafi fjallendi Hrafnabjarga verið numið og hafi allt frá því verið undirorpið beinum eignarrétti. Mörk landsins nú hafi verið skýrð þegar landamerkjabréf var gert 28. maí 1885. Þar sé að finna lýsingu á þessum hluta lands Hrafnabjarga sem sé í beinu samræmi við þann hluta lýsingar lands Hrafnabjarga sem áður sé getið um og fram komi í kaupbréfinu frá 1393. Einu óbeinu eignarréttindin séu eftir sem áður beitarréttur í Langavatnsdal, rétt eins og fram komi í kaupbréfinu sem staðfest hafi verið með dómi. Af hálfu íslenska ríkisins sé dregin sú ályktun að af landamerkjabréfinu leiði að einungis sé um að ræða sameiginlegan beitarrétt í fjallendinu með öðrum jörðum. Því til stuðnings sé gripið niður í miðri setningu þar sem segi: „sambeit við Hrafnabjargabændur eptir jarðamagni“. Með því að lesa alla setninguna, sem til sé vísað með jafn villandi hætti og raun beri vitni, sjáist að þetta sé afar langsótt skýring. Í landamerkjabréfinu segi nefnilega: „Innan þessara takmarka í fjallandinu á Laugardal á Seljaland sambeit við Hrafnabjarga bændur eptir jarðamagni.“ Augljóslega sé vísað til beitarréttar Seljalands sem áður hafi tilheyrt Hrafnabjörgum og sé aðliggjandi fjallendinu. Því sé ekki óeðlilegt að sú jörð hafi þarna beitarrétt. Við þetta megi bæta að á undan þessari setningu sé vísað til beitarréttar Hrafnabjarga í Langavatnsdal sem styðji að í niðurlagi bréfsins séu óbeinum eignarréttindum gerð skil. Að sama skapi fjalli fyrri hluti þess um beinan eignarrétt, þann sama og komi fram í kaupbréfinu frá 1393.

Engin haldbær gögn styðji að hið umdeilda land sé afréttarland eða að Hrafnabjörg eigi þar aðeins beitarrétt eða önnur takmörkuð eignarréttindi. Sé landinu raunar hvergi lýst svo í eldri heimildum. Til landsins sé ekki vísað sem afréttarlands fyrr en í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997, sbr. bls. 149–152, en það sýnist helstu rök íslenska ríkisins fyrir þjóðlendukröfu. Ástæða þessa orðfæris í umræddu riti sé þó vitanlega sú að landið sé nú aðeins nýtt sem beitaland sem ekki sé aðliggjandi Hrafnabjörgum. Þótt nýtingu landsins sé þannig hagað núna geti það engu breytt um eignarréttarlega stöðu þess sem fyrri heimildir séu afdráttarlausar um.

Þótt það fái ekki stoð í haldbærum gögnum að um afréttarland sé að ræða sé vert að geta þess að óbyggðanefnd hafi byggt á þeirri grunnreglu er mótuð hafi verið í dómum Hæstaréttar frá 1971, bls. 1137 í dómasafni (Reyðarvatn), og frá 1975, bls. 55 í dómasafni (Arnarvatnsheiði), að jörð eða jarðarhluti sem sé nýttur eða hafi verið lagður til afréttar teljist eftir sem áður beinum eignarrétti undirorpin.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* komi einnig fram að innan merkja jarða kunni að vera svæði sem nefnd séu afréttir. Í því þurfi þó ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt sé að verið sé að vísa til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitalandi. Jafnvel þótt slíkur jarðarhluti sé alfarið tekinn undir fjallskilaf framkvæmd gefi slík tilhögun ein og sér enga vísbendingu um eðli eignarhalds á slíkum jarðarhluta. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafi og verið staðfestar af dómstólum.

---

Gagnaðilar íslenska ríkisins telji ljóst að land jarðarinnar, eins og því er lýst, hafi verið innan landnámsvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landinu verði dregin í efa. Telji þeir einsýnt að hið umdeilda land hafi verið numið þegar við upphaf byggðar í landinu, rétt eins og annað land Hrafnabjarga og jarðanna Seljalands og Tungu.

Gagnaðilarnir telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Telja gagnaðilar að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga. Þá er á það bent af þeirra hálfu að málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að axla hana. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að á landeigendur sé lögð sú skylda að færa frekari sönnur á eignarrétt sinn en þær eignarheimildir sem þegar sé á minnst og hafi legið fyrir svo árhundruðum skipti. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum.

Til vara byggja gagnaðilar íslenska ríkisins kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið, enda hafi það verið nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma. Af þeirra hálfu kemur fram að varakrafan styðjist við sömu rök og að framan greinir, en á engan hátt geti orkað tvímælis að réttur þeirra nái hið minnsta til fullkomins afnotaréttar þeirra innan þeirra merkja sem um sé að ræða.

Varakrafa gagnaðila íslenska ríkisins, sem lýtur að því að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda, styðist við sömu rök og að framan greinir, en á engan hátt geti orkað tvímælis að réttur þeirra nái hið minnsta til fullkomins afnotaréttar þeirra innan þeirra merkja sem um sé að ræða. Gagnaðilarnir styðji varakröfu sína einnig þeim rökum að landið hafi verið hefðað, enda hafi það verið nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar; jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar; málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991; landmerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki; laga um hefð nr. 46/1905; þinglýsingarlaga nr. 39/1978; laga um verndun fornmenja dags. 16. nóvember 1907; þjóðminjalaga nr. 52/1969; laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni; stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu; laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986; laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim; þjóðlendlaga nr. 58/1998; laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

---

Um málskostnað er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hrafnabjarga er rakin í kafla 5.6 hér að framan.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrafnabjarga er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1. og 3.7. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf „fyrir Hrafnabjörgum ytri og Hrafnabjörgum fremri í Hörðudal“, dagsett 18. maí 1885 og þinglýst 28. sama mánaðar.<sup>297</sup> Þar er m.a. að finna merkjalýsingu fyrir „Fjallland, sem Hrafnabjörg eiga“, en sú merkjalýsing tekur til ágreiningssvæðisins. Þá liggur fyrir kaupbréf, dagsett 31. desember 1393, þar sem merkjum Hrafnabjarga er lýst, en með því seldi Snorri Brandsson séra Hallsteini Jónssyni jörðina.<sup>298</sup> Enn fremur liggur fyrir lögfesta Guðmundar Jónssonar og Teits Halldórssonar fyrir Hrafnabjörg, dagsett 1. maí 1828 og með viðbót Ólafs Sveinssonar, dagsettum 19. maí 1838, þar sem hluta af merkjum ágreiningssvæðisins er lýst.<sup>299</sup> Loks liggur fyrir kaupsamningur, dagsettur 28. júní 1918, sem varðar suðaustasta hluta ágreiningssvæðisins, þ.e. vesturhluta Víðimúla, en merkjum hins selda er lýst í kaupsamningnum. Með honum var samið um kaup Hjartar Sigurðssonar, bónda á Hrafnabjörgum, á vesturhluta Víðimúla af Hörðudalshreppi.<sup>300</sup>

Verður nú syðsti hluti merkja ágreiningssvæðisins fyrst tekinn til skoðunar. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er suðurmerkjunum lýst svo: „Fyrst úr tjörninni vestanverðu á Mjóadalsdrögum þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrutagil, eptir Hrutagili upp í Hrutaborg ...“ Að þeim hluta merkja ágreiningssvæðisins sem hér er til skoðunar liggur vestast fjalllendi Hraunhrepps, sem er eignarland samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, þar austan við fjallendi Álftaneshrepps, sem er þjóðlenda samkvæmt sama úrskurði, og loks austast Víðidalur sem er innan fjallendis Borgarhrepps og þjóðlenda samkvæmt þessum sama úrskurði. Landamerkjabréf Hrafnabjarga hefur ekki að geyma áritanir vegna þessara landsvæða.

Eftirfarandi texti í kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393 á m.a. við um syðsta hluta ágreiningssvæðisins: „Laugadal allan badum meigin upp í Botn og ofan til motz

---

<sup>297</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Hrafnabjarga frá 1885.

<sup>298</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem kaupbréfs fyrir Hrafnabjörg frá 1393.

<sup>299</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828.

<sup>300</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem kaupsamnings fyrir vesturhluta Víðimúla frá 1918.



---

vid lauga fyrir nordan ofan ad Einhomrum. Allt holfi all ofan ad skialldargili og upp til motz vid Lauga. Miouadal allan so sem vatsffoll deila vr Tiornine midre til motz vid hitdæla badum meigin ofan i sópandaskard“.

Í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828 segir um þennan hluta merkjanna: „Laugardal allann báðumegin uppí Botn, og ofan til móts vid Lauga fyrir nordan ofan ad Einhömrum allt í Hólfjall ofan ad Skialdargili, upp til móts vid Lauga, Mióvadal allann, sosem vatnsföll deila úr tjörninni miðri til móts við Hítæla báðumegin, ofan í Sópandaskard“. Viðbótin við lögfestuna er því alveg sama efnis að þessu leyti og kaupbréfið fyrir Hrafnabjörg frá 1393.

Í kaupsamningnum fyrir vesturhluta Víðimúla frá 1918 er merkjum lýst svo: „Frá Saudarhrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eftir há-Víðimúla sem vötn deila til Hrutagilsbotns; þaðann, rædur Hrutagil til Mjóadalsár; þá rædur Mjóadalsá til Saudahryggs.“

Í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Hraunhrepps, dagsettu 19. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, er þeim hluta merkjanna sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo: „1. Móti löndum Dalamanna: Úr Tröllakirkju svo sem vötn deila og í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Fremri-Hrafnabjarga.

Í landamerkjabréfi fjallendis Álftaneshrepps, dagsettu 20. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, er norðurmerkjum lýst svo: „1. Móti löndum Dalamanna: Merkin byrja á Sauðahrygg — sem er Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla — og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla allaleið að norður-horni Oks (=Tröllakirkju).“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki bæði vegna Fremri-Hrafnabjarga og Ytri-Hrafnabjarga. Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 er fjallendi Álftaneshrepps þjóðlenda og miðast norðurmörk hennar við línu sem dregin er um vatnaskil milli Tröllakirkju og Mjóadalsár við Sauðahrygg.

Í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Borgarhrepps, dagsettu 25. febrúar 1892, er þeim hluta merkjanna sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „ræður Mjóadalsá þartil Sauðarhryggur kemur að henni, þaðan sjónhending uppá Víðimúlakoll, þaðan austur norður há múlanum og í botn á vestustu skál á Víðimúla ...“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Hrafnabjarga og ekki liggja fyrir heimildir um að því hafi verið þinglýst. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, dagsettu 2. nóvember 1920 og þinglýstu 25. júní 1923, er þessum hluta merkjanna lýst svo: „... Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidals ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Hrafnabjarga, að öðru leyti en að gerð var athugasemd um beitarrétt í Langavatnsdal. Í landamerkjabréfi fyrir afréttarlönd Hörðdælinga, dagsettu 26. febrúar 1892 og þinglýstu 3. júlí 1893, er merkjum að norðvestanverðu lýst svo: „Frá Sauðahrygg eftir Mjóadalsá þar til Hrutagil

---

fellur í hana, síðan eftir Hrútagili í Hrútagilsbotn, þaðan sjónhending í Víðdalsbotn ...“ Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Ytri-Hrafnabjarga.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er getið um *Mjóadal allan* í umfjöllun um merki Hrafnabjarga í landamerkjabréfinu frá 1885, í kaupbréfinu frá 1393 og í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828. Þá er getið um tjörn í vestanverðum Mjóadalsdrögum í landamerkjabréfinu og jafnframt er merkjum lýst „vr Tiornine midre til motz vid hitdæla badum meigin ofan í sópandaskard“ í kaupbréfinu. Að mati óbyggðanefndar verður að telja að líklegt að það sé sama tjörnin sem átt er við í báðum heimildunum og að þeim beri því saman að þessu leyti. Sú afmörkun er einnig í samræmi við heimildir um merki aðliggjandi landsvæða að sunnanverðu, að mati nefndarinnar.

Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er merkjunum lýst „suður í Hrútagil“ en „ofan í sópandaskard“ í kaupbréfinu frá 1393 og „ofan í Sópandaskard“ í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828. Hrútagil gengur til norðurs frá Mjóadal og Sópandaskarð til norðvesturs frá Hrútagili. Það getur því komið heim og saman að merkjalínan sé að þessu leyti dregin um Hrútagil og þaðan í Sópandaskarð og að þannig sé samræmi milli landamerkjabréfsins, kaupbréfsins og lögfestunnar að því leytinu til.

Ekki kemur fram í kaupbréfinu eða lögfestunni hvar mörkin liggi frá Sópandaskarði, en í landamerkjabréfinu eru þau dregin frá Hrútagili upp í Hrútaborg. Væri tilvitnaður texti kaupbréfsins og lögfestunnar, þar sem merkjunum er lýst „vr Tiornine midre til motz vid hitdæla badum meigin ofan í sópandaskard“ og „úr tjörninni miðri til móts við Hítæla báðumegin, ofan í Sópandaskard“ skoðaður án samhengis við texta kaupbréfsins og lögfestunnar að öðru leyti mætti eftir atvikum draga þá ályktun að sunnanverð austurmerki Hrafnabjarga hafi á þeim tíma þegar kaupbréfið var gert og síðar lögfestan legið um Sópandaskarð og þaðan norður eftir Laugardal. Sú túlkun kaupbréfsins og lögfestunnar fæli í sér ályktun um að þessum hluta merkjanna sé þar lýst vestar heldur en gert er í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 þar sem merkjunum er lýst eftir Hrútagili í Hrútaborg. Að mati óbyggðanefndar verður aftur á móti í þessu sambandi jafnframt að líta til eftirfarandi texta í kaupbréfinu: „Laugadal allan badum meigin upp í Botn og ofan til motz vid lauga fyrir nordan ofan ad Einhomrum. Allt holfiall ofan ad skialldargili og upp til motz vid Lauga“ og samsvarandi texta í lögfestunni. Þegar þessi texti er skoðaður í samhengi við efni kaupbréfsins og lögfestunnar að öðru leyti og með hliðsjón af landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 og landamerkjabréfum aðliggjandi svæða er rökréttasta túlkun hans að mati óbyggðanefndar sú að með honum sé verið að lýsa því að fyrir botni Laugardals taki land Hrafnabjarga til svæðisins beggja vegna dalbotnsins, allt að Einhömrum, en einungis vestanverðs dalsins þegar komið er norður fyrir Einhamra. Að teknu tilliti til þessa verður kaupbréfið og lögfestan að mati óbyggðanefndar ekki talin

---

mæla því í mót að land Hrafnabjarga nái austur að línunni sem dregin er um Hrótagil í Hrótaborg, eins og gert er í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885.

Í kröfugerðum íslenska ríkisins og gagnaðila þess er merkjum syðsta hluta ágreiningssvæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti, þ.e. svo:

Upphafspunktur er á Tröllakirkju (1), sem er á sýslumörkum Dalasýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfufsvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt til austurs og síðan norðurs á Hrótaborg (2) [...] vestur í Smjörhnjúka (8), sem eru á sýslumörkum, þaðan er sýslumörkum fylgt suður í Tröllakirkju (1) sem er upphafspunktur.

Við meðferð málsins, eftir að kröfum málsaðila var lýst, tók óbyggðanefnd ákvörðun um að færa mörk milli svæða 9A og 8B, vestan og sunnan fjallendis Hrafnabjarga, til samræmis við fram komin gögn frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu vatnaskila þar á milli. Eftir að sú breyting var gerð lýstu málsaðilar því yfir að kröfulínur þeirra skyldu fylgja hinum nýju svæðamörkum. Að vestan- og sunnanverðu eru því endanlegar kröfulínur málsaðila miðaðar við vatnaskil. Að suðaustanverðu fylgja endanlegar kröfulínur málsaðila jafnframt breyttum mörkum milli svæða 9A og 8B hjá óbyggðanefnd en við málsmeðferðina voru svæðamörkin færð lítillega til suðausturs í suðausturhorni ágreiningssvæðisins.

Lína sem dregin er um Hrótagil og þaðan í Hrótaborg, eins og gert er í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885, liggur vestar en sýslu- og sveitarfélagamörkin sem afmarka ágreiningssvæðið að suðaustanverðu samkvæmt kröfugerðum málsaðila. Af þessu leiðir að suðaustast á ágreiningssvæðinu er svæði sem ekki er innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfinu, þ.e. sá hluti ágreiningssvæðisins sem er austan Hrótagils og línu sem er dregin þaðan í Hrótaborg. Þá er landamerkjum afréttarlanda Hörðdælinga jafnframt lýst vestur að Hrótagili og gilinu fylgt í Hrótagilsbotn í áðurnefndu landamerkjabréfi fyrir afréttarland Hörðdælinga frá 1892 og hið sama er að segja um kaupsamninginn fyrir vesturhluta Víðimúla frá 1918. Samkvæmt þessu var sá hluti ágreiningssvæðisins sem er austan Hrótagils ekki innan merkja Hrafnabjarga fram til þess tíma að umrædd kaup voru gerð 1918 heldur innan merkja afréttarlands Hörðdælinga. Að öðru leyti er afmörkun málsaðila á syðsta hluta ágreiningssvæðisins í samræmi við fyrirliggjandi heimildir um merki Hrafnabjarga.

Næst verða austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar, að því leyti sem þeim hafa ekki þegar verið gerð skil í umfjöllun um syðsta hluta merkjanna. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er þeim lýst svo: „... upp í Hrótaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Laugá, sem Laugá ræður ofan að Hundsgili ...“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna jarðarinnar Tungu, en óumdeilt eignarland Tungu liggur austan við ágreiningssvæðið. Landamerkjabréfið er heldur ekki áritað vegna Vífildals, þ.e. hvorki Fremri-Vífildals né Neðri-Vífildals, en austan við Hrótaborg er ágreiningssvæði vegna Vífildals sem fjallað er um í kafla 6.5 hér að

---

framan. Í kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393 er þessi texti sem varðar austurmerkin: „Laugadal allan badum meigin upp í Botn og ofan til motz við lauga fyrir nordan ofan að Einhomrum“ og viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828 er sama efnis að þessu leyti.

Í landamerkjabréfi Tungu, dagsettu 21. maí 1883 og þinglýstu 19. maí 1924, er vesturmerkjum Tungu lýst svo: „... ræður Hörðudalsá (móts við Hlíðarland) ofan til Laugar, og svo ræður Laugá (til móts við Seljadalsland) fram til Einhamra, þá beina línu úr Laugá að austanverðu uppí Einhamra og eptir sömu línu upp á fjallseggjar í Tungufjalli.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af hálfu eiganda hálfra Hrafnabjarga.

Landamerkjabréfum Hrafnabjarga og Tungu ber saman um að merkin milli jarðanna liggi um Einhamra og „Laugá“, en þar er ótvírætt um að ræða þá á sem nú er nefnd Laugará. Þá verður ráðið af merkjalýsingu kaupbréfsins fyrir Hrafnabjörg frá 1393 og viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828 að Laugardalur hafi tilheyrt jörðinni, allt að botni dalsins og að Einhömrum, eins og áður segir.

Í landamerkjabréfi Fremri-Vífildals, dagsettu 29. maí 1886 og þinglýstu sama dag, er þeim hluta merkja Fremri-Vífildals sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo: „... vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn eptir svokölluðum Kattarhrygg ...“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Hrafnabjarga. Hrútaborg stendur suðvestan við botn Rangárdals, á austurmörkum ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, og vatnaskil milli Rangárdals og Hrútagils liggja um topp fjallsins. Af landamerkjabréfinu verður því ráðið að land Fremri-Vífildals nái a.m.k. ekki lengra til vesturs en að austurmörkum ágreiningssvæðisins.

Í kröfugerðum íslenska ríkisins og gagnaðila þess er austurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti, þ.e. svo: „... á Hrútaborg (2), þaðan er farið eftir hábrúnum til norðvestur og niður í Einhamragil (3) og gílinu fylgt ofan í Laugará (Laugá) (4), ánni er fylgt norður að þeim stað sem Hundsgil kemur í hana úr vestri (5) ...“

Kröfulýsingar málsaðila eru í samræmi við fyrirliggjandi heimildir að því leyti að merkin eru þar dregin um Hrútaborg og Laugá að Hundsgili. Í landamerkjabréfum Hrafnabjarga og Tungu kemur fram að merkin milli jarðanna séu dregin frá Einhömrum í Laugará en í kröfulýsingum málsaðila eru mörk ágreiningssvæðisins miðuð við línu sem er dregin um Einhamragil í Laugará (Laugá). Að mati óbyggðanefndar eru kröfugerðirnar í samræmi við landamerkjabréfin að þessu leyti, enda er Einhamragil við Einhamra. Afmörkun málsaðila á austurmerkjum ágreiningssvæðisins er því í samræmi við fyrirliggjandi heimildir að mati óbyggðanefndar.

Næst verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er norðurmerkjum fjalllandsins lýst svo: „... sem Laugá ræður ofan að Hundsgili, eftir fyrnefndu gili upp á hæstu brún ...“

---

Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Seljalands, sem liggur norðan við ágreiningssvæðið. Kaupbréfið fyrir Hrafnabjörg frá 1393 hefur ekki að geyma lýsingu á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins, enda hafði Seljalandi ekki verið skipt út úr Hrafnabjörgum á þeim tíma. Norðurmerkjunum er heldur ekki lýst í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828.

Í landamerkjabréfi fyrir Seljaland, dagsettu 16. maí 1885 og þinglýstu 28. sama mánaðar, er suðurmerkjum lýst svo: „... að sunnanverðu að Hundsgili þar sem það fellur í Laugá og eptir því sem gilið ræður upp til fjallseggja ...“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af hálfu eiganda hálfra Ytri-Hrafnabjarga.

Í kröfugerð íslenska ríkisins er norðurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... í Laugará (Laugá) (4), ánni er fylgt norður að þeim stað sem Hundsgil kemur í hana úr vestri (5), gilinu er fylgt upp á háeggjar Hólsfjalls (Hundahnúks) (6) ...“ Þá er norðurmerkjunum lýst svo í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins: „... í Laugará (Laugá) (4), ánni er fylgt norður þangað sem Hundsgil kemur í hana úr vestri (5), gilinu er fylgt upp á háeggjar Hundahnúks (6) ...“

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið ber landamerkjabréfum Hrafnabjarga og Seljalands, báðum frá 1885, saman um að merkin milli ágreiningssvæðisins og Seljalands liggi um Hundsgil frá Laugará upp á „hæstu brún“ eða „til fjallseggja“. Ekki er tilgreint nánar í landamerkjabréfunum hvaða fjallsbrúnir eða fjallseggjar þar sé um að ræða. Hundsgil gengur til vesturs frá Laugardal og vestur af gilinu er Hundahnjúkur. Að teknu tilliti til þeirra staðhátta verður að mati óbyggðanefndar að telja að afmörkun málsaðila á norðanverðu ágreiningssvæðinu sé í samræmi við landamerkjabréfin. Þá liggja ekki fyrir aðrar heimildir sem mæli þeirri afmörkun í mót.

Loks verða vesturmerki ágreiningssvæðisins skoðuð. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er þeim lýst svo: „... upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórutind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum.“ Landamerkjabréfið hefur að geyma áritun um samþykki af hálfu eiganda meiri hluta Snóksdals, en eins og nánar er fjallað um í kafla 6.7 hér á eftir mun Snóksdalskirkja á þessum tíma hafa kallað til eignarréttinda á Botni við Svínbjúg, sem er vestan við ágreiningssvæðið. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf sem lýsir merkjum Botns við Svínbjúg.

Að syðsta hluta þeirra merkja sem hér eru til skoðunar liggur fjalllendi Hraunhrepps. Landamerkjabréf Hrafnabjarga hefur ekki að geyma áritun vegna fjallendis Hraunhrepps. Í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps, dagsettu 19. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, sem tekur til fjallendis Hraunhrepps, er þeim hluta merkjanna sem hér skiptir máli lýst svo: „Úr Tröllakirkju svo sem vötn deila og í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum, þaðan eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal ...“ Landamerkjabréfið er sem fyrr segir áritað um samþykki fyrir hönd eigenda Ytri-Hrafnabjarga. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014 kemur fram að

---

landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps og eldri heimildir um Hítardal bendi til þess að fjalllendi Hraunhrepps nái austur að vatnaskilum á þessu svæði.

Í kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393 er vesturmerkjunum ekki lýst með nákvæmum hætti, en þar segir: „... Enn land so sem vatnsfoll deila. Laugadal allan badum meigin upp í Botn ...“ Þá er merkjum lýst svo í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828: „Laugardal allann báðumegin uppí Botn“. Þótt hér sé ekki um heildstæðar merkjalýsingar að ræða verður að mati óbyggðanefndar helst ráðið af henni að vatnaskil vestan Laugardals hafi verið talin ráða vesturmerkjunum. Það er í samræmi við landamerkjabréfið þar sem merkjum er lýst eftir „fjallseggjum“ og „háeggjum“.

Í kröfugerðum íslenska ríkisins og gagnaðila þess er vesturmerkjum ágreiningssvæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti, þ.e. svo: „... upp á háeggjar Hólsfjalls (Hundahnúks) (6), þaðan er farið eftir hábrúnum og á vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7), áfram á hábrúnum suður og síðan vestur í Smjörhnjúka (8), sem eru á sýslumörkum, þaðan er sýslumörkum fylgt suður í Tröllakirkju (1) sem er upphafspunktur.“ Að mati óbyggðanefndar er þessi afmörkun málsaðila á kröfusvæðinu í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir, enda er hún miðuð við vatnaskil og fjallsbrúnir. Engu breytir um þá niðurstöðu að Smjörhnjúka sé ekki getið í merkjalýsingunum, enda liggja vatnaskil vestan ágreiningssvæðisins um hábrún hans.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er ágreiningssvæðið innan lýstra merkja „fjalllands“ Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 að öðru leyti en því að suðaustasti hluti svæðisins, þ.e. sá hluti þess sem er austan við Hrutagil og línu sem er dregin þaðan í Hrutaborg, fellur utan við þá merkjalýsingu. Umræddur hluti ágreiningssvæðisins er ekki heldur innan merkja Hrafnabjarga samkvæmt kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393 eða í viðbót Ólafs Sveinssonar frá 1838 við lögfestu fyrir Hrafnabjörg frá 1828. Landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hörðdælinga frá 1892 og kaupsamningur fyrir vesturhluta Víðimúla frá 1918 mæla enn fremur gegn því að land Hrafnabjarga hafi fyrir þann tíma þegar umrædd kaup voru gerð náð eins langt til austurs að sunnanverðu og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á. Eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins tekur mið af þessari tvískiptingu þess, þ.e. að hluti þess fellur utan við merkjalýsingu landamerkjabréfsins, kaupbréfsins og lögfestunnar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að hún hafi gefið Katli land frá Skraumuhlaupsá til Hörðudalsár og hann hafi búið á Ketilsstöðum. Einnig segir að hún hafi gefið Herði skipverja sínum Hörðadal, en þar mun vera átt við þann dal sem nú er nefndur Hörðudalur. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óbyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til

---

fjalla landnám Auðar hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um þetta atriði eykst þó eftir því sem komið er hærra upp til fjalla. Allt að einu verður að mati nefndarinnar að telja ólíklegt, með hliðsjón af staðháttum, að staðnæmst hafi verið við landnám við Hundsgil, Laugará og Einhamragil, þannig að ágreiningssvæðið hafi fallið utan landnáms, öndvert við aðliggjandi svæði að norðan og austanverðu, eins og byggt er á af hálfu íslenska ríkisins. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir því einkum á hvort ágreiningssvæðið hafi frá öndverðu verið hluti af jörðinni Hrafnabjörgum, eða eftir atvikum öðrum jörðum, eða verið utan marka jarða og einungis undirorpið óbeinum eignarrétti. Jafnframt þarf að taka afstöðu til þess hvaða þýðingu það hafi að suðaustasti hluti ágreiningssvæðisins er,

---

eins og áður er rakið, utan við þau merki sem lýst er í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 og kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393.

Kaupbréfið frá 1393 er elsta heimildin sem liggur fyrir um Hrafnabjörg. Þar kemur fram að Snorri Brandsson selji séra Hallsteini Jónssyni „... land allt að Hrafnabjörgum í hordudal með öllum þeim gögnum og giædum sem fylgt hefur að fornu og nýu og hann varð fremst eigandi að til vmmarkja þeirra sem aðrir menn eiga til mots við það land allt ...“<sup>301</sup> Þá er merkjum hins selds lýst á þann hátt sem að framan greinir og því einnig lýst hvaða réttindi fylgi jörðinni annars staðar. Þar á meðal er getið um „Tuttugu gelldfjar kugillað beit í langa vatnzdal“. Einnig kemur fram í kaupbréfinu að Snorri selji séra Hallsteini „Lauga jörð alla með sínum vmmarkjum.“ Merkjum Lauga er þó ekki lýst sérstaklega. Þar sem getið er um „Laugadal allan báðum meigin upp í Botn“ í merkjalýsingu kaupbréfsins og fyrir liggur að bærinn Laugar stóð í Laugardal, þykir sýnt að land Lauga hafi verið innan þeirra merkja sem þar er lýst. Merkjalýsingin taki því sameiginlega og án aðgreiningar til lands Hrafnabjarga og Lauga, enda var hvort tveggja meðal hins selds.

Að mati óbyggðanefndar bendir texti kaupbréfsins eindregið til þess að aðilar að kaupunum hafi litið svo á að land Hrafnabjarga og Lauga, sem kaupin lutu að, væri háð beinum eignarrétti, auk þeirra ítaka sem þar er getið um. Þá bendir merkjalýsing kaupbréfsins til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er innan þeirra merkja sem þar er lýst hafi á þeim tíma verið talinn hluti af jörðinni, ásamt landi Seljalands sem er norðan við ágreiningssvæðið og aðskilur það nú frá hinu óumdeilda eignarlandi Hrafnabjarga. Land Hrafnabjarga hafi því á þeim tíma verið samfellt og ágreiningssvæðið ekki aðgreint frá því af landi annarra jarða, enda virðist Seljaland ekki hafa verið byggt út úr jörðinni fyrr en síðar.

Með dómi sex manna, útnefndum af Sturlu bónda Þórðarsyni, umboðsmanni konungs milli Gilsfjarðar og Gljúfurár, 16. júní 1509, var dæmt um gildi kaupbréfsins frá 1393. Fram kemur í dómnum að dómendum hafi verið falið „... að skoda og Rannsaka og fullnádardóm að leggja hueria mact edur afl hafa skyllde það kaupbref sem Þolleifur Bonde Gudmundsson birte þar og fram bar fyrir oss huert er hlydde vmm landareign hrafnabiarga vmm kaup og solu Eign og itok fyrskrifadrar jardar Hrafnabiarga.“ Niðurstaða dómsins var þessi: „Nu saker þess það var með heilum oskoddwm hangande jnnsiglum leist oss það j allan mata myndugt oc skiallegt með öllum þeim sínum greinum oc articules sem vær mattum yfir taca að logum þar til að annat skial kemr það fram að þui hrindur.“

Í Íslensku fornbréfasafni kemur fram að fjórir nafngreindir menn hafi vottað að hafa lesið kaupbréfið og dóminn 30. maí 1599. Þar kemur jafnframt fram að kaupbréfið

---

<sup>301</sup> Hin beina tilvitnun í kaupbréfið er tekin úr Íslensku fornbréfasafni, 8. bindi, bls. 15. Þar kemur fram að textinn sé eftir afskrift staðfestri 18. júní 1779 á Blönduhlíðarþingi af séra Benedikt Hannessyni og Magnúsi sýslumanni Ketilssyni og sé afskriftin komin 15. desember 1903 frá Hirti Sigurðssyni, bónda á Hrafnabjörgum, og gerð eftir „transskripti á skinni“ frá 30. maí 1599.



---

hafi verið uppleið í Lögréttu á Öxarárþingi 1. júlí 1664 en ekki kemur þó fram af hvaða tilefni það var lesið upp þar. Enn fremur kemur þar fram að Benedikt Hannesson og Magnús Ketilsson hafi samlesið pappír safrit af því við skinnbréf („Pergamentisbréf“) þess fyrir rétti að Blönduhlíð 18. maí 1779 og bréfin verið samhljóða. Um þetta er einnig bókað í dómabók Dalasýslu vegna umrædds manntalsþings. Sömuleiðis er þar bókað um að á þessu sama manntalsþingi hafi verið „upplesin og uppáskrifuð lögfesta fyrir Hrafnabjargalandi“ en inntaks hennar er ekki getið. Enn fremur kemur fram í dómabók sýslunnar að kaupbréfið fyrir Hrafnabjörg frá 1393 hafi verið lesið upp á manntalsþingi að Jörfa í Haukadal 20. júní 1791. Loks liggur fyrir í málinu, að því er kaupbréfið varðar, afrit af staðfestingu Jóns Þorkelssonar þjóðskjalavarðar, dagsettri 15. desember 1903, á því að kaupbréfið frá 1393, bókunin um upplestur þess á manntalsþingi 1664 og vottorðið um samlestur pappír safrits og skinnbréfs skjalsins frá 1779 séu „orð eptir orð samhljóða afkript frá 18. Maí 1779 ...“

Getið er um Hrafnabjörg og Laugar í gjafabréfi dagsettu 20. apríl 1430, sem varðveitt er í Íslensku fornbréfasafni. Bréfið ber yfirskriftina „Gjafabréf Lopts Guttormssonar til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, Orms, Skúla og Sumarliða, þar sem hann gefur hverjum þeirra þrjú hundruð hundraða í löndum og lausafé, og skipar fyrir um ómagavist á höfuðbólum sínum.“ Þar segir meðal annars: „Sumarliða gief eg þessar jarder j Daulum. Vatnzhorn. Lxc ad dyrleika og vatn. Hrafnabiorg. tungu. lauger og laugardal halfan. þorsteinsstadi og kaulldukinn.“ Jafnframt er varðveitt í Íslensku fornbréfasafni vottorð Jóns ábóta í Þykkvabæ og sex annarra manna „um fjórðungagiöf og löggjafir Lopts bónda Guttormssonar [...] til Sumarliða sonar síns“, dagsett 1. október 1432, þar sem þeir votta að hafa heyrt og lesið „oped bref loptz bonda gutthormssonar [...] ath hann gaf sumarlida syne sinum jordina vatzhorn j haukadal ok vatn firir tiutighe hundrada. hrafnabiorg. tungho. laugar ok laugardal halfan ok þorstæinsstadi“.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 kemur fram að jarðardyrleiki Hrafnabjarga sé 60 hundruð. Þar af sé Hrafnabjargakot 13 hundruð og Seljaland 10 hundruð. Seljaland er þannig metið sem hluti af Hrafnabjörgum samkvæmt *Jarðabók*, sem er elsta heimildin þar sem getið er um Seljaland. Ekkert er getið um afmörkun Hrafnabjarga eða afréttarmálefni tengd þeim. Þá segir eftirfarandi um réttindi Hrafnabjarga á Laugardal: „Selstaða er á Laugadal, sem jörðin á part í, til vissra landamerkjia; eru þar hagar í besta máta og landvíðir. Útigangur heimum sæmilegur, en bregðst oftlega; á Laugadal í besta máta en bregst þó stundum.“ Í sömu heimild segir að landskuld vegna Hrafnabjargakots greiðist til Hamraenda í Miðdölum, en Jón Jónsson á Hamraendum er tilgreindur sem einn af eigendum Hrafnabjarga. Þá segir í umfjöllun um Seljaland í sömu heimild að landskuld greiðist „in loco“ og leigur greiðist „sumpart til Hamraenda í Miðdölum, en sumpart út í Rif undir Snæfellsjökli“. Þá segir að engjar Seljalands séu „sumar með heimajörðinni, en hinar heima eru lakari á dreif á Laugadal“. Þá segir að útigangur sé „viðlíkt og á heimajörðunni, nema þaðan verður betur náð til beitar á

---

Laugardal“. Enn fremur segir: „Hlunnindi, sem vera kunna, eru sömu með heimajörðunni. Túnið spillist nokkuð af gili, sem þar hjá rennur. Engjar sem með heimajörðunni; eru undir sama skaða og heimajarðar engjarnar.“ Ekki er getið um Laugar í *Jarðabókinni*.

Að mati óbyggðanefndar bendir það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls sterklega til þess að Seljaland og Hrafnabjargakot hafi verið býli sem voru byggð út úr jörðinni Hrafnabjörgum. Er í því sambandi sérstaklega litið til þess að Seljaland og Hrafnabjargakot eru þar metin með Hrafnabjörgum, Hrafnabjargakot er sagt standa á túninu á Hrafnabjörgum og í umfjöllun um Seljaland er ítrekað vísað til Hrafnabjarga sem „heimajarðarinnar“.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá 1731 segir m.a. um Hrafnabjörg: „Gott under bu á Laugadal þar sem selstadann er og hagbeit hin besta vetur og sumar þa Sniöar eche Banna“. Síðar segir: „Uthager og hagbeit í Heimalande bæde Lijtell og liettur því beitardalurenn liggur í fiarska.“ Enn fremur segir eftirfarandi um Laugar í umfjöllun um Hrafnabjörg í sömu heimild:

Laugardalur Spiallast arlega af Skridummm enn til forna hefur hann vered grösugt plats. Laugar nefnist afbyle á dalnumm sem bigt var i gamla daga, enn med hvada Leigumäla Kann eingenn ad under retta, Kann og ei aftur biggiast, því það hefur firrum vered brukad, til selstodu fra heimajordunne, þegar mannafla hefur vered.

Í dómabók Dalasýslu kemur fram að á manntalsþingi að Blönduhlíð 31. maí 1793 hafi verið lesin upp lögfesta fyrir Hrafnabjörg og Seljaland en inntaks hennar er ekki getið. Þá liggur fyrir lögfesta fyrir Hrafnabjörg, dagsett 2. maí 1828. Þar kemur fram að eigendur Hrafnabjarga lögfesti „... eptir máldaga af Anno 1393 tédra jarda tödr og engjar, akra og skóga, hollt og haga, vötn og veidistadi, þær er jördunum fylgt hafa og fylga ber t(il) ytzu ummerkja þeirra, er adrir menn móti eiga ...“ Merkjum Hrafnabjarga gagnvart Hlíð og Miðdölum er lýst sérstaklega í lögfestunni en ekki merkjum ágreiningssvæðisins. Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Blönduhlíð 8. sama mánaðar.

Í umfjöllun um Ytri-Hrafnabjörg í jarðamati Dalasýslu 1849–1850 segir meðal annars: „... hagbeit lítil heim um sig og létt, en fjallland er tóluverdt og sæmil. gott.“ Aftur á móti er ekki getið um fjallland í tengslum við Fremri-Hrafnabjörg í jarðamatinu.

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* fyrir Dalasýslu frá 1851 segir m.a. eftirfarandi um Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg:

Næst fyrir framan Þorgeirstaðahl(ið) eru Ytri-Hrafnabjörg, og þá framar Fremri-Hrafnabjörg, og skilur lækur túnin. Fyrrum voru þessar jarðir báðar ásamt Seljalandi talin ein jörð, sem nú eru taldar þrjár [...] fyrir neðan Laugaá er Seljaland; sú jörð var bygd í Hrafnabjargarlandi hérumbil á öndverðri 17du öld ...

---

Einnig segir í sömu heimild:

Nýbýli eru engin í þessu prestakalli, öngvar eyðijarðir sem löngu hafa lag<s>t í eyði, og eru flest þeirra nefnd eftir jarðabókunum í Jarðatali Johnsens; þó eru auk þeirra þessi: Í Hrafnabjargalandi á Laugadal jörðin Laugar, hún var ekki komin í eyði 1393, en mun hafa lagst það í plágunni miklu eftir 1400. Annað kot var í Hrafnabjargarlandi utanvert við Kornamúlagil, sem hét Kornamúlakot. Í Hlíðarlandi var annað kot á Hafurshjöllum sem kallað var Hafurshjallakot. Í Tungulandi á Laugadal var Þjalakot.

Í fundargerð sveitarfundar sem haldinn var að Blönduhlíð samkvæmt boði sýslumanns 10. febrúar 1863 segir eftirfarandi:

1. Hvað géldfjár upprekstra snertir, játudu allir í einu hljódi, að hreppurinn ætti nóg upprekstrar lönd, ymist hvör jörð útaf fyrir sig, og ýmist sumar jarðir í Víðimúla á Sópandaskarði, sem er almenningsland, og Hörðdælir hafa hreinsad fyrir grenjum og leitad til rétta; nema bóndinn Björn Géstsson á Hrafnabjörgum áskilur sér rétt til frekari rannsóknar um hvört Víðimúli sé almenningsland eda ekki.

Með bréfi dagsettu 2. mars 1880 sendi hreppsnefnd Borgarhrepps bréf til hreppsnefndar Hörðadals vegna ágreinings um sveitarfélagamörk. Þar kemur fram að ágreiningur sé um „hvar landamerki sjeu, milli Borgarhrepps og Hörðadals ...“ Þá kemur fram að Víðidalur hafi verið „aðal þrætu efnið“ og óskað er eftir að Borgarhreppur samþykki að eftirfarandi merki: „frá Hrútagili (þar sem mjóadalsá fellur í það) uppí Víðimúlahornið vestan til og svo eptir miðju hans uppi. norður eptir, meðan ekki hallar norður af. og skal Víðidalur allur tilheira Borgarhrepp. eins víðt og vötnum deilir til hans.“ Jafnframt liggur fyrir bréf hreppsnefndar Hörðudalshrepps til oddvita Borgarhrepps, dagsett 15. nóvember 1883, varðandi sama ágreining. Þar segir meðal annars:

En þareð Hörðdælingar hafa álitid og vér einnig álitum en, að allur Víðidalur fyrir vestan Víðidalsá, og allur Víðimúli hafi verið og sé Hörðdælinga eign, og hefur verið í fleiri hundruð ár notað og hreinsað af Hörðdælingum án þess Borghreppingar hafi nokkurn tíma hirt um það land, eður gjört til kall til þess, þangað til Seljalandsrétt var aflögð en réttin bygd á Hólmanum, og gétum vér því ekki að svo komnu fallis á, eður samþykkt merki þau sem þér farið fram á í bréfi yðar og vonum vér að þér samþykkið landamerki þau sem verið hafa nefnil að Víðidalsá sé og verði landamerki milli Borgarhrepps og Hörðudals.

Með samningi dagsettum 25. febrúar 1892 var samið um að Borgarhreppur leigði Víðimúla af Hörðudalshreppi. Í leigusamningnum segir meðal annars: „Við

---

undirskrifaðir gerum svofeldan samning: að við Hörðdalingar leyjum afrjettarland okkar Víðimúla, Borghreppingum, til allra afnota fyrir 12kr. á ári í 5 ár, með öllum þeim skyldum og rjettindum, er á því hvíla, einnig að landið sje hreinsað af tóugrenjum ...“

Getið er um Laugar í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá 1884–1885. Þar segir:

Tunga heitir sama nafni enn, og stendr fyrir miðjum Hörðadal í tungunni milli Vífildals og Laugardals. Báðir þessir dalir ganga upp af Hörðadal; það sést af sögunni, að Laugardalr hefir þá og verið kallaðr Hörðadalr. Síðar mun þar hafa verið byggð bær, sem nú er fyrir löngu í eyði og hefir dalrinn þá fengið nafn af laug, sem þar hefir verið fyrir neðan bæinn.

Eins og áður segir er landamerkjabréf Seljalands dagsett 16. maí 1885 og þinglýst 28. sama mánaðar. Þeirri merkjalýsingu sem þar kemur fram hafa verið gerð skil hér að framan, að því leyti sem hún skiptir máli við úrlausn málsins.

Sem fyrr segir er landamerkjabréf „fyrir Hrafnabjörgum ytri og Hrafnabjörgum fremri í Hörðudal“, dagsett 18. maí 1885 og þinglýst 28. sama mánaðar. Sú merkjalýsing sem þar kemur fram er tvískipt. Annars vegar er þar lýst merkjum hins óumdeilda eignarlands Hrafnabjarga og fram kemur að Seljaland eigi „engjaítak fremst á Hrafnabjargaengjum“. Hins vegar er lýst merkjum „fjalllands“ sem Hrafnabjörg eigi, þ.e. ágreiningssvæðisins, á þann hátt sem fyrr greinir. Enn fremur segir í landamerkjabréfinu að eftir „máldaga Hrafnabjarga af anno 1393“ tilheyrir Hrafnabjörgum 20 geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal og að innan marka fjalllandsins eigi Seljaland „sambeit við Hrafnabjargabændur eptir jarðarmegni“. Ætla má að með orðinu „máldaga“ í landamerkjabréfinu sé átt við kaupbréfið frá 1393.

Í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* frá 1886 er kafli sem ber heitið „Örnefni í Snóksdals sókn“, eftir Jón Jónsson, bónda í Hlíð í Hörðudal. Þar segir eftirfarandi um Hrafnabjörg, Seljaland, Hrafnabjargakot og Laugar:

Hrafnabjörg; sú jörð er að norðanverðu í Hörðadal; hún dregr nafn af björgum, sem eru fyrir ofan bæinn. Nú eru tvær jarðir, er svo heita: fremri og ytri Hrafnabjörg; en fyrrum var þar ein jörð með Laugum, sem var í Hrafnabjarga landi, en síðan ásamt Seljalandi og Hrafnabjargakoti, og var þá jörðin öll talin LX hundraða, en á öndverðri átjándu öld voru ytri Hrafnabjörg byggð, og Hrafnabjargakot lagt þar til; urðu þá hvor Hrafnabjörgin XXV hundruð, en Seljaland X hundruð; það býli mun hafa byggt verið á fyrra hluta seytjándu aldar, og látið heita svo, þar það var byggt í sellandi Hrafnabjarga, en ekki í heimalandi. Nú eru allar þessar þrjár jarðir taldar eptir nýju mati um XLV hundruð.

Í sömu heimild segir einnig eftirfarandi um Laugar:

---

Laugar; þetta er eyðijörð á Laugadal, að vestanverðu í Hrafnabjarga landi; þessi jörð var byggð 1393, og mun hafa verið það löngu fyr, en nær hún hafi lagzt í eyði vita menn ekki, þó það sé líklegast, að það hafi orðið í plágunni miklu, eptir 1400. Í því landi, sem Laugum hefir tilheyrt, var Seljaland byggt, eins og áður er sagt. Það segja menn, að kirkja eða bænhús hafi verið á Laugum; og er all-líklegt, að þar hafi verið það bænhús, sem átti skóginn í Pálsholti (sem síðar verður getið), en það hafi ekki verið á Hrafnabjörgum, því menn hafa ekki getið þar um nokkurt bænhús. Bærinn Laugar hefir dregið nafn af fornri laug, sem hefir verið skammt fyrir neðan bæinn.

Enn fremur er í sömu heimild getið um sögn um fornan bæ í Sópandaskarði. Um þetta segir:

Sópandaskarð; það liggr milli Lángavatnsdals og Laugadals, og hefir þar alltaf verið þjóðvegr yfir, frá fyrstu byggingu landsins. Alþýðu sögn er, að bær hafi verið á skarðinu í fornöld, sem Sópandi hafi heitið, og hafi skarðið dregið nafn af bænum, en sé það satt, þá hefir bærinn að líkindum verið annaðhvort að vestanverðu á því, við Mjóadalsá, eða að austanverðu í Víðimúla, en hvergi sér þar nein deili til bæjarrústa eða girðinga, og væri það býli því lagt í eyði fyrir mjög löngum tíma.

Þá segir í sömu heimild að Mjóidalur sé í landi Hrafnabjarga. Um þetta segir: „Mjófidalur; hann liggr út úr Sópandaskarði til vestrs, móts við Austrárdal, sem gengr inn af Hítardal; þessi dalr er í Hrafnabjarga landi, og falla vötn af honum suðr til Lángavatnsdals.“

Hinn 9. október 1904 voru Benedikt Kristjánsson á Hóli og Einar Guðmundsson í Blönduhlíð útnefndir til að meta jörðina Ytri-Hrafnabjörg. Matsgerð þeirra er dagsett 14. sama mánaðar. Þar segir meðal annars: „[B]eitoland heldur lítið heima en fjalland mikið og gott.“

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá 1904 er fjallað um Laugar. Þar segir:

Inn frá Tungu í Hörðudal skiftist dalurinn í tvo langa arma. Eystri dalurinn er Vífildalur, og er enn byggður. Vestri armurinn heitir Laugadalur. Hann er nú óbyggður, en áður var þar einn bær, er hét að Laugum, og hefir dalurinn nafn af honum. Bærinn hefir staðið í grösugum hvammi, vestanmegin ár þeirrar, er eftir dalnum rennur. Utan til í hvamminum eru volgar uppsprettulindir, og hefir bærinn haft nafn af þeim. Rústirnar eru innantil í hvamminum. Þær eru í þrennu lagi og miklar um sig. En af því jarðvegur er þar mjúkur, eru þær allar ummyndaðar í þúfnabörð, og er ekki hægt að sjá fyrir tóftum með neinni vissu. Tvö þeirra eru saman inst í hvamminum, annað fjær fjallinu, hitt neðar. Hið þriðja er nær lautunum. Það er aflangt eftir stefnu dalsins, og

---

er sem votti fyrir laut eftir miðju þess. Gæti það verið bæjarrústin. En hvert þúfnabarðið fyrir sig hefir næga stærð til að vera bæjarrúst. Er að sjá að hér hafi verið stórhýsi. Enda eru góð skilyrði fyrir hendi til þess, að á þessum stað gæti verið stórbýli: Túnstæði mikið og gott til ræktunar. Engjar þar skamt frá, litlu innar; raunar eru þær ekki allvíðlendar, en mundu grasgefnar, ef um væri hirt. Útbeit er enn einkar góð þar á dalnum, og hefir þó verið enn betri meðan skógur var í hlíðum. Landrými er ærið. Það mun mega telja víst, að á þessum bæ hafi búið Lauga-Snorri, sem Sturlunga nefnir. [...] Verið getur, að Snorri Brandsson, er seldi Laugar 1399, hafi verið afkomandi hans, og borið nafn hans. Sú sala mun hafa orðið tilefni til þess að bygðin á Laugum var lögð niður. Hrafnabjörg eiga lítið landrými. Og þá er ábúandi Hrafnabjarga var orðinn eigandi Lauga, hlaut hann að sjá sér hag við að leggja bygð þar niður og nota jörðina sjálfur. Og enn í dag er land Lauga aðalbeitiland Hrafnabjarga.

Í fasteignamati Dalasýslu frá 1916–1918 kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um Ytri-Hrafnabjörg: „Nægilegt upprekstrarland, en erfitt til notkunar.“ Þá kemur nákvæmlega hið sama fram um Fremri-Hrafnabjörg í sama fasteignamati.

Í fundargerð hreppsfundar Hörðudalshrepps frá 30. apríl 1917 kemur fram að rætt hafi verið um sölu eða leigu á „fjall-lendinu Víðimúla“ og að fundurinn hafi samþykkt „að selja fyrir ákveðið verð, að öðrum kosti að leigja landið.“ Þá kemur fram að hreppsnefndinni hafi verið falin umsjá málsins og um leið bent á „sem samningsmenn við kaupendur þá Helga hreppstjóra á Ketilsstöðum og Þorstein oddvita á Bugðustöðum“ og þeir verið samþykktir. Þá er eftirfarandi bókað í fundargerð frá hreppsfundi að Blönduhlíð 7. desember 1917: „Talað var um að selja Víðimúla en jafnframt skorað á hreppsmenn að koma með tilboð sín í landið til oddvita innan hálf mánaðar.“

Með kaupsamningi dagsettum 28. júní 1918 sömdu Hörðudalshreppur og Hjörtur Sigurðsson, bóndi á Hrafnabjörgum, um kaup Hjartar á vesturhluta Víðimúla fyrir 260 kr. Merkjum hins selda er þar lýst á þann hátt sem að framan greinir. Afsal vegna kaupanna er dagsett 22. desember 1918 og því var þinglýst 8. júlí 1919. Jafnframt liggur fyrir kaupsamningur dagsettur 27. júní 1918 varðandi „innri hluta Víðidals, inn af Langavatnsdal“. Með samningnum var samið um kaup Borgarhrepps á umræddu svæði af Hörðudalshreppi. Þar er m.a. um að ræða austurhluta Víðimúla, sem liggur að suðaustanverðu ágreiningssvæðinu, og er merkjum lýst um „hákoll á Víðimúla“ eins og áður segir. Umsamið kaupverð var 260 kr. Afsal vegna kaupanna er dagsett 30. desember 1918. Þar kemur fram að afsalað sé „til fullrar eignar og afnota syðri hluta fjalllandsins Víðimúla með þeim ummerkjum, er [kaupsamningurinn] greinir ...“ Í máli nr. 1/2014 var niðurstaða óbyggðanefndar sú að umrætt svæði væri þjóðlenda og jafnframt afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi.

---

Í málinu liggur fyrir bréf Þorsteins Teitssonar í Hlíð í Hörðudal til sáttanefndarinnar í Suðurdalaumdæmi, dagsett 28. apríl 1919, þar sem hann kvartar yfir tilteknum atriðum sem varða sölu Hörðudalshrepps á Víðimúla til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum. Í bréfinu kveðst Þorsteinn hafa frétt að hreppsnefnd Hörðudalshrepps hafi árið áður selt „rjettarland hreppsins „Víðimúla“ til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum fyrir 520 kr.“ og jafnframt að Hjörtur hafi síðar selt „helming þessa afrjettarlands til Borghreppinga fyrir helming kaupverðsins“. Segir hann að sér finnist þetta vera „löglaus aðferð og ranglæti“ gagnvart sér sem hafi haft landið „að láni með leyfi hreppsnefndarinnar síðastliðið ár“. Telji hann sig því hafa þar „skílaus leiguliðarjettindi við að biðjast samkvæmt lögum um forkaupsrjett leiguliða frá 20. október 1905“. Kveðst hann hafa viljað nýta forkaupsrétt sinn og boðið sama verð og Borgarhreppur en oddviti hreppsins ekki fallist á að veita honum forkaupsréttinn, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hans þar að lútandi. Óskaði hann því eftir atbeina sáttanefndarinnar til að sætta málið milli hans og Hörðudalshrepps. Kæran var tekin fyrir á sáttafundi Suðurdalaumdæmis 23. maí 1919 að viðstöddum bæði kæranda og oddvita Hörðudalshrepps. Um það er bókað í gerðabók að sáttatilaunin hafi reynst árangurslaus og málinu hafi því verið vísað „eftir kröfu kæranda, til aðgerða dómstólanna“. Ekki liggja fyrir gögn um framhald málsins.

Fjallað er um Laugar í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1947. Þar segir:

Í Laugardal neðst var bærinn Laugar og mun hafa verið byggður fram undir síðaskipti, en fór þá í eyði og hefur ekki verið byggður síðan. Þar bjó Lauga-Snorri, einn af traustustu fylgismönnum Sturlunga. Dróg bærinn nafn sitt af laug, er hann stóð við. Þar er nú sundlaug Hörðdælinga. Milli Laugardals og Selárdals er Hólsfjall.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 kemur fram að Seljaland hafi upphaflega verið selstaða frá Hrafnabjörgum en verið orðið sérstakt býli um 1700. Þá segir þar m.a. eftirfarandi um Seljaland:

Sunnan við túnið í Seljalandi fellur Hundsgil hátt ofan úr Hundahnjúk og rennur í Laugá sem kemur sunnan úr Laugardal. Við gilið hefst afréttarland Hrafnabjarga. Dalurinn er nefndur eftir heitri uppsprettu neðst í honum innan við hálf tíma gang frá Seljalandi. Þar er talið að Lauga-Snorri Þórðarson hafi búið á 13. öld. Hann var einn af fylgismönnum Sturlunga og féll með þeim á Örlygsstöðum 1238. Jörðin sést enn nefnd í skjölum frá 15. öld þegar Loftur ríki Guttormsson er að ráðstafa eignum sínum. Á hinn bóginn er ekki getið um bæ þar í Jarðabók Árna og Páls árið 1703. Á 19. öld voru sagnir um að þar hefði jafnvel verið kirkja eða bænhús sem farið hefði í eyði í plágunni eftir 1400. Bæjarhól má sjá í grösugum hvammi innan við laugina.

---

Við uppsprettuna var hlaðin sundlaug úr torfi um 1915 og stofnað sundfélag. [...] Um 1930 var byggð þar steinsteypt laug og við þær framkvæmdir fundust leifar af mannvirki sem hefði getað verið forn setulaug.

[...]

Laugardalur er um 7 km langur, allbrattur ofan til og allur heldur þröngur með skriðurunnum hlíðum en gróðurgeirum á milli. Sunnan við bæjarhvamminn nokkru fyrir framan laugina eru lágir hólar og sunnan við þá seltættur sem sumir heimamen hafa viljað kalla Hólasel eða Hólakot en aðrir kannast ekki við það nafn. Innan við hólana fellur Gyltugil mjög litfagurt og verður til milli Hundahnjúks og Þórutinds sem er hæsta fjallið vestan dalsins. Gróðursælt er beggja vegna Gyltugils að neðanverðu og heita Óskvallaeyrar við ána en Óskvallahlíð inn að næsta stórgili sem heitir Sátugil. Niður við hana er Dýjahvammur og þar er önnur volg uppspretta.

[...]

Neðst í Fossmúla gengur sérstakur sandhryggur út að Mjóadalsá og vísar að Víðimúla. Hér heitir hann Sauðahryggur og er merkjalína milli afrétta Dala- og Mýramanna því bærinn Hrafnabjörg í Hörðudal á allan Mjóadal ásamt meirihluta Laugardals og einnig Þrúðudal og Þrúðufell. Merkjalína upp af Sauðahrygg liggur til vesturs upp Fossmúla og eftir brúnum í Tröllakirkju (941 m) og þaðan norður í Smjörhnjúk upp af Hólsbotni. Í norður frá Sauðahrygg er línan upp Víðimúla í Hrútaborg (856 m). Sýslumótin lágu á hinn bóginn um hátind Þrúðufells og þvert yfir Sópandaskarð og Hrútafell.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið benda fyrirbyggjandi heimildir ótvírætt til þess að Hrafnabjörg hafi verið jörð frá fornu fari. Um það vitnar sérstaklega kaupbréfið fyrir Hrafnabjörg frá 1393. Innan þeirra merkja sem þar er lýst er stærstur hluti ágreiningssvæðisins, eins og að framan greinir. Ljóst virðist að umræddur hluti ágreiningssvæðisins hafi á þeim tíma talist vera hluti af jörðinni Hrafnabjörgum, eða eftir atvikum Laugum, enda verður ekki séð að hann sé sérstaklega aðgreindur frá öðru landi Hrafnabjarga í kaupbréfinu. Við úrlausn málsins skiptir ekki meginmáli hvernig land Lauga afmarkaðist þar sem allt að einu virðist ljóst að það var innan þeirra merkja sem lýst er í kaupbréfinu, þar sem merkjum Hrafnabjarga og Lauga er lýst sameiginlega og án aðgreiningar. Þá benda aðrar fyrirbyggjandi heimildir jafnframt ótvírætt til þess að eftir að byggð lagðist af á Laugum hafi land Lauga talist til Hrafnabjarga. Raunar bendir það sem fram kemur um Laugar í *Sýslu- og sóknarlýsingum* fyrir Dalasýslu til þess að Laugar hafi verið byggðar í landi Hrafnabjarga, sbr. orðalagið: „sú jörð var bygd í



---

Hrafnabjargarlandi“, og: „Í Hrafnabjargalandi á Laugadal jörðin Laugar ...“ Þá benda heimildir til að ágreiningssvæðið hafi á þessum tíma verið samliggjandi öðru landi Hrafnabjarga en ekki aðgreint frá því af landi annarra jarða, enda hafði Seljalandi þá ekki verið skipt út úr Hrafnabjörgum.

Að teknu tilliti til alls þessa er að mati óbyggðanefndar rétt að leggja til grundvallar að það svæði sem afmarkað er í kaupbréfinu fyrir Hrafnabjörg frá 1393 hafi á þeim tíma allt talist til Hrafnabjarga og Lauga og haft sömu eignarréttarlegu stöðu. Umræddur hluti ágreiningssvæðisins er einnig innan þeirra merkja „fjalllands“ Hrafnabjarga sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 1885. Þegar landamerkjabréfið var gert hafði Seljalandi áður verið skipt út úr Hrafnabjörgum, á þann hátt að það land sem lagt var til Seljalands aðgreindi „fjallandið“ frá öðru landi Hrafnabjarga. Sú ráðstöfun gat þó ekki, ein og sér, orðið til þess að breyta eignarréttarlegri stöðu „fjallandsins“ frá því sem áður var. Að teknu tilliti til þessa bendir sú tvískipta merkjalýsing sem fram kemur í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885, þar sem annars vegar er lýst merkjum hins óumdeilda eignarlands Hrafnabjarga og hins vegar „fjallandsins“, að mati óbyggðanefndar ekki til þess að eignarréttarleg staða þessara tveggja svæða hafi verið mismunandi heldur má ætla að hún stafi einkum af því að á þeim tíma var „fjallandið“ aðskilið frá hinu óumdeilda eignarlandi Hrafnabjarga af landi Seljalands sem lá þar á milli og hafði áður verið skipt út úr Hrafnabjörgum. Að teknu tilliti til þessa telur óbyggðanefnd að tilvísun til ágreiningssvæðisins sem „afréttarlands“ Hrafnabjarga í síðari tíma heimildum feli fremur í sér tilvísun til notkunar svæðisins heldur en þess að það hafi aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðarinnar.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>302</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands. Því ræður það ekki úrslitum við úrlausn málsins þótt heimildir séu um seljabúskap á ágreiningssvæðinu.

Að mati óbyggðanefndar er ekki uppi sú staða að staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði mæli því sérstaklega í mót að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er innan merkja „fjallands“ Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1885 sé eignarland. Má í því sambandi nefna til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu jarða í Fljótshverfi í Skaftárhreppi. Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin

---

<sup>302</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Þá hefur ekki úrslitapýðingu í þessu sambandi þótt svæðið sé aðskilið frá öðru landi Hrafnabjarga. Vísast í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði).

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka „fjallands“ Hrafnabjarga, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Eftir stendur að skera úr um eignarréttarlega stöðu þess hluta ágreiningssvæðisins sem samkvæmt framangreindu er utan við lýst merki Hrafnabjarga samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1885 og kaupbréfinu frá 1393. Þar er nánar tiltekið um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem er austan við Hrútagil og línu sem dregin er frá Hrútagilsbotni í Hrútaborg og austur að sveitarfélaga- og sýslumörkum á svæðinu. Þessi hluti ágreiningssvæðisins er aftur á móti innan merkja afréttarlands Hörðdælinga samkvæmt landamerkjabréfi frá 1892 og jafnframt innan þeirra merkja sem fram koma í kaupsamingi Hjartar Sigurðssonar og Hörðudalshrepps um vesturhluta Víðimúla frá 1918. Í því sambandi skal þess þó getið að í síðastgreindum tveimur heimildum er merkjunum lýst í Hrútagilsbotn en samkvæmt kröfugerðum málsaðila eru merkin aftur á móti miðuð við Hrútaborg. Þar sem Hrútaborg rís upp af Hrútagilsbotni og heimildir um merki aðliggjandi jarða benda til að þau liggi um Hrútaborg á þessi afmörkun málsaðila sér þó viðhlítandi stoð í heimildum að mati óbyggðanefndar, enda er auk þess algengt að merki fasteigna liggi um vatnaskil.

Þar sem heimildir benda ekki til þess að umræddur hluti ágreiningssvæðisins sé innan merkja Hrafnabjarga stendur einkum eftir að leysa úr því hvort fyrir hendi séu önnur atriði sem stutt geti kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á svæðinu. Ekki liggja heldur fyrir í málinu heimildir um að þessi hluti ágreiningssvæðisins hafi nokkru sinni verið innan merkja annarra jarða.

Sem fyrr segir er í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* frá 1886 getið um munnmæli þess efnis að í fornöld hafi staðið bær annaðhvort við Mjóadalsá eða í Víðimúla. Þar sem ekkert liggur frekar fyrir um þetta og engar samtímaheimildir um byggð á svæðinu getur þetta atriði ekki haft þýðingu við úrlausn málsins.

Í áðurnefndri fundargerð sveitarfundar sem haldinn var að Blönduhlíð samkvæmt boði sýslumanns 10. febrúar 1863 er sem fyrr segir getið um Víðimúla sem „almenningsland“. Þá er getið um Víðimúla sem „afrjettarland“ í leigusamningi

---

Borgarhrepps og Hörðudalshrepps frá 25. febrúar 1892. Þá liggur fyrir að sömu hreppar áttu í deilu um mörk milli hreppanna á svæðinu, en ekki liggur fyrir að eigendur nærliggjandi jarða hafi verið aðilar að þeim ágreiningi. Þá liggur ekki fyrir að tilkall hreppanna til svæðisins hafi grundvallast á öðru en því að það hafi verið notað sem upprekstrarland.

Rætt var um sölu eða leigu á „fjall-lendinu Víðimúla“ á hreppsfundum Hörðudalshrepps 30. apríl 1917 samkvæmt fundargerð fundarins. Í yfirskrift kaupsamnings Hjartar Sigurðssonar, bónda á Hrafnabjörgum, og Hörðudalshrepps frá 28. júní 1918 er svæðið nefnt „fjallland Hörðudalshrepps“ og fram kemur að það selda sé „vesturhluti Víðimúla; með þeim ummerkjum“ sem lýst er í samningnum. Þá er getið um svæðið sem „fjallandið Vidimúla“ í afsalinu frá 22. desember sama ár. Í áður tilvitnuðu bréfi Þorsteins Teitssonar í Hlíð í Hörðudal til sáttanefndarinnar í Suðurdalaumdæmi, dagsettu 28. apríl 1919 er getið um svæðið sem „rjettarland hreppsins „Víðimúla““ og jafnframt vísað til þess sem „afrjettarlands“.

Efnislegt inntak lögskipta Hjartar Sigurðssonar og Hörðudalshrepps vegna kaupa Hjartar á Víðimúla 1918 verður að meta á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum viðtækari rétt en hann sjálfur átti. Getur því ekki haft úrslitabýðingu hvort aðilar að kaupunum litu sjálfir svo á að svæðið væri háð beinum eignarrétti. Þar sem engar heimildir liggja fyrir um að svæðið hafi fyrir þennan tíma verið innan merkja jarðar eru að mati óbyggðanefndar engar forsendur til annars en að líta svo á að kaupin hafi í reynd einungis falið í sér yfirfærslu óbeinna eignarréttinda en ekki beinna, nánar tiltekið afréttareignar.

Svæðið sem hér um ræðir er hálent og að því liggja þjóðlendur til austurs og suðurs, sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í máli þessu og máli nr. 1/2014. Þá liggja ekki fyrir heimildir um önnur not af svæðinu en takmarkaða nýtingu á borð við sumarreit fyrir búfé og engar heimildir benda til að þar hafi nokkru sinni verið byggð, ef frá eru talin munnmæli þess efnis að í fornöld hafi mögulega staðið bær í Víðimúla. Enn fremur bendir ekkert til að svæðið kunni að hafa verið innan marka annarra jarða en Hrafnabjarga við gerð kaupbréfsins frá 1393, við gerð landamerkjabréfsins frá 1885 eða á öðrum tímum. Verður því ekki séð að fyrir hendi séu neinar heimildir sem stutt geti þá niðurstöðu að umrætt svæði sé allt að einu háð beinum eignarrétti þrátt fyrir að vera utan marka Hrafnabjarga.

Í fyrirbyggjandi heimildum er svæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar samtímaheimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarreit og ef til vill aðrar takmarkaðar nytjar. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

---

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar, þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkst en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>303</sup>

Hvað varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram á að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa gagnaðila íslenska ríkisins fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. laganna. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem liggur suðaustan við merki Hrafnabjarga, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>304</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign gagnaðila íslenska ríkisins, en þeir leiða rétt sinn frá Hirti Sigurðssyni sem eignaðist réttindi yfir svæðinu með áðurnefndum kaupum árið 1918. Við nánari afmörkun þjóðlendunnar þykir rétt að miða mörkin að suðaustanverðu við afmörkun þjóðlendunnar Víðidals, sem liggur suðaustan við ágreiningssvæðið, en

---

<sup>303</sup> Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>304</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

þeim merkjum er lýst í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014. Þá þykir rétt að línan fylgi vatnaskilum frá botni Hrútagils í Hrútaborg.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að vesturhluti Víðimúla, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Mjóadalsá er fylgt frá Sauðahrygg þar til Hrútagil fellur í hana. Þaðan er Hrútagili fylgt inn í Hrútagilsbotn og þaðan er línan dregin um vatnaskil í Hrútaborg. Þaðan er línan dregin eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum um Víðimúla að Mjóadalsá við Sauðahrygg, sem er upphafspunktur.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.7 Botn við Svínbjúg**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er vísað til sem Botns við Svínbjúg en einnig er nefnt Hólsbotn eða Snóksdalsbotn (Snóksdalsbotnar) í heimildum. Eigendur jarðarinnar Blönduhlíðar gera kröfu til þessa svæðis sem eignarlands síns og byggja á því að þáverandi eigandi Blönduhlíðar hafi eignast svæðið með afsali frá Snóksdalskirkju árið 1908. Heimildir frá 14. öld og þar til snemma á 20. öld herma að Snóksdalskirkja hafi á þeim tíma kallað til réttinda á svæðinu. Bæjarstæði Snóksdals er í samnefndum dal norðvestan í Bæjarhálsi milli Hörðudalsár og Miðár. Frá bæjarstæðinu eru 6–7 km í beinni loftlínu að mörkum ágreiningssvæðisins. Frá bæjarstæði Blönduhlíðar eru um 5,5 km í beinni loftlínu að norðausturhorni þess á Hundahnjúki. Óumdeilt eignarland Snóksdals er ekki aðliggjandi ágreiningssvæðinu heldur liggur land annarra jarða þar á milli. Heimildir benda ekki til að þær jarðir hafi nokkru sinni tilheyrð Snóksdalskirkju. Næsta jörð norðan ágreiningssvæðisins er Hóll í Hörðudal. Frá bæjarstæði Hóls að toppi Hundahnjúks, á norðausturhorni ágreiningssvæðisins, eru rúmir 3 km í beinni loftlínu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.8.

Ágreiningssvæðið afmarkast af fjöllum til allra átta nema norðurs, þar sem Þórugil skilur svæðið frá landi Hóls. Innan þess er allmikið undirlendi í vel innan við 200 m hæð yfir sjávarmáli og mjög vel gróið. Að austanverðu skilur Hólsfjall svæðið frá fjalllendi Hrafnabjarga sem fjallað er um í kafla 6.6 hér að framan. Á Hólsfjalli rís Þórutindur hæst í 791 m hæð yfir sjávarmáli, samkvæmt fyrirliggjandi kröfulínukortum og kortum á vefsíðu Landmælinga Íslands, Þrúdufell í 612 m hæð og Urðarmúli í 686 m hæð. Að vestanverðu skilur fjallið Burst ágreiningssvæðið frá landi Selárdals, en Burst rís hæst í 421 m hæð samkvæmt sömu kortum. Að sunnanverðu skilja

---

Smjörhnúkar,<sup>305</sup> ágreiningssvæðið frá fjalllendi Hraunhrepps sem fjallað var um í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014, sem kveðinn var upp 11. október 2016. Eðli málsins samkvæmt er gróður minni í fjöllunum á ágreiningssvæðinu heldur en á undirlendinu.<sup>306</sup>

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, að því er varðar þjóðlendukröfur í Dalasýslu, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins í málinu teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, hafi beinn eignarréttur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarbeitar fyrir sauðfé.

---

<sup>305</sup> Í kröfulýsingum málsaðila er vísað til *Smjörhnúka* (í fleirtölu). Það er í samræmi við sumar heimildir og kort sem liggja fyrir í málinu. Í sumum öðrum heimildum, t.d. örnefnaskrá, er þó getið um *Smjörhnúk* (í eintölu). Í umfjölluninni sem hér fer á eftir er jafnan vísað til *Smjörhnúka*.

<sup>306</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfur á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Í *Landnámu* sé greint frá því að Dalasýsla hafi upphaflega skipst í fjögur landnámssvæði. Auður hin djúpúðga hafi numið Suðurdali alla og nær alla Hvammssveit og hafi skipt löndum með frændum sínum og skipverjum. Kjallakur gamli hafi numið Meðalfellsströnd alla utan frá Klofningi, inn fyrir Ketilsstaði í Hvammssveit og inn að Dögurðará. Þar hafi tekið við landnám Geirmundar heljarskinns sem hafi náð inn fyrir Búðardal (vestri) að Klofasteinum á Nýpurhlið. Virðist hann hafa numið land að Fábeinsá. Steinólfur lági hafi síðan numið land frá Klofasteinum að Steinvallarmúla og því numið allan Saurbæ. Þá segi *Landnáma* að Sléttu-Björn hafi numið Saurbæ að ráði Steinólfs.

Af heimildum um landnám á svæði því sem Þjóðlendukröfur íslenska ríkisins nái yfir verði ekki ráðið að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan Þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna, og/eða staðhættir, bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að eigendur jarðanna hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í Þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar séu á vefsíðu nefndarinnar.

Að því er varðar sérstaklega þau svæði í Hörðudalshreppi sem íslenska ríkið gerir kröfur til er tekið fram af hálfu ríkisins að líklegt sé að einhver hluti þess svæðis sem lýst er í kröfulýsingunni hafi verið innan landnáms. Hins vegar séu landnámslýsingar óljósar um afmörkun þess svæðis sem numið var. Þá er á því byggt að hafi svæðin verið numin hafi það ekki verið með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, heldur aðeins takmörkuð eignarréttindi, svo sem afréttarnot, eða þá að beinn eignarréttur hafi síðar fallið niður, hafi svæðin á annað borð verið numin til eignar, og svæðin verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Sé svæðanna enda að jafnaði einungis getið í tengslum við afréttarnot eða aðra takmarkaða nýtingu í heimildum.

Hvað varðar Botn við Svínjúg er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að svæðið sé utan eignarlanda og teljist því Þjóðlenda. Verði að telja að af fyrirliggjandi heimildum og landfræðilegum aðstæðum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvergi sé að finna sjálfstæða lýsingu á merkjum svæðisins. Fyrirliggjandi heimildir, t.d. landamerkjabréf aðliggjandi jarða, gefi til kynna að svæðið sé ekki undirorpið beinum eignarrétti. Þar sem ekki sé að finna sjálfstæða lýsingu á merkjum svæðisins í fyrirliggjandi heimildum sé við afmörkun Þjóðlendukröfulínu því stuðst við sýslumörk til suðurs og afmörkun landamerkja aðliggjandi svæða í fyrirliggjandi heimildum.

---

Upphafspunktur sé Smjörhnúkar (1), sem sé á sýslumörkum Dala- og Mýrasýslu, sem jafnframt séu mörk sveitarfélaga og kröfulýsingarsvæðis. Sýslumörkum sé fylgt þaðan vestur að gili því sem sé við brún Svínbjúgs og sem renni þar til suðurs (2). Þaðan sé farið til norðurs og eftir Burstarhrygg (3) eftir því sem vötnum halli, að ármótum Burstarár og Skraumu (4). Hér sé miðað við sýslumörk og lýsingar í landamerkjabréfi fyrir jörðina Selárdal, gerðu 17. mars 1882, sem liggi vestan við Þjóðlendukröfusvæðið.

Frá ármótum Burstarár og Skraumu (4) sé farið suður eftir Skraumu að Þórugili (5) og giliinu fylgt upp á háfjall (6) og áfram eftir hábrúnum og vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7). Áfram á hábrúnum suður og síðan vestur í fyrrnefnda Smjörhnúka (1), sem jafnframt séu upphafspunktur. Hér sé litið til lýsingar í landamerkjabréfi fyrir jörðina Hól í Hörðudal, gerðu 16. maí 1884, er liggi norðan við Þjóðlendukröfusvæðið, þar sem merki jarðarinnar til suðurs byrji í Þórugilsbotni, norðvestan við Þórutind, og ráði gilið ofan til Botnsár (Skraumu). Einnig sé hér miðað við afmörkun á Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna fjalllendis Hrafnabjarga, en það svæði sé afmarkað í landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg, ytri og fremri, gerðu 28. maí 1885.

Fram kemur af hálfu íslenska ríkisins að af elstu heimildum virðist mega ráða að svæðið hafi, a.m.k. að hluta, tilheyrt kirkjunni í Snóksdal, sem hafi átt þar takmörkuð réttindi í formi selstöðu. Er í því sambandi vísað til máldaga Snóksdalskirkju frá 1340, Hítardalsbókar frá 1367, Vilchinsmáldaga frá 1397 og máldaga Snókdalskirkju frá 1491, þar sem vísað sé til þess að kirkjan eigi m.a. „botnn hia svijnbiugi“ eða „halfann botnnn hia suijnbuig“. Er jafnframt vísað til umfjöllunar um Snóksdal í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* þar sem segi meðal annars: „Selstaða heyrir þar til, sem kirkja á, á Botni við Svínbjúg; hefur verið góð og er enn. Nú hefur hún í lánga tíma ei brúkuð verið; er þó að stóru gagni, en mjög langt til.“ Í *Sýslu- og sóknalýsingum Dalasýslu* sé síðan vísað til þess að „eftir máldögum“ eigi kirkjan að Snóksdal Botn hjá Svínbjúg. Þyki framangreindar heimildir benda til þess að ekki hafi verið um að ræða beinan eignarrétt að svæðinu heldur fremur takmörkuð réttindi. Sé Botns við Svínbjúg (Hólsbotns) enda getið samhliða öðrum svæðum þar sem kirkjan í Snóksdal hafi átt takmörkuð réttindi og sem aðgreind séu frá heimalandi kirkjunnar. Tíu prófastsvisitasiur að Snóksdal frá árabílinu 1721–1866 hermi til dæmis að kirkjan í Snóksdal hafi átt Botn við Svínbjúg. Í greinargerð Orms Daðasonar um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu frá 1744 segi að kirkjan í Snóksdal eigi meðal annars „... Botn hjá Svinbug beytarland“.

Einnig er af hálfu íslenska ríkisins vísað til þess að í jarðamati Dalasýslu 1849–1850 sé „landplássid Snókdalsbotn“ sérstaklega aðskilið frá heimajörðinni Snóksdal og það verðlagt sérstaklega. Auk þess sé ekki minnst á Botn við Svínbjúg (Hólsbotn) í landamerkjabréfi fyrir Snóksdal og Gilsbakka, gerðu 22. maí 1886, og merki jarðanna nái ekki til svæðisins. Þá sé það landfræðilega aðskilið frá heimalandi kirkjunnar í Snóksdal af öðrum jörðum.



---

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins vegna Botns við Svínbjúg (Hólsbotns) liggja þannig utan landamerkjabréfa og landamerkjálýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé og ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir svæðinu.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu eigenda Blönduhlíðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hefði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleyfi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichalopoulos

---

gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur og fleiri gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætianlegu trausti á réttargerningi sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjalaga nr. 5/1882 og síðan 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum, enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hveðrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið, sem hér er deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms í Dalasýslu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Fram kemur af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að krafa þeirra sé byggð á þinglýstum afsölum, lögfestum og máldögum fyrir Snóksdal. Einnig er vísað til *Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, en þar segi að Snóksdalskirkju tilheyri selstaða á Botni við Svínbjúg sem sé góð og sé þar enn. Selstaða hafi vanalegast verið í heimalandi sem renni stöðum undir að um beinan eignarrétt að landsvæðinu sé um að ræða. Í jarðamati Dalasýslu frá árunum 1849–1850 sé landsplássins Snóksdalsbotns getið

---

sérstaklega með Snóksdal og það sérstaklega verðlagt. Sömu leiðis segi í *Sýslu- og sóknalýsingu* Dalasýslu að Snóksdalskirkja eigi Botn hjá Svínbjúg.

Vísi landeigendur til heimildarskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt landeigenda Botns við Svínbjúg í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir jörðina Hól í Hörðudal frá 16. maí 1884, landamerkjabréf fyrir jörðina Hrafnabjörg fremri og ytri í Hörðudal frá 18. maí 1885 og landamerkjalyýsingu fyrir jörðina Selárdal í Hörðudal frá maí 1883. Landamerkjabréfin hafi verið árituð um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesin.

Einnig sé vísað til tíu vísitasía prófasts að Snóksdal á árabílinu 1721–1866 þar sem fram komi að kirkjan í Snóksdal eigi Botn við Svínbjúg; árin 1721, 1726, 1733, 1742, 1753, 1803, 1807, 1820, 1849 og 1866. Einnig sé vísað til vísitasía biskups frá 1340, 1639, 1675, 1699, 1710, 1725, 1750, 1758, 1782 og 1827, máldaga Snóksdalskirkju frá 1340, Hítardalsbók frá 1367, máldaga Vilchins biskups fyrir Snóksdalskirkju frá árinu 1397 og máldaga Snóksdalskirkju frá 1491, en í þeim segi meðal annars að Snóksdalskirkja eigi Botn hjá Svínbjúg.

Botn við Svínbjúg hafi verið seldur frá Snóksdalskirkju til bóndans í Blönduhlíð á þeim tíma, Einars Guðmundssonar, með kaupsamningi dagsettum 6. janúar 1904 samkvæmt afsali útgefnu af því tilefni 4. september 1908 og hafi tilheyrt jörðinni Blönduhlíð upp frá því. Í afsalínu segi að bóndinn í Blönduhlíð sé réttur eigandi að öllum Snóksdalsbotni og sé með því vísað til Botns við Svínbjúg.

Að auki sé vísað til fjölmargra skjala sem lögð hafi verið fram í málinu þar sem þess sé getið að selstaða hafi verið í Botni við Svínbjúg, sbr. meðal annars *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þar sem segi að Snóksdalskirkju tilheyri selstaða á Botni við Svínbjúg sem sé góð og sé þar enn. Selstaða sé vanalegast í heimalandi sem renni stoðum undir að um beinan eignarrétt sé að ræða.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt land jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti. Það eitt að Botn við Svínbjúg sé staðsettur í einhverri fjarlægð frá hinum hluta jarðarinnar Snóksdals eða síðar jarðarinnar Blönduhlíðar geti ekki eitt og sér leitt til þess að ekki sé fyrir að fara beinum eignarrétti eins og gengið hafi verið út frá í aldanna rás, líkt og sjá megi af þeim gögnum sem fyrir hendi séu. Það að þessu svæði hafi verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar liggi beinast við að sé tilkomið vegna þess að það hafi verið landfræðilega aðskilið frá heimalandi, en ekki vegna þess að það landsvæði hafi verið undirorpið annars konar eignarrétti, enda sé ekkert fram komið sem bendi til þess.

Sérstaklega sé vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið, svo sem máldaga, vísitasíugerða og fleiri jarðaskjala er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið stofnun eignarréttar við landnám. Land jarðarinnar Snóksdals hafi greinilega allt verið innan

---

landnáms, þ.m.t. Botn við Svínbjúg, og hafi verið byggt á því alla tíð. Það megi sjá á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði sé eign Snóksdalskirkju á sama máta og annað landsvæði hennar.

Á því sé byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land í Dölum hafi verið háð beinum eignarrétti.

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur / Hvammsheiði í Pistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að landamerkjálýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjáláganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þar með eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. áðurnefndan dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu svæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggja að allt land í Dalasýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land í Dölum hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars bréf frá skrifstofu Dalasýslu frá 4. september 1920 til Stjórnarráðs Íslands þar sem komi fram að spurst hafi verið fyrir um afréttarlönd og almenninga hjá öllum

---

hrepptjórum Dalasýslu og samkvæmt yfirlýsingum þeirra hafi engir almenningar verið í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki hafi heyrt lögbýli til. Einnig sé vísað til svarbréfs oddvita Hörðudalshrepps til félagsmálaráðuneytisins, dagsetts 14. nóvember 1989, þar sem fram komi að íbúar Hörðudalshrepps eigi engan upprekstrarrétt í neinn afrétt og enginn afréttur liggi innan marka sveitarfélagsins.

Pótt heimalönd sumra stórjarða séu geysivíðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli 722/2009 (Hvammur/Hvammshéiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls).

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji við þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin umlukin öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti, „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að það hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að landsvæði þetta hafi ætíð fylgt Snóksdal og síðar Blönduhlíð, sbr. orðalag í elstu heimildum. Ítreka beri hve geysiverðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi hvað þetta varðar benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka hafi verið meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að jarðir þær sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að land innan merkja ágreiningssvæðisins sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Eigendur hafi farið með öll hefð-

---

bundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t eignarskatta.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og sé hún vissulega skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í dómi Hæstaréttar frá 1955, bls. 108 í dómasafni (fyrrri Landmannaafréttardómur) sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Sama megi lesa út úr lokamálgrein 3. gr. Þjóðlendlaga.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort sem það sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að ræða.

Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1997, bls. 2792, (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1939, bls. 28, (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi vefengingarkröfu á hendur eigendum Blönduhlíðar sé ljóst að hún sé nú löngu niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðilanna verið þinglýst athugasemdalaust.

Í ljósi ofangreindra heimilda telji gagnaðilar íslenska ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfars og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. við mannréttindasáttmála Evrópu, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar.

---

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilarnir þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins byggist m.a á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðisins og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu gagnaðilanna. Um landsvæðið vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfulýsingu gagnaðila. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en allt land í Dölum hafi verið numið í öndverðu.

Gagnaðilar íslenska ríkisins leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú viðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem byggist á almennum óskráðum meginreglum stjórnarsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar, sem lögfest hafi verið í 12. gr. stjórnarsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi þeim er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði. Í ljósi þess að ríkið geri varakröfu í máli þessu verði aldrei hægt að fallast á aðalkröfu þess þar sem sú krafa muni alltaf ganga lengra og sé því meira íþyngjandi fyrir málsaðila en varakrafan.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Landeigendur

---

telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðinni. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands einnig komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), þótt rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vísa sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttinasáttmálann, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum mannréttindadómstólsins verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar í dómasafni 1960, bls. 786, (Skeljabrekka) og dóm Hæstaréttar í dómasafni 1994, bls. 2227, (Geitland). Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.



---

Röksemdir fjármála- og efnahagsráðherra þess efnis að svæðið hafi ekki verið numið til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota, séu ósannaðar. Svæðið hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Viðirhóls, Hólssels og Nýhóls á Hólsfjöllum), að landnám hafi almennt verið samfelt á Íslandi. Ríkið viðurkenni að land aðliggjandi jörðinni sé eignarland og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Um lagarök er af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Botns við Svínbjúg er rakin í kafla 5.7 hér að framan.

Kemur hér fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Botns við Svínbjúg. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Hvorki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Botn við Svínbjúg né aðrar heimildir þar sem merkjum svæðisins er lýst og stafa frá þar til bærum eigendum eða umráðamönnum þess. Afmörkun svæðisins verður því einkum ráðin af landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða. Merkjum svæðisins er þó að hluta til lýst í kaflanum „Örnefni í Snóksdals sókn“ eftir Jón Jónsson, bónda í Hlíð í Hörðudal, sem birtist í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, öðru bindi, gefnu út af Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 1886. Verður því höfð hliðsjón af þeirri heimild við athugun merkjanna. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austan við ágreiningssvæðið er fjalllendi Hrafnabjarga sem fjallað er um í kafla 6.6 hér að framan. Norðan ágreiningssvæðisins er óumdeilt eignarland jarðarinnar Hóls

---

í Hörðudal, vestan þess óumdeilt eignarland jarðarinnar Selárdals og sunnan þess fjallendi Hraunhrepps sem fjallað var um í máli nr. 1/2014 hjá óbyggðanefnd. Fyrir liggur landamerkjabréf „fyrir Hrafnabjörgum ytri og Hrafnabjörgum fremri í Hörðudal“, dagsett 18. maí 1885 og þinglýst 28. sama mánaðar.<sup>307</sup> Einnig liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Hól í Hörðudal, dagsett 16. maí 1884 og þinglýst 19. sama mánaðar.<sup>308</sup> Þá liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Selárdal sem þinglesið var 19. maí 1884. Bréfið er ódagsett en þó kemur fram að það sé „Gjört í maí 1883“.<sup>309</sup> Enn fremur liggur fyrir landamerkjabréf fyrir afréttarland Hraunhrepps, dagsett 19. júní 1923 og þinglýst 21. júní 1924.<sup>310</sup> Auk landamerkjabréfanna liggja fyrir eldri heimildir um merki Hrafnabjarga og Hóls í Hörðudal, þ.e. kaupbréf, dagsett 31. desember 1393, þar sem merkjum Hrafnabjarga er lýst, og lögfesta Árna Geirssonar fyrir Hól í Hörðudal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Blönduhlíð 14. maí 1691, þar sem merkjum Hóls er lýst.

Verða nú austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 1885 er þeim hluta vesturmerkja „fjalllands“ Hrafnabjarga sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „... ofan að Hundsgili, eftir fyrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórutind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki fyrir hönd eiganda „meiri hluta Snóksdals“ (handsalað). Í kafla 6.6 hér að framan er þessi merkjalýsing borin saman við einu eldri heimildina sem liggur fyrir um þennan hluta merkja fjallendis Hrafnabjarga, þ.e. kaupbréf fyrir Hrafnabjörg frá 1393, og komist að þeirri niðurstöðu að samræmi sé milli landamerkjabréfsins og kaupbréfsins um þennan hluta merkjanna. Hvað það atriði varðar vísast til þeirrar umfjöllunar.

Í kröfulýsingu íslenska ríkisins er austurmerkjum Botns við Svínbjúg lýst svo: „... að Þórugili (5), úr gilbotninum er farið upp á háfjall (6) og áfram eftir hábrúnum og á vatnaskilum suður yfir Þrúðufell (7), áfram suður eftir hábrúnum og síðan vestur yfir Urðarmúla (8) og þaðan í Smjörhnjúka (1) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessi hluti kröfulínunnar dreginn svo, með vísan til landamerkjabréfs Hrafnabjarga frá 1885: „... á hæstu brún (Hundahnúkur) (5), eftir fjallseggjum suður á Þórutind (6–7), þaðan eftir háeggjum syðst á Urðarmúla (8–9).“ Þó svo að kröfugerðir málsaðila séu að þessu leyti orðaðar með mismunandi hætti er samræmi milli legu kröfulínanna á framlögðum kröfulínukortum.

Að mati óbyggðanefndar er lega kröfulína málsaðila að þessu leyti í samræmi við landamerkjabréf Hrafnabjarga frá 1885, enda eru kröfulýsingar bæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess að þessu leyti miðaðar við þá merkjalýsingu sem þar kemur

---

<sup>307</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Hrafnabjarga frá 1885.

<sup>308</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Hóls í Hörðudal frá 1884.

<sup>309</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs Selárdals frá 1883.

<sup>310</sup> Hér eftir er jafnan vísað til þessa skjals sem landamerkjabréfs afréttarlands Hraunhrepps frá 1923.

---

fram. Þótt kröfulýsingar málsaðila séu orðaðar með öðrum hætti en landamerkjabréfið veldur það ekki misræmi, enda verður landamerkjabréfið að mati óbyggðanefndar helst túlkað á þann veg að umræddur hluti merkjanna liggi um hæstu fjallsbrúnir, þ.e. vatnaskil, eins og gert er ráð fyrir í kröfugerðum málsaðila. Smjörhnúkar eru að vísu ekki nefndir í landamerkjabréfinu. Að teknu tilliti til staðhátta á svæðinu og merkjalýsingar landamerkjabréfsins að öðru leyti verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að vesturmerki fjallendis Hrafnabjarga liggi um Smjörhnúka, milli Urðarmúla og tjarnarinnar í Mjóadalsdrögum, fremur en að þau liggi þvert yfir innsta hluta Þrúðudals, milli Urðarmúla og Tjarnarinnar, enda liggja vatnaskil á svæðinu um Smjörhnúka. Í því sambandi er litið til þess að eftirfarandi texti í kaupbréfi fyrir Hrafnabjörg frá 1393 bendir til þess að vatnaskil hafi ráðið merkjum svæðisins: „... Enn land so sem vatnsfoll deila. Laugadal allan badum meigin upp í Botn ...“

Næst verða suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Í landamerkjabréfi afréttarlands Hraunhrepps frá 1923 er þeim hluta norðurmerkjanna sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo: „... í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum, þaðan eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal, svo og eins og Bustarhryggur og hæstu Svínbjúgsleyti deila vötnum alla leið eftir hæðstu brúnum Þröskuldardals ...“ Þessi hluti landamerkjabréfsins hefur ekki að geyma áritun vegna Botns við Svínbjúg.

Tilvitnuð merkjalýsing landamerkjabréfsins felur í sér að norðurmerkjum afréttarlands Hraunhrepps er lýst um vatnaskil. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Þar kemur fram að þau eru nærri legu sveitarfélaga- og sýslumarkanna, eins og þau mörk eru teiknuð á kort, milli Smjörhnúka og Svínbjúgs. Þó er lítills háttar mismunur á legu annars vegar sýslu- og sveitarfélagamarkanna á kortum og hins vegar vatnaskilanna milli Smjörhnúka og Svínbjúgs, ýmist á þann veg að vatnaskilin eru litlu norðar eða litlu sunnar.

Af hálfu íslenska ríkisins eru suðurmerkin dregin svo:

Upphafspunktur er Smjörhnjúkar (1), sem er á sýslumörkum sem jafnframt eru mörk sveitarfélaga og kröfusvæðis, þaðan er sýslumörkum fylgt vestur að gili því sem er við brún Svínbjúgs og sem rennur þar til suðurs (2), en þessi staður er jafnframt á sýslumörkum ...

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessi hluti kröfulínunnar dreginn með sama hætti og kröfulína íslenska ríkisins, án þess þó að þessum hluta merkjanna sé lýst sérstaklega í kröfugerð þeirra. Af kröfugerðinni verður þó ótvírætt ráðið að hún tekur til landsins allt suður að kröfulínu mörkum svæðis 9A gagnvart svæði 8B, eins og þjóðlendukrafa íslenska ríkisins.

Við meðferð málsins, eftir að kröfum málsaðila var lýst, tók óbyggðanefnd ákvörðun um að færa mörk milli svæða 9A og 8B, sunnan Botns við Svínbjúg, til samræmis við fram komin gögn frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu vatnaskila þar á milli. Eftir að sú breyting var gerð lýstu málsaðilar því yfir að kröfulínur þeirra skyldu

---

fylgja hinum nýju svæðamörkum. Að sunnanverðu eru því endanlegar kröfulínur málsaðila miðaðar við vatnaskil.

Að mati óbyggðanefndar eru kröfulínur málsaðila, hvað suðurmerki ágreiningssvæðisins varðar, í samræmi við landamerkjabréf afréttarlands Hraunhrepps frá 1923, enda eru þær miðaðar við vatnaskil.

Næst verða vesturmerki ágreiningssvæðisins skoðuð. Í landamerkjabréfi Selárdals frá 1883 er austurmerkjum jarðarinnar lýst svo:

Frá veginum á Svínabjúgsbrún austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgnum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg, eptir Bustarhryggnum í armótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt ...

Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Botns við Svínbjúg. Í kaflanum „Örnefni í Snóksdals sókn“ sem birtist í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, frá 1886, segir að „Bustar- eða Svínbjúgs-hryggr“ ráði merkjum svæðisins að vestanverðu. Það kemur heim og saman við tilvitnaðan texta í landamerkjabréfi Selárdals.

Af hálfu íslenska ríkisins er kröfulínan sem afmarkar ágreiningssvæðið að vestanverðu dregin svo:

... að gili því sem er við brún Svínsbjúgs og sem rennur þar til suðurs (2), en þessi staður er jafnframt á sýslumörkum, þaðan er farið til norðurs eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg (3) og eftir háhryggnum að ármótum Bustarár og Skraumu (4) ...

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínan að þessu leyti miðuð við landamerkjabréf Selárdals frá 1883 og henni lýst svo: „... inn á Bustarhrygg (1–2), eptir Bustarhryggnum í ármótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt (3) ...“ Kröfulínur málsaðila eru að þessu leyti dregnar með sama hætti á framlögð kröfulínukort. Þar er syðsti hluti vesturmerkjanna af þeirra hálfu dreginn vestar heldur en vatnaskilin milli Botns og Selárdals liggja samkvæmt gögnum sem óbyggðanefnd aflaði frá Veðurstofu Íslands vegna meðferðar málsins. Nánar verður fjallað um þýðingu þess hér á eftir.

Samkvæmt því sem hér var rakið er syðsti hluti vesturmerkja ágreiningssvæðisins af hálfu íslenska ríkisins dreginn frá „gili því sem er við brún Svínbjúgs og sem rennur þaðan til suðurs“. Þessi afmörkun er í samræmi við landamerkjabréf Selárdals frá 1883, þar sem umræddum hluta merkjanna er lýst „... að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgnum ...“ Gagnaðilar íslenska ríkisins miða jafnframt þennan hluta merkjanna við umrætt landamerkjabréf Selárdals.

Af hálfu íslenska ríkisins er merkjunum, eins og áður segir, lýst svo eftir Bustarhrygg: „... eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg (3) og eftir háhryggnum ...“ og af hálfu gagnaðilanna „... inn á Bustarhrygg (1–2), eptir Bustarhryggnum í

---

ármótin ...“ Þá er tilsvarendi lýsing í landamerkjabréfi Selárdals eftirfarandi: „... eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg, eptir Bustarhryggnum í armótin ...“ Að mati óbyggðanefndar er nærtækast að túlka tilvitnaðan texta landamerkjabréfsins svo að merkin liggi um efsta hluta Bustarhryggjar, þ.e. vatnaskil. Kröfugerðir málsaðila eru í samræmi við þá túlkun.

Nyrsta hluta vesturmerkja ágreiningssvæðisins er sem fyrr segir lýst svo af hálfu íslenska ríkisins: „... eftir háhryggnum að ármótum Bustarár og Skraumu (4) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum sama hluta merkjanna lýst svo: „... eptir Bustarhryggnum í ármótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt (3) ...“ Þá er nyrsta hluta vesturmerkjanna lýst svo í landamerkjabréfi Selárdals: „... eptir Bustarhryggnum í armótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt ...“ Af hálfu íslenska ríkisins er þannig vísað til ármóta Bustarár og Skraumu en af hálfu gagnaðila þess er vísað til ármóta Bustarár og Botnsár, eins og gert er í landamerkjabréfinu. Bustarár og Botnsá eru merktar inn á framlögð kröfulínukort og Skrauma er þar einnig merkt sem heiti á ánni neðar í dalnum, eftir að Bustará og Botnsá renna saman. Að teknu tilliti til þessa, sem og þess að málsaðilar staðsetja ármótin með sama hætti á kröfulínukortið, þrátt fyrir umræddan mun á texta kröfugerðanna, er það að mati óbyggðanefndar engum vafa undirorpið að kröfulýsingar málsaðilanna eru í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á vestanverðu ágreiningssvæðinu, sem fram kemur í texta kröfugerða þeirra, sé í samræmi við landamerkjabréf Selárdals frá 1883. Sem fyrr segir eru kröfulínur þeirra, að því er varðar syðsta hluta vesturmerkjanna, þó dregnar vestar á framlögð kröfulínukort heldur en vatnaskil milli Botns og Selárdals, þó svo að vatnaskilin ráði þessum hluta merkja Selárdals samkvæmt landamerkjabréfinu, sbr. orðalagið: „... þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg ...“ Allt að einu verður að telja að land Botns við Svínbjúg liggi að þessu leyti að landi Selárdals á vatnaskilum, sem er í samræmi við texta kröfugerða málsaðila. Þar sem ljóst er að miðað er við það í kröfugerð íslenska ríkisins að kröfulínan fylgi þarna merkjum Selárdals, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfinu, þrátt fyrir að línan sé dregin með öðrum hætti á framlagt kröfulínukort, þótti ekki tilefni til þess við úrlausn málsins að gefa eigendum Selárdals kost á að gerast aðilar málsins á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, enda hefur verið við það miðað í úrlausnum óbyggðanefndar að ef ósamræmi er milli texta kröfugerða og legu kröfulína á korti vegi texti kröfugerðanna þyngra. Í því samhengi ber þó að áréttta að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Loks verða norðurmerki ágreiningssvæðisins skoðuð. Í landamerkjabréfinu fyrir Hól í Hörðudal frá 1884 er suðurmerkjum Hóls gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „Landamerkin byrja í Þórugilsbotni (sem er norðvestan við Þórutind) eptir því sem gilið ræður ofan til Botnsár, eptir því sem áin ræður ofan að holmanum ...“

---

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af hálfu eiganda Snóksdals. Í lögfestu Árna Geirssonar fyrir Hól í Hörðudal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Blönduhlíð 14. maí 1691 er umræddum hluta merkja Hóls lýst svo: „... vez(tu)r á Hólsfjall og í Þórugil þadan réttisínis ofan í Skraumá, rædr Skraumá svo Hólslandi ofaneptir ...“ Samræmi er því milli landamerkjabréfsins og lögfestunnar um að norðurmerki Hóls liggi um Þórugil til Botnsár (eða Skraumár) sem síðan ráði merkjunum til norðurs. Í kaflanum „Örnefni í Snóksdals sókn“ sem birtist í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, frá 1886, segir að „Þórugil ræðr austan til ...“ Þessum heimildum ber því öllum saman um að Þórugil ráði merkjum ágreiningssvæðisins gagnvart Hóli.

Af hálfu íslenska ríkisins er norðurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst svo: „... að ármótum Bustarár og Skraumu (4), þaðan er farið suður eftir Skraumu að Þórugili (5), úr gilbotninum er farið upp á háfjall (6) ...“ Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er umræddum hluta merkjanna lýst svo: „... í ármótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt (3), Botnsá suður að Þórugili (4), fylgja gili upp á hæstu brún (Hundahnúkur) (5) ...“ Kröfulínur málsaðila eru að þessu leyti dregnar með sama hætti á framlögð kröfulínukort. Að mati óbyggðanefndar verður ekki annað séð en að afmörkun málsaðila á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á Botni við Svínjúg sé í heild sinni í samræmi við fyrirliggjandi heimildir, ef miðað er við texta kröfugerða þeirra. Syðsti hluti vesturmerkja ágreiningssvæðisins er þó af þeirra hálfu dreginn vestar á framlögð kröfulínukort heldur en vatnaskilin sem ráða austurmerkjum Selárdals samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1883. Þar sem texti kröfugerða málsaðila er að þessu leyti í samræmi við landamerkjabréf Selárdals verður við úrlausn málsins lagt til grundvallar að sú afmörkun sem fram kemur í kröfugerðunum sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir, enda hefur verið við það miðað í fyrri úrlausnum óbyggðanefndar að ef ósamræmi er milli texta kröfugerða og legu kröfulína á korti, þá vegi texti kröfugerðanna þyngra.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* er greint frá því að Auður djúpúðga hafi numið öll Dalalönd í innanverðum firðinum frá Dögurðará til Skraumuhlaupsár. Þá segir að hún hafi gefið Katli land frá Skraumuhlaupsá til Hörðudalsár og hann hafi búið á Ketilsstöðum. Enn fremur segir að Ingólfur hinn sterki hafi numið land inn frá Laxá til Skraumuhlaupsár og búið á Hólmslátri. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið með óyggjandi hætti hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla landnám Auðar og Ingólfs hafi náð. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að mati óbyggðanefndar að telja líklegt að svæðið hafi verið numið, a.m.k. að verulegu leyti. Óvissa um þetta atriði eykst þó eftir því sem komið er herra upp til fjalla. Allt að einu verður að mati nefndarinnar að telja ólíklegt,

---

með hliðsjón af staðháttum, að staðnæmst hafi verið við landnám við Þórugil og ármót Burstarár og Botnsár, þannig að ágreiningssvæðið hafi fallið utan landnáms, öndvert við aðliggjandi svæði að norðan og vestanverðu. Í þessu sambandi skal þess getið að innsti hluti Skraumuhlaupsár (Skraumu), sem þar er einnig nefnd Botnsá, rennur um ágreiningssvæðið og samkvæmt framangreindum landnámslýsingum var land numið beggja vegna árinna. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við úrlausn þessa máls reynir því einkum á hvort ágreiningssvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð, og Snóksdalskirkja átt þar beinan eignarrétt á þeim grundvelli, eða svæðið hafi frá öndverðu verið utan marka jarða og einungis háð óbeinum eignarréttindum kirkjunnar.

---

Í elsta fyrirliggjandi máldaga Snóksdalskirkju, þ.e. máldaga Árna biskups Þorlákssonar fyrir Stefánskirkju í Snóksdal frá 1286, er ekki getið um ágreiningssvæðið. Elsta heimildin þar sem þess er getið er máldagi Jóns biskups Indriðasonar fyrir sömu kirkju frá 1340. Þar segir meðal annars: „Stephānus kirkia j snokzdal ä heimalannd halft oc gilsbacka hälfann. hordabolstad hälfann oc þuij meira sem er millum þreskaulldar oc leirmula sionhendijng framm j äbotnn hia svijnbiugi oc dalaholm oc skerid med.“ Þar á eftir er getið um rekaréttindi kirkjunnar og veiðiréttindi í framhaldi af því.

Getið er um „botnn hia suijnbiug“ meðal eigna Snóksdalskirkju í Hítardalsbók frá 1367. Þar segir:

Kirkia j snoksdal er helgud hinum heilaga stephano. hun a lond þriu halfann Snoksdal og þui meira sem er millum þreskialldar og leirmula. sionhending fram j aa. Gilsbakka halfann. hordabol halftt. botnn hia suijnbiug og dalaholm og skerin med. [h]val attung j ollum reka a hardavelle. alltt eptter vilchinsbok.

Sömuleiðis er getið um „Botn hia Svijnbugh“ meðal eigna Snóksdalskirkju í Vilchinsmáldaga frá 1397, þar sem segir: „Kirkia i Snoksdal [...] Hun a lond þriu half. Snoksdal halfann og þui meir sem er i mille þreskialldar oc Leirmvla. sionhending framm j A. Gilsbacka halfann. Hordabol halftt. Botn hia Svijnbugh oc Dalaholm oc skerin med.“

Þá er getið um „halfann botnn hia suijnbiug“ í máldaga Snóksdalskirkju frá 1491 eða síðar. Þar segir:

Kirkia j Snokzdal er helgud hinum heilaga Stephano. hun a lond þriu half. snoksdal halfann oc þui meira sem er j millum þroskialldar oc leirmula. sionhendijng framm j a. Gilsbacka halfann. hordabol. halfann botnn hia suijnbiug. Dalaholmm oc skerin med ...

Aftur á móti er ekkert getið um Botn við Svínbjúg í upptalningu á eignum Snóksdalskirkju í máldaga kirkjunnar frá því um 1500 og Gíslamáldaga frá því um 1570. Ólíkt hinum fyrri tilvitnuðu máldögum frá 14. öld og síðar, er í tveimur síðastnefndu máldögum ekki heldur getið um eignarréttindi kirkjunnar á Gilsbakka, Hörðabóli og milli Þröskuldar og Leirmúla. Raunar er ekkert getið um jarðeignir kirkjunnar í máldaganum frá því um 1500 og hvað varðar jarðeignir hennar er einungis minnst á hálf heimaland í máldaganum frá því um 1570.

Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir kirkjuna í Snóksdal frá 20. september 1639 segir m.a. um eignir og réttindi kirkjunnar: „Hun ä vtan sig hälfann Snóksdal og þuj meira sem er ä millum þreskialldar og Lejrmula sionhendijng i Aa. Gylzbacka hälfann hejmaland. Haurdabol hälfitt. Botn hia Suijnbug og Dalahölm og skjerenn med, halffa Þorgejrstada hlijd.“

Botns við Svínbjúg er getið með sama hætti í vísitasíum kirkjunnar frá 20. september 1675 og 2. ágúst 1699 og efnisskipan þeirra vísitasía er jafnframt áþekk að öðru leyti.



---

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 segir eftirfarandi í umfjöllun um Snóksdal: „Kirkjustaður; hálfur eign kirkjunnar þar heima, en hálfur bóndaeign. [...] Selstaða heyrir þar til, sem kirkjan á, á Botni við Svínbjúg; hefur verið góð og er enn. Nú hefur hún í lánga tíma ei brúkuð verið; er þó að stóru gagni, en mjög langt til.“

Í vísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 13. október 1710, segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar: „Hun Helldur enn nu óllum þeim eignum og ítökum Sem skrifud eru i fyrre Mældógum og Sidustu visitatiu nema ad eigendur Seigia [strikað yfir: nu] að Rafftvidurenn i Sveinatungusköge Sie nu ad aungvu gagne ei Helldur Sie brukud Sólvatekia i Saurbæiarfíóru.“ Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 14. maí 1721, segir:

Hun ä effter Mældógumm i fóstu — hálfft heimaland xxx hndr. og því meira sem er ä millum Þreskialldar og Leirmula siönhending fram i ä. Gylsbacka hälfann Heimaland, Hórduböl hálfft, botn hiä Svýnvbiug og Dalahölm og Skierenn med, hálfa Þorgeirstadahlyd GiardEyar Liggjande ä breidafyrde med gógnum og giædumm ...

Í vísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 19. september 1725, segir eftirfarandi: „... Gilsbacka hälfann Heimaland, Horduböl halft, Bótn vid Svinbug, og Dalahólm og skierenn med, halfa Þorgeyrstada Hlyd, giardEyar, liggjandi ä Breidafyrde, med gógnum og giædum ...“ Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 1. júní 1726, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

... Gylsbacka hälfann, hann er býgdur med heima Jórdunne, og hanns agöde Reiknadur i hennar adurskrifadre landskuld. Item Dalahólmur og skerenn og botn hiä Svijnbiug. Af hinum ódrumm Itókumm, sem mäldagarner eigna kyrkiunne, hafde hun aungvann agöda það är, ei helldur af triävada edur Hvala Rekum.

Í *Jarðabók yfir Dalasýslu* eftir Orm Daðason frá 1731 er ekki minnst á Botn við Svínbjúg, en þar er þó vísað til gamalla máldaga að því er varðar eignir Snóksdalskirkju. Þar segir nánar tiltekið m.a. eftirfarandi um Snóksdal:

Bondaeign.

Þar er Kyrkiustadur, og ä Kyrkiann xxx c. ij heimalande, og Reiknast því jördenn öll lx c.

Kyrkiann behelldur þar fyrer utan ollumm þeim eignum og ítökumm sem gamler maldagar utvysa og Visitatia velædla Herra Biskupsenz Arnasonar, 1725. liosast fräskyrer.

Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 25. júní 1733, segir um eignir kirkjunnar:

Hun ä Epter Mældógum i fóstu halft Heimaland xxx hndr., og því meira sem Er ä Millum Þrestskialldar og Leirmula Sionhending fram i ä. Gilsbacka Hälfann Heimaland Horduböl Halft botn Hia Svynbiug og DalaHolm og Skierenn Med,

---

Halfa Þorgeirstadahlyd, GjardEyar liggjande ä Breidafyrde Med gógnum og giædumm ...

Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 17. maí 1742, segir um eignir kirkjunnar:

... Hun ä effter Mäldógum i Föstu hälft Heimaland xxx hndr. og þvj meira sem er ä Millumm Þreskialldar og Leirmula siönhending, framm i aa; Gylsbacka hälfann heimaland, Hórdubool hälfift, Botn hiä Svijnbiug og Dala Hölm og Skierenn med. Hälfä Þorgeirstadahlyd, GiardEyar liggjande ä Breidafyrde med gógnum og giædumm ...

Í vísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 20. september 1750, segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „... Gilsbacka hälfann Heimaland, Hórduböl hälfift, botn hiä Svinbiug, og Dalahölm og skerinn med, Hälfä Þorgeyrstadahlyd, Giardejar liggjande ä Breidafyrde, med gógnum og giædum ...“

Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 5. júní 1753, segir um eignir kirkjunnar:

Hun a effter mäldögum i Föstu Halft Heimaland xxx hndr. og það meira, sem er a mille Þrepskialldar og leirmula, Siönhending fram I a; Gilsbacka halfann Heimaland; Horduböl halft, Botn hiä Svinbiug og Dalaholm og Skierenn med; Halfa Þorgeirsstada hlid og Giard Eyar liggjande a Breidafyrde, med gógnum og giædumm ...

Í vísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 16. september 1758, segir m.a.: „... Gilsbacka Hälfan Heimaland, Hórduból hälfift. Botn hiä Svinbiug, og Dala Holm og Skerinn med, halfa Þorgeyrstada Hlyd, GiardEyar liggjandi a Breidafyrde, med gógnum og giædum ...“ Í vísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 11. september 1782, segir: „... Gilsbacka halfann Heimaland. Hórduból halft. Botn hiá Svinbiug, og Dalahólm, og Skerenn med [med, ofan línu] hálfä ÞorgeirstadaHlíd. Giardejar liggjande á Breidafyrde, med gögnum og giædum ...“ Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 2. október 1803, segir:

NB Effter máldögum á kyrkiann ad Snóksdal i föstu hálfift heimaland 30 hndr. og þvi meira sem er á mille Þrepskialldar og Leirmúla, sjónhendíng framm í Á; Gilsbacka hälfann Heimaland; Hórduból hálfift; Botn hiá Svínbiug og Dalahólm og Skeren med, hálfä Þorgeirsstadahlíd, Giardeyar liggjande a Breidafyrdi med gögnum og giædum ...

Ekkert er getið um Botn við Svínbjúg í jarðamati Dalasýslu frá 1804. Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 13. júní 1807, segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar:

Hún á efter Maldögum i Föstu halft Heimaland 30 hndr. og þvi meira sem er á mille Þrepskialldar og Lymúla, Siónhverfíng [svo!] framm í á; Gilsbacka halfann Heimaland óbyggjande; Horduból halft; Botn fra Svinbiug og

---

Dalahólm og Skerenn með, hálfa Þorgeirsstadahlíð, Gjardeyar liggjandi á Breidafyrði ...

Í prófastsvisítasíu Snóksdalskirkju, dags. 30. september 1820, segir eftirfarandi:

... hun á eftir máldögum hálf heimaland 30 hndr., og því meira sem er á milli Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í a, Gilsbacka hálfann heimaland. Hörðuból hálf, Botn hiá Svínbiuge og Dalahólm og Skierinn með, hálfa Þorgeyrstadahlíð, Gjardeyar liggjandi á Breidafyrði með gögnum og giædum ...

Í visítasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 4. ágúst 1827, segir eftirfarandi: „... Gilsbacka hálfann Heimaland, Hörðuból hálf. Botn hiá Svínbiug, og Dalahólm og skérin með, hálfa Þorgeirsstada hlíð, Gjardeyar, liggjandi á Breidafyrði, með gögnum og giædum ...“ Í prófastsvisítasíu Snóksdalskirkju, dags. 26. september 1849, segir:

Hún á eftir Máldögum í föstu hálf heimaland 30 hndr., og því meira sem er á milli Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í á, Gilsbacka hálfann heimaland, Hörðuból hálf, Botn hiá Svín Biug og Dalahólm og Skérin með, hálfa Þorgeirsstaðahlíð, Gjardeyar liggjandi á Breidafyrði með gögnum og giædum ...

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Hins íslenska bókmenntafélags fyrir Dalasýslu frá 1839–1855 segir eftirfarandi:

Kirkjan að Snóksdal á eftir máldögum hálf heimaland, 30 hndr., og því meira sem er á milli Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í á; Gilsbakka hálfann heimaland; Hörðaból hálf og hálfa Þorgeirstaðahlíð; Botn hjá Svínbjug og Dalahólm og skerin með ...

Í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi í umfjöllun um Snóksdal: „... jörðunni fylgir svonefndur Snóksdalsbotn, framan Hólsland, með sérskildum landamerkjum, virðist því sérskilid, en leggst við jardarinnar verd.“

Í málinu liggja fyrir bréfaskeppi hreppstjóra Hörðudalshrepps, sýslumanns og amtmanns frá árunum 1857–1859 vegna Snóksdalsbotns, auk yfirlýsingar eiganda Snóksdals þar að lútandi. Í bréfi C. Magnussens sýslumanns til Jóns Jónssonar, hreppstjóra í Hlíð, dagsettu 7. febrúar 1857, kemur fram að árið áður hafi hreppstjórinn leitað álits sýslumanns um „hvaraf kostnað þann beri að taka, er leiði af því að vinna greni í því landi er Snóksdalsbotn kallast, og liggur innan Hörðudalshrepps, en sem tilheyrir sem selstaða eða upprekstarland jörðunni Snóksdal í Miðdölum.“ Um þetta segir svo í bréfi sýslumanns:

Í tilefni hjeraf leyfi eg mjer að ávísa yður, að svosem málefni þessu víkur við nokkuð sjerstaklega, svo hygg eg tiltækilegast, að þjer farið þess á leit við eigara Snóksdals, Sgr. Guðbrand á Hólmlátri, að hann inngangi við yður samning um, að borga sem eigari Snóksdals kostnað þann er leiða kynni af því að vinna gren á Snóksdalsbotni; svo sem hann annað hvort, við að leigja tjeð land í burt, til uppreksturs, ellegar að byggja það á parti ábúendum Snóksdals,

---

eða öðrum, uppber þar fyrir toll eða afgjald, en skyldi þetta, mót von, vera svo lítið, að mikinn part skjertist við grenjakostnaðinn, (þó á aðra síðuna megi vænta, að gren fynni þar einungis einstöku sinnum stað) fyndist mjer ekki ósanngjarnt, að Hörðudalshreppur, hvar áminnst land bæði liggur, og sem að líkindum mikinn part af árinu notast þar þakkarlaust, taki þátt í kostnaðinum allt að helmíngi; hvar við eg hygg málefni þetta, sanngjarnast og bezt útkljáð, eptir þeim núverandi kríngumstæðum.

Í yfirlýsingu Guðbrands Magnússonar, eiganda Snóksdals, vegna sama máls, dagsettri 10. júní 1858, segir:

Eg undirskriafaður géf hér með til kinna; að eg hefi bygt eignarjörð mína Snóksdal með þeim skilmála að Snóksdalsbotn ásamt fleyri ítökum Snóksdals kyrkju, filgi téðri jörð til allrar notkunar; og ekkert afgjald eptir ítökinn áskilið mér, nema landskuld jarðarinnar sem ákveðinn er 80 álnir eptir 50 hundruð; þess vegna gét eg ekki fundið skildu mína að borga grenskostnað á Snóksdalsbotni, hvörki að undannförnu eða hér eptir.

Í upphafi bréfs J. Jónssonar, hreppstjóra í Hörðudal, til P. Melsted amtmanns, dagsetts 22. sama mánaðar, segir að undanfarin 3 ár hafi ...

... unnist tóugren á fjall-landi því sem Snóksdalsbotn kallast, hvört að er Snóksdals kyrkju eign, en liggur við laust við Snóksdals heimaland framtil fjalla, fyrir framann búfjár haga bæanna Hóls og Selárdals í Hörðadalshreppi, eðr millum landa þeirra jarða og Hitardals lands í Mýrasýslu ...

Engir hafi „fundið skildu sína að borga“ og því hafi Hörðudalshreppur og ábúendur í Snóksdal lánað fyrir kostnaðinum. Því hafi málinu verið skotið til úrlausnar sýslumanns eða leitað álits hans um það. Hreppstjórinn vitnar til bréfs sýslumanns frá 7. febrúar 1857 og segist hafa farið þess á leit við Guðbrand Magnússon að hann greiddi kostnað vegna grenjavinnslunnar sem eigandi Snóksdals ...

... en hann þverneitað að borga neitt af kostnaði þeim sem leyða kinni af að vinna gren á Snóksdalsbotni, hann tjáist einnig aungvann hafa téð land bygt á parti, hvorki til uppreksturs né annara nota, fyrir sérskilinn toll eða afgjald, nema einungis ábúendum Snóksdals, sem hann hafi bygt það með jörðinni, og afgjald þess sé innifalið í afgjaldi eða landskuld allrar jarðarinnar, sem álitast muni sanngjarnlega ákveðinn 80 álnir á 50 hundruðum.

Því næst lýsir hreppstjórinn sig ósammála því áliti sýslumanns, að Hörðudalshreppur skuli greiða allt að helmíngi kostnaðarins, ef hann fáist ekki greiddur frá Guðbrandi, þar sem það séu einungis „einstakir menn í hreppnum“ sem noti landið til beitar, þ.e. þeir „menn sem næstir búa [...] til að fá skaðabætr fyrir ágáng á sitt land“. Síðar segir í bréfi hreppstjórans:

Hvað Snóksdals ábúendr áhrærir í þessu tilliti, hafa þeir frá ómuna tíð notað téð land, meira eða minna, hvör eptir ástæðum og velþóknan, flestir til uppreksturs fyrir géldfé og hross, en sumir til selstöðu, og meðal þeirra prestr

---

séra V. E. Reykdahl fyrir fáum árum þegar hann bjó í Snóksdal; einnig hafa ábúendr á Kyrkjújörðunum Þorgeirsstaðahlíð og Hörðabóli sem einnig eru í Miðdalahreppi, jafnann rekið þángað géldfé og stóð; og núverandi ábúendr Snóksdals, hafa ekki viljað sleppa þessu landi alveg frá jörðinni, þó Guðbrandr húsbóndi þeirra hafi boðið þeim það, þá vyrðist máské ekki næg ástæða til að heimta af Snóksdals búendum að borga grenskostnað á Snóksdalsbotni, þar þeir fá aungva upprekstrar tolla, eða neinar tekjur af þessu landi, annað en þeir brúka sjálfir; en minni ástæða vyrðist fyrir Miðdalahrepp, að skorast undan að borga kostnað þennann, þar landið tilheyrir þeim hreppi, en aungvum öðrum.

Athugandi við ádrnefnt sýslumansbref af 7. febrúar f. á. er að eptir Snóksdals kyrkju máldögum á Snóksdals kyrkja Botn þennann að öllu leyti, en ekki selför eða upprekstr einúngis.

Í lok bréfs hreppstjórans kemur fram að hann óski úrskurðar amtmannsins um hverjum beri að greiða kostnaðinn vegna grenjavinnslunnar.

Í bréfi C. Magnussens, sýslumanns Dalasýslu, til amtmanns Vesturamtsins, dagsettu 26. september 1859, sem varðar Botn við Svínbjúg, kemur fram að með bréfi dagsettu 27. maí hafi amtmaðurinn óskað „áreiðanlegrar skýrslu um hvort Snóksdals ábúendur eingaungu hafi notað fjallland það er Snóksdalsbotn heitir, og liggur undir jörðina Snóksdal fram til fjalla nálægt bæunum Hóli og Selárdal í Hörðudalshreppi“. Þá segir í bréfi sýslumanns:

Í tilefni héraf, leyfi eg mér auðmjúkast að ávísa yðar Havelborinnheitum, að tjeð fjalland Snókdalsbotn, sem er Snóksdals kirkjueign, hefur í óminnilega tíð verið notaður á ýmsan hátt af ábúendum Snóksdals og undirliggjandi jarða, stundum sem selstaða þá efnaðir ábúendur voru í Snóksdal, enn optar sem upprekstra land fyrir géldfé frá Snóksdal, og stundum ásamt frá Kirkkjújörðum Snóksdals, Hörðubóli og Þorgeirsstaðahlíð, hvorjar jarðir ásamt Snóksdal liggja innann Miðdalahrepp, og hefur enn fremur fjallendi þetta frá Snóksdals bændum verið notað til beitar fyrir stóðhross á sumrum, enn þareð Snóksdals ábúendur um mjög lánga tíð hafa verið miður efnaðir, og fáir þeirra því haft þau verulegu og sönnu not af þessu áminsta góða fjallendi kirkjunar, er þess utann liggur afskétt við þá, svo hefur notkun þess árlega lendt að miklu leiti hjá ábúendum Hóls og Selárdals þó þakkarlaust, einsog fjallafje Hörðælinga hefur geingið þar á líkann hátt án þess þar fyrir hafi verið tekinn nokkur fjallatollur, hvarfyrir ég leyfi mér að skjóta til hins háa amts álits og úrlausnar, hvort ekki mundi sanngjarnast eptir því sem nú ástendur með þessa fjallands notkun, að Hörðudalshreppsúum verði gjört að skyldu að annast um grenjaleitir á því, samt um að þau verði tilhlýðilega unninn, og að þeir borguðu þann hálf þar af leiðandi kostnað, enn Snóksdals ábúendur hinn helminginn, öðru máli væri að gegna máské ef Snóksdælingar ábúendur færðu sér að öllu leiti í nyt fjallendi þetta, svo sem með að nota þar selstöðu og brúka þar upprekstur fyrir géldfé og hross haust og vor, sem þeinkst gjæti ef eigandi eða efnamaður byggir á Snóksdal, eða Snóksdals eigandi eða aðrir tæki fyrir sig að

---

setja býli í áminstu fjallandi, þá sanngirni virðist að mæla framm með því að kostnaðurinn allur borgaðist af Snóksdals eigara eða ábúendum ef hann leigði þeim tjeð fjallandi, enn Hörðudalshrepp verður aungvu síðar gjört að skyldu að annast um grenjaleitirnar með þaraðlútandi eins og fyrr er ávíkið.

Ekki fundust svör amtmanns við erindinu við kerfisbundna gagnaleit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands vegna málsins.<sup>311</sup>

Í prófastsvísitasíu Snóksdalskirkju, dagsettri 8. október 1866, segir um eignir kirkjunnar:

Eptir maldögum á kirkjan halft heimaland 30 hndr. að fornu mati og því meira sem er á milli Þrepskjaldar og Leirmúla sjónhending fram í á, einsog Landsyfirrettardómur, genginn um næstl. aldamót, óáfriadur ákvedur um landamerki; hún á Gilsbakka hálf heimaland, Hörðuból halft og Þorgeirsstaðahlíð hálf. Botn hjá Svínbjúg og Dalahólm og skerin með; Giarðeyar liggjandi á Breiðafirði með gögnum og gædum ...

Í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, öðru bindi, gefnu út af Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 1886, er sem fyrr segir kafli sem ber yfirskriftina „Örnefni í Snóksdals sókn“, eftir Jón Jónsson, bónda í Hlíð í Hörðudal. Þar segir um Botn við Svínbjúg:

Botn hjá Svínbjúg; það er botninn á Selárdal, eptir því sem Þórugil ræðr austan til; Bustar- eða Svínbjúgs-hryggr þar gagnvart vestan til. Þessi botn er nú almennt kallaðr Snóksdals botn, þar hann er Snóksdals-kirkju land, og hefir þar opt verið selstaða frá Snóksdal.

Í sömu heimild segir um Skraumuhlaupsá:

... upptök hennar eru á Hítardalsheiði, gagnvart Hítarár upptökum, svo þær skera af að mestu leyti hið forna Snæfellsnes, og Skraumuhlaupsá skildi Snæfellsness og Dala sýslu fyrrum. Nú er áin oftast kölluð Skrauma, en upphaflega hefur hún heitið Selá, eins og áðr er sagt, að minnsta kosti fyrir ofan ármót, þar sem Hafradalsá rennr í hana; sagt er, að áin dragi nafn af tröllkonu, sem hafi heitið Skrauma, og hafi hlaupið yfir ána á stokknum fyrir neðan Hörtlafoss; en að mennsk kona hefði farið yfir hana á hlaupinu fyrir ofan Hörtlafoss væri mäske ekki ómögulegt, þareð léttir menn og huggóðir hafa hlaupið yfir hana á þessari öld.

Í landamerkjabréfi fyrir Snóksdal og Gilsbakka, dagsettu 22. maí 1886 og þinglýstu 31. sama mánaðar er ekkert getið um Botn við Svínbjúg.

Í reikningabók Snóksdalskirkju sem tekur til árána 1900–1971 er varðveitt „Eptirrit sammings um afhending Snóksdalskirkju“, dagsett 10. maí 1899. Þar kemur fram að sóknarnefndin í Snóksdalssókn hafi komið saman umræddan dag „til þess að semja um móttöku á umsjón og fjárhaldi nefndrar kirkju“. Í skjalinu segir meðal

---

<sup>311</sup> Um tilhögun gagnaöflunar vegna málsins vísast til kafla 4.2.

---

annars: „En ef kirkjan yrði færð frá Snóksdal lofa eigendur að láta fylgja fjallandið Snóksdalsbotn á móti því að fá endurborgað 200 kr. af sjóði kirkjunnar.“ Í sömu heimild er að finna „Eptirrit kirkju-afhendingarinnar í Snóksdal“. Þar er greint frá afhendingu Snóksdalskirkju til safnaðarins 10. febrúar 1901. Á meðal þess sem tilgreint er í því sambandi er eftirfarandi:

Ennfremur afhendir eigandinn sóknarnefndinni „afsalsbréf“ útgefið í dag fyrir fjallandinu Snóksdalsbotn í staðinn fyrir þær 200 kr. sem ákveðið er í samningnum, um afhendingu kirkjunnar dags. 10. maí 1899 að fylgja skuli í álag en þó krefst eigandinn ekki að söfnuðurinn flytji kirkjuna frá Snóksdal, eins og ráð er fyrir gjört í áður nefndum samningi.

Undir skjalið er ritað: „Rétt eptirrit vottar Kvennabrekku 20. febr. 1902 Jóhannes LL Jóhannsson“. Undir það er svo rituð athugasemd þess efnis að sjóður kirkjunnar sé talinn 200 kr. lægri en í síðasta reikningi á undan. Um það segir: „Þessi lækkun kemur af því að Snóksdalsbotn er metinn kirkjunni á 200 kr.“ Undir þetta ritar einnig Jóhannes L.L. Jóhannsson sóknarprestur.

Í fjárhagsreikningi Snóksdalskirkju fyrir árið 1901 kemur fram að „Leiga eptir kirkjulandið Snóksdalsbotn“ hafi verið 5 kr. Þá er þess getið í reikningabók kirkjunnar að 1. september 1902 hafi prófasturinn í Dalaprófastsdæmi, Kjartan Helgason, verið staddur í Snóksdal til að vísítera kirkjuna þar. Auk hans hafi þar verið staddir „sóknarpresturinn séra Jóh. L.L. Jóhannsson, sóknarnefndarmenn Guðjón Jónsson og Magnús Gestsson, og enn fremur bændurnir Kristján Jónsson og Gestur Jónsson.“ Fram kemur að sóknarnefndin hafi fengið „tilboð um kaup á fasteign kirkjunnar, Snóksdalsbotni, og afhenti prófastur umsóknarbréf um leyfi til þess að mega selja hana og verður það lagt fyrir héraðsfund.“

Í reikningabókinni kemur enn fremur fram að leiga fyrir Snóksdalsbotn hafi verið 10 kr. 1902 og sama fjárhæð 1903. Í fjárhaldsreikningi kirkjunnar 1904 er aftur á móti eftirfarandi bókað sem tekjur: „8. Andvirði fyrir kirkjulandið Snóksdalsbotn 250,00“.

Með afsali, dagsettu 4. september 1908, var Snóksdalsbotni afsalað frá Snóksdalskirkju til Einars Guðmundssonar í Blönduhlíð. Í afsalinu segir:

Við undirritaðir sóknarnefndarmenn í Snóksdalskirkjusókn gjörum kunnugt með bréfi þessu, að við afsölum frá Snóksdalskirkju fjallandinu Snóksdalsbotni með öllum þess gögnum og gæðum til Einars bónda Guðmundssonar í Blönduhlíð, þar sem hann hefir að fullu greitt andvirði þess 250 kr — tvö hundruð og fimmtíu krónur — samkvæmt kaupsamningi 6. jan. 1904 og er því herra Einar Guðmundsson bóndi í Blönduhlíð, rjettur eigandi að öllu fjallandinu Snóksdalsbotni upp frá þessum degi. Kaupandi heldur kaupi sínu til laga en seljendur svara til lagaríftingar.

Afsalinu var þinglýst á manntalsþingi að Blönduhlíð 5. júní 1909 en tilvitnaður kaupsamningur frá 1904 liggur ekki fyrir í málinu.

---

Í grein eftir Kristján Helgason frá Dunkárbakka sem ber yfirskriftina „Kerlingarnar frá Hurðarbaki“ og var birt í *Tímanum* 6. desember 1964 segir um Snóksdalsbotn:

Stokkshlíð er suður frá bænum að Þórugili. Þar fyrir framan er Snóksdalsbotn, í laginu eins og nafnið bendir til, með grösugum múlum og Smjörhnjúkum í kring og til prýðis mjög bratta skriðutinda og burstir. Þarna er víða stórkostlega fagurt og ljóst yfir að líta, því að líparít kemur þar fram með sín margslungnu litbrigði.

Í málinu liggur fyrir afsal, dagsett 2. júlí 1949, þar sem Samson Jónsson, bóndi á Bugðustöðum, afsalar „hálfum Snóksdalsbotnum“ til Gísla Jónssonar í Blönduhlíð fyrir 1.000 kr.

Í *Árbók* Ferðafélags Íslands frá 1997 er að finna umfjöllun um Hólsbotn eftir Árna Björnsson. Þar segir:

### **Hólsbotn**

Bærinn Hóll í Hörðudal á dalinn að austan fram að Þórugili og nefnist hann þar Hólsdalur. Hólsbotn er austan við Burstina og þótti svo grösugur og verðmætur að margir kepptu um hann. Hóll mun upphaflega hafa átt botninn líka eins og nafnhefðin og munnmæli benda til. Botninn komst þó í eigu Snóksdalskirkju eigi síðar en á 14. öld. Um tildrög þess er sú saga að prestur var þjónandi deyjandi konu á Hóli. Hann laut niður að henni og lagði eyrað að vitum hennar, rétti sig síðan upp og mælti hátíðlega: „Gefur hún enn, blessuð. Hún gaf kirkjunni Hólsbotninn.“ Botninn var síðan í eigu kirkjunnar fram til síðustu aldamóta og því af mörgum kallaður Snóksdalsbotn. Þá keypti bóndinn í Blönduhlíð hann af kirkjunni. Síðan hefur botninn verið afréttur frá Blönduhlíð þótt hann sé enn oftast kallaður Hólsbotn.

Hólsbotn er næstum hringlaga og umluktur allt að 800 m háum litfögurum fjöllum. Úr honum rennur Botnsá sem verður til úr ýmsum giljum í botningum sem seinna sameinast Burstará og mynda Skraumu. Reyndar vilja margir kalla ána Skraumu alla leið inn í botn. Nokkru innan við Burstará kemur Djúpagil niður hlíð Burstarinnar og þaðan heita Giljatungur inn að Draugagili. Upp eftir þeim er ágæt göngu- og reiðleið suður á Svínjúg og á þeim vegi gætu menn notið hins sérkennilega umhverfis í botninum.

[...]

Neðan við gilið sem rennur eftir Hálfánardal eru tættur sem kallast Rústin og gætu verið eftir gamalt sel. Sagt er að býli hafi verið í botninum snemma á 19. öld en þess sést hvergi getið í jarðabókum. Munnmælin segja að bóndinn hétu Ólafur og væri kallaður „drellir“.

Hluti tilvitnaðrar umfjöllunar Árna Björnssonar um Hólsbotn birtist einnig í Lesbók *Morgunblaðsins* frá 24. maí 1997.



---

Með kaupsamningi, dagsettum 28. desember 1999 og þinglýstum 6. janúar 2000, sem lagður var fram í málinu af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, var samið um kaup þeirra á Blönduhlíð o.fl. Í kaupsamningnum segir meðal annars: „Með í kaupunum fylgir afréttarland í Snóksdalsbotnum, (50%), sbr. afsal dags. 2. júlí 1949.“ Þrátt fyrir að einungis sé getið um hálfu Snókdalsbotna í afsalinu frá 2. júlí 1949 og 50% í kaupsamningnum frá 28. desember 1999 er byggt á því af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að þeir séu eigendur ágreiningssvæðisins í heild. Umræddir gagnaðilar íslenska ríkisins eru einu eigendur Blönduhlíðar samkvæmt þinglýsingabók en ágreiningssvæðið er ekki skráð sem sérstök fasteign þar. Við skýrslutökur í málinu komu fram tilteknar skýringar af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins á því að getið sé um hálfu Snóksdalsbotna, eða 50%, í umræddum löggerningum, en ekki ágreiningssvæðið í heild. Ekki er þörf á því við úrlausn málsins að rannsaka frekar hvernig þessu sé háttað, enda benda þinglýsingarbækur eða aðrar heimildir ekki til þess að aðrir kalli til eignarréttinda á svæðinu ásamt gagnaðilum íslenska ríkisins og ættu að fá aðild að málinu á grundvelli 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Þá verður að telja að gagnaðilar íslenska ríkisins geti átt aðild að málinu óháð því hvort þeir kalli einir til réttinda á svæðinu eða eftir atvikum ásamt öðrum.

Samkvæmt því sem hér var rakið liggja fyrir heimildir um að kirkjan í Snóksdal hafi kallað til réttinda á Botni við Svínbjúg allt frá 14. öld og þar til snemma á 20. öld. Í máldögum kirkjunnar frá 14. og 15. öld er svæðisins getið meðal eigna kirkjunnar. Svæðisins er þar getið í þeim hluta máldaganna þar sem jarðeignir kirkjunnar eru taldar upp og er ekki tilgreint þar sem afréttur. Hið sama er að segja um vísitasíur kirkjunnar frá 17., 18. og 19. öld, þar sem svæðisins er getið með sama hætti. Hvergi í máldögunum eða vísitasíunum kemur fram að um afrétt sé að ræða eða svæði sem einungis sé undirorpið óbeinum eignarréttindum. Að mati óbyggðanefndar bendir þetta fremur til þess að kirkjan hafi átt þar beinan eignarrétt heldur en óbeinan. Um tilurð eignarréttinda Snóksdalskirkju á Botni við Svínbjúg, sem er eins og áður segir aðskilinn frá landi Snóksdals af öðrum jörðum, liggur þó ekkert annað fyrir en munnmæli um ætlaða dánarbedsgjöf konu á Hóli til kirkjunnar, ekki seinna en á 14. öld.

Af því sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 verður ráðið að svæðið hafi verið nýtt til selstöðu af hálfu Snóksdalskirkju. Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>312</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu

---

<sup>312</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Af því sem fram kemur í jarðamati Dalasýslu frá 1849–1850 verður ráðið að ágreiningssvæðið hafi verið metið með Snóksdal. Jarðamatið ber ekki með sér að litið hafi verið svo á að þar væri einungis um afréttareign að ræða. Þá benda bréfaskipti hreppstjóra Hörðudalshrepps, sýslumanns og amtmanns frá árunum 1857–1859 að mati óbyggðanefndar fremur til þess að litið hafi verið svo á að svæðið væri háð beinum eignarrétti heldur en óbeinum. Þannig er gengið út frá því í bréfi sýslumanns frá 7. febrúar 1857 að eiganda Snóksdals væri heimilt að „byggja það á parti ábúendum Snóksdals, eða öðrum“. Þá er svæðið sagt vera „Snóksdals kyrkju eign“ í bréfi J. Jónssonar, hreppstjóra í Hörðudal, til amtmanns frá 22. júní 1858. Í sama bréfi segir að ábúendur Snóksdals hafi „frá ómuna tíð notað téð land, meira eða minna, hvör eptir ástæðum og velþóknun, flestir til uppreksturs fyrir géldfé og hross, en sumir til selstöðu ...“ Þá áréttar hreppstjórinn í bréfinu að Snóksdalskirkja eigi Botn „að öllu leyti, en ekki selför eða upprekstr einungis“.

Að mati óbyggðanefndar bendir þetta til þess að litið hafi verið svo á að svæðið væri háð beinum eignarrétti Snóksdalskirkju og ábúendum jarðarinnar væri heimilt að nýta landið í samræmi við þarfir og búskaparhætti á hverjum tíma. Hið sama verður ráðið af bréfi sýslumanns Dalasýslu til amtmanns, dagsettu 26. september 1859, þar sem segir að Snóksdalsbotn sé „Snóksdals kirkjueign“ og hafi „í ómínnilega tíð verið notaður á ýmsan hátt af ábúendum Snóksdals og undirliggjandi jarða, stundum sem selstaða þá efnaðir ábúendur voru í Snóksdal, enn optar sem upprekstra land fyrir géldfé frá Snóksdal ...“

Fleiri heimildir benda til hins sama. Má þar nefna að í kaflanum „Örnefni í Snóksdals sókn“, eftir Jón Jónsson, bónda í Hlíð í Hörðudal sem birtist í ritinu *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, segir að ágreiningssvæðið sé „Snóksdals-kirkju land“. Í reikningabók Snóksdalskirkju kemur fram að við afhendingu kirkjunnar til safnaðarins 10. febrúar 1901 hafi verið afhent afsalsbréf fyrir „fjallandinu Snóksdalsbotn“. Þá er getið um svæðið sem „kirkjulandið Snóksdalsbotn“ í fjárhagsreikningi Snóksdalskirkju frá sama ári. Enn fremur kemur fram í reikningabók kirkjunnar frá 1902 að sóknarnefndin hafi fengið tilboð um kaup á „fasteign kirkjunnar, Snóksdalsbotni“. Þá er getið um „kirkjulandið Snóksdalsbotn“ í fjárhagsreikningi kirkjunnar frá 1904. Í afsali Snóksdalskirkju til Einars Guðmundssonar í Blönduhlíð, dagsettu 4. september 1908, kemur fram að „fjallandinu Snóksdalsbotni“ sé afsalað frá kirkjunni og að Einar Guðmundsson sé því „rjettur eigandi að öllu fjallandinu Snóksdalsbotni“ frá þeim degi. Að mati óbyggðanefndar bendir ekkert af því sem fram kemur í tilvitnuðum heimildum til þess að einungis hafi verið um að ræða takmörkuð eignarréttindi Snóksdalskirkju á svæðinu. Þegar til alls þessa er litið skiptir að mati óbyggðanefndar ekki meginmáli við úrlausn málsins að ekki sé getið um ágreiningssvæðið í landamerkjabréfi fyrir Snóksdal og Gilsbakka frá 1886.

---

Eins og áður segir er Botn við Svínbjúg vel gróinn, sérstaklega láglendari hluti svæðisins, og vel afmarkaður af náttúrunnar hendi til allra átta nema norðurs. Staðhættir og gróðurfar styðja því að mati óbyggðanefndar ályktun um að svæðið hafi verið innan landnáms, a.m.k. að einhverju leyti. Ekki er fyrir að fara slíkum landfræðilegum skilum milli ágreiningssvæðisins og óumdeilds eignarlands jarðarinnar Hóls, sem er norðan þess, að líklegt sé að þar hafi verið staðnæmst við landnám. Raunar herma munnmæli að vegna gróðursældar og verðmætis svæðisins hafi það verið eftirsótt fyrir á öldum, þó svo að ekki liggi fyrir samtímaheimildir þar að lútandi. Öll þessi atriði eru að mati óbyggðanefndar til þess fallin að styrkja niðurstöðu um að Botn við Svínbjúg hafi í kjölfar landnáms orðið hluti af jörð og hafi á þeim grundvelli verið háð beinum eignarrétti. Heimildir um afrétt á svæðinu vísi því fremur til notkunar svæðisins til sumarþeirra fyrir búfé heldur en þess að beinn eignarréttur hafi annaðhvort ekki stofnast eða fallið niður.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Botn við Svínbjúg hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti frá öndverðu. Hefur ekki úrslitabýðingu í því sambandi þótt svæðið sé aðskilið frá landi jarðarinnar Snóksdals, þar sem kirkjan sem svæðið tilheyrði um aldir stóð. Vísast í því sambandi m.a. til dóms Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (*Stórhöfði*).

Að öllu framangreindu virtu benda fyrirbyggjandi heimildir að mati óbyggðanefndar til þess að Snókdalskirkja og síðar eigendur Blönduhlíðar, sem gagnaðilar íslenska ríkisins leiða rétt sinn frá, hafi átt beinan eignarrétt á Botni við Svínbjúg fremur en óbeinan.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Botns við Svínbjúg, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>313</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

---

<sup>313</sup> Sbr. einnig lokakafli í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

## 6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang hvers ágreiningsmáls fyrir sig, og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. vesturhluti Víðimúla, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

*Mjóadalsá er fylgt frá Sauðahrygg þar til Hrútagil fellur í hana. Þaðan er Hrútagili fylgt inn í Hrútagilsbotn og þaðan er línán dregin um vatnaskil í Hrútaborg. Þaðan er línán dregin eftir sýslu- og sveitarfélagasmörkum um Víðimúla að Mjóadalsá við Sauðahrygg, sem er upphafspunktur.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Ytri-Hrafnabjarga og Fremri-Hrafnabjarga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Óskars Sigurðssonar lögmanns: Berglind Vésteinsdóttir og Finnbogi Harðarson vegna Sauðafellssellands; Ólafur Ragnarsson vegna Fremri-Hundadals; Sigursteinn Hjartarson vegna Neðri-Hundadals 1 og Neðri-Hundadals 2 og Hörður Hjartarson vegna Vífilisdals: samtals 6.300.000 kr.

Vegna Gísla Guðna Hall lögmanns: Jónsmessan ehf. vegna Hlíðartúns: 2.400.000 kr.

Vegna Skarphéðins Péturssonar lögmanns: Bjargey Una Hinriksdóttir, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, Hinrik Ingi Hinriksson og Ólafía Magnea Hinriksdóttir vegna Fremri-Hrafnabjarga og Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga: samtals 2.400.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns: Ásgeir Salberg Jónsson og Unnur Ásta Hilmarsdóttir vegna Botns við Svínbjúg: 2.000.000 kr.

---

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Ása Ólafsdóttir

---

Allan Vagn Magnússon

---

Þorsteinn Magnússon

**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**  
með viðaukum



**Svæði 1–8B**

**Sérprentun 3. maí 2018**

# EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI</b> .....	<b>1</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR</b> .....	<b>2</b>
<b>3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA</b> .....	<b>3</b>
3.1. Landnám.....	3
3.2. Hefð.....	6
3.3. Lög.....	10
<b>4. FLOKKUN LANDS</b> .....	<b>11</b>
4.1. Almenn.....	11
4.2. Jörð.....	12
4.3. Almennningar.....	19
4.4. Afréttir.....	22
4.5. Jörð eða afréttur?.....	28
4.6. Jöklar.....	30
4.7. Fjallskil.....	36
4.8. Ítök.....	39
4.9. Fjörur og rekæign.....	43
<b>5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD</b> .....	<b>47</b>
5.1. Almenn.....	47
5.2. Jarðamöt og jarðabækur.....	48
5.3. Máldagar og vísitasíur.....	50
5.4. Lögfestur.....	53
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf.....	54
5.6. Afsals- og veðmálabækur.....	58
5.7. Aðrar heimildir.....	60
<b>6. NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>60</b>
<b>7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5</b> .....	<b>65</b>
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	65
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða.....	66
7.1.2. Heiðarbylí á Norðausturlandi.....	69
<b>8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6</b> .....	<b>70</b>
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	70
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana.....	70
<b>9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A</b> .....	<b>74</b>
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	74
<b>10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B</b> .....	<b>75</b>
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	75
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar.....	76
10.3. Heimildir um legu jarða til forna.....	77
<b>11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A</b> .....	<b>78</b>
11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	78
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir.....	79
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis.....	81
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.....	84



## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítilega stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

---

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfur á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálendis- eða fjallbelti*.<sup>1</sup> Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhérað eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfur stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

---

<sup>1</sup> Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

---

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um  $\frac{2}{3}$  hluta af yfirborði landsins.<sup>2</sup> Mikill hluti láglandis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglandis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglandi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um  $\frac{1}{4}$  hluta landsins í heild og um  $\frac{10}{100}$  hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um  $\frac{1}{100}$  hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

### 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

#### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

<sup>3</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

---

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.<sup>4</sup> Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.<sup>5</sup> Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjöllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“<sup>6</sup>

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.<sup>7</sup> Hins

---

<sup>4</sup> *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

<sup>5</sup> *Landnámabók* 1986, s. 321.

<sup>6</sup> *Landnámabók* 1986, s. 337.

<sup>7</sup> Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

---

vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.<sup>8</sup> Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.<sup>9</sup> Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar lítið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.<sup>10</sup> Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfari inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

---

<sup>8</sup> Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

<sup>9</sup> Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímní. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

<sup>10</sup> Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

---

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átflulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lft gleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“<sup>11</sup>

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar<sup>12</sup>. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.<sup>13</sup>

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki

---

<sup>11</sup> *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

<sup>12</sup> Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

<sup>13</sup> Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

---

wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.<sup>14</sup>

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.<sup>15</sup> Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.<sup>16</sup>

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.<sup>17</sup>

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíð í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíð bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

<sup>14</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

<sup>15</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

<sup>16</sup> *Landsyfjerrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

<sup>17</sup> *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

---

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.<sup>18</sup>

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafabingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafabinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.<sup>19</sup>

Þrátt fyrir að Landsyfirrættur hefði um árabíl dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.<sup>20</sup> Í dómi Landsyfirrættar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarrættur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.<sup>21</sup>

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar

---

<sup>18</sup> *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845.* Reykjavík 1845. S. 2–12.

<sup>19</sup> *Tíðindi frá Alþingi...1845*, s. 466.

<sup>20</sup> *Landsyfirrættardómar og hæstarættardómar í íslenskum málum.* 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

<sup>21</sup> *Landsyfirrættardómar og hæstarættardómar í íslenskum málum.* 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.



---

sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífíð, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífíð, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalogum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...<sup>22</sup>

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.<sup>23</sup>

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.<sup>24</sup> Meginkilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að

---

<sup>22</sup> *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

<sup>23</sup> *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

<sup>24</sup> Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

---

lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómur þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttar-not, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkja-bréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjándi öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (lands-

---

nefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gildi einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.<sup>25</sup>

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.<sup>26</sup>

## 4. FLOKKUN LANDS

### 4.1. Almenn

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra;  
en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá l†g

---

<sup>25</sup> Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

<sup>26</sup> Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

---

fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.<sup>27</sup>

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.<sup>28</sup> Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjälögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjälögum um „aðrar óbyggðar lendur“.<sup>29</sup> Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almeningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór

---

<sup>27</sup> *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáú um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. llb.).

<sup>28</sup> Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

<sup>29</sup> Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjälaga nr. 5/1882 og 41/1919.

---

en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfjall deila til sjóvar. ... Síðan skipaði hann heraðit sínum féltgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjtrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.<sup>30</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.<sup>31</sup> Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í þinnur lþnd, eða aðrir menn eigi þanneg ’ttk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjþll þau eru, er vatnfjall deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjargangi á fjþll upp, kveða skal þar á merki“<sup>32</sup>. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jþrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrð, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar...“<sup>33</sup>

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggiöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

---

<sup>30</sup> *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

<sup>31</sup> *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lþ.).

<sup>32</sup> *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159–163 (31.–32. k. llb.).

<sup>33</sup> *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

---

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadyra á jörð sinni.<sup>34</sup> Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hvorrar skyldu ráða veiði á landi.<sup>35</sup>

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.<sup>36</sup> Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.<sup>37</sup> Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrir mæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.<sup>38</sup> Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.<sup>39</sup> Rekabálgur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

---

<sup>34</sup> Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

<sup>35</sup> Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

<sup>36</sup> Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

<sup>37</sup> Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lb.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

<sup>38</sup> Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, *Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur*, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. *Jónsbókar*.

<sup>39</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

---

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.<sup>40</sup> Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.<sup>41</sup> Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hveirrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákvæðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.<sup>42</sup> Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.<sup>43</sup> Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.<sup>44</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.<sup>45</sup> Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.<sup>46</sup> Fram að þeim tíma voru önnur

---

<sup>40</sup> Sjá Grágás 1992, s. 345 (48. k. lbp.). Jónsbók 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

<sup>41</sup> Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

<sup>42</sup> Grágás 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). Jónsbók 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

<sup>43</sup> Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

<sup>44</sup> Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

<sup>45</sup> Grágás 1992, s. 344 (48. k. lbp.).

<sup>46</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

---

hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábyli*.<sup>47</sup> Hjáleigubýggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.<sup>48</sup>

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.<sup>49</sup> Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>50</sup> Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og *hjáleigu*. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.<sup>51</sup> Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur

---

<sup>47</sup> Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

<sup>48</sup> Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

<sup>49</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

<sup>50</sup> Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit*. Ósló. S. 213–215, 226.

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 13. b. *Fylgiskjöl*. Reykjavík. S. 24.



---

í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalþndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sþk á því.<sup>52</sup>

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggja næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.<sup>53</sup>

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubýggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.<sup>54</sup>

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

*Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

a. *Búfjánhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

b. *Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjánhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.<sup>55</sup>

---

<sup>52</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>53</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

<sup>54</sup> Björn Teitsson, 1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

<sup>55</sup> *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

---

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu *Lýsing Íslands* að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.<sup>56</sup>

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.<sup>57</sup>

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti megi leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

---

<sup>56</sup> Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

<sup>57</sup> Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

---

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.<sup>58</sup> Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttáð sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.<sup>59</sup> Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.<sup>60</sup> Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningssvæði, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.<sup>61</sup> Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir

---

<sup>58</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn*. 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn*. 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

<sup>59</sup> Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

<sup>60</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu, 1917–1919: *Almenningar og afréttir*. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um aftjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

<sup>61</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 27–30.

---

hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.<sup>62</sup>

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.<sup>63</sup>

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjargangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvár þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivttn þll i almenningi eru þllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvftku; þar eigu menn at telgja við ok færa til skips eða búða, ok er þá heilagur viðrinn. Nú koma menn þar þðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bæti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...<sup>64</sup>

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.<sup>65</sup>

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.<sup>66</sup> Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.<sup>67</sup> Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið

---

<sup>62</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>63</sup> Grágás 1992, s. 369 (74. k. llb.).

<sup>64</sup> Jónsbók 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>65</sup> Jónsbók 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

<sup>66</sup> Eggert Briem 1917, s. 61–62.

<sup>67</sup> Sjá eldri Frostþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

---

efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.<sup>68</sup> Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nýtt af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.<sup>69</sup>

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.<sup>70</sup> Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.<sup>71</sup> Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nýttjar eru af.<sup>72</sup>

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.<sup>73</sup> Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.<sup>74</sup> Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem

---

<sup>68</sup> Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórásartungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

<sup>69</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

<sup>70</sup> Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

<sup>71</sup> Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. nánulaga, nr. 50/1909.

<sup>72</sup> Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjálaga, nr. 41/1919.

<sup>73</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur*. Reykjavík. S. 83.

<sup>74</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

---

verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

#### 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beutilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beutiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.<sup>75</sup>

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeutiland.<sup>76</sup> Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.<sup>77</sup>

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur þjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.<sup>78</sup> Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjälögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjälög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjälaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.<sup>79</sup> Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar

---

<sup>75</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu 1917–1919, s. 43.

<sup>76</sup> Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. Þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

<sup>77</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. llb.).

<sup>78</sup> *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

<sup>79</sup> Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

---

verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparháttanna verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annari jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

---

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.<sup>80</sup> Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.<sup>81</sup>

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.<sup>82</sup> Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.<sup>83</sup> Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.<sup>84</sup> Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.<sup>85</sup>

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignar-

---

<sup>80</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbp.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

<sup>81</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbp.).

<sup>82</sup> *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbp.).

<sup>83</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

<sup>84</sup> Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>85</sup> Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.



---

réttri að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.<sup>86</sup>

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búspærfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafréttar. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttar eignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afréttar né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.<sup>87</sup>

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið

---

<sup>86</sup> Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

<sup>87</sup> Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

---

1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.<sup>88</sup>

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.<sup>89</sup> Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur*, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotafréttur*. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo: Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

---

<sup>88</sup> Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

<sup>89</sup> Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögnum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

---

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neindir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.<sup>90</sup> Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.<sup>91</sup>

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.<sup>92</sup> Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarheit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtisdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómur skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir

---

<sup>90</sup> Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

<sup>91</sup> Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. nánulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

<sup>92</sup> Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

---

flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (*Nýjabæjarafréttur*). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarreit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (*Reyðarvatn*) og H 1975 55 (*Arnarvatnsheiði*).

#### **4.5. Jörð eða afréttur?**

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámi, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnst allt að einu einstök dæmi um

---

slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafreйти, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beutiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beutiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

---

#### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.<sup>93</sup> Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.<sup>94</sup>

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.<sup>95</sup> Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málsþaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.<sup>96</sup> Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.<sup>97</sup> Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.<sup>98</sup>

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosíð í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.<sup>99</sup> Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram

---

<sup>93</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.

<sup>94</sup> *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki...“

<sup>95</sup> Sigurður Þórarinnsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

<sup>96</sup> Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 14–15.

<sup>97</sup> Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

<sup>98</sup> *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

<sup>99</sup> *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

---

frostþenslukeninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.<sup>100</sup> Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.<sup>101</sup>

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.<sup>102</sup> Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.<sup>103</sup> Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýttjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.<sup>104</sup>

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.<sup>105</sup>

---

<sup>100</sup> *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinnsson 1960, s. 16–17).

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

<sup>102</sup> Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

<sup>103</sup> Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur I*. Reykjavík. S. 43.

<sup>104</sup> Sbr. þessi orð Sigurðar Línals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklafræðings, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almennaréttur er bundinn við“ („Eignaréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbætur eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

<sup>105</sup> Þskj. 598. Alþíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

---

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarkna/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarkna sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.<sup>106</sup> Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.<sup>107</sup> Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.<sup>108</sup> Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar.

---

<sup>106</sup> Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

<sup>107</sup> Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

<sup>108</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.



---

Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.<sup>109</sup> Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitid að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

---

<sup>109</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

---

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.<sup>110</sup> Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrð aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalog og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hropað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalog eru sett 1882 og þar til Þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalinu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og Þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

---

<sup>110</sup> Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinnsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

---

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hoptað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku Þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku Þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan Þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka Þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. Þjóðll., enda sé jökullinn í Þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í Þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist Þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan Þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla Þjóðll.

---

#### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölu og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.<sup>111</sup> Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælt til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.<sup>112</sup> Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.<sup>113</sup>

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarþeir því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.<sup>114</sup>

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er l†gr-tt skal vera, skipa svá †ðrum g†ngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri m†rk við konung

---

<sup>111</sup> Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

<sup>112</sup> *Jónsbók* 1904, s. 292.

<sup>113</sup> *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

<sup>114</sup> *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. llb.).

---

er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gþnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.<sup>115</sup>

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.<sup>116</sup>

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

---

<sup>115</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

<sup>116</sup> *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. llb.).

---

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögnum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögnum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimlands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða háttá þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapitula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbindingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttáð á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um

---

beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttáð.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttáð að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkjá viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttáð svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

#### 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.<sup>117</sup> Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.<sup>118</sup>

---

<sup>117</sup> Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

<sup>118</sup> Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

---

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gæða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í tinnur līnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítík; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.<sup>119</sup>

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.<sup>120</sup> Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,<sup>121</sup> og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.<sup>122</sup> Elsta skjállega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.<sup>123</sup> Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta reka-skrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.<sup>124</sup> Ítökum fjölgaði

---

<sup>119</sup> Jónsbók 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

<sup>120</sup> Sbr. Grágás 1992, s. 296, 321, 329. Jónsbók 1904, s. 147–148, 150.

<sup>121</sup> Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

<sup>122</sup> Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar*. Reykjavík. S. 277.

<sup>123</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

<sup>124</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).



---

síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.<sup>125</sup>

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálavömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).<sup>126</sup> Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hríaskóg og raptvidahögg í jörðunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.<sup>127</sup> Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.<sup>128</sup>

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingaraflla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparháttanna og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.<sup>129</sup> Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nýttjuð í sambandi við notkun þeirra.<sup>130</sup> Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðitaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr.

---

<sup>125</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, mósкурður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

<sup>126</sup> Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efri-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

<sup>127</sup> *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

<sup>128</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

<sup>129</sup> Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylða*.

<sup>130</sup> Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

---

3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.<sup>131</sup> Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.<sup>132</sup> Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíma verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.<sup>133</sup> Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397<sup>134</sup> og Gíslamáldaga frá 1570.<sup>135</sup> Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.<sup>136</sup> Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framan- greind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

---

<sup>131</sup> Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögnum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

<sup>132</sup> Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögnum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

<sup>133</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

<sup>134</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

<sup>135</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

<sup>136</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

---

#### 4.9. Fjörur og rekæign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.<sup>137</sup> Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.<sup>138</sup> Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.<sup>139</sup>

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.<sup>140</sup> Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“<sup>141</sup> Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.<sup>142</sup> Allan reka utan *rekamarka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.<sup>143</sup>

---

<sup>137</sup> Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignarréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

<sup>138</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>139</sup> Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

<sup>140</sup> Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvólum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

<sup>141</sup> *Jónsbók* 1904, s. 194.

<sup>142</sup> *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

<sup>143</sup> *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörum í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

---

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.<sup>144</sup> Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deilda reka.<sup>145</sup> Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.<sup>146</sup> Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrir [fellur út] utast.<sup>147</sup>

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.<sup>148</sup>

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

Það var logtekid um rekamark a Auxararþijngi af badum l<sup>1</sup>gm<sup>1</sup>nnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flæðarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eíartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast það landeigande hvort það er trie edur hvalur.<sup>149</sup>

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

---

<sup>144</sup> Grágás 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlög, þá á sá allan er veiðir“ (Jónsbók 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

<sup>145</sup> Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

<sup>146</sup> Grágás 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. Grágás 1992, s. 353–354). Samkvæmt Jónsbók 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

<sup>147</sup> Grágás 1992, s. 353–354. Sbr. Jónsbók 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

<sup>148</sup> Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

<sup>149</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

---

Ef maðr kaupir reka af landi manns at l†gmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fj†ru þeiri álnarl†ng kefli †ll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.<sup>150</sup>

Rekamaður átti einnig allan ómerkta við og hval sem menn fluttu úr almenningi<sup>151</sup>, ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.<sup>152</sup> Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.<sup>153</sup> Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af veiði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.<sup>154</sup>

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.<sup>155</sup> Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skráum aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.<sup>156</sup> Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *reka-grunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpin væri sandi eða grjóti.<sup>157</sup> Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Örafum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en

---

<sup>150</sup> *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

<sup>151</sup> Í *Jónsbók* er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

<sup>152</sup> *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í *Jónsbók*.

<sup>153</sup> *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

<sup>154</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

<sup>155</sup> Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

<sup>156</sup> Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

<sup>157</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

---

skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.<sup>158</sup> Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.<sup>159</sup> Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.<sup>160</sup>

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.<sup>161</sup>

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gildi einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.<sup>162</sup> Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.<sup>163</sup> Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almennigur*.<sup>164</sup> Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.<sup>165</sup> Í löggjöf frá

---

<sup>158</sup> Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

<sup>159</sup> *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

<sup>160</sup> Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, *Grágás* og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandasþik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

<sup>161</sup> *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

<sup>162</sup> *Jónsbók* 1904, s. 197.

<sup>163</sup> Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

<sup>164</sup> *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

<sup>165</sup> Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

---

miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.<sup>166</sup> Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.<sup>167</sup> Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendlögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.<sup>168</sup> Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.<sup>169</sup>

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

## 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

### 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það

---

<sup>166</sup> Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

<sup>167</sup> Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

<sup>168</sup> Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

<sup>169</sup> Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

---

efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

## 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).<sup>170</sup>

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.<sup>171</sup> Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.<sup>172</sup>

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landsþjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrettingu“ í

---

<sup>170</sup> Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

<sup>171</sup> Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Íslands jordebok under förindustriell tid*. Lundi. S. 18.

<sup>172</sup> Björn Lárusson 1967, s. 63.



---

votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.<sup>173</sup> Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“<sup>174</sup>

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af hefyng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.<sup>175</sup> Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.<sup>176</sup> Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.<sup>177</sup> Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.<sup>178</sup> Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið

---

<sup>173</sup> Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

<sup>174</sup> *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

<sup>175</sup> Björn Lárusson 1982, s. 17.

<sup>176</sup> Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

<sup>177</sup> *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

<sup>178</sup> *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

---

út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögnum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

### 5.3. Máldagar og vísitasúr

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá

---

og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.<sup>179</sup>

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.<sup>180</sup> Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.<sup>181</sup>

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.<sup>182</sup> Jafnframt gildi sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.<sup>183</sup>

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því

---

<sup>179</sup> Grágás 1992, s. 12.

<sup>180</sup> Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis*. Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

<sup>181</sup> Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

<sup>182</sup> Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

<sup>183</sup> Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

---

stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.<sup>184</sup> Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.<sup>185</sup>

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og autentískt“ kirkju-registur.<sup>186</sup> Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.<sup>187</sup>

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

---

<sup>184</sup> *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

<sup>185</sup> Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

<sup>186</sup> *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

<sup>187</sup> Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

---

## 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gildi almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gildi aðeins í 12 mánuði (llb. 17).<sup>188</sup>

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lögfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lögfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lög máli réttu...

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.<sup>189</sup> Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.<sup>190</sup> Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.<sup>191</sup>

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta

---

<sup>188</sup> Sbr. Sigurður Línal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

<sup>189</sup> Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast...* Reykjavík. S. 165.

<sup>190</sup> *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Reykjavík 1993. S. 162.

<sup>191</sup> *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

---

ráðsmannsins í Skálholti.<sup>192</sup> Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga<sup>193</sup> virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

### 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.<sup>194</sup> Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitásiur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.<sup>195</sup> Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.<sup>196</sup> Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brún þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.<sup>197</sup> Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var

---

<sup>192</sup> Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

<sup>193</sup> Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

<sup>194</sup> Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

<sup>195</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

<sup>196</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s. 197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

<sup>197</sup> Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

---

líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.<sup>198</sup> Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.<sup>199</sup> Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok níttjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gildi því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögnum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.<sup>200</sup> Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað

---

<sup>198</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

<sup>199</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

<sup>200</sup> Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

---

„jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirbyggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjagala fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrá þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrá hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.<sup>201</sup> Orðin landamerkjalyking og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

---

<sup>201</sup> Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.



---

Samkvæmt ákvæðum landamerkjálaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágretta eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjálaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).<sup>202</sup>

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðháttar, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsímálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).<sup>203</sup> Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997

---

<sup>202</sup> Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

<sup>203</sup> Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

---

2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óbyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsímálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lög-málum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.<sup>204</sup> Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lög mála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðapáttar í Jónsbók.<sup>205</sup>

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellisins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmani falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögbingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögbingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

---

<sup>204</sup> Grágás 1992, s. 300 (14. k. lþþ.).

<sup>205</sup> Jónsbók 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

---

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku nógildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var lítið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þingi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“<sup>206</sup> Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skráum þeirra.<sup>207</sup> Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.<sup>208</sup>

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögbingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan nógildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnáslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skráum og framlagningu þeirra.<sup>209</sup> Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.<sup>210</sup> Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

---

<sup>206</sup> Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi*. Kaupmannahöfn. S. 57.

<sup>207</sup> Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur*. Reykjavík. S. 29.

<sup>208</sup> *Alþingistíðindi A 1977–1978*, s. 1382.

<sup>209</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

<sup>210</sup> Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

---

## 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þá-gildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómur hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómur sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaeefni.

Heimildir um stjórnarsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignausmsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófests. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla.

---

Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendir og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

- a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendir.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

---

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nýttar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggji rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnánum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hveirrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

---

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óbyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarheit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðbyggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpin beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

---

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenski löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir



---

hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrir en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

## 7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

### 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>211</sup>

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómur varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómur

---

<sup>211</sup> Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

---

Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómur frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómur frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómur frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómur frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómur gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

### 7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða<sup>212</sup>

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekktt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

---

<sup>212</sup> Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

---

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf

---

hátt í tvö hundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotkenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

---

### 7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi<sup>213</sup>

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.<sup>214</sup> Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjálaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjálýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.<sup>215</sup> Um slík landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að

---

<sup>213</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

<sup>214</sup> Sbr. kafla 3.3. [...].

<sup>215</sup> Sbr. kafla 4.2. [...].

---

byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

## 8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

### 8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>216</sup>

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Græna fjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

### 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana<sup>217</sup>

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámmum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra

---

<sup>216</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

<sup>217</sup> Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

---

merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnotaafréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðháttu, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitæfni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendir og afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðháttu, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsörk, Goðaland, Almennunga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

---

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almennunga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendlaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnassýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitir í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan



---

upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafréttar og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almennungum, Merkurungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðháttu, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrjú dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskups-tungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum

---

nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitæfni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

### 9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>218</sup>

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar voru ákvæði Mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

---

<sup>218</sup> Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

---

## 10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

### 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>219</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómur frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómur frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafreittur); tveir dómur frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómur frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekk og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekk, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

---

<sup>219</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

## 10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar<sup>220</sup>

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

---

<sup>220</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitafni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

### 10.3. Heimildir um legu jarða til forna<sup>221</sup>

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkst var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Um fjöllum í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna

---

<sup>221</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

---

heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

## 11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

### 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum<sup>222</sup>

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómur fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var

---

<sup>222</sup> Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekk. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekk þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[...]

## 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir<sup>223</sup>

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrri atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í

---

<sup>223</sup> Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggja að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafra-gjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyru tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist



---

vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

### **11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis<sup>224</sup>**

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom

---

<sup>224</sup> Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Helligshéið sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu

---

en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar sammingsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við sammingsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli sammingsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og

---

eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku Þjóðlendlaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku Þjóðlendlaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómur Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. [...] Aðrir fyrirliggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.<sup>225</sup>

#### 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna<sup>226</sup>

[...]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

---

<sup>225</sup> Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

<sup>226</sup> Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

---

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leyttinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á að tilheyra Munkaþverárklostri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afrjettarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklostri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklostur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

---

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma

---

að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðæfndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álfstaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómsnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla.

---

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. [...] Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.



## II. Aðilaskrá

Þjóðlendum	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Botn við Svínbjúg	Ásgeir Salberg Jónsson og Unnur Ásta Hilmarsdóttir
Fremri-Hrafnabjörg	Þorsteinn Einarsson og Soffía Guðmundsdóttir <sup>1</sup>
Fremri-Hundadalur	Ólafur Ragnarsson
Hlíðartún	Jónsmessan ehf.
Neðri-Hundadalur 1 og Neðri-Hundadalur 2	Sigursteinn Hjartarson
Sauðafellsselland	Berglind Vésteinsdóttir og Finnbogi Harðarson
Vífilsdalur	Hörður Hjartarson
Ytri-Hrafnabjörg	Guðmundur Freyr Geirsson

---

<sup>1</sup> Við meðferð málsins lýstu Bjargey Una Hinriksdóttir, Halldóra Guðrún Hinriksdóttir, Hinrik Ingi Hinriksson og Ólafía Magnea Hinriksdóttir kröfum vegna Fremri-Hrafnabjarga. Skömmu fyrir uppkvaðningu úrskurðarins var tilkynnt um að Soffía Guðmundsdóttir og Þorsteinn Einarsson væru orðin eigendur jarðarinnar og tækju því við aðild málsins.



### III. Skjalaskrá<sup>1</sup>

Skjalaskrá með efnisflokkun á skjölum nr. 2 og 4 (ekki alltaf númeraröð). Efnisflokkunin vísar til „Yfirlits yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“.

#### Lagt fram af Andra Árnasyni lögmanni, Eddu Andradóttur lögmanni og Indriða Þorkelssyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

1		Kröfulýsing, dags. 8.2.2016.
	1(1)	Skjalaskrá, dags. 8.2.2016.
	1(2)	Tilvísanaskrá, dags. 8.2.2016.
	1(3)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 9 hjá óbyggðanefnd, dags. 17.9.2014.
	1(4)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 12.12.2014.
	1(5)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 22.12.2014.
	1(6)	Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Dalabyggðar. Tilkynning um meðferð óbyggðanefndar á svæði 9, dags. 26.1.2015.
	1(7)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 9, dags. 25.2.2015.
	1(8)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.3.2015.
	1(9)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9, dags. 29.5.2015.
	1(10)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 29.5.2015.
	1(11)	Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um skiptingu svæðis 9 og kröfulýsingafresti, dags. 30.9.2015.
	1(12)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins um skiptingu svæðis 9, dags. 30.9.2015.
	1(13)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um viðbótarfrest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 13.11.2015.
	1(14)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 16.11.2015.
	1(15)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um frest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 14.12.2015.
	1(16)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 18.12.2015.
	1(17)	Bréf lögmanns íslenska ríkisins til óbyggðanefndar um frest til að skila kröfulýsingu á svæði 9A, dags. 26.1.2016.
	1(18)	Bréf óbyggðanefndar til lögmanns íslenska ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 27.1.2016.
	1(19)	Dómur Hæstaréttar í máli nr. 183/1997. Hundadalsheiði, dags. 25.9.1997.
	1(20)	Greinargerð, dags. 3.8.2017.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

2		Yfirlit/heildarskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 30.4.2018, ásamt skrá yfir prentaðar heimildir sem leitað var í af hálfu safnsins.
---	--	--

<sup>1</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau eru því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig kafla 4.2.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

2(1)	Sauðafell með sellandi á Suðurárdal og upprekstri á Mjóadal og Hlíðartúni í Sökkólfsdal, dags. 23.5.1883. Merkt 49 a–e.
2(2)	Breiðabólstaður, ódags. en þinglýst 20.5.1884. Merkt 50 a–b.
2(3)	Neðri-Hundadalur, dags. 12.5.1884. Merkt 46 a–b.
2(4)	Fremri-Hundadalur, dags. 12.5.1884. Merkt 47 a–b.
2(5)	Hvítuskjaldarhóll, dags. 12.5.1884. Merkt 48 a–b.
2(6)	Fremri-Vífildalur, dags. 29.5.1886. Merkt 45 a–b.
2(7)	Hrafnabjörg ytri og Hrafnabjörg fremri, dags. 18.5.1885. Merkt 44 a–b.
2(8)	Seljaland, dags. 16.5.1885. Merkt 63 a–b.
2(9)	Tunga, dags. 21.5.1883. Merkt 64 a.
2(10)	Snóksdalur og Gilsbakki, dags. 22.5.1886. Merkt 41 a–b.
2(11)	Selárdalur, dags. 19.5.1884. Merkt 42 a–b.
2(12)	Hóll, dags. 16.5.1884. Merkt 43 a–b.
2(124) a–b.	Neðri-Vífildalur, dagsett í maí 1885, ásamt uppskrift. Merkt 66 a–b.

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

2(61) a–b	Eftirrit af lögfestum fyrir ýmsar jarðir í Dalasýslu 1691–1831. Lögfesta fyrir Fremri-Vífildal dags. 11.4.1824, samningur um landamerki Vífildalanna 1827, lögfesta fyrir Hrafnabjörg 8.5.1828 og lögfesta fyrir Hól í Hörðudal 14.5.1691, ásamt uppskrift. Merkt 1 a–n.
2(62) a–b	Vitnisburður um jarðakaup. Jón Eggertsson selur Ásbirni Guðmundssyni jörðina hálfu Breiðabólstað í Sökkólfsdal, 12 hndr. að dýrleika í skiptum fyrir [...] hndr. í [Svarfhóli] í Miklaholtshreppi. dags. föstudaginn næstan fyrir hvítasunnu, ásamt uppskrift. Merkt 27 a.
2(63) a–b	Kaupbréf fyrir hálfum Fremri-Vífildal, dags. 11.5.1836, ásamt uppskrift. Merkt 28 a.
2(64) a–b	Hólmfríður Hannesdóttir lögfestir eignarjörð sína hálfan Hundadal fremri, liggjandi í Miðdalasveit. Landamerkja getið. Upplesið fyrir rétti að Sauðafelli, 3.5.1799, dags. 3.5.1799, ásamt uppskrift. Merkt 29 a.
2(65) a–b	Hólmfríður Hannesdóttir lögfestir eignarjörð sína hálfan Hundadal fremri liggjandi í Miðdalasveit. Landamerkja getið. Eftirrit skjals í örk 12, dags. 3.5.1799, ásamt uppskrift. Merkt 30 a.
2(66) a–b	Snorri Brandsson selur séra Hallsteini Jónssyni jörðina Hrafnabjörg í Hörðudal og alla jörð að Laugum fyrir 66 hndr. í lausafé. Landamerkja og ítaka getið. Blönduhlíðardómur um þessi kaup frá 16.6.1509. Fjórir menn votta rétta afskrift 1599. Upplesið í lögréttu 1.7.1664 og að Blönduhlíð 18.5.1779, dags. 31.12.1393, ásamt uppskrift. Merkt 31 a–b.
2(67) a–b	Jón Egilsson selur Eiríki Eiríkssyni eign konu sinnar, jörðina Geitastekki í Hörðudal, 16 hndr. að dýrleika. Upplesið fyrir rétti að Blönduhlíð 4.5.1799. Landamerkja Hóls í Hörðudal og Geitastekks getið aftan við kaupbréfið, gjörð af sýslum. Magnúsi Ketilssyni 24.9.1794, dags. 23.3.1799, ásamt uppskrift. Merkt 32 a–b.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

2(129) a–b	Lögfesta Oddleifs Þorleifssonar fyrir Sauðafell frá 30. mars 1814, ásamt uppskrift. Merkt 15 a–b.
2(130) a–b	Lögfesta Guðmundar Jónssonar og Teits Halldórssonar fyrir Hrafnabjörg frá 1. maí 1828 og ítrekuð 19. mars 1838, ásamt uppskrift. Merkt 17 a–b.

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

2(13)	Jarðamat 1849–1850: Hundadalur neðri, Sauðafell, Breiðabólstaður, Hlíðartún, Skallhóll, Fremri-Hundadalur, Snóksdalur, Selárdalur, Hóll, Hrafnabjörg ytri, Hrafnabjörg fremri, Fremri-Vífilsdalur, Neðri-Vífilsdalur, Tunga og Seljaland. Merkt b 6–7, 11–14, 17.
2(14)	Fasteignamat 1916–1918: Sauðafell, Hlíðartún, Breiðabólstaður, Hundadalur neðri, Hundadalur fremri, Skallhóll (Hvítskjaldarhóll), Fremri-Vífilsdalur, Neðri-Vífilsdalur, Seljaland, Tunga, Hrafnabjörg ytri, Hrafnabjörg fremri, Snóksdalur, Selárdalur og Hóll. Merkt c
2(32)	Jarðamat 1804: Hlíðartún, Breiðabólstaður, Hundadalur neðri, Hundadalur fremri, Skallhóll, Fremri-Vífilsdalur, Neðri-Vífilsdalur, Snóksdalur, Fremri-Hrafnabjörg, Ytri-Hrafnabjörg. Seljaland, Tunga, Selárdalur og Hóll. Merkt 51, 53–55, 65, 58, 60, 62–63.

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

2(70) a–b	Úttekt á Fellsenda, dags. 30.4.1846. Merkt d 1.
2(71) a–b	Hreppsfundur á Sauðafelli 24.4.1893. Skorað á hreppsnefnd Miðdalahrepps að láta framkvæma mat á afréttarlöndum hreppsins svo séð verði hversu margt fé megi reka á þau. Merkt d 2a–b.
2(78) a–b	Manntalsþing að Staðarhóli 16.4.1732. Þinglesið afsal fyrir Hundadal neðri. Merkt b 130 a–b.
2(79) a–b	Manntalsþing að Staðarhóli 16.4.1732. Þinglesið kaupbréf fyrir 25 hundruðum í Hundadal neðri. Merkt b 131 a–b.
2(80) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 28.5.1880. Sveinn Klemensson þinglýsir að hann hafi tekið Neðri-Hundadal í arf. Merkt b 132.
2(81) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 3.5.1799. Upplesin lögfesta fyrir Hundadal fremri, dagsett sama dag. Merkja getið. Merkt b 133.
2(82) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 18.6.1729. Upplstur á bréfi, dags. 26.1.1687, er varðaði m.a. selför frá og beit í Hlíðartúnslandi. Tekið úr kaupbréfi Ólafs Loftssonar og Jóns Þorgilssonar frá árinu 1479. Getið um afrit frá árinu 1709 sem og um afrit frá 16. janúar 1711. Getið um kaupbréf biskups Ögmundar biskups og Daða Guðmundssonar vegna Hamraenda og Sauðhúsa í Laxárdal, frá árinu 1528. Merkt b 135 a–b.
2(83) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 18.6.1790. Upplesið kaupbréf fyrir Breiðabólstað og Hlíðartúni í Sökkólfsdal frá árinu 1479 með tilteknum landamerkjum á Breiðabólstað og selför frá Hamrendum í Hlíðartúnslandi. Merkt b 136.
2(84) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 27.5.1903. Þinglesið veðbréf Bjarna Bjarnasonar með 2. veðrétti í Sauðafelli með sellandi og Hlíðartúni. Veðbréfið dagsett þann 12.5.1902. Merkt b 137.
2(85) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 27.5.1903. Þinglesið veðbréf Bjarna Bjarnasonar með 2. veðrétti í Sauðafelli, með Sellandi og Hlíðartúni, dagsett 12.5.1902. Merkt b 108 a–b.
2(86) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 18.6.1790. Upplesið kaupbréf fyrir Breiðabólstað og Hlíðartúni í Sökkólfsdal innan tiltekinnar merkja frá árinu 1479. Getið um selför frá Hamraendum í Hlíðartúnsland. Landamerki ekki tilgreind. Merkt b 109.
2(87) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 21.6.1804. Upplesið kaupbréf fyrir Sauðafell. Landamerkja er ekki getið. Merkt b 110.
2(88) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 28.4.1736. Upplesin lögfesta séra Magnúsar Árnasonar fyrir Sauðafell. Inntak lögfestunnar ekki getið. Merkt b 112.
2(89) a–b	Manntalsþing að Sauðafelli 19.4.1833. Lesin upp lögfesta fyrir Sauðafell, dags. 8.1.1833. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Merkt b 115 a–b.

2(90) a-b	Manntalsþing að Sauðafelli 17.5.1861. Upplesin lögfesta fyrir Sauðafelli, með undirliggjandi löndum og ítökum, dags. 16.5 sama ár. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar. Eigandi Háafells lét á móti lesa sína lögfestu. Báðir mótmæltu lögfestu hvor annars að svo miklu leyti sem þær stríddu á mót hvor annarri. Inntak lögfestu Háafells var ekki heldur fært til bókar. Merkt b 118 a-b.
2(91) a-b	Manntalsþing að Staðarhóli 23.5.1861. Lesin upp lögfesta fyrir Sauðafell. Inntaks lögfestunnar ekki getið. Merkt b 120 a-b.
2(92) a-b	Manntalsþing að Sauðafelli 28.5.1872. Þinglesið afsalsbréf dagsett 27.8.1871, þar sem Asgerður Gunnlaugsdóttir í Köldukinn seldi og afhenti fjórðung úr Sauðafellseigninni, með öllu tilheyrandi, prestinum séra Jakobi Guðmundssyni á Kvennabrekku. Merkt b 122.
2(93) a-b	Manntalsþing að Sauðafelli 25.5.1875. Lárus Halldórsson veðsetur „Sauðafellseignina með tilheyrandi“ í umboði séra Jakobs Guðmundssonar á Sauðafelli. Merkt b 123.
2(94) a-b	Manntalsþing að Sauðafelli 18.6.1892. Þinglýst kaupbréfi sýslumannsins Björns Bjarnasonar á Sauðafelli fyrir „Sauðafellseigninni“, dags. 20.5.1892. Merkt b 124.
2(95) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 23.6.1798. Upplesin lögfesta fyrir Fremri-Vífilsdal, en enginn „viss landamerki tiltekin“. Merkt b 125.
2(96) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 23.6.1798. Upplesið kaupbréf Ólafs Sigurðssonar fyrir Neðri-Vífilsdal, dagsett 6. 2.1798. Merkt b 126.
2(97) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 20.4.1835. Þinglesið kaupbréf Guðbrands Magnússonar fyrir Fremri-Vífilsdal, dags. 15.4.1835. Einnig þinglesin lögfesta fyrir sömu jörð, dags. 18.4.1835. Efnisatriði kaupbréfsins og lögfestunnar eru ekki færð til bókar. Merkt b 127.
2(98) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 6.5.1825. Upplesin var lögfesta fyrir Neðri-Vífilsdal, undirrituð af Vilhjálmi Bárðarsyni, dags. 25.4.1825. Inntaks lögfestunnar ekki getið. Merkt b 128.
2(99) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 13.6.1910. Þinglesið afsalsbréf Elísabetar Baldvinsdóttur til Gunnlaugs Baldvinssonar fyrir Neðra-Vífilsdal, dags. 22.4.1910. Merkt b 129.
2(100) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 5.4.1838. Upplesin lögfesta fyrir Hrafnabjörg, dags. 19.3.1838. Efni lögfestunnar ekki getið. Merkt b 138.
2(101) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 24.5.1875. Hálf jörðin Hrafnabjörg ytri seld. Merkt b 139 a-b.
2(102) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 22.6.1757. Upplesið kaupbréf fyrir 12,5 hundruðum í Hrafnabjörgum fremri, dag. 30.11.1756. Merkt b 140.
2(103) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 22.6.1757. Upplesið próventubríf Péturs Þorvaldssonar að Hrafnabjörgum, dags. 20.6.1757. Með bréfinu gaf Pétur bróðursyni sínum, Halldóri Jónssyni að Hrafnabjörgum, 12,5 hundruð í samnefndri jörð. Merkt b 141.
2(104) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 18.5.1779. Á þinginu lét Sigurður Þórðarson hreppstjóri á Hrafnabjörgum bera saman pappírsbréf við skinnbréf um landamerki Hrafnabjarga. Bréfin voru samhljóða og var sú niðurstaða staðfest af sýslumanni og presti. Merkt b 142 a-b.
2(105) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 18.5.1779. Upplesin og uppáskrifuð lögfesta fyrir Hrafnabjargaland. Inntaks lögfestunnar ekki getið. Merkt b 143 a-b.
2(106) a-b	Manntalsþing að Jörfa í Haukadal 20.6.1791. Upplesið kaupbréf með tilteknum landamerkjum fyrir Hrafnabjörg frá árinu 1393. Merkt b 146.
2(107) a-b	Manntalsþing að Blönduhlíð 31.5.1793. Upplesin lögfesta fyrir Hrafnabjörg og Seljaland, dagsett degi fyrr. Inntaks lögfestunnar ekki getið. Merkt b 147.

2(108) a-b	Bréf Jakobs Guðmundssonar „afréttareiganda“ Sauðafellsafréttar og Ásmundar Þorsteinssonar oddvita hreppsnefndar Miðdalahrepps til sýslumanns, dags. 14.4.1888. Leitað úrskurðar sýslumanns um upprekstur og fjallskil á Sauðafellsafrétt. Merkt e 21 a.
2(109) a-b	Reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, dýraveiðar og geldfjárrekstur á afrétti og dalí, dags. 20.5.1809. Merkt e 1 a-e.
2(110) a-b	Reglugerð fyrir Dalasýslu um fjármörk, fjallgöngur og réttir, dags. 13.8.1809. Merkt e 2 a-i.
2(111) a-b	Bréf sýslumannsins í Dalasýslu til hreppstjóra í sýslunni, dags. 31.3.1857, varðandi ráðstafanir til hindrunar útbreiðslu á fjárkláða um Vesturland. Merkt e 3 a-b.
2(112) a-b	Fundargerð sveitarfundar í Miðdalahreppi, dags. 9.2.1863. Fjallað um geldfjárupprekstur, fjallskil, réttir og grenjaleitir í hreppnum, m.a. á Sauðafellsland. Merkt e 18 a-b.
2(113) a-b	Svar hreppstjóra Miðdalahrepps vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Dalasýslu, dags. 15.6.1920. Merkt e 35 a.
2(114) a-b	Fundargerð sveitarfundar að Blönduhlíð í Hörðudal um geldfjárupprekstur og fjallskil í hreppnum, dags. 10.2.1863. Fram kemur að hreppurinn eigi næg upprekstrarlönd, „ýmist hvör út af fyrir sig, og ýmist sumar jarðir í Víðimúla á Sópandaskarði, sem er almenningsland“. Bóndinn á Hrafnabjörgum áskilur sér rétt til frekari rannsóknar um hvort Víðimúli sé almenningsland eða ekki. Merkt e 26 a-b.
2(115) a-b	Bréf Þorsteins Teitssonar á Hlíð í Hörðudal til sáttanefndarinnar í Suðurdalásáttaumdæmi, dags. 28.4.1919, vegna sölu Hörðudalshrepps á afréttarlandi hreppsins, Víðimúla, til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum. Merkt e 27 a-b.
2(126) a-b.	Eigendur Sauðafells og Hlíðartúns skuldbinda sig til að una niðurstöðu sýslumanns varðandi merki ítaks Hlíðartúns í Sauðafellslandi, 2.9.1921. Merkt b 111 a-b.
2(127) a-b.	Þinglesið á manntalsþingi Hörðudalshrepps, 8. 7.1919, afsal hreppsins til Borgarhrepps í Mýrasýslu á syðri hluta Víðimúla, skv. kaupsamningi frá 27. 7.1918 og afsali frá 30.12.1918. Merkt b 113 a-b.
2(128) a-b.	Lesin upp kaupbréf fyrir Neðri-Hundadal á manntalsþingi á Sauðafelli, 22.6.1786. Merkt b 115 a-b.

*Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*

2(68) a-b	Greinargerð Orms Daðasonar 1744 um kirkjur, hálfkirkjur og bænhús í Dalasýslu. Sauðafellskirkja og Snóksdalskirkja. Merkt 1 a-h.
2(69) a-b	Kaupbréf fyrir 20 hndr. í Sauðafelli, dags. 14.11.1746. Með í kaupunum fylgir Hlíðartún. Þinglýst á manntalsþingi að Sauðafelli 21.6.1748. Merkt 50 a-b.

*Vísitasúbækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*

2(15) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 19.9.1639. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 8 a-b.
2(16) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 20.9.1675. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 26 a-b.
2(17) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 2.8.1699. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 31 a-b.
2(18) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 18.9.1725. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 50 a-b.
2(19) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 19.9.1750. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 50 a-b.
2(20) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 16.9.1758. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfsdal, ásamt uppskrift. Merkt 70 a-b.

2(21) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 11.9.1782. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfssdal, ásamt uppskrift. Merkt 80 a-b.
2(22) a-b	Vísitasía Sauðafells, dags. 4.8.1827. Kirkjan á m.a. Hlíðartún í Sökkólfssdal, ásamt uppskrift. Merkt 82 a-c.
2(23) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 20.9.1639. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 9 a-b.
2(24) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 20.9.1675. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 27 a-b.
2(25) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 2.8.1699. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 30 a-b.
2(26) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 13.10.1710, ásamt uppskrift. Merkt 40 a-b.
2(27) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 19.9.1725. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 51 a-c.
2(28) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 20.9.1750. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 61 a-b.
2(29) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 16.9.1758. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 71 a-b.
2(30) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 11.9.1782. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 81 a-b.
2(31) a-b	Vísitasía Snóksdals, dags. 4.8.1827. Kirkjan á m.a. Botn hjá Svínbjúg og hundrað lamba rekstur á Skarðsfjöll, ásamt uppskrift. Merkt 71 a-b.

*Skjalasöfn presta og prófaste (skjalaflokkur A.9.):*

2(33) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 24.6.1721, ásamt uppskrift. Merkt 48 a-b.
2(34) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 1.6.1726, ásamt uppskrift. Merkt 56 a-c.
2(35) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 11.6.1732, ásamt uppskrift. Merkt 64 a-b.
2(36) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 14.5.1742, ásamt uppskrift. Merkt 73 a-c.
2(37) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 6.6.1753, ásamt uppskrift. Merkt 82 a-b.
2(38) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 9.10.1803, ásamt uppskrift. Merkt 98 a-b.
2(39) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 12.6.1807, ásamt uppskrift. Merkt 101 a-b.
2(40) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 1.10.1820, ásamt uppskrift. Merkt 114 a-b.
2(41) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 6.11.1865, ásamt uppskrift. Merkt 127 a-b.
2(42) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 12.11.1866, ásamt uppskrift. Merkt 136 a-c.
2(43) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 18.10.1867, ásamt uppskrift. Merkt 138 a-c.
2(44) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 14.11.1875, ásamt uppskrift. Merkt 140 a-c.
2(45) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 26.9.1878, ásamt uppskrift. Merkt 141 a-b.
2(46) a-b	Prófastsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 12.10.1885, ásamt uppskrift. Merkt 143.
2(47) a-b	Biskupsvísitasía Sauðafellskirkju, dags. 19.7.1870, ásamt uppskrift. Merkt 18.



2(48) a-b	Afrit úr Þingbók Dalasýslu um vottorð sem gefin voru út af hreppstjóra og úttektarmanni um Sauðafellseignina, dags. 8.7.1881, ásamt uppskrift. Merkt 23 a-b.
2(49) a-b	Vottorð þau um Sauðafellseignina sem getið er um í aukarétti Dalasýslu 8.7.1881, dags. 14.7.1881, ásamt uppskrift. Merkt 24 a-e.
2(50) a-b	Makaskiptabréf hálfis Sauðafells og Hamra, dags. 25.8.1885, ásamt uppskrift. Merkt 27 a-c.
2(51) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 14.5.1721, ásamt uppskrift. Merkt 46 a-c.
2(52) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 1.6.1726, ásamt uppskrift. Merkt 57 a-c.
2(53) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 25.6.1733, ásamt uppskrift. Merkt 67 a-b.
2(54) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 17.5.1742, ásamt uppskrift. Merkt 76 a-b.
2(55) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 5.6.1753, ásamt uppskrift. Merkt 81 a-c.
2(56) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 2.10.1803, ásamt uppskrift. Merkt 97 a-c.
2(57) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 13.6.1807, ásamt uppskrift. Merkt 102 a-c.
2(58) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 30.9.1820, ásamt uppskrift. Merkt 113 a-b.
2(59) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 26.9.1849, ásamt uppskrift. Merkt 124 a-b.
2(60) a-b	Prófastsvisitasía Snóksdalskirkju, dags. 8.10.1866, ásamt uppskrift. Merkt 134 a-c.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*

2(116) a-b	Bréf Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli til amtmanns, dags. 2.10.1895, þar sem hann óskar úrskurðar um hvort hann sé skyldugur til að gera fjallskil á Sauðafellsfjallandi. Merkt 30 a.
2(117) a-b	Uppkast amtmanns að bréfum til sýslumannsins í Dalasýslu og Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli vegna uppreksturs og fjallskila á Sauðafellsfjallandi, dags. 31.12.1895. Merkt 31 a-b.
2(118) a-b	Bréf Björns Bjarnasonar sýslumanns til Vesturamts með útdrætti úr fundargerð sýslunefndar Dalasýslu frá 11.-13.3.1896, dags. 19.3.1896. Merkt 32 a-b.
2(119) a-b	Uppkast að bréfi amtmanns til sýslumanns Dalasýslu, dags. 27.4.1896. Álit varðandi fjallskil Guðmundar Jónssonar á Hörðubóli í Miðdalhreppi. Merkt 33 a-b.
2(120) a-b	Bréf Magnúsens sýslumanns Dalasýslu til amtmanns Vesturamts, dags. 26.9.1859, með skýrslu um notkun fjallendisins Snóksdalsbotns. Merkt 34 a-b.
2(121) a-b	Bréf J. Jónssonar hreppstjóra Hörðudals til amtmanns Vesturamts varðandi fjallendið Snóksdalsbotn, dags. 22.6.1858. Merkt 35 a-b.
2(122) a-b	Yfirlýsing Guðbrands Magnússonar eiganda Snóksdals um að Snóksdalsbotn fylgi téðri jörð til allrar notkunar, dags. 10.6.1858. Merkt 36 a.
2(123) a-b	Bréf Magnúsens sýslumanns til hreppstjóra Hörðudals vegna Snóksdalsbotns, dags. 7.2.1857. Merkt 37 a-b.

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu (skjalaflokkur A.11.):*

2(125) a-b.	Vibe amtmaður biður um að Finnur Einarsson bóndi í Neðra-Hundadal í Dalasýslu fái afsal fyrir jörðinni, sem hann og hafi greitt að fullu, dags. 18.8.1798.
----------------	--

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

2(72) a–b	Lögfesta fyrir Ytri- og Fremri Hrafnabjörg, dags. 2.5.1828. Landamerkja getið. Merkt 1 a–b.
2(73) a–b	Staðfest afrit ýmissa skjala er varða Hrafnabjörg á árabílinu 1393–1903. Afrit af kaupsamningi vegna sölu Snorra Brandssonar á Hrafnabjörgum til séra Hallsteins Jónssonar árið 1393, afrit af skjali er varðar dómsuppkvaðningu, dags. 16.6.1509, afrit af skjali sem er meðkenning nafngreindra manna, dags. 30.5.1599, á því að þeir hafi séð, samanborið og yfirlesið frumrit af fyrrgreindu bréfi frá 16.6.1509, afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30.5.1599, sem fram fór á Öxarárþingi þann 1.7.1664, afrit af staðfestingu á upplestri bréfsins frá 30.5.1599 fyrir rétti höldnum að Blönduhlíð þann 18.5.1779 og staðfesting Jóns Þorkelssonar, þjóðskjalavarðar, dags. 15.10.1903, á að framangreind afrit séu samhljóða frumritum. Merkt 3 a–g.
2(74)	Eftirrit af heimildarskjali fyrir Hrafnabjörgum í Hörðudal. Um er að ræða afrit af sömu skjölum og getið er í 2(73) a–b. Merkt 2 a–f.
2(75) a–b	Útnefning á virðingarmönnum til að meta Ytri-Hrafnabjörg, dags. 9.10.1904, auk mats virðingarmanna dags. 14.10.1904. Merkt 4 a–b.
2(76) a–b	Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps, frá 28.6.1918. Landamerkja er getið. Merkt 5.
2(77) a–b.	Afsal Hörðudalshrepps til Hjartar Sigurðssonar á Hrafnabjörgum, vegna kaupa hans á fjallandi Hörðudalshrepps, dags. 22.12.1918. Staðfestingin var þinglesin á manntalsþingi Hörðudalshrepps þann 8.7.1919. Merkt 6 a–b

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

4(31)	Afréttarland Hörðdælinga, dags. 26.2.1892, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum í Búðardal.
4(92)	Afréttarland Hraunhrepps, dags. í júlí 1923.
4(93)	Fjallland Álftaneshrepps, dags. 20.6.1923. Merkt 48 a–b.
4(94)	Afréttarland Borgarhrepps, dags. 2.11.1920. Merkt 52 a–b.
4(95)	Neðri-Vífilsdalur, ódags. maí 1885. Merkt 84 a–b.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

*Skjöl fengin frá sýslumanninum á Vesturlandi:*

4(32)	Fremri-Hrafnabjörg. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(33)	Hrafnabjörg ytri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(34)	Vífilsdalur fremri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(35)	Vífilsdalur neðri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(36)	Hundadalur neðri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(37)	Fremri-Hundadalur. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(38)	Hlíðartún. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(39)	Sauðafell. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(40)	Blönduhlíð. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1867.
4(41)	Hrafnabjörg fremri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.

4(42)	Hrafnabjörg ytri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(43)	Vífildalur fremri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(44)	Vífildalur neðri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(45)	Hundadalur neðri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(46)	Hundadalur fremri. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(47)	Hlíðartún. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(48)	Sauðafell. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(49)	Blönduhlíð. Síða úr Realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu sem tekin var í notkun 1929.
4(50)	Hrafnabjörg fremri. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(51)	Hrafnabjörg ytri. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(52)	Vífildalur. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(53)	Hundadalur neðri 1. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(54)	Hundadalur neðri 2. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(55)	Hundadalur fremri. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(56)	Hlíðartún. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(57)	Sauðafell. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(58)	Blönduhlíð. Síða úr spjaldskrá fasteignabókar Dalasýslu.
4(59)	Afsal fyrir hálfum Snóksdalsbotnum, dags. 2.7.1949. Samson Jónsson afsalar Gísla Jónssyni í Blönduhlíð.
4(61)	Afsal, dags. 30. desember 1918. Hörðudalshreppur afsalar syðri hluta Víðimúla til Borgarhrepps.
4(87)	Kaupsamningur, dags. 17.7.1897, fyrir Sanddalstungu í Norðurárdalshreppi, svo og afréttarlandið „Sauðafellsafrétt“. Staðsetningu afréttarins lýst. Afsal fyrir umræddu landi, dags. 16.1.1898.

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

4(1)	Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
4(2)	Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
4(3)	Svarbréf Dalasýslu, dags. 4.9.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
4(4)	Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.
4(5)	Svarbréf oddvita Miðdalahrepps, dags. 20.2.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.
4(6)	Svarbréf sveitarstjóra Laxárdalshrepps, dags. 8.5.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.
4(7)	Svarbréf oddvita Hvammshrepps, dags. 2.5.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.
4(8)	Svarbréf Sig. Þórolfssonar f.h. Saurbæjarhrepps, dags. 20.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.
4(9)	Svarbréf oddvita Hörðudalshrepps, dags. 14.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt, dags. 20.2.1989.

Önnur óprentuð frumgögn: Skjöl fengin frá héraðsskjalasafni Dalasýslu (skjalaflokkur A.16.):

4(60)	Kaupsamningur milli Hörðudalshrepps og Borgarhrepps um innri hluta Víðidals inn af Langavatnsdal, dags. 27.6.1918.
4(63)	Sveitarbók fyrir Hörðudalshrepp 1888–1925. Fundargerð hreppsnefndar Hörðudalshrepps að Dunk, dags. 25.10.1892. Getið um fjalltoll af Víðimúla.
4(64)	Sveitarbók fyrir Hörðudalshrepp 1888–1925. Fundargerð hreppsnefndar Hörðudalshrepps að Dunk, dags. 20.10.1894. Getið um leigutekjur af Víðimúla.
4(65)	Sveitarbók fyrir Hörðudalshrepp 1888–1925. Fundargerð hreppsnefndar Hörðudalshrepps að Dunk, dags. 27.10.1895. Getið um landskuld af Víðimúla.
4(66)	Sveitarbók fyrir Hörðudalshrepp 1888–1925. Fundargerð hreppsnefndar Hörðudalshrepps að Dunk, dags. 23.10.1896. Getið um landskuld af Víðimúla.
4(67)	Fundarhaldsbók fyrir Hörðudalshrepp 1903–1923. Fundargerð hreppsfundar að Blönduhlíð, dags. 30.4.1917. Rætt um sölu eða leigu á fjalllendu Víðimúla.
4(68)	Fundarhaldsbók fyrir Hörðudalshrepp 1903–1923. Fundargerð hreppsfundar að Blönduhlíð, dags. 7.12.1917. Rætt um sölu á Víðimúla.
4(69)	Bréfabók Miðdalahrepps 1907–1968. Mat skoðunarmanna á beitarþoli Sellands frá Sauðafelli, dags. 21.9.1924.

Önnur óprentuð frumgögn: Skjöl fengin frá héraðsskjalasafni Borgarfjarðar (skjalaflokkur A.16.):

4(88)	Bréf hreppsnefndar Borgarhrepps til hreppsnefndar Hörðadals um ágreining vegna sveitarfélagamarka, dags. 2.3.1880.
4(89)	Leigusamningur milli Hörðdælinga og Borghreppinga um afréttarlandið Víðimúla, dags. 26.2.1892.
4(90)	Bréf hreppsnefndar Hörðudalshrepps til oddvita Borgarhrepps um landamerki milli Borgarhrepps og Hörðudalshrepps, dags. 15.11.1883.
4(91)	Kaupsamningur milli Hörðudalshrepps og Borgarhrepps um innri hluta Víðidals inn af Langavatnsdal, dags. 27.6.1918.

Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1.):

4(70)	Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi. Kirkju að Vatnshorni getið. Í.f. XII. b., bls. 1 og 12.
4(71)	Kaupbréf fyrir Hrafnabjörgum í Hörðudal með tilgreindum landamerkjum, dags. 31.12.1393. Í.f. III. b., bls. 491–492, og VIII. b., bls. 15–17.
4(72)	Dómur um „landeign Hrafnabjarga í Hörðadal“ skv. kaupbréfi frá 1393, dags. 16.6.1509. Í.f. VIII. b., bls. 283–284.
4(73)	Gjafabréf Lofts Guttormssonar, dags. 20.4.1430. Loftur gefur Sumarliða syni sínum m.a. Hrafnabjörg, Laugar og Laugardal hálfan. Í.f. IV. b., bls. 404–406.
4(74)	Vottorð sjö manna um löggjafir Lofts Guttormssonar til Sumarliða sonar síns, m.a. Hrafnabjörg, Laugar og Laugardal hálfan, dags. 1.10.1432. Í.f. IV. b., bls. 515–516.
4(75)	Skrá um landamerki Breiðabólstaðar í Sökkólfsdal, árs. 1479. Í.f. X. b., bls. 46–47.
4(76)	Máldagi Sauðafellskirkju frá 1355 (máldagi Gyrðis Ívarssonar). Í.f. III. b., bls. 99–100.
4(77)	Máldagi Sauðafellskirkju frá 1397 (Vilchinsmáldagi). Í.f. IV. b., bls. 164.
4(78)	Máldagi Sauðafellskirkju frá því um 1500. Í.f. VII. b., bls. 459.
4(79)	Máldagi Snóksdalskirkju frá því um 1500. Í.f. VII. b., bls. 459–460.
4(80)	Máldagi Sauðafellskirkju frá því um 1570 (Gíslamáldagi). Í.f. XV. b., bls. 599.
4(81)	Máldagi Snóksdalskirkju frá því um 1570 (Gíslamáldagi). Í.f. XV. b., bls. 600.
4(82)	Máldagi Snóksdalskirkju frá 1286. Í.f. II. b., bls. 257–258.
4(83)	Máldagi Snóksdalskirkju frá 1340. Í.f. II. b., bls. 736.

4(84)	Máldagi Snóksdalskirkju frá 1397 (Vilchinsmáldagi). Í.f. IV. b., bls. 162–163.
4(85)	Máldagi Snóksdalskirkju frá 1491 eða síðar. Í.f. VII. b., bls. 67.
4(86)	Hítardalsbók frá 1367. Getið um eignir Snóksdalskirkju. Í.f. III. b., bls. 226–227.

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

4(10)	Ný jarðabók 1861, bls. 66–70.
4(11)	Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 163–175.
4(12)	Fasteignabók 1921, bls. 54–62.
4(13)	Fasteignabók 1932, bls. 41–44.
4(14)	Fasteignabók 1942–1944, bls. 10–13.

*Dómar (skjalaflokkur B.3.):*

4(30)	Hrd. nr. 66/1979. Ágreiningur um hreppamörk milli Kolbeinsstaðahrepps og Hraunhrepps – heimvísun, dags. 30.11.1982.
-------	---

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

4(16)	Fjallskilareglugjörð fyrir Dalasýslu, nr. 75/1904, B-deild, bls. 139–144.
4(17)	Reglugjörð um eyðingu refa og fjallskil í Dalasýslu, nr. 92/1912, B-deild, bls. 185–196.
4(18)	Reglugjörð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 6.8.1912, nr. 101/1916, B-deild, bls. 230.
4(19)	Reglugjörð um breytingu á reglugjörð um eyðingu refa og fjallskil í Dalasýslu frá 6.8.1912, nr. 54/1919, B-deild, bls. 108.
4(20)	Fjallskilareglugjörð fyrir Dalasýslu, nr. 60/1923, B-deild, bls. 114–123.
4(21)	Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 17.8.1923, nr. 116/1930, B-deild, bls. 305–307.
4(22)	Reglugerð um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu frá 12.5.1930, nr. 50/1934, B-deild, bls. 114–115.
4(23)	Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 163/1952, B-deild, bls. 319–317.
4(24)	Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 173/1962, B-deild, bls. 395–402.
4(25)	Fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 400/1975, B-deild, bls. 798–803.
4(26)	Fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 359/1990, B-deild, bls. 1021–1025.
4(27)	Fjallskilasamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 532/1997, B-deild, bls. 1210–1214.
4(28)	Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð, nr. 1085/2011, B-deild.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar:*

4(62)	Reglugerð fyrir Dalasýslu um grenjaleitir, notkun afrétta, fjallskil o.fl., árs. 1877.
-------	--

*Landnáma (skjalaflokkur B.7.):*

4(15)	Landið og Landnáma: Vestfirðingafjórðungur, bls. 180–200, ásamt korti.
4(29)	Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 138–147.

**Lagt fram af Skarphéðni Péturssyni lögmanni vegna Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga:**

5	Kröfulýsing, dags. 30.6.2016.
5(1)	Útrentun frá Þjóðskrá Íslands af veðbandayfirliti Fremri-Hrafnabjarga, dags. 30.6.2016.
5(2)	Útrentun úr fasteignaskrá um Fremri-Hrafnabjörg, dags. 30.6.2016.
5(3)	Útrentun frá Þjóðskrá Íslands af veðbandayfirliti Ytri-Hrafnabjarga, dags. 30.6.2016.
5(4)	Útrentun úr fasteignaskrá um Ytri-Hrafnabjörg, dags. 30.6.2016.
5(5)	Greinargerð, ódagsett en móttekin 25.8.2017.

**Lagt fram af Gísla Guðna Hall lögmanni vegna Hlíðartúns:**

6		Kröfulýsing, dags. 30.6.2016.
	6(1)	Kaupsamningur um Hlíðartún og Breiðabólsstað, dags. 31.7.2002.
	6(2)	Yfirlýsing um landamerki milli Neðri-Hundadals og Hlíðartúns, dags. 10.7.2010.
	6(3)	Yfirlýsing um landamerki milli Sauðafells og Hlíðartúns, dags. 27.12.2009.
	6(4)	Yfirlýsing um landamerki milli Fremri-Hundadals og Hlíðartúns, dags. 10.7.2010.
	6(5)	Yfirlýsing um landamerki milli Breiðabólsstaðar og Hlíðartúns, dags. 20.12.2009.
	6(6)	Yfirlýsing um landamerki milli Grafar og Hlíðartúns, dags. 10.7.2010.
	6(7)	Yfirlýsing um landamerki milli Skallhóls og Hlíðartúns, dags. 10.7.2010.
	6(8)	Breyting á landamerkjabréfi nr. 118a, frá 23.5.1885, fyrir Sauðafell og Hlíðartún, dags. 18.12.2001, ásamt óstaðfestri uppskrift af landamerkjabréfinu.
	6(9)	Afsal fyrir Hlíðartúni, dags. 1.11.1915.
	6(10)	Skrá um landamerki Breiðabólsstaðar samkvæmt kaupbréfi Ólafs Loftssonar og Jóns Þorgilssonar frá 1479.
	6(11)	Dómur um Teig, þrætuland milli Hlíðartúns og Hamraenda, frá 13.9.1524. Íslenskt fornbréfasafn, 9.b. bls. 240–242.
	6(12)	Landamerkjaskrá fyrir Sauðafell, dags. 23.5.1883.
	6(13)	Greinargerð, dags. 25.8.2017.
	6(14)	Hlíðartún. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 6. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn 1938, bls. 33.
	6(15)	Afrit af afsali fyrir Hlíðartúni, dags. 1.10.1940.
	6(16)	Samningar um skógrækt á Hlíðartúni og Breiðabólsstað, annar dagsettur 25.3.2004 og hinn dagsettur 12.4.2008.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni lögmanni vegna Blönduhlíðar:**

7		Kröfulýsing, dags. 28.6.2016.
	7(1)	Óstaðfest uppskrift af landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg fremri og ytri, dags. 18.5.1885.
	7(2)	Óstaðfest uppskrift af landamerkjabréfi fyrir Hól, dags. 16.5.1884.
	7(3)	Óstaðfest uppskrift af landamerkjabréfi fyrir Selárdal, dags. 16.5.1884.
	7(4)	Afsal fyrir Snóksdalsbotni, dags. 4.9.1908.
	7(5)	Hornpunktaskrá fyrir Botn við Svinbjúg, ódags. en móttakið 1.7.2016
	7(6)	Þinglýsingarvottorð fyrir Blönduhlíð, dags. 20.12.2016.
	7(7)	Blönduhlíð. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 20.12.2016.
	7(8)	Greinargerð, dags. 23.8.2017.
	7(9)	Kaupsamningur um Blönduhlíð, ásamt afsali, dags. 28.10.1936.
	7(10)	Kerlingarnar frá Hurðarbaki. Grein eftir Kristján Helgason frá Dunkárbakka, birt í Tímanum 6.12.1964.
	7(11)	Kaupsamningur og afsal vegna Blönduhlíðar, dags. 10.7.1945.
	7(12)	Afsal á „hálfum Snóksdalsbotnum“, dags. 2.7.1949.
	7(13)	Bréf eiganda Blönduhlíðar þar sem hann lýsir landamerkjum ágreiningssvæða í málinu. Ódagsett.
	7(14)	Kaupsamningur um Blönduhlíð og „afreitarland í Snóksdalsbotnum“, dags. 28.12.1999.
	7(15)	Yfirlýsingar um landamerki Botns gagnvart aðliggjandi landsvæðum, ásamt hnitum. Ódagsett.
	7(16)	Viðbótarskjalaskrá við kröfulýsingu, dags. 29.8.2017.
	7(17)	Afrit af reikningabók fyrir Snóksdalskirkju 1900–1905.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni lögmanni vegna Fremri-Hundadals:**

8		Kröfulýsing, dags. 1.7.2016.
	8(1)	Greinargerð, dags. 24.8.2017.
	8(2)	Hundadalur – greinargerð um landmótunarfræðilega þýðingu hugtaksins dalur e. Hreggvið Norðdahl jarðfræðing, dags. 20.9.2016.
	8(3)	Landakort frá 1910–11 sem sýnir Einbúadrög.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni lögmanni vegna Neðri-Hundadals:**

9		Kröfulýsing, dags. 1.7.2016.
	9(1)	Veðbókarvottorð Neðri-Hundadals, dags. 2.3.2016.
	9(2)	Yfirlýsing um landamerki milli Bæjar og Neðri-Hundadals, dags. 28.12.2011.
	9(3)	Yfirlýsing um landamerki milli Fremri- og Neðri-Hundadals, dags. 26.12.2011.
	9(4)	Yfirlýsing um landamerki milli Vífilsdals og Neðri-Hundadals, dags. 17.12.2009.
	9(5)	Yfirlýsing um landamerki milli Sauðafells og Neðri-Hundadals, dags. 27.12.2005.
	9(6)	Greinargerð, dags. 24.8.2017
		Hundadalur – greinargerð um landmótunarfræðilega þýðingu hugtaksins dalur e. Hreggvið Norðdahl jarðfræðing, dags. 20.9.2016. Sjá skjal 8(2)
		Landakort frá 1910–11 sem sýnir Einbúadrög. Sjá skjal 8(3)
	9(7)	Athugasemdir Sigursteins Hjartarsonar, dags. 1.11.2017, vegna greinargerðar Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar á Hundadalsheiði.
	9(8)	Athugasemdir Sigursteins Hjartarsonar vegna dóms Hæstaréttar frá 25.9.1997 í máli nr. 183/1997, ódags.
	9(9)	Bréf Sigursteins Hjartarsonar til óbyggðanefndar með athugasemdum um fjallskil á Hundadal, dagsett í október 2017, ásamt eftirfarandi fylgigögnum: Fjallskilaseðill Suður-Dala 2016, fjallskilaseðill Hörðudals og Miðdala fyrir árin 2008, 1999 og 1994, fjallskilaseðill Miðdalahrepps 1987, bréf eigenda sex bújarða í Miðdölum til hreppsnefndar Miðdalahrepps, dags. 5.7.1942; og svarbréf hreppsnefndarinnar, dags. 10.7.1942.
	9(10)	Samantekt Sigursteins Hjartarsonar á eignasögu Neðri-Hundadals, dags. 24.9.2017, ásamt eftirfarandi fylgigögnum: Upplýsingar úr Íslendingabók um fyrri eigendur jarðarinnar, ljósrit af kaupbréfi fyrir Neðri-Hundadal, dags. 19.1.1732, ásamt uppskrift, ljósrit af kaupbréfi fyrir 5 hundruðum í Neðri-Hundadal, dags. 27.6.1781, ljósrit af kaupbréfum fyrir annars vegar 5 hundruðum í Neðri-Hundadal og hins vegar fyrir 10 hundruðum í sömu jörð, dags. 22.6.1786, og afsal fyrir Neðri-Hundadal dags. 18.9.1798.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni lögmanni vegna Sauðafells:**

10		Kröfulýsing, dags. 1.7.2016.
	10(1)	Greinargerð, dags. 25.8.2017.
	10(2)	Samningur við Vesturlandsskóga um fjölnytjaskógrækt á landsvæði Sauðafells, dags. 9.2.2006.
	10(3)	Athugasemdir í kjölfar nýrra gagna í máli óbyggðanefndar nr. 3/2016, dags. 24.1.2018.

**Lagt fram af Óskari Sigurðssyni lögmanni vegna Vífilsdals:**

11		Kröfulýsing, dags. 1.7.2016.
	11(1)	Yfirlýsing um landamerki milli fjalllendis Borgarhrepps og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(2)	Yfirlýsing um landamerki milli fjalllendis Munaðarness og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(3)	Yfirlýsing um landamerki milli sameignarlands Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.

	11(4)	Yfirlýsing um landamerki milli Bæjar og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(5)	Yfirlýsing um landamerki milli Hlíðar og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(6)	Yfirlýsing um landamerki milli Tungu og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(7)	Yfirlýsing um landamerki milli Neðri-Hundadals og Vífilsdals, dags. 17.12.2009.
	11(8)	Greinargerð, dags. 25.8.2017.
	11(9)	Afrit af landamerkjabréfi fyrir afréttarland Borgarhrepps, dags. 2.11.1920.

### Lagt fram af óbyggðanefnd:

12	12(1)	Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 9.8.2016.
	12(2)	Fundargerð vettvangsferðar, dags. 20.9.2016.
	12(3)	Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 24.2.2017.
	12(4)	Fundargerð 3. fyrirtöku dags. 19.6.2017.
	12(5)	Fundargerð 4. fyrirtöku dags. 10.8.2017.
	12(6)	Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 25.8.2017.
	12(7)	Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 31.8.2017.
	12(8)	Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 23.11.2017.
	12(9)	Fundargerð 8. fyrirtöku, dags. 23.4. 2018.
	12(10)	Fundargerð 9. fyrirtöku, dags. 26.4.2018.
	12(11)	Fundargerð 10. fyrirtöku, dags. 30.4.2018.
13		Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 16.9.2016.
	13(2)	Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 14.6.2017.
	13(3)	Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 31.7.2017.
	13(4)	Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 1.11.2017.
	13(5)	Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða í máli nr. 3/2016, dags. 30.4.2018. Lokagerð.
15		Upplýsingar frá sérfræðingi Veðurstofu Íslands um vatnafar á ágreiningssvæðunum, dags. 23.5.2017 og 24.8.2017.
16		Upplýsingar frá sýslumanninum á Vesturlandi um sameiningu Neðri- og Fremri-Vífilsdals, dags. 17.10.2017.
17		Greinargerð um gróðurfar á Hundadalsheiði. Unnin af sérfræðingum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett í október 2017.
18		Þrjú kort af Hundadalsheiði o.fl. úr máli Hæstaréttar nr. 183/1997. Gögn fengin frá Hæstarétti.
19		Kort sem sýnir breytt mörk milli svæða 8B og 9A, dags. 20.4. 2018.
20		Uppskrift Þjóðskjalasafns Íslands af efni úr reikningabók fyrir Snóksdalskirkju 1900–1905 (sem þegar er framlögð sem skjal nr. 7(17)).

### Lagt fram af málsaðilum:

	14	Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 3/2016. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 20.9.2016.
--	----	--



## Hliðsjónargögn:

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr.	Áætlun Þjóðskjalasafns Íslands um gagnaskil árið 2017, dags. 25.1.2017.
Ónr.	Örnefni í Snóksdalssókn. Kafli birtur í ritinu Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta árið 1886. Skráð eftir Jóni Jónssyni, bónda í Hlíð í Hörðudal, og skrásett af Helga Sigurðssyni 20.2.1872.
Ónr.	Örnefni nokkur í Breiðafjarðardölum. Kafli birtur í ritinu Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta árið 1886.
Ónr.	Hólsbotn. Grein e. Árna Björnsson úr Lesbók Morgunblaðsins, dags. 24.5.1997.
Ónr.	Minnisblað um leit óbyggðanefndar í útgefnum dómum Hæstaréttar og Landsyfírréttar, dags. 22.8.2017.
Ónr.	Minnisblað um leit óbyggðanefndar í skjalaflokki B.6., dags. 21.8.2017.
Ónr.	Skýrslur í máli 3/2016 hjá óbyggðanefnd (49 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
Ónr.	Tölvupóstur sérfræðings á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, dags. 24.1.2018, vegna fyrirspurnar óbyggðanefndar um túlkun hugtakanna gilsbotn og gildrög, ásamt fylgigögnum (tveimur örnefnaskráum).
Ónr.	Tölvupóstsamskipti 5.–25.10.2017 vegna fyrirspurnar óbyggðanefndar um staðbundna málvenju í Dalasýslu um áttir.

### Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni lögmanni f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

Ónr.	Jarðabók yfir Dalasýslu 1731. Ormur Daðason. Sögufélagið 1965, bls. 2–162.
Ónr.	Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839–1855, bls. 14–92 og 143–182.
Ónr.	Uppskrift af jarðamati Dalasýslu 1849–1850.
Ónr.	Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1884–1885, bls. 77–79.
Ónr.	Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1904, bls. 17–18.
Ónr.	Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 6. bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn 1938, bls. 1 og 4–177.
Ónr.	Dalasýsla: Árbók Ferðafélags Íslands 1947. Þorsteinn Þorsteinsson, bls. 10–37 og 98–107.
Ónr.	Íslendingabók/Landnámabók. Hið íslenska fornritafélag, 1. bindi 1968, bls. 136–161.
Ónr.	Í fjallhögum milli Mýra og Dala. Dalasýsla: Árbók Ferðafélags Íslands 1997, Guðrún Ása Grímsdóttir og Árni Björnsson, bls. 126–213.
Ónr.	Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr fornbréfasafni, fyrri hluti (jarðir).
Ónr.	Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr jarðaskjölum.
Ónr.	Úrvinnsla Þjóðskjalasafns úr jarðaskjölum og dóma- og þingbókum sýslumanna.
Ónr.	Örnefnaskrár Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga og afréttar Hrafnabjargar.
Ónr.	Örnefnaskrár Seljalands.
Ónr.	Örnefnaskrá Tungu.
Ónr.	Örnefnaskrár Fremri- og Neðri-Hundadals.
Ónr.	Örnefnaskrá Sellands (Sauðafellseign).

### Lagt fram til hliðsjónar af Indriða Þorkelssyni lögmanni, f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

Ónr.	Örnefnaskrá Hlíðartúns. Skráð af Jóni Sumarliðasyni, Breiðabólstað árið 1944.
Ónr.	Örnefnaskrá Sellands Sauðafells. Skráð af Jóni Sumarliðasyni, Breiðabólstað árið 1944.

### Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni lögmanni:

Ónr.	Söguleg rök Hæstaréttar og óbyggðanefndar. Grein eftir Einar G. Pétursson. Ódagsett.
Ónr.	Heimildir um landamerki, örnefni, nytjar og fleira tengt jörðum í Dalabyggð. Heimildaskrá gefin út af Héraðsskjalasafni Dalasýslu, dags. 25.2.2016.
Ónr.	Snóksdalssókn. Yfirlit yfir sögu Snóksdalssóknar. Prentað út af vefsíðu þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is, 29.8.2017.